**LEIÐINDAGAURINN GEORG BJARNFREÐARSON**
Jón Gnarr um Vaktirnar þrjár og kvikmyndina
VIÐTAL **70**












# FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
HELGARÚTGÁFA

19. desember 2009 — 300. tölublað — 9. árgangur — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI — Sími: 512 5000



**VIÐTAL** 40



**Ástarljóð Kristínar skáldkonu frá Hlíð**

**ÞRIÐJA GRÁÐAN** 84

**Bjarni Hall tók sér frí fyrir sólóplötu**

**TÓNLIST** 80

**Bestu og verstu jólalögin**



**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**







**EKKERT HREINDÝR FYRIR MIG** Andi jólanna sveif yfir vötnum á sextíu ára afmæli Landssambands hestamanna í gær. Fánareið var farin frá Iðnó í Reykjavík. Þessi ameríski jólasveinn býr við Sóleyjargötu og sneri baki í reiðmennina, enda voru þeir ekki á hreindýrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Smábátaútgerð með 5,3 milljarða skuldir

**Dótturfyrirtæki útgerðarrisans Skinneyjar-Þinganess á Hornafirði ber gríðarlegar skuldir ef haft er í huga að um smábátaútgerð er að ræða.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einkahlutafélagið Nóna, sem gerir út tvo smábáta frá Höfn í Hornafirði, skuldaði 5,3 milljarða króna í árslok 2008. Í ársreikningi félagsins má lesa að skammtímaskuldir við lánastofnanir félagsins, sem greiða þarf á þessu ári, námu 4,2 milljörðum króna. Útgerðin er dótturfyrirtæki útgerðarrisans Skinneyjar-Þinganess sem á 98 prósent í fyrirtækinu.

Tap Nónu ehf. á árinu 2008 nam 2,5 milljörðum og bókað eigið fé í árslok var neikvætt um annað eins.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um versnaði skuldastaða íslensks sjávarútvegs gríðarlega eftir fall bankanna, og kom þar til hátt hlutfall skulda í erlendri mynt. Í þessu virðist vandi Nóna liggja því gengistap fyrirtækisins árið 2008 nam rúmlega 2,8 milljörðum króna. Gengistap fyrirtækisins árið 2007 var 162 milljónir.

Samningaviðræður milli Nóna og lánastofnana um endurfjármögnun stóðu yfir í sumar en endurskoðandi fyrirtækisins telur að takist samningar ekki sé ljóst að „ríki veruleg óvissa um áframhaldandi rekstur“.

Gunnar Ásgeirsson, stjórnarformaður Skinneyjar-Þinganess, og Aðalsteinn Ingólfsson, skráður framkvæmdastjóri Nóna ehf. í ársreikningi fyrirtækisins, vildu ekki gefa neinar upplýsingar um fjármál fyrirtækisins þegar eftir því var leitað, og því ekki hvort tekist hefði að koma fyrirtækinu fyrir vind, eða hvernig svo há skuld væri tilkomin á jafn lítið útgerðarfyrirtæki.

Þá er ljóst að smábátaútgerðin í landinu keypti aflaheimildir fyrir háar upphæðir á síðustu árum. Aflaheimildir fyrirtækisins á kostnaðarverði eru metnar á rúmlega tvo milljarða en fyrirtækið fjárfesti fyrir 1,5 milljarða í kvóta árið 2007.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skuldar smábátaútgerðin í landinu um fimmtíu milljarða króna og skuldir Nóna námu því um tíu prósentum af heildarskuldum í árslok 2008. Alls lönduðu um 800 smábátar afla á síðastliðnu fiskveiðiári auk strandveiðibáta.

Nóna gerir út línu- og netabátana Ragnar SF-550, sem varð aflahæstur smábáta á síðasta ári með 1.329 tonn, og Guðmund Sig SF-650.

**- shá**

Umhverfisráðherra í Köben:

## Allir leiðtogar játuðu vandann

**UMHVERFISMÁL** Þótt niðurstaða loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn verði rýrari en vonast var til hefur nokkuð þokast í rétta átt, að mati Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra. Hún nefnir sem dæmi að á ráðstefnunni hafi allir þjóðarleiðtogar viðurkennt þá ógn sem heiminum stafi af hlýnun loftslags.

**- kóþ, kóp** / sjá síðu 30


**MAGNAÐ helgartilboð**

**20-50% afsláttur.**

*Verið hjartanlega velkomin.*

**Jólabúðin þín**
byggtogbúið KRINGLUNNI






## SPURNING DAGSINS



*Anna, eru dvergstjörnur minni en jólastjörnur?*

„Fyrst að jólastjarnan birtist skyndilega á næturhimninum við fæðingu Jesú þá hefur hún verið sprengistjarna. Þær verða til úr þyngri stjörnum en þeim dvergstjörnum sem ég er að fást við.“

Anna S. Árnadóttir stjarneðlisfræðingur er komin heim til Íslands að halda jól eftir að hafa varið doktorsritgerð sína um dvergstjörnur í Svíþjóð.

Tveir menn um sextugt létust og maður á fertugsaldri slasaðist alvarlega í hörðum tveggja bíla árekstri:

# Tveir létust í bílslysi á Hafnarfjarðarvegi

**SLYS** Tveir menn létust og einn slasaðist alvarlega í umferðarslysi norðan við Arnarnesbrú á Hafnarfjarðarvegi um klukkan tíu í gærmorgun.

Slysið varð með þeim hætti að ökumaður jepplings á leið í suðurátt missti stjórn á bíl sínum með þeim afleiðingum að bíllinn fór yfir grasbalann milli akstursstefna, tókst á loft og lenti ofan á leigubíl á leið í suður. Bílstjórar beggja bílanna létust og farþegi leigubílsins slasaðist alvarlega. Klippa þurfti alla mennina úr bílunum.

Hinir látnu eru fæddir árin 1950 og 1947. Ekki er unnt að greina frá nöfnum þeirra að svo stöddu. Sá slasaði er fæddur árið 1975. Hann hlaut höfuðáverka og var honum í gærkvöld haldið sofandi á gjörgæsludeild.

Nokkur hálka var á veginum þegar slysið varð en þó er ekki ljóst hvort rekja megi slysið til hennar.

Krufning á eftir að fara fram sem hugsanlega gæti leitt í ljós hvort ökumaður jepplingsins missti stjórn á honum af öðrum ástæðum, til dæmis veikindum.

Loka þurfti Hafnarfjarðarvegi í báðar áttir í vel á þriðju klukkustund vegna slyssins. - sh



**AF SLYSSTAÐ** Bílarnir eru báðir gjörónýtir eftir slysið. Slysarannsóknarmenn voru á vettvangi í dágóða stund í gær, meðal annars til að reyna að grafast fyrir um orsakir slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRÁ JAPAN** Japanski seðlabankinn vill gera allt til að komast hjá verðhjöðnun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óbreyttir stýrivextir í Japan:

## Vilja forðast verðhjöðnun

**JAPAN Bankastjórn japanska seðlabankans ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,1 prósenti. Vaxtastig í landinu hefur haldist óbreytt í eitt ár.**

**Bankastjórn japanska seðlabankans sagði í tilkynningu eftir vaxtaákvörðun í gærmorgun að íslenskum tíma áherslu lagða á að að koma í veg fyrir að verðhjöðnun geri vart við sig í efnahagslífinu. Bankinn hefur gripið til ýmissa ráða í viðleitni sinni gegn henni, svo sem dælt tugmilljörðum jena inn í efnahagslífið.**

**Breska ríkisútvarpið, BBC, hefur eftir Adrian Foster, sérfræðingi hjá Rabobank í Hong Kong, að bankastjórnin hafi ekki lagt fram nein plön í áætlun sinni gegn váboðanum. Bankinn og fjármálaráðherra landsins séu sammála um hvert skuli stefna, sem sé jákvætt.** - jab

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Lentu á ljósastaur

Kona og þrjú börn voru flutt á slysadeild í gær eftir að bíll þeirra lenti á ljósastaur við JL-húsið í Vesturbænum. Konan missti stjórn á bílnum í hálku. Ekkert þeirra slasaðist alvarlega.

# Meintur ritstuldur á Bifröst í rannsókn

**Nemandi sem útskrifaðist frá Háskólanum á Bifröst í fyrra er grunaður um ritstuld við lokaritgerð. Rannsókn hefur staðið frá því í sumar en lýkur væntanlega bráðlega segir rektor. Málið er litið alvarlegum augum og er tekið föstum tökum.**

**MENNTAMÁL** Yfirstjórn Háskólans á Bifröst rannsakar nú meintan ritstuld lögfræðings sem útskrifaðist frá skólanum árið 2008. Maðurinn er grunaður um að hafa stolið lokaritgerð í lögfræði við háskólann.

„Það hefur komið upp mál sem hefur aldrei gerst hér áður og við erum að skoða það,“ segir Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst. Málið kom upp í sumar og stendur rannsókn háskólans enn yfir. Ágúst telur líklegt að niðurstöður fáist bráðlega, en vill ekki tímasetja þær nánar.

„Það er grunur um ritstuld sem þarf að skoða mjög vandlega, og það er það sem við erum að gera,“ segir Ágúst. „Þetta tekur bara sinn tíma, það er farið mjög vandlega yfir þetta og gætt að öllum formreglum.“

Ágúst vill ekki segja til um hverjar afleiðingarnar gætu orðið komi í ljós að um ritstuld sé að ræða. „Ég get ekki gefið mér neitt á þessu stigi málsins. Þetta hefur aldrei komið upp hjá okkur áður, en við tökum þetta föstum tökum og lítum þetta alvarlegum augum,“ segir Ágúst.

Spurður hvort ekki sé alvarlegt mál ef maður starfi sem lögfræðingur á meðan mál hans séu í rannsókn segir Ágúst: „Við lítum málið alvarlegum augum, ég get ekki orðað það neitt öðruvísi. Við tökum líka á því þannig.“

Ágúst bendir á að hliðstæð mál hafi komið upp í öðrum skólum. Mál af þessu tagi séu farin að verða meira vandamál í háskólum hérlendis og erlendis með vaxandi netnotkun. Það breyti þó engu um alvarleika málsins. brjann@frettabladid.is



**ALVARLEGT** Ritstuldarmál eru að verða sífelt algengari í íslenskum og erlendum háskólum með aukinni netnotkun, segir Ágúst Einarsson, rektor við Háskólann á Bifröst. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### VERSTA BROTIÐ Á SIÐAREGLUM HÁSKÓLA

Viðbrögð við ritstuldi nemenda geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða einkahásköla eða opinberan háskóla, segir Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands.

Í lögum um opinbera háskóla og í lögum um Háskóla Íslands gilda skýrar reglur um hvernig taka ber á ritstuldi nemenda, segir Björg. Í einkaskólum gildi siðareglur hvers skóla.

Björg man eftir einu tilviki á undanförnum áratugum þar sem sambærilegt mál kom upp í Háskóla Íslands, fyrir níu árum. Þá var lokaritgerð laganema úrskurðuð ógild af deildarfundi lagadeildar. Vilhjálmur fékk að skila nýrri ritgerð og starfar í dag sem héraðsdómslögmaður.



BJÖRG THORARENSEN

Björg telur líklegt að sá úrskurður skapi ákveðið fordæmi komi slík mál upp aftur í skólanum.

„Ritstuldur er gróft brot á siðareglum allra háskóla og eitt versta brot sem hægt er að fremja,“ segir Björg. Ritstuldur á lokaverkefni sé þó ekki refsiverður, nema sá sem á höfundarétt á upprunalega textanum kæri málið sem brot á höfundaréttarlögum.

Tólf þúsund lýsa kröfum:

## Flestar kröfur hjá Kaupþingi

**VIÐSKIPTI** Tólf þúsund kröfum hefur verið lýst í bú Kaupþings og er gert ráð fyrir að lánardrottnar bankans verði í hópi helstu kröfuhafa auk þeirra fjárfestingarsjóða sem umsvifamestir hafa verið í kaupum á kröfum gömlu bankanna.

Gera má ráð fyrir að kröfum í bú Kaupþings muni fjölga verulega en í tilviki Glitnis og Landsbankans skilaði meirihluti þeirra sér á síðustu dögunum áður en kröfulýsingarfrestur rann út.

Frestur til að lýsa kröfum í bú Kaupþings rennur út á miðnætti 30. desember næstkomandi, eftir fimm virka daga. Kröfuskrá verður birt kröfuhöfum 22. janúar á næsta ári.

Til samanburðar var 12.053 kröfum lýst í bú gamla Landsbankans og 8.685 í bú Glitnis. - jab

Hreyfingin um auðlindaskatt:

## Skattleggja flök en ekki kvóta

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Hreyfingarinnar eru fylgjandi auðlindagjöldum en gagnrýna að það sem er kallað auðlindaskattur hjá fjármálaráðherra sé í raun skattur á neytendur.



BIRGITTA JÓNSDÓTTIR

Með sömu aðferð á innheimtu auðlindaskatts á fiskveiðiauðlindinni „þá yrðu fiskflök og fiskbollur í borðum kjörbúða skattlagðar en ekki aflaheimildirnar,“ segir í tilkynningu frá Hreyfingunni.

Ýmsar leiðir hafi staðið til boða þegar ákveðið hafi verið að skattleggja notkun almennings. Hreyfingin varar við því að þetta verði að fordæmi fyrir allri löggjöf um auðlindagjöld. - kóþ




Sextán frumvörp hafa orðið að lögum á síðustu dögum:

# Landið verður eitt skattumdæmi

**ALÞINGI** Frumvarp um sameiningu níu skattumdæma og ríkisskattstjóra í eitt embætti varð að lögum í gær. Tekur nýtt fyrirkomulag gildi um áramót. Ríkisskattstjóri fer með öll skattamál í landinu og starfrækir eina skattstofu í hverjum landsfjórðungi.

Stjórnarandstaðan lagðist gegn breytingunni.

Í vikunni urðu sextán frumvörp að lögum. Fjalla þau meðal annars um almannatryggingar, atvinnuleysistryggingar, skaðabætur, lyf og innflutning svínasæðis.

Alls hafa átján mál orðið að lögum á haustþingi.

Miklar umræður urðu um frumvarp um umhverfis- og auðlindaskatta í þinginu í gær. Stjórnarandstæðingar töldu málið óhæfu og vildu vísa því frá en stjórnarliðar lögðu áherslu á nauðsyn þess að afla ríkinu tekna með nýju sköttunum.

Þingfundur verður í dag auk þess sem fundað verður í fjölda nefnda.

Icesave-mál verða til umræðu í utanríkismálanefnd og viðskiptanefnd en fjárlög og málefni þrotabús Landsbankans eru á dagskrá fjárlaganefndar.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, kvaðst í samtali við Fréttablaðið reikna með að ljúka umfjöllun um fjárlagafrumvarpið í dag og gæti það því komið til þriðju umræðu á mánudag. - bþs



**FRÁ ALÞINGI** Átján mál hafa orðið að lögum á haustþingi, þar af sextán á allra síðustu dögum. Þingfundur verður í dag, á laugardegi, auk þess sem fundað verður í mörgum nefndum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Kringlan
Opið til kl. 22 öll kvöld til jóla!
Stórskemmtileg jóladagskrá
fyrir alla fjölskylduna.
Dagskrá á Blómatorgi
14:00 Sveppi og Villi
Jólasveinar
15:00 Ingó veðurguð
Jólasveinar
16:00 Óliver Tvist
17:00 Lalli töframaður
18:00 Stúlknakór Graduale futuri
20:00 Frostrósir
FROSTRÓSIR
Oliver!
Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 18.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,17 | 127,77 |
| Sterlingspund | 206,20 | 207,20 |
| Evra | 182,92 | 183,94 |
| Dönsk króna | 24,577 | 24,721 |
| Norsk króna | 21,776 | 21,904 |
| Sænsk króna | 17,503 | 17,605 |
| Japanskt jen | 1,4090 | 1,4172 |
| SDR | 199,84 | 201,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,2829

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tæplega tveggja metra normannsþinur er ódýrastur í Blómavali en ekki Byko.

# Stærri jólatrén ódýrust í Blómavali

**NEYTENDUR** Tæplega tveggja metra normannsþinur er ódýrastur í Blómavali en ekki í Byko eins og misritaðist í grein um verð á jólatrjám í fimmtudagsblaði Fréttablaðsins. Hann kostar 6.990 í Blómavali eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu sem einnig birtist í fimmtudagsblaðinu. Það er tæplega 30 prósentum ódýrara en á dýrasta staðnum af þeim sem kannaðir voru, Garðheimum.

Byko eru næstódýrastir í þessum stærðarflokki, selja tæplega tveggja metra tré á 7.850 krónur.



## VERÐ Á TRJÁM

Hringt var á nokkra staði og fengið verð á normannsþin. Verð á jólatrjám ræðst af stærð þeirra og hlaupa stærðarflokkar á 25 til 50 sentímetrum á sölustöðum. Hér er birt verð á trjám í millistærðum. Þar sem eru tvö verð miðast verðflokkar verslunarinnar við 25 sentimetra. Hringt var á sölustaðina og því ekki lagt mat á gæði trjánna. Könnunin er hugsuð til viðmiðunar enda tré seld víðar á landinu.

**Norðmannsþinur**

| *Verslun* | *100-150 cm* | *151-200 cm* |
|---|---|---|
| Blómaval | 5.990 kr. | 6.990 kr. |
| Flugbjörgunarsveitin | 5.900 kr. | 7.900 kr. |
| Garðheimar | 4.850 / 5.850 kr. | 7.450 / 8.950 kr. |
| Byko | 5.350 kr. | 6.550 / 7.850 kr. |
| Jólatréssalan Landakoti | 4.990 / 5.990 kr. | 7.290 / 8.290 kr. |

Karlmaður á sjötugsaldri:

# Dæmdur fyrir barnaklám

**DÓMSMÁL Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra til að greiða 200 þúsund króna sekt vegna vörslu barnakláms. Skal sektin greiðast innan fjögurra vikna frá uppsögu dómsins að telja, en maðurinn sæta fangelsi í fjórtán daga ella.**

**Maðurinn játaði fyrir dómi að hafa haft á heimili sínu frá því í júní til október á þessu ári fjórtán hreyfimyndir sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Hann var með efni sem tók samtals um eina og hálfa klukkustund í spilun. Maðurinn hafði ekki sætt refsingu fyrr en nú.** - jss



**HÚS Í BYGGINGU** Íbúðalánasjóður ætlaði að gefa út nýjan flokk íbúðabréfa til lengri tíma en nú er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍLS hættir við íbúðabréfaflokk:

# Skoðar málið aftur að ári

**VIÐSKIPTI** Íbúðalánasjóður er hættur við útgáfu á nýjum flokki íbúðabréfa á þessu ári og fyrri hluta næsta árs. Gert var ráð fyrir því að flokkurinn yrði til lengri tíma en nú er.

Íbúðalánasjóður bendir á það í tilkynningu að hann hafi aðeins varið fjórtán milljörðum króna til kaupa á lánasöfnum banka og sparisjóða í stað hundrað milljarða, auk þess sem áhrif vanskila, frystingar lána og annarra greiðsluerfiðleikaúrræða séu enn sem komið er ekki mikil.

Gert er ráð fyrir að ákvörðunin verði endurskoðuð á seinni hluta næsta árs. - jab

### LÍKNARMÁL

**Opin kerfi styrkja börnin**

Opin kerfi ehf. gefa í ár tölvu og skjá til Heimils fyrir fötluð börn að Móavaði, í stað þess að senda út jólakort.

### KJÓSARHREPPUR

**Hringt til vanskilafólks**

Kjósarhreppur notar ekki innheimtufyrirtæki til að ganga eftir greiðslu fasteignagjalda en treystir þess í stað á greiðsluvilja gjaldenda, að því er segir á heimasíðu hreppsins. Þessa dagana eru starfsmenn hreppsins einfaldlega að hringja í þá sem eru enn í vanskilum.

# Samkomutjaldið féll að lögreglu ásjáandi

**Byggingarfulltrúanum í Reykjavík var vísað út úr Hressingarskálanum er hann mætti með flokk manna og lögregluna að bakhjarli til að fella samkomutjald í bakgarði staðarins. Notaður var stigi til að komast inn í garðinn og tjaldið féll.**

**SKIPULAGSMÁL** „Hver vill bera ábyrgð á óhappi og manntjóni? Það getur hæglega orðið hér eins og erlendis,“ segir Magnús Sædal byggingarfulltrúi, sem í gær lét fella stórt samkomutjald í garðinum við Hressingarskálann í Austurstræti.

Magnús hafði boðað komu sína í Hressingarskálann klukkan tíu og mætti þá. Daginn áður höfðu eigendur staðarins vísað frá verktaka sem sendur var til að fella tjaldið. Tjaldið var sett upp í október og segjast eigendurnir hafa hugsað það sem aukasal fyrir ýmsar sjálfstæðar uppákomur. Slökkvilið sagði hættu kunna af skapast í tjaldinu og byggingarfulltrúinn benti á að nauðsynleg leyfi skorti en eigendurnir neituðu að verða við tilmælum um að fella tjaldið.

Vinnuflokki byggingarfulltrúa var synjað um aðgang að veitingastaðnum til að komast í garðinn. „Við hleyptum reyndar byggingarfulltrúanum sjálfum inn en svo vildi hann ekki fara út aftur fyrr en lögreglan kom og talaði hann til,“ segir Einar Sturla Möinichen, annar tveggja eigenda Hressingarskálans.

Ákvörðun byggingarfulltrúa um niðurrif tjaldsins hafði verið kærð til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Samkvæmt bráðabirgðaúrskurði, sem barst frá nefndinni eftir að byggingarfulltrúi mætti á staðinn, voru aðgerðir hans ekki stöðvaðar þar sem mögulegir almannahagsmunir vægju þyngra en hagsmunir eigendanna. Einar segir að þá hafi eigendurnir ekki sett sig upp á móti því að tjaldið yrði fellt. Þeir hafi þó ekki viljað auðvelda verkið með því að hleypa vinnuflokkunum í gegnum staðinn. „Þeir tóku þá stiga og klifruðu yfir hlið í portinu,“ segir hann.

Tjaldið umdeilda var síðan tekið niður. Lögreglumennirnir fylgdust með að sögn Einars Sturlu enda hleypti hann þeim í gegnum veitingastaðinn.

Magnús Sædal segir ekki hafa verið sótt um leyfi fyrir tjaldinu og að fyrir því sé ekki nauðsynlegur byggingarreitur. „Þá þyrfti að kynna þetta fyrir nágrönnum og ég er ansi hræddur um að það yrði þungur róður enda veldur þetta hávaða í umhverfinu,“ segir byggingarfulltrúinn.

Einar Sturla segir málinu ekki lokið. „Við erum að teikna upp tjaldið og ætlum að sækja um bráðabirgðaleyfi.“

gar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÞÓF Í PORTINU** Einar Sturla Möinichen, eigandi Hressingarskálans, og Magnús Sædal byggingarfulltrúi rökræða tjaldmálið undir vökulu augu laganna varðar.



**ÚTILOKAÐIR**



**TJALDIÐ FELLUR**





**GÓÐI HIRÐIRINN** Bágstödd börn voru meðal þeirra sem fengu styrk.

Gaf alls átján milljónir á árinu:

# Sorpa styrkir ýmis samtök

**SAMFÉLAGSMÁL** Sorpa bs. varði tíu milljónum til góðgerðamála í gær. „Hjálpum fólki til sjálfshjálpar“ var yfirskrift styrkjanna, en með þeim var leitast við að styðja efnaminni börn og ungmenni.

Félag lesblindra var styrkt til útgáfu og Jerico til að vinna gegn einelti í skólum. Hugarafl til geðfræðslu, ásamt Framtíðarsjóði Hjálparstarfs kirkjunnar fengu einnig styrki.

Þá fékk Rauða kross-húsið, Hringsjá-lesgreining og Starfsmenntasjóður bandalags kvenna styrki. Heilsuhýsi á hjólum, Eyjaslóð og Konukot nutu einnig góðs af. - kóþ

Sendir ekki jólakort í ár:

# Steypustöðin gefur fátækum

**SAMFÉLAG Steypustöðin ehf. hefur fært Fjölskylduhjálp Íslands peningagjöf í stað þess að senda viðskiptavinum jólakort eða glaðning.**

**Í tilkynningu frá stöðinni segir að á miðvikudaginn síðasta hafi fimm hundruð fjölskyldur, sem eigi um sárt að binda, komið til Fjölskylduhjálparinnar og þegið matargjafir.**

**Með því að vekja athygli á framtakinu vonast Steypustöðin til þess að önnur fyrirtæki feti í fótspor hennar á erfiðum tímum og leggi sitt að mörkum til þessa málefnis.** - kóþ


# FRÁBÆRLEGA UNNIN ÆVISAGA





Ævisaga Runólfs Sveinssonar sandgræðslustjóra og Valgerðar Halldórsdóttur eftir Friðrik G. Olgeirsson.

Glæsileg bók um merka frumkvöðla.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**STÍF NORÐANÁTT UM HELGINA**
Það verður stíf norðanátt ríkjandi á landinu um helgina og það kólnar hressilega um allt land. Í dag verður ofankoma og sums staðar stormur um austanvert landið og því lítið ferðaveður en það dregur heldur úr vindi til morguns.





**Á MORGUN**
Víðast 8-15 m/s en hvassara SA-lands.

**MÁNUDAGUR**
Hvöss norðanátt SA-til, annars mun hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 10° |
| Basel | -4° |
| Berlín | -10° |
| Billund | -2° |
| Eindhoven | -1° |
| Frankfurt | -8° |
| Friedrichshafen | -9° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 2° |
| Mallorca | 11° |
| New York | 1° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | -3° |
| París | 0° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# JÓLAJGÖF
# Á BETRA VERÐI

**20%**
**afsláttur**
**Aðeins um helgina**

öll smáraftæki - öll búsáhöld
öll leikföng - öll rafmagnsverkfæri

Opið til **22:00 í Skútuvogi** - Opið til **21:00 í Grafarholti**

**Töfrasproti**
sett m/mini hakkara og hníf
1850073
**4.590**
~~6.490~~

**Pizzaofn**
1000W, snúnings-platti, 4 stillingar
1840935
**15.990**
~~19.995~~

**Brauðvél**
Unold, 750 - 1000 gr
1841103
**15.990**
~~19.995~~

**Pizzapanna**
rafmagns
1840711
**4.990**
~~5.990~~

**Bræðslupottur f/súkkulaði**
1807500
**3.990**
~~4.990~~

Nýjar vörur í búsáhalda-deild

**Hnífasett**
6 stk
2000829
**5.499**
~~6.990~~

**Pottur**
18 sm
2000765
**2.399**
~~3.399~~

**Blandari**
M/glerkönnu, klaka-stilling, 700W
1850033
**7.950**
~~9.949~~

KYNNINGAR VERÐ
verð frá
**14.995**

**Sódavatnsvél**
Litir: rautt, svart, hvítt, silfur og stál
1841204

**Jólatúlipanar**
10 stk
**999**
**Aðeins um helgina**

**Kubbar**
5857645
**639**
~~799~~

**Eldhússett**
5857624
**1.599**
~~1.999~~

**Hleðsluborvél**
14.4V, Flýtipatróna, LCD ljós sýnir hleðslu á rafhlöðu
5245224
**4.799**
~~5.999~~

blómaval

## Fjör í Skútuvogi

Kynning á nýju íslensku spili, Heilaspuna, milli kl. 14:00 -16:00
Ingó tekur lagið kl. 14:00

Öll börn fá jólasveinalímmiða

HEILASPUNI

## Jólahlaðborð
Seinasta helgin í Skútuvogi kl. 18 - 20

**Aðeins**
**990 kr**

## Kaffi Garður
Heitt súkkulaði og tertusneið

**Aðeins**
**290 kr**

Jólastjarna
**799**

HÚSASMIÐJAN

Leiðiskross skreyttur
**2990**

Hýasinta
**299**

## KJÖRKASSINN



*Er hægt að ráða við fjárþörf þjóðarbúsins án þess að breyta skattkerfinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 58,6% |
| Nei | 41,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru of mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vísir

Sendinefnd ESB nýtur forréttinda og friðhelgi samkvæmt Vínarsamningnum:

# Tólf manns á Íslandsskrifstofu ESB

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin staðfesti í gær samning um stofnun sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi.

Í samningnum er fjallað um lögformlega stöðu sendinefndarinnar og margvíslegar heimildir hennar. Þá er kveðið á um að hún skuli njóta þeirra réttinda, forréttinda og friðhelgi, og vera bundin af þeim skyldum, sem Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband kveður á um.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stefnt að því að tólf starfsmenn verði á skrifstofu sendinefndar ESB á Íslandi. Að líkindum verða sjö þeirra fastráðnir starfsmenn sambandsins í Brussel en fimm verða ráðnir á Íslandi.




**HÖFUÐSTÖÐVAR ESB** Leit stendur yfir að húsnæði fyrir sendinefnd sambandsins á Íslandi.

Leitað er að húsnæði fyrir nefndina, sem helst vill vera í miðborg Reykjavíkur, nærri helstu stjórnsýslubyggingum.

Nefndin tekur til starfa á Íslandi í byrjun nýs árs. Yfirmaður hennar og sendiherra Evrópusambandsins verður Timo Summa, sem verið hefur starfsmaður á stækkunarskrifstofu þess. Er hann Finni eins og yfirmaður hans hjá ESB, Olli Rehn.

Evrópusambandið starfrækir sendiráð eða -nefndir í um 130 ríkjum heimsins. Ísland hefur til þessa heyrt undir sendiráð þess í Ósló en stofnað er til starfseminnar hér nú í ljósi aðildarumsóknar Íslands. **- bþs**

Lögreglufélag Suðurlands:

# Óttast fækkun lögreglumanna

**LÖGREGLUMÁL** Stjórn Lögreglufélags Suðurlands óttast afleiðingar mikils niðurskurðar og fækkunar lögreglumanna sem boðuð er í umdæminu á næsta ári. Þetta kemur fram í ályktun frá stjórnarfundi á miðvikudag.

Fækka á lögreglumönnum á vakt og getur það komið niður á starfsöryggi lögreglumanna, sem og öryggi íbúa og gesta sýslunnar, segir í ályktuninni.

Fækkun lögreglumanna mun óhjákvæmilega minnka þjónustustig, sem er bagalegt þegar innbrotum og öðrum verkefnum fjölgar í kjölfar efnahagsþrenginga, segir þar enn fremur. **- bj**

Breyting á söfnun InDefence:

# Hægt að fletta upp kennitölu

**EFNAHAGSMÁL Bætt hefur verið inn möguleika á að fletta upp kennitölum til að kanna hvort þær hafi verið skráðar á vefsíðu InDefence-hópsins.**

**Þar stendur yfir undirskriftasöfnun þar sem skorað er á forseta Íslands að synja lögum um Icesave staðfestingar þegar Alþingi hafi samþykkt lögin. Gagnrýnt hefur verið að ekki sé hægt að fletta upp eigin kennitölu til að kanna hvort hún hafi verið ranglega skráð. Tæplega 34.500 höfðu skrifað undir áskorunina á vef InDefence um miðjan dag í gær. - bj**

Mestu fiskveiðiþjóðir heims:

# Ísland nær sextánda sætinu

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fimmtán þjóðir veiddu meiri fisk en Íslendingar á árinu 2007. Kína er langsamlega stærsta fiskveiðiþjóðin, en í næstu sætum eru Perú, Indónesía og Bandaríkin, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands.

Fiskveiðar virðast þó mikilvægari fyrir Ísland en aðrar þjóðir sem veiddu yfir eina milljón tonna árið 2007, og langmest veitt hér á landi sé miðað við hina frægu höfðatölu.

Á Íslandi voru veidd 4.600 tonn fyrir hvern landsmann árið 2007, en næst á eftir komu Noregur þar sem veidd voru 500 kíló, og Perú þar sem veidd voru 250 kíló á hvern landsmann. **- bj**

## HAFNARFJÖRÐUR

### Rósa vill fyrsta sætið

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, sækist eftir fyrsta sæti á lista flokksins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vor. Rósa hefur setið í bæjarstjórn frá síðustu kosningum.

# Fyrri rannsókn FME bundin við haustið

**Fundir sem fram fóru sumarið 2008 voru ekki skoðaðir í fyrri rannsókn FME á máli Baldurs Guðlaugssonar vegna þess að rannsóknin einskorðaðist við atburði í september. Málið var aldrei á borði forstjóra í minni tíð, segir Jónas Fr. Jónsson.**

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn Fjármálaeftirlitsins (FME) á meintum innherjasvikum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, einskorðaðist í upphafi við atburði í september í fyrra. Við endurupptöku málsins síðasta sumar, í kjölfar ábendinga, beindist rannsóknin að atburðum sem gerst höfðu fyrir september.

Þetta skýrir hvers vegna fundargerðir samráðshóps Seðlabankans um fjármálastöðugleika frá því sumarið 2008, sem síðan hafa reynst innihalda mikilvægar upplýsingar, voru ekki skoðaðar áður en fyrri rannsókn var hætt. Þetta segir Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að fundargerðirnar hefðu ekki verið teknar til athugunar í fyrri rannsókn þrátt fyrir að Jónas Fr. Jónsson, sem var forstjóri FME, hefði setið í samráðshópnum. Ábending sem barst í sumar um efnisatriði í fundargerðunum varð til þess að FME hóf rannsókn málsins á ný.

Gunnar segir að rannsóknin hafi þá verið víkkuð út og ákveðið verið að taka lengra tímabil til skoðunar, sem síðan hafi leitt til þess að sérstakur saksóknari rannsaki nú málið.

Gunnar vildi í samtali við Fréttablaðið í gær ekki leggja mat á það hvort Jónas hefði átt að láta víkka út rannsóknina þegar í upphafi í ljósi þeirra upplýsinga sem hann bjó yfir eftir setuna í samráðshópnum. Gunnar segist ekki vilja fara í „díalóg við fyrrverandi forstjóra um málið fram og til baka“. Þó væri hefðbundið að frumrannsókn á meintum innherjasvikum tæki fyrst og fremst til daganna í kringum meint brot.



GUNNAR Þ. ANDERSEN



BALDUR GUÐLAUGSSON

## YFIRLÝSING JÓNASAR FR. JÓNSSONAR

„Þegar undirritaður lét af störfum forstjóra FME var rannsókn á máli Baldurs Guðlaugssonar ekki komin á það stig að vera á borði forstjóra. Fundargerðir svonefnds samráðshóps voru fyrirliggjandi í skjalavörslu FME og það kunnugt viðeigandi starfsmönnum. Jafnframt benti undirritaður rannsakendum á að kynna sér fundargerðir samráðshópsins. Það er annarra að svara fyrir framkvæmd og ákvarðanatöku við rannsókn sem átti sér stað í tæpa 4 mánuði eftir að ég vék úr starfi, og lauk þá án frekari aðgerða.“



JÓNAS FR. JÓNSSON

Í yfirlýsingu sem Jónas sendi frá sér vegna fréttar blaðsins í gær sagði hann að þegar hann hefði látið af störfum forstjóra FME hefði rannsóknin á máli Baldurs ekki verið komin á það stig að vera á borði forstjóra. Fundargerðir samráðshópsins hefðu verið í skjalaskrá FME og hann hefði bent rannsakendum á að kynna sér efni þeirra.

Fullyrðing Jónasar um fundargerðirnar stangast á við það sem kom fram í máli Björns Þorvaldssonar saksóknara við málflutning í héraðsdómi í vikunni. Þar sagði Björn, að því er segir í Viðskiptablaðinu, að FME hefði þangað til nú í sumar ekki haft aðgang að fundargerðunum. Ekki hafa fengist skýringar á þessu misræmi.

Fréttablaðið sendi Jónasi fyrirspurnir um málið í gær en fékk ekki svar. **stigur@frettabladid.is**



**REYKUR** Íbúi á efri hæð vaknaði við reykjarlykt og gat komið húsráðanda í kjallaranum út. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Sofnaði út frá eldamennsku:

# Talsvert tjón af völdum reyks

**BRUNI Talsverðar skemmdir urðu á báðum íbúðum í tvíbýlishúsi í Vestmannaeyjum aðfaranótt föstudags eftir að húsráðandi í kjallara sofnaði út frá eldamennsku.**

**Kona sem býr á efri hæðinni vaknaði klukkan fjögur um nóttina við reykjarlykt og kom íbúanum í kjallaranum til bjargar. Erfiðlega gekk að vekja hann, en þau voru komin út þegar lögregla og slökkvilið komu á vettvang.**

**Þegar slökkvilið kom að var enginn eldur í húsinu, sem er þriggja hæða timburhús, en reykræsta þurfti báðar íbúðir. - bj**

Kreppan kemur víða við:

# Færeyingar fá meiri jólahjálp

**FÆREYJAR** Hjálparstofnanir í Færeyjum segja að þörf Færeyinga á aðstoð fyrir jólahátíðina sé meiri í ár en í fyrra.

Harðara sé í ári hjá fleiri fjölskyldum, en sér í lagi hjá einstæðum mæðrum.

Fjórðungi fleiri fá pakka frá Hjálpinni, segir Leif Erik Nicklasen við Sósíalinn. Alls 170 fjölskyldur.

Frá SMS-verslunarmiðstöðinni, sem er að hluta til í eigu Íslendinga, fóru 133 fjölskyldur með matarpakka eða gjafakort í ár, en SMS gaf ekki fátækum í fyrra. **- kóþ**




# JÓLA DESERTINN

## NÝTT Í HAGKAUP

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla






**Jói Fel ostakaka**
Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna höfum við látið framleiða í samvinnu við Jóa Fel himneska ostaköku sem er tilvalinn desert yfir hátíðarnar. Einungis er notað úrvals hráefni í ostakökuna og er útkoman hreint út sagt frábær!






HAGKAUP

## LÚXUS ÍS

Ítalskur hágæða rjómaís, lagaður eftir gamallri ítalskri hefð sem tryggir ómótstæðilegan eftirrétt á hátíðarborðið þitt. Þrjár girnilegar bragðtegundir hver annarri betri, verði þér að góðu!

24 Hagkaup OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1 Borgarstjórn Washington DC tók tímamótaákvörðun á dögunum. Hver var hún?

2 Hvað eru mörg ungmenni atvinnulaus, samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar?

3 Hvað heitir forseti Pakistans sem er undir miklum þrýstingi um að segja af sér embætti?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 118

Hagsmunasamtök heimilanna álykta um skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar:

# Fjármagnseigendur hagnast

**EFNAHAGSMÁL** Ekki er líðandi að fjármagnseigendur hagnist á neyðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar, en það gerist vegna beinna tengsla skatta- og verðlagsbreytinga við þróun höfuðstólshækkana húsnæðislána, sem birtast sem verðbætur.

Svo segja Hagsmunasamtök heimilanna og segja það algert forgangsverkefni að rjúfa þessi tengsl.

Samkvæmt útreikningum samtakanna hækka verðtryggð húsnæðislán heimilanna um 13,4 milljarða, verði nýkynnt frumvörp um skattabreytingar ríkisstjórnarinnar að lögum, og um minnst 42 milljarða til viðbótar seinna á lánstímanum.

Hagsmunasamtökin leggja til að sett verði afturvirkt fjögurra prósenta þak á árlega hækkun verðbóta frá og með 1. janúar 2008. Þetta myndi sporna gegn óhóflegum verðbótaáhrifum á skuldsett heimili af aðgerðunum.

Samtökin eru efins um margþrepa skattkerfi og hvetja Alþingi til að slá skjaldborg um heimilin: „Verðbólgudraugurinn verður ekki haminn fyrr en það myndast hvati hjá öllum í hagkerfinu til að vinna gegn verðbólgu,“ segir í tilkynningu frá þeim. - kóþ



**HÚSIN Í BÆNUM** Fjölmörg heimili berjast við auknar afborganir af húsnæðislánum. Hagsmunasamtökin segja að ríkisstjórnin skuli milda verðtryggingaráhrifin, svo þau fari ekki yfir fjögur prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líknarfélög fá styrki í ár:

# Landsnet sendir ekki jólakort

**SAMFÉLAG** Landsnet hf. styrkir þrjú líknarfélög fyrir jólin. Krabbameinsfélag Íslands fær styrk til rannsókna á blöðruhálskrabbameini í körlum. Einnig er styrktur Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Þá fær Maríta styrk, en það félag annast forvarnir og fræðslu um skaðsemi vímuefna.

Í tilkynningu segir að þessi félög hafi mikilvægu hlutverki að gegna og hafi unnið sér inn aðdáun og virðingu.

Félögin eru styrkt um andvirði þeirra jólakorta sem Landsnet hefði annars sent frá sér í ár. - kóþ






**BEÐIÐ NIÐURSTÖÐU** Jón Ásgeir og Kristin systir hans sitja hér í réttarsal fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gaumur átti að telja 1,2 milljarða til skatts árið 2002:

# Höfðu betur í einu máli af tveimur

**DÓMSMÁL** Gaumur, eignarhaldsfélag í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og fjölskyldu hans, þurfti ekki að færa tæpar 670 milljónir króna sem vantalinn söluhagnað árið 1999 í tengslum við makaskiptaviðskipti á eignahlutum í Bónus og Hagkaupum árið á undan. Þetta er niðurstaða sem Héraðsdómur Reykjavíkur komst að í gær þegar hann felldi rúmlega tveggja ára gamlan úrskurð yfirskattanefndar um vantalninguna úr gildi.

Niðurstaða dómsins er sú að Gaumur hafi mátt færa tæpar 175 milljónir króna til tekna og var íslenska ríkið dæmt til að greiða Gaumi 2,5 milljónir króna í málskostnað.

Á hinn bóginn var staðfest niðurstaða ríkisskattstjóra, að Gaumur hefði átt að telja hagnað af sölu á hlut í bresku verslanasamstæðunni Arcadia upp á rúma 1,2 milljarða króna til skatts fyrir sjö árum. Salan á Arcadia gekk í gegn árið á undan.

Eignarhald á hlutnum fór í gegnum félag Gaums í Lúxemborg en í niðurstöðu héraðsdóms er bent á að færslur í bókhaldi Gaums hafi verið færðar eftir á í því skyni, að því virtist, til að láta líta út sem Gaumur hafi selt hlutinn í Arcadia frá einu félagi til annars tengdum Gaumi með einum eða öðrum hætti en skráð í Lúxemborg. Eignahluturinn færðist síðar yfir til Baugs. - jab



# Afgreiðslutími um hátíðirnar

## Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.

| | | |
|---|---|---|
| Mánudagur | 21. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 22. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 23. des. | kl. 11.00 - 22.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 22.00 |
| Fimmtudagur | 24. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Laugardagur | 26. des. | Lokað |
| | | |
| Mánudagur | 28. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 29. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 30. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur | 31. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Föstudagur | 1. jan. | Lokað |
| Laugardagur | 2. jan. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Reykjanesbær og Selfoss | | kl. 11.00 - 16.00 |



Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma er að finna á vinbudin.is

VÍNBÚÐIN



**ILL MEÐFERÐ Á MOSKU** Morgun einn í vikunni beið múslima, sem sækja mosku í bænum Castres í Frakklandi, þessi ófagra sjón: í skjóli nætur höfðu skemmdarvargar málað á hurðina hakakross og hengt á hana bæði svínseyru og svínsfætur. NORDICPHOTOS/AFP

Síminn kippti fótunum undan fjarskiptafyrirtæki á Snæfellsnesi árið 2007:

# Sektaður um 150 milljónir

**NEYTENDUR** Samkeppniseftirlitið sektaði Símann í gær um 150 milljónir króna vegna brota á skilyrðum um bann við sölu á samþættri fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu, auk þess sem fyrirtækið hafi raskað samkeppni frá minni keppinautum.

„Ég hélt að þetta mál ætlaði engan endi að taka. Nú þarf ég að skoða niðurstöðuna og kanna hvort ég krefjist einhverra bóta,“ segir Magnús Soffaníasson, eigandi fjarskiptafyrirtækisins TSC á Grundarfirði. Hann kærði Símann vegna markaðsmisnotkunar í maí árið 2007.



**HÖFUÐSTÖÐVAR SÍMANS** Rekstrargrundvöllur TSC á Grundarfirði hvarf þegar Síminn ákvað að byggja upp háhraðanet sitt þar fyrir þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Magnús byggði upp háhraðanet á vestanverðu Snæfellsnesi óháð Símanum árið 2005 með það fyrir augum að gera íbúum þar kleift að sjá leiki í ensku knattspyrnunni sem Skjár einn sendi út. Aðeins var hægt að sjá útsendingu Skjás eins þá í gegnum ADSL-tengingu. Á sama tíma og Magnús var að byggja kerfið upp ákvað Síminn að byggja upp dreifikerfi sitt á sama svæði og bjóða upp á útsendingar Skjás eins.

„Grunnur fyrirtækis okkar hvarf við þetta og öll mín fjárfesting komst í uppnám. Reksturinn hefur ekki staðið undir sér síðan þetta gerðist og hef ég keyrt fyrirtækið áfram á lánsfé,“ segir Magnús og bendir á að hann hefði vel getað farið fram á gjaldþrot sökum slæmrar stöðu. Það hafi hann ekki viljað. - jab

Reglugerð um ættleiðingar:

# Styttir bið eftir öðru barni

**FÉLAGSMÁL** Bið kjörforeldra eftir því að ættleiða öðru sinni styttist um sex mánuði með nýrri reglugerð dómsmálaráðherra.

Kjörforeldrar geta nú lagt fram beiðni um forsamþykki frá íslenskum stjórnvöldum sex mánuðum eftir heimkomu ættleidds barns, en þurftu áður að bíða í tólf mánuði.

Þá er ekki lengur gerð krafa um að hafa lokið undirbúningsnámskeiði fyrir kjörforeldra áður en forsamþykki er veitt, hafi slíkt námskeið ekki verið haldið frá því sótt var um. Þá dugir að fara á fyrsta námskeið sem haldið er eftir að forsamþykki er veitt. - bj








**VINNAN GERIR YÐUR FRJÁLS** Starfsmenn minjasafnsins í Auschwitz voru fljótir að setja upp nákvæma eftirlíkingu af skiltinu, sem gerð var þegar viðgerð fór fram fyrir nokkrum árum. NORDICPHOTOS/AFP

Spellvirki unnið á útrýmingarbúðunum í Auschwitz:

# Alræmdri yfirskrift stolið í skjóli nætur

**PÓLLAND, AP** Yfirskriftin alræmda „Arbeit macht frei“, eða „Vinnan gerir yður frjáls“, hvarf af hliði útrýmingarbúðanna í Auschwitz í Póllandi í fyrrinótt. Í gegnum þetta hlið smöluðu þýskir nasistar fórnarlömbum sínum, sem flest létu lífið í búðunum eftir að hafa mátt þola þrælkun og harðræði af verstu gerð.

Skiltið er fimm metra langt, gert úr járni og vegur fjörutíu kíló. Svo virðist sem því hafi verið stolið á milli klukkan 3.30 og 5 í fyrrinótt. Af fótsporum í snjónum má ráða að þrír menn hafi verið að verki. Þeir hafi borið skiltið þrjú hundruð metra leið út að girðingu, farið í gegnum gat á henni og ekið þaðan á brott með bifreið sem beið eftir þeim.

„Ef þeir eru prakkarar eru þetta sjúkir prakkarar, eða einhver með pólitísk markmið. En hver sem hefur gert þetta hefur vanvirt heimsminjar,“ segir Michael Schudrich, æðsti rabbíni Póllands.

Hann segir hugsanlegt að nýnasistar hafi stolið skiltinu, eða jafnvel einhver sem ætli að selja það á svörtum markaði. „Það er til markaður fyrir allt.“

Áður hafa verið unnin skemmdarverk í Auschwitz, en aldrei neitt í líkingu við þetta.

Þýskir nasistar settu upp útrýmingarbúðir í Auschwitz árið 1940 eftir að hafa hertekið Pólland. Meira en milljón manns voru myrt þar á stríðsárunum. - gb


Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið








FRÁBÆR JÓLATILBOÐ HJÁ SÍMANUM

# Glæsilegir 3G símar

## HUAWEI U1251

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi. Ódýr og nettur sími.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt:12.000 kr. |

## SONY ERICSSON JALOU

Handhægur og nettur stelpusími, demantslaga með sérstakri filmu sem gerir skjáinn að spegli.

| Símalán-útborgun: | |
|---|---|
| 0 kr. | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
| | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 39.900 kr. |

Það er Síminn

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM40209



**MÁLAR FÖTURNAR RAUÐAR** Þessi maður í Allahabad á Indlandi fékk það verkefni að mála þessar fötur rauðar sem slökkviliðsmenn nota til að bera sand á eld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Byssumaðurinn í Seljahverfi áfram inni til 15. janúar:

# Talin tilraun til manndráps

**DÓMSTÓLAR** Gæsluvarðhald var í gær framlengt til 15. janúar í Héraðsdómi Reykjavíkur yfir manninum sem skaut með haglabyssu á útidyrahurð íbúðarhúss í Seljahverfi.

Krafa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um framlengingu byggir á almannahagsmunum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er litið á atvikið sem tilraun til manndráps.

Eins og fram hefur komið í fréttum var bankað upp á í húsi í Seljahverfi aðfaranótt sunnudagsins 15. nóvember. Þegar íbúinn kom til dyra stóð maðurinn vopnaður haglabyssu fyrir utan og sló til hans með byssuskaftinu. Íbúinn náði að loka útidyrahurðinni en þá hleypti maðurinn fimm haglabyssuskotum af. Þau höfnuðu í hurðinni auk þess sem gluggi í forstofu brotnaði.

Með byssumanninum var kærasta hans, sem er fyrrverandi starfsmaður íbúans. Hann hafði skömmu áður sagt henni upp störfum í bakaríi þar sem hann er yfirmaður.

Úrskurðurinn um framlengingu gæsluvarðhaldsins var kærður til Hæstaréttar í gær. - jss



**GÆSLUVARÐHALD** Maðurinn var leiddur fyrir dómara í gær.

Ofbeldismaður dæmdur:

# Misþyrmdi unnustu sinni

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið fyrir að misþyrma þáverandi unnustu sinni í þrígang.

Í apríl síðastliðnum réðst maðurinn á konuna á dansgólfi í Sjallanum og kýldi hana í magann.

Skömmu síðar sló hann hana með bol á heimili þeirra á Akureyri, síðan með flötum lófa í andlitið og tók hana kverkataki. Konan slapp frá honum en hann henti henni aftur inn í íbúðina og misþyrmdi henni hálfu verr en fyrr. Loks réðst maðurinn á konuna á Kaffi Akureyri og gekk í skrokk á henni, meðal annars þegar hún lá á gólfi salernisins. - jss






**AÐKOMAN** Á þriðja tug lambshræja, sjö kindahræ, tvö hundshræ í kerru og hluti af beinagrind af hrossi var það sem blasti við augum dýralæknis, sem var í eftirlitsferð á býlinu.

# Vildi sviptingu dýrahalds

**Halldór Runólfsson yfirdýralæknir kveðst hafa viljað sjá Héraðsdóm Austurlands svipta bóndann á Stórhóli í Álftafirði leyfi til dýrahalds.**

**DÝRAHALD** „Ég hefði viljað sjá koma fram kröfu frá ákæruvaldinu þess efnis að viðkomandi bóndi yrði sviptur leyfi til dýrahalds. Og ég hefði viljað sjá dómstólinn staðfesta hana.“

Þetta segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um niðurstöðu máls, sem rekið var á hendur bóndanum á Stórhóli í Álftafirði vegna brota á lögum um dýravernd og búfjárhald. Auk vanfóðrunar á sauðfé taldi ákæruvaldið umgengni á jörðinni mjög ábótavant.

Á þriðja tug lambshræja, sjö kindahræ, tvö hundshræ í kerru og hluti af beinagrind af hrossi var það sem blasti við augum dýralæknis, sem var í eftirlitsferð á býlinu.

Málinu lauk með dómssátt, þar sem bóndanum var gert að greiða áttatíu þúsund krónur í ríkissjóð. Á annað þúsund fjár eru á bænum.

„Það er skiljanlegt að menn fyllist reiði yfir því hve lág sektin er,“ segir yfirdýralæknir. „En ég held að líta verði á þá hlið að dómur hefur fallið. Auðvitað er stóra málið það að koma í veg fyrir að það ástand skapist aftur sem lýst er í ákæru.“

Halldór segir tvo dýralækna, héraðsdýralækni og fulltrúa yfirdýralæknis, hafa farið að Stórhóli í síðustu viku. Því sé búið að gera nýja úttekt á stöðu mála, sem sé verið að vinna úr þessa dagana. Málinu sé því engan vegið lokið.

Spurður til hvaða ráðstafana sé unnt að grípa til að stemma stigu við að ástandið endurtaki sig segir yfirdýralæknir þær vera fyrst og fremst þær að koma í veg fyrir að sá mikli fjöldi fjár, sem sé á jörðinni, verði óbreytt ur og umfram það sem ábúandi ráði við.

„Ákveðnar reglur gilda um hversu mikið rými og jötupláss skuli vera fyrir hvern grip. Vandamálið í þessu tilviki er það að fólkið ræður ekki við allan þennan fjölda. Það þarf að fækka þarna mjög verulega. Í reglugerðum og lögum eru úrræði þar að lútandi. En það skín ákveðið dómgreindarleysi í gegn, að fólk heldur að það sé eitthvað betra að búa með svona margt fé, og meira en það kemst yfir.“

Halldór segir endurskoðunarvinnu standa yfir á lögum um dýravernd og búfjárhald. Vonir standi til að með breytingum á þeim gangi hraðar að ná árangri í þeim fáu málum sem upp komi. Hvað varðar manneldissjónarmið, þegar vanhirt fé á í hlut, segir Halldór afar öflugt eftirlitskerfi í sláturhúsum. Ekkert fari þar í gegn sem teljist ekki hæft til neyslu. jss@frettabladid.is



> Auðvitað er stóra málið það að koma í veg fyrir að það ástand skapist aftur sem lýst er í ákæru.

**HALLDÓR RUNÓLFSSON**
YFIRDÝRALÆKNIR





iPod shuffle
Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir
2GB
4GB
Verð frá: 14.990,-
eplajól
Vinsælir leikir og aukahlutir
Football Manager 2010
Fyrir fótboltaáhugamanninn
Verð 7.990,-
Glói og Doppa
Fyrir 3 ára og eldri
Verð 3.490,-
X-Plane 9
Flughermir
Verð 10.990,-
Sims 3
Vinsælasti Mac leikurinn
Verð 8.990,-
Hinn eini sanni USB lykill
Frá LaCie 4/8/16/32GB
Verð frá 4.990,-
Lacie Starck
Harður diskur 1-2TB
Verð frá: 24.990,-
Lacie Starck Mobile
320-500GB USB2
Verð frá 19.990,-
Wacom Bamboo f. Mac/PC
USB teikniborð
Verð frá 13.990,-
Philips heyrnatól
Fyrir iPod
Verð frá 2.490,-
iPhone hulstur
Ultra Csae
Verð 4.990,-
iHome hátalarar
Fyrir iPod / iPhone
Verð 9.990,-
Bílahleðsla og
FM sendir
Fyrir iPod / iPhone
Verð 9.990,-
Apple búðin | www.epli.is
Sími: 512-1300 | Opnunartími:
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16


JÓLA
Starfsfólk okkar er í sannkölluðu jólaskapi og reiðubúið að aðstoða þig við jólainnkaupin
ENNEMM / SIA / NM40340
Opið til kl. 22 alla daga fram að jólum!

# STEMNING
# Í SMÁRALIND





Jólaævintýri Smáralindar
**Sýningar kl. 14 laugardag og sunnudag**
Örn Árnason, Helga Möller,
Helga Braga, Edda Björgvins og
Steinn Ármann o.fl.

## Fullt af bílastæðum og opið til 22

Hvergi á landinu eru fleiri bílastæði en við Smáralind og hjá okkur færðu bókstaflega allt til jólanna.

Nú er opið öll kvöld til 22 þannig að þú getur gefið þér góðan tíma til að versla og eiga notalega stund á veitingastöðum eða kaffihúsum Smáralindar.

**Vocalísurnar taka lagið**
**lau** kl. 17-18 og 20-21, **sun** kl. 17-18

**Piparkökuhúsaleikur Kötlu og Smáralindar**
**Úrslit kynnt kl. 16 laugardag við Lyfju, 1. hæð.**




**Gjafakort Smáralindar**
Frábær jólagjöf fyrir alla!

Smáralind





Kennari á Akranesi vill ekki skrifa undir skoðun kennaraforystunnar:

# Ekkert verið talað við okkur

**MENNTAMÁL** „Ég sem kennari vil koma því skýrt á framfæri að forysta Kennarasambandsins hefur ekkert rætt það við hinn almenna félagsmann hvernig hann vill bregðast við fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Afstaða forystunnar er alfarið á hennar ábyrgð og ég veit ekki til að hún sé bökkuð upp af félagsmönnum,“ segir Sigtryggur Arason, kennari á Akranesi.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands (KÍ), sagði í frétt blaðsins í gær að sparnaðarhugmyndir sveitarfélaganna, sem nú eru til umfjöllunar í menntamálaráðuneytinu, væru afleitar og kæmu ekki til greina frá sjónarhóli KÍ.

Sigtryggur segir ljóst að kennarar, eins og aðrir, verði að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

„Þeir félagar mínir sem ég hef talað við hafa ekkert á móti því að axla einhverjar byrðar til að létta á sveitarfélögunum þar sem þeir búa. Sú hugmynd til dæmis að stytta skólaárið um tíu daga, og þar komi einhver launalækkun á móti, mælist ekki illa fyrir í mínum hópi. Það er svo með flesta í hinum ýmsu atvinnugreinum að þeir hafa tekið á sig kjaraskerðingu í formi styttri vinnutíma og viðveru á vinnustað. Kennurum ætti ekki að vera vorkunn að taka þátt í því,“ segir Sigtryggur. **- shá**



**BREKKUBÆJARSKÓLI Á AKRANESI** Hugmyndir kennaraforystunnar um skerðingu kennslutíma hafa ekki verið kynntar kennurum sérstaklega.






# Skert kennsla krefst sannfærandi raka

**Menntamálaráðherra segir sitt hlutverk að standa vörð um hagsmuni grunnskólanemenda. Sveitarfélögin hafa lagt fram leiðir um sparnað innan grunnskólans. Stytta þarf kennslutíma. Kennarar hafna hugmyndunum alfarið.**

**MENNTAMÁL** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að mjög sannfærandi rök þurfi að koma til ef stytta eigi kennslutíma nemenda í grunnskólum landsins. Hún hefur kallað eftir greiningu á tíu milljarða króna kostnaðarauka innan grunnskólans á undanförnum árum.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur kynnt ráðuneytinu leiðir til að spara 1,5 milljarða á ári á næstu tveim skólaárum. Leiðin sem helst er horft til er að skerða kennslustundir um þrjár til fimm á viku, minnst hjá yngstu bekkjunum. Hagræðingarkrafa til grunnskólanna er 3,5 milljarðar á ári. Í ljósi þess að grunnskólinn er langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélaganna er talið að þar sé helsta matarholan til sparnaðar. Rökræðan á milli sveitarfélaganna og kennaraforystunnar um sparnaðarleiðir stendur yfir en kennarar hafa alfarið hafnað hugmyndum sveitarfélaganna.

Katrín segir að í ráðuneytinu sé einungis horft á málið út frá hagsmunum nemenda. „Það er okkar hlutverk að standa vörð um þeirra hagsmuni. Sá kostnaðarauki sem hefur orðið í grunnskólanum á undanförnum árum hefur vaxið um tíu milljarða á undanförnum árum og ekki tengst með neinum hætti auknum kröfum ríkisins á hendur sveitarfélögunum. Nú þegar þarf að spara þurfa því að koma til mjög sannfærandi rök til að skera niður kennslustundir hjá nemendum.“

Katrín segist hafa beitt sér fyrir því að kennaraforystan og sveitarfélögin vinni að málinu í sátt. „Það er verið að leita að lausn fyrir öll sveitarfélögin í landinu á sama tíma og staða þeirra er mjög misjöfn. Sveitarfélögin þurfa að svara því hvort leiðir þeirra til lausna henti öllum,“ segir Katrín.

Kennarar, líkt og Katrín, leggja áherslu á réttindi nemenda. Skerðing, í hvaða mynd sem hún yrði, feli í sér að gengið sé á hagsmuni barna sem nú séu á grunnskólaaldri. Sveitarfélögin hafa hins vegar bent á að lenging skólaársins sé nýtilkomin og vandséð að réttindasviftingin sé mikil.

Spurð hvort verið sé að ganga á hagsmuni nemenda í því ljósi að stutt er síðan skólaárið var lengt svarar Katrín með þeim hætti að í alþjóðlegum samanburði sé Ísland rétt í meðallagi hvað varðar þann tíma sem börn verja í skólanum. „Samfélagið hefur gjörbreyst á tiltölulega stuttum tíma og meta þarf skerðingu á kennslu í því samhengi líka.“

**svavar@frettabladid.is**



**FOLDASKÓLI** Sparnaður hjá grunnskólunum snýst um styttri kennslutíma og því réttindi barna. Myndin tengist ekki fréttinni með beinum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA









# Veiðileg Jól



**Stream Deluxe veiðitaska**
Vönduð veiðitaska á góðu verði.
Stór hólf og mörg smærri ytri hólf.
Bólstrað burðarhandfang og axlaról.
**Falleg veiðitaska í góðri stærð.**
**Fullt verð 8.995. Jólatilboð aðeins 6.995**



**Stream veiðivesti**
4 gerðir af góðum veiðivestum.
Fjölmargir vasar, festing fyrir
klippur, D-hringir og flugusvampur.
**Fullt verð 8.995.**
**Jólatilboð aðeins 5.995**



**Norconia og Leupold handsjónaukar**
Mikið úrval af vönduðum sjónaukum
frá þessum virtu framleiðendum.
**Verð aðeins frá 18.995**



**Ísbor á jólalegu tilboði**
Samanbrjótanlegur ísbor ásamt
dorgveiðistöng, girni og 4 spúnum.
Mjúk burðartaska fylgir
og aukablöð í borinn.
**Fullt verð 17.385**
**Jólatilboð aðeins 14.995**



**Dr. Slick veiðisett.**
Vandaðar klippur til að klippa girni, töng
til að taka öngul úr fiski ásamt hjóli til að
festa verkfærin í vesti eða jakka.
Boxið utan um verkfærin nýtist sem flugubox.
**Góð verkfæri á góðu verði. Aðeins 5.595**



**Veiðiflugur Íslands**
Tímalaus bók. Sannkölluð biblía
fluguveiðimannsins.
Allar helstu íslensku veiðiflugurnar.
**Aðeins 3.995**



**ProLogic skotveiðihanskar**
Hlýir og vatnsheldir hanskar í
felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Gott verð. Aðeins 4.995**



**Gerviandasett**
12 gerviendur.
Blandaðar stellingar, bæði kyn.
Blý og bönd fylgja. Góður
burðarpoki undir allt saman.
**Veglegur jólapakki skotveiðimannsins.**
**Aðeins 12.995 fyrir allt saman**



**Alklæðnaður í veiðina**
Neoprenvöðlur frá DAM í Þýskalandi.
Áföst stígvél með filtbotni.
Góður, vatnsheldur veiðijakki
frá Ron Thompson.
**Ótrúlegt jólatilboð aðeins 28.980**
**fyrir alklæðanað í veiðina**



**Simms Freestone vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur
og Simms Freestone skór.
Allir veiðimenn þekkja Simms gæðin.
**Fullt verð 59.800**
**Tilboð aðeins 48.980**

**Ron Thompson vöðlutaska**
Vinsæl taska fyrir vöðlur
og skó. Vatnsheldur botn,
loftun í loki og motta
til að standa á þegar
farið er í og úr.
**Verð aðeins 5.995**



**Simms Gore-tex krakkavöðlur.**
Nýtt á Íslandi. Afar vandaðar
vöðlur frá þessum heimsþekkta
framleiðanda. Gore-tex filma og
þykkir neoprensokkar.
**Belti fylgir. Þrjár stærðir. Verð 35.900**



**Ron Thompson Nylo Stretch vöðlur**
Einhverjar vinsælustu vöðlurnar
síðastliðið sumar.
Áföst stígvél með gúmmísóla.
**Frábært verð. Aðeins 14.995**
**Og Ron Thompson Nylo Stretch**
**klofstígvél aðeins 9.995**



**Ron Thompson hnífasett**
Nauðsynlegt í veiðitúrinn.
3 góðir hnífar, stál
og skurðarbretti.
Öllu haganlega fyrirkomið
í plasttösku. **Aðeins 5.995**



**Sage fluguhjól**
Ótrúlegt úrval af einhverjum
bestu fluguhjólum sem völ er á.
Nú geta Sage aðdáendur
fullkomnað veiðisettið með
fluguhjóli frá Sage.
**Margar gerðir.**
**Verð aðeins frá 29.900.**
**Sage fluguhjólin fást aðeins í**
**Veiðihorninu Síðumúla 8.**



**Fluguhnýtinganámskeið á DVD**
Lærðu að hnýta silungaflugur og
Lærðu að hnýta laxaflugur.
Gott íslenskt fluguhnýtinganámskeið á DVD.
**Aðeins 2.995 fyrir hvorn disk eða**
**aðeins 4.995 fyrir báða diskana saman**



**Allen skotabelti.**
Sterkt belti úr neoprenefni í felulitum.
Hægt er að lengja beltið.
Allen skotabeltið heldur 25 skotum.
**Verð aðeins 5.995**



**Scierra Sweep tvíhendupakki**
Glæsilegur tvíhendupakki frá Scierra.
Fjögurra hluta stöng, vandað hjól,
skotlína, undirlína, sökktaumur og
kastkennsla á DVD.
**Fullt verð 65.885**
**Jólatilboð aðeins 49.995**



**Ron Thompson Travel Force flugustöng**
Vönduð flugustöng í fjórum hlutum.
Poki og hólkur fylgja.
**Fullt verð 14.995**
**Jólatilboð aðeins 10.995**



SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ



***Munið vinsælu gjafakortin okkar***

**Sportbúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Sportbudin.is - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410- veidihornid.is**

# Von lifir í vonbrigðunum

**Allt lítur út fyrir að ekki hafi tekist að ná lagalega bindandi samkomulagi þótt lifi enn von um framhaldið. Í fyrsta skipti settust þjóðarleiðtogar niður og viðurkenndu vandamálið sem reyndar á eftir að leysa. Vonast er til að samningar náist á næsta ári.**

„Hlýnun loftslags af mannavöldum er staðreynd, engin bábilja.“ Þessi yfirlýsing sýnir öðrum fremur hve langt loftlagsmál hafa færst á undanförnum árum. Það að forseti Bandaríkjanna, Barack Obama, fullyrði á þennan veg og aðrir þjóðarleiðtogar taki í sama streng, sýnir okkur að búið er að viðurkenna vandamálið. Og það er alltaf fyrsta skrefið í átt að lausn. Sú lausn fæddist ekki hér í Kaupmannahöfn, þrátt fyrir að bjartsýnustu menn hefðu vonast eftir því. Kannski var það of mikil bjartsýni, margir tala þannig nú.

Tekið skal fram þegar þetta er skrifað að ekki er komin niðurstaða í viðræðurnar. Blaðamannafundum hefur hvað eftir annað verið frestað og heyrst hefur af fundum stórveldanna. Upp úr kvöldmat sátu Bandaríkin og Kína á rökstólum og jafnvel var búist við að samkomulag væri í burðarliðnum. Hvernig samkomulag er óvíst nú. Kraftaverk þarf þó að gerast til að það verði lagalega bindandi. Hvort um verður að ræða pólitíska viljayfirlýsingu allra leiðtoganna hér, eða einfaldan ramma um áframhaldandi viðræður, skal ósagt látið.

Pólitísk viljayfirlýsing er á þessari stundu álitin vera ljós í myrkrinu, sönnun þess að ráðstefnan hafi ekki verið misheppnuð. Vissulega mun Dönum þykja það, þeir höfðu vonast til að í Kaupmannahöfn yrði skrifað undir samkomulagið sem bjargaði heiminum. En, líkt og áður hefur verið bent á, þá er það vissulega nokkur árangur ef það tekst að fá 130 þjóðarleiðtoga til að lýsa yfir sameiginlegum vilja sínum. Takist það ekki, er ljóst að enn er langt í land.

Ásteytingarsteinarnir hafa verið fjölmargir. Þróunarlöndin vilja ekki taka á sig niðurskurð í útblæstri nema fá bætur fyrir. Iðnríkin eru tilbúin til bótagreiðslna, en hve háar eiga þær að vera? Bandaríkin og Kína, sem saman eru með yfir 40 prósent af útblæstri gróðurhúsalofttegunda, deila um gagnsæi. Bandaríkin segja marklaust að semja um markmið, ef ekki er komið á fót alþjóðlegu eftirlitskerfi. Kínverjar vilja ekki hleypa hverjum sem er – og allra síst Bandaríkjamönnum – í slíkar upplýsingar. Þá finnst öðrum iðnríkjum Bandaríkin ekki taka á sig nægilegan samdrátt. Bandaríkjamenn eru tilbúnir til að draga úr útblæstri um 17 prósent árið 2020 miðað við árið 2005. Það jafngildir 4 prósentum miðað við árið 1990 og það þykir Evrópusambandinu, sem er reiðubúið til skilyrðislauss 20 prósenta samdráttar miðað við það ár og að semja um 10 prósent í viðbót, heldur snautlegt.

Spurður hvenær hann reiknaði með niðurstöðu, sagði Eric Hall, upplýsingastjóri Sameinuðu þjóðanna, að síðast þegar hann var við þessar aðstæður hafi niðurstaðan komið klukkan 5 morguninn eftir. Augljóslega er lítið tillit tekið til prenttíma Fréttablaðsins.



**FORSETAR STÓRVELDANNA** Barack Obama forseti Bandaríkjanna og Dmitry Medvedev forsætisráðherra Rússlands ræðast við á Loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í gær.



**KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ**
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is



**HUGO CHAVEZ** Lét ekki segjast þegar hann var beðinn að yfirgefa ræðustól í gær.

Nokkrir leiðtogar Suður-Ameríku:

## Við erum baráttumenn

Fulltrúum Venesúela, Kúbu og Bólivíu lá mikið á hjarta á blaðamannafundi í dag og létu sér fátt um finnast þegar skipuleggjendur bentu þeim á að fundartíminn væri liðinn.

Skipuleggjendur hafa passað vel upp á fundir standi ekki lengur en hálftíma og hafa stöðvað ræður hárra sem lágra. Hugo Chavez, forseta Venesúela, var misboðið þegar danski starfsmaðurinn benti honum á að tíminn væri liðinn. „Við erum baráttumenn, reynið að ná okkur héðan.“ Og þegar Daninn lét ekki segjast bætti hann í: „Slökktu bara ljósin, við tölum í myrkrinu. Taktu rafmagnið af og við notumst við raddböndin!“ Með það héldu þeir áfram, Evo Morales kinkaði kolli, og Kúbverjinn útskýrði vandamál við landbúnað á austurhluta eyjunnar eftir að loftslag hlýnaði.

Jóhanna Sigurðardóttir segir heiminn ekki hafa efni á að bíða í loftlagsmálum:

## Meira þarf frá stórveldunum

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir ráðstefnuna í Kaupmannahöfn markverða og sýna þann þunga sem nú sé lagður á loftlagsmál. Því til sönnunar sé nóg að nefna þann fjölda þjóðarleiðtoga sem sótti hana heim.

Óvíst var um útkomuna þegar Fréttablaðið hitti hana í Bella Center. Hún segir mikla togstreitu hafa verið á milli iðnríkja og þróunarríkja.

„Þróunarríkin hafa sýnt óbilgirni finnst mér og tengt eigin losunarmörk um of við fjármagn. Þau verða að taka skref til að samkomulag náist. Þá finnst mér Kína og Bandaríkin verða að gefa meira af sér ef árangur á að nást. Evrópa hefur verið mjög metnaðarfull og ég hefði viljað sjá meira frá Bandaríkjunum. En stórveldin sitja enn við samningaborð þegar þetta er talað og ekki er vitað hvernig fer. Það eru þó litlar líkur á lagalega bindandi samningi,“ sagði Jóhanna um kvöldmatarleytið í gær.

Hún segir heiminn ekki hafa efni á að bíða; líf heimsbyggðarinnar sé undir því komið að árangur náist í loftslagsmálum. Náist ekki fullnægjandi niðurstaða í Kaupmannahöfn eigi að stefna að því að ná lagalega bindandi samningi í Mexíkó á næsta ári.

Hún segir Íslendinga geta bærilega við unað hvað sín mál varðar, ekki síst hvað tengingu við markmið Evrópusambandsins áhrærir. Þá sé endurheimt votlendis og áhersla á endurnýjanlega orkugjafa mikilvæg, ekki síður en kynjajafnrétti. „Við höfum lagt okkar af mörkum og getum verið bærilega sátt við okkar hlut.“




**FORSÆTISRÁÐHERRA** Jóhanna segir þá staðreynd að um 120 þjóðarleiðtogar hafi sótt ráðstefnuna sýna mikilvægi loftslagsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/KÓP

RÍKISVÍXLASJÓÐUR

STEFNIR

Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf 10% innlán

» Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
» Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
» Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
» Lágmarkskaup 5.000 kr.
» Enginn munur á kaup- og sölugengi.

**Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.** Kynntu þér Ríkisvíxlasjóð hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

STEFNIR.COM

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“.Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.



# VIÐBURÐIR Í JÓLAÞORPI OG VÍÐAR Í MIÐBORGINNI

**MUNIÐ JÓLAPAKKARALLIÐ KL. 15:00 í dag á Skólavörðuholti og Laugavegi við Snorrabraut. Komdu með pakka og kastaðu um borð handa þeim sem minnst eiga í vændum. Fjöldi jólasveina og skemmtikrafta á mjólkurbílspalli taka á móti pökkunum.**

## LAUGARDAGUR

14:00 Skólahljómsveit Austurbæjar víðsvegar um miðborgina
14.30 Sniglabandið
15.00 Jólapakkarallið hefst
15:00 Geir Ólafsson og Furstarnir á Laugavegi 87
15.30 Atriði úr sýningunni Leitin að jólunum með Grýlu og Jólaálfinum
16.15 Þórhildur Örvarsdóttir söngkona ásamt Árna Heiðari Karlssyni píanóleikara
16.45 Afhending afraksturs Jólapakkarallsins
17:00 Jólaball í Jólaþorpinu. Jólasveinar og harmonikkuleikarar
17:30 Geir Ólafsson og hljómsveit í Jólaþorpinu
18:00 Snorri Ásmundsson og gjörningahópur hans
18:30 Hljómsveitin Our Lives
21:00 Parabólurnar: Sigtryggur, Steingrímur og Guðmundur Vignir
21:30 Hinn óviðjafnanlegi Herbert Guðmundsson

## SUNNUDAGUR

14:00 Bjarni töframaður sýnir listir sínar
14:30 Our Lives
15:00 Pína pokastelpa. Stutt jólaleikrit fyrir yngstu kynslóðina
15:30 Jólasveinar standa fyrir fjöldasöng
16:00 3 raddir og Beatur halda tónleika í Jólaþorpi og víðsvegar um miðborgina
16:30 Lúðrasveitin Svanur
17:00 Jólaball í Jólaþorpinu. Jólaálfurinn stýrir ballinu
18:00 Snorri Ásmundsson og félagar
21:00 Valgeir Guðjónsson
21:30 Hljómsveitin DIKTA

12 kakóstöðvar víðs vegar um miðborgina í boði MS, Nóa Siríuss og Rauða krossins
Rás 2 verður með beinar útsendingar frá Jólaþorpinu alla dagana

## VERSLANIR OPNAR TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD

# Geggjaðir síma aukagladningi alla í Ring!

## Gláp og gott fylgir þessum símum.

Þessir fimm símar eru ekki aðeins á frábæru verði fyrir Ringjara heldur fylgir þeim í ofanálag þrefalt Gláp og gott á meðan birgðir endast. Þú færð **2 frímiða á bíó, 2 fríar máltíðir á Serrano og 2 litlar pizzur á Domino's**. Þetta kallar maður tvöfalda - ef ekki sjöfalda – ánægju!




- 2 frímiðar í bíó
- 2 máltíðir á Serrano
- 2 litlar pizzur á Domino's

(Miðarnir gilda allir til 31. mars 2010)

### Fyrir útivistarfríkið

Högg-, raka- og rykvarinn sími sem uppfyllir IP57 staðalinn – flottur í útivistina.

- 2G
- 1,3 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Vasaljós
- Bluetooth



12 þúsund í inneign yfir 12 mán.

**Samsung B2100**

**Útborgun**

**0kr.**

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

### Fyrirferðarlítill og stílhreinn sími

Fjöldi eiginleika s.s. fjölradda hringi-tónar, MP3 hringitónar, hægt að senda og sækja tölvupóst og margt fleira.

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 2 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth



Verð: 24 þús. kr.
Inneign: 24 þús. kr.

**Nokia 3120**

**Útborgun**

**0kr.**

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum.

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

ar með
fyrir




24 þúsund
í inneign
yfir 12 mán.

## LG Viewty

Útborgun

**0kr.**

Eftirstöðvum dreift
á 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á
mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 34.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Tæknilegi síminn frá LG með snertiskjá

Stór snertiskjár, flott myndavél, spilar DivX og færir auðveldlega myndbönd beint yfir á YouTube. Flottur á netinu.

- 3G
- Snertiskjár
- 5 megapixla myndavél
- FM útvarp
- Bluetooth

## Traustur sími með 3MP myndavél

Fallegur og traustur sími með 3MP myndavél og 1 GB innra minni auk þess sem síminn styður allt að 8 GB microSD minniskort.

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 3 megapixla myndavél
- 1 GB minni
- Bluetooth

Verð:
24 þús. kr.
Inneign:
24 þús. kr.




### Samsung U800

Útborgun

**0kr.**

2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**2.000 kr. inneign á
mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 24.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Vandaður sleðasími frá LG

Virkilega stílhreinn og flottur sleðasími frá LG með langdrægu 3G og öflugri myndavél.

- 3G
- Íslenskt valmyndakerfi
- 5 megapixla myndavél
- Bluetooth

12 þúsund
í inneign
yfir 12 mán.




### LG Black Label 20

Útborgun

**0kr.**

Eftirstöðvum dreift
á 12 mánuði.*

**1.000 kr. inneign á
mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 49.900 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

ENNEMM / SIA / NM40338

Stærsti
vinahópur
á Íslandi

ring

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

# Misskipulagt kaos í Köben

**Tugþúsundir komu til Kaupmannahafnar til að reyna að bjarga jörðinni í tvær vikur í desember. Sumir sátu að samningum, aðrir héldu fyrirlestra og mikill fjöldi hrópaði skoðanir sínar. Kolbeinn Óttarsson Proppé var rekald í straumi alþjóðaráðstefnunnar.**

Úff, bíllinn bíður fyrir utan og rútan fer eftir fimmtán mínútur. Er allt komið í töskuna? Jæja, þetta verður að duga, það hlýtur allt að vera hérna. Ég má ekki missa af þessu. Hlutirnir hafa líka tilhneigingu til að reddast og svo hlýtur að vera núna.

Erfitt er að segja að blaðamaður Fréttablaðsins hafi byrjað för sína á loftslagsráðstefnuna á rólegan og yfirvegaðan hátt. Eftir á að hyggja er þó erfitt að sjá að annað upphaf hefði verið betur við hæfi. Ráðstefnan var ekki ósvipuð pökkunarferlinu. Þrátt fyrir að lokafresturinn væri ljós – ég vissi að rútan færi frá Umferðarmiðstöðinni klukkan 5.40 og löngu var vitað að ráðstefnunni lyki 18. desember – virtust bæði ég og alþjóðasamfélagið halda að tíminn liði hægar eftir því sem lokapunkturinn nálgaðist. Á endanum hentum við einhverju saman í tösku og á blað og vonuðum að þetta myndi duga. Taskan reyndist innihalda allt sem ég þurfti í Kaupmannahöfn en tíminn einn mun leiða í ljós hvort samningurinn gerir slíkt hið sama.

**Það er Íslendingurinn!**

Kaupmannahöfn gerði sitt til að blekkja mig við komuna. Sólin skein og séð út um glugga Kastrup virtist veðrið hið ágætasta. Hefði ég haft stuttbuxur hefði ég farið í þær; í staðinn fór ég úr þykku peysunni og pakkaði í tösku. Ekki gáfulegt. Úti var skítkalt, svo kalt að borgaryfirvöld töldu nauðsynlegt að dreifa salti um götur og gangstéttir – óvíst er til hvers því ekkert var svellið.

Ég hafði óljósa hugmynd um hvert ég væri að fara, niður Istedgade og að einhverjum garði. Þetta hlyti að hafast. Istedgade er stórfurðuleg gata. Að mestu leyti er hún eins og hvert annað stræti í Kaupmannahöfn. Á 300 metra kafla breytist hins vegar allt. Kynlífsbúðir, vændiskonur og eiturlyfjasalar taka yfir.

Líkt og er víst lenskan á alþjóðaráðstefnum hafði kynlífsiðnaðurinn fylgt í kjölfarið. Vændiskonur, hvaðanæva að úr veröldinni, stóðu í kuldanum. Allar voru þær tilbúnar að spjalla þar til í ljós kom að kynnin yrðu ekki nánari. Á næstu dögum kynntumst við hins vegar vel því ég gekk um götuna að lágmarki tvisvar á dag. „Það er Íslendingurinn!“ hrópuðu sumar þegar ég nálgaðist og sögðu kollegum sínum að ekkert fé væri hér að fá.

Ein stúlkan var frá Gvatemala og sagði mér eitt kvöldið að hún hefði komið til Spánar í von um betra líf. Öll vinnutilboðin reyndust hjóm eitt og nú var hún flutt á milli staða og látin sofa hjá körlum fyrir borgun. Við vorum sammála um að mannskepnan væri skepna, en deildum um loftslagsmál. Hún vildi gjarnan að það hlýnaði. Ef við töluðum of lengi nálgaðist skuggalegur maður og við kvöddumst og ég hélt áfram.

Á endanum komst ég í Møgeltøndergade, þar sem mín beið dýna á bedda. Í herberginu við hliðina voru ungir róttækir Danir sem voru á móti kerfinu; líka því kerfi að á nóttunni skyldi sofið, enda slíkt ekki fyrir alvöru róttæklinga sem þá vilja hafa hátt. Það er bara eitthvað sem blaðamenn frá Íslandi heimta.



**BELLA CENTER** Fimmtán þúsund manns, frá öllum heimshornum, fylltu ráðstefnuhöllina í tvær vikur. Kannski tókst þeim ekki að leysa vandann sem steðjar að jörðinni, en allir eru þó ákveðnir í að halda áfram að reyna. NORDICPHOTOS/AFP

**Biðraðirnar**

Af einhverjum undarlegum ástæðum ákvað ég að sýna fyrirhyggju og skrá mig á ráðstefnuna strax á laugardegi, þó að ég ætlaði ekki að hefja störf fyrr en daginn eftir. Það reyndist happaspor því næstu daga voru biðraðir í innskráningu frá sjö upp í tólf tíma.

Í metróinu hitti ég unga konu frá Úsbekistan sem var á vegum Sameinuðu þjóðanna að fjalla um umhverfisfræðslu í skólum. Þetta sló taktinn fyrir það sem koma skyldi, fólk frá öllum heimshornum með ólíkan bakgrunn og aðstæður. Allt saman komið til að gera sitt besta til að gera jörðina að betri stað.

Það er ólýsanlegt að koma inn í Bella Center; kraðak af fólki, biðraðir hingað og þangað, nokkur tungumál sem þú kannast við og fjöldi tungumála sem þú hefur ekki hugmynd um hvaðan koma. Svona hlýtur þetta að hafa verið þegar Róm var höfuðborg heimsins. Og í miðjunni stendur þú stóreygður.

Hvert sem litið er eru biðraðir. Það eru biðraðir til að komast inn í bygginguna og komast út úr henni. Í fatahengið, skjalaafhendinguna, inn í blaðamannaaðstöðuna, eftir kaffi, eftir mat, inn á klósettið, inn á básinn inni á klósettinu. Alls staðar er fólk. Varla getur verið mikið mál að redda þessum loftslagsmálum fyrst hægt er að halda utan um svona ráðstefnu, þó með þeim hnökrum sem á urðu.

**Svo skrifarðu bara**

Og svo er bara að fara að skrifa. Á hverjum morgni er dagskrá dagsins gefin út og þú hugsar þér gott til glóðarinnar; þar finnurðu vegvísinn þinn, þetta er ekkert mál. Jú, þetta er smámál. Dagskráin er í tveimur hlutum og um sextíu síður að lengd. Þá er að finna blaðamannafundina, þar hlýtur að vera hægt að finna eitthvað. Nóg er af þeim.

Á hálftíma fresti eru haldnir blaðamannafundir í aðalherberginu og stundum annar um leið í öðrum sal. Frá klukkan átta á morgnana til tíu á kvöldin. Að lágmarki eru 29 blaðamannafundir á dag, bara í aðalsalnum. Hinir bætast við. Og í ofanálag er alltaf verið að hringla með fundina; Afríkuríkin mæta ekki, Yvo de Boer stekkur inn, Kínverjar koma seint, Bandaríkjamenn alls ekki.

Fyrir utan blaðamannafundina eru síðan hliðarviðburður, málstofur um hitt og þetta, fyrirlestrar og umræðuhópar. Sendinefndirnar eru opnar til viðtals. Þá eru ótal félagasamtök að kynna málstað sinn og líka fyrirtæki í græna iðnaðinum að kynna nýjustu uppfinningu sem bæta mun heiminn.

Þú situr einn innan um fimmtán þúsund manns og veltir því fyrir þér hvernig í ósköpunum þú átt að skrifa um þetta, hvernig er hægt að finna einn vinkil á þetta kraðak. Fýsíkin er ekkert flókin; ef þú hlustar á John Kerry tala um möguleikana á því að Bandaríkjaþing samþykki frumvarp um loftslagsmál hlustarðu ekki á sama tíma á Yvo de Boer frá Sameinuðu þjóðunum fara yfir hvernig viðræður ganga.

Í ofanálag liggja fréttastjórarnir í símanum og virðast telja það smáatriði að koma þessu öllu frá sér. Ekkert mál vinur, þú færð tvær síður í dag. Fyrirgefðu herra de Boer, getið þið sett pásu á ráðstefnuna meðan ég klára að skrifa?

**Er þetta svo flókið?**

Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, var sprokksettur þegar hann tók við sem forseti ráðstefnunnar fyrir að kunna ekki tungutakið. Þekkja ekki skammstafanirnar. Ég skil Lars Løkke Rasmussen. COP, UNFCCC, CMP, MRV, CIB, REDD, CDM, ATS, GEO, EDF, ÖBU, CIGI, CEEP, IATP… æ, ég nenni ekki meiru.

Og allar hinar tölurnar. Bandaríkin vilja draga útblástur gróðurhúsalofttegunda saman um sautján prósent árið 2020. Miðað við árið 2005. Það þýða fjögur prósent. Miðað við árið 1990. Evrópusambandið vill tuttugu prósent árið 2020. Miðað við 1990. Kína er að lofa tíu prósentum. Japan 25. Miðað við hvaða ár var það aftur? Svo er Evrópa tilbúin að fara í þrjátíu prósent. Ef hinir eru með. Miðað við 1990. Ekki 2005. Eða já.

Markmiðið er að jörðin hlýni ekki meira en um tvær miðað við fyrir iðnbyltingu. Til þess að það náist þarf aðgerðir strax. En tvær gráður á jörðinni þýða um 3,5 gráður á sumum svæðum Afríku. Þess vegna vill Afríka 1,5 gráður. Skuldbindingarnar saman þýða hins vegar að hlýna mun um 3,5 gráður á jörðinni, ef ekki er meira gefið eftir. Hvað þýðir það í Afríku?

**Hættið þessu rugli**

Blaðamannamiðstöðin ein og sér er á við meðalíþróttahöll. Bara fyrir prentmiðlana. Annað eins er fyrir sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Óformleg talning sýnir að pláss er fyrir 1.586 blaðamenn hérna. Og ef þú mætir eftir 10 er erfitt að fá sæti. Fyrir utan miðstöðina sitja menn einnig með fartölvurnar að skrifa; yfirleitt fólk frá félagasamtökum sem ekki er með blaðamannapassa en heldur úti vefsíðu.

Menn eru misáhugasamir um blaðamannafundi. Allir vilja heyra hvað Bandaríkin, Kína, Evrópusambandið, Indland og Afríka hafa að segja. Yvo de Boer er beinlínis stjarna; menn hlaupa til þegar hann talar. Enda er hann skemmtilegur og valdamesti maður í umhverfismálum í heiminum. Við vorum fimm að hlusta á Ekvador og ég var bara þarna vegna þess að ég hafði farið í vitlaust herbergi og vildi ekki gera þeim það að fara út. Áhugavert engu að síður.

Sendinefndirnar hafa hálftíma. Þær sem lítið vilja segja mæta seint, tala lengi og leyfa eina spurningu, oftar en ekki er búið að ákveða hver fær spurninguna. Aðrir leyfa langar umræður og þá er eins gott að hafa skammstafanirnar á hreinu.

Ég vildi að ég gæti sagt að ég hefði komið með beittar spurningar og rekið Hillary Clinton á gat. Reyndin er sú að hinar örfáu tilraunir mínar til að fá orðið urðu til einskis. Sem er kannski eins gott. Það eina sem mig langaði til að spyrja var: Hvað er eiginlega að ykkur? Af hverju hættið þið ekki þessu rugli og bjargið jörðinni minni?

Alsírbúinn sem leiðir samninganefnd Afríku orðaði það betur: Á meðan þið leikið ykkur með tölur deyr Afríka.

Er ekki bara einfaldast að fara út á göturnar með mótmælendunum? Það er einföld leið til að tjá pirring sinn. Verst að þeir líta allir á mig sem fulltrúa valdsins og vilja ekkert með mig hafa.

**Hvað svo?**

Og nú eru menn á lokametrunum með samning. Ljóst er að ekki næst lagalega bindandi samningur, en pólitísk viljayfirlýsing er möguleg. Og það væri nokkuð gott. Það að 130 þjóðarleiðtogar segist ætla að gera eitthvað þýðir nokkuð. Þannig að þrátt fyrir að fólk finnist sem enn er ekki búið að kveikja á hve mikilvæg málefni eru rædd á þessari ráðstefnu fer því fækkandi. Hlýnun af mannavöldum er ekki tilbúningur, heldur vísindi. Það sagði Obama mér í gær.

Og þá er bara að pakka saman, sinna kvabbi samstarfsmanna sem vantar hitt og þetta úr Kaupmannahöfn og vona að sú hreyfing sem augljóslega er komin á alþjóðasamfélagið í loftslagsmálum skili sér áður en það er orðið um seinan.

Svo er bara að ræða við ritstjórann um að senda mig til Mexíkó í júlí; þar gætu hlutirnir gerst.



KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
skrifar frá Kaupmannahöfn
kolbeinn@frettabladid.is

Mjúkir pakkar í Rúmfatalagernum!

TempraKON®




- Hitajöfnun 37°C
- Hannað af NASA
- Gæsadúnn
- Astma- og ofnæmisprófað
- Hægt að þvo á 60°C

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

JÓLASERÍUR



20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLASERÍUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA, 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

Opið:
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

LAMBAKJOT.IS

# Lambahryggur

## – FYLLTUR Í SMJÖRDEIGI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambaryggur á beini • 2 pakkar smjördeig • 3 box sveppir • 10 döðlur • 50 g beikon • 2 dl rjómi • 1 búnt steinselja • 2 egg

Úrbeinið hrygginn, nýtið allt kjötið, fitu og sinuhreinsið. Skerið sveppi, döðlur og beikon smátt og steikið létt á pönnu. Hellið rjóma yfir og sjóðið niður. Brúnið kjötið á pönnu í smjöri. Þerrið á stykki. Gætið þess að fletja ekki út smjördeigsplöturnar, leggið þær hlið við hlið og þrýstið börmunum saman með fingrunum. Leggið hryggfylluna (fille) hlið við hlið ofaná helminginn af smjördeiginu og lundina á milli. Smyrjið sveppablöndunni yfir allt kjötið. Penslið deigið með eggi og leggið hinn helminginn af smjördeiginu yfir. Þrýstið samskeytunum saman og penslið yfir allt með eggi.
Bakið í ofni við 200 - 220°C í 10 - 15 mín. Náið kjarnhita kjötsins í 50°C.

### Sykurlögur fyrir kartöflur

500 g sykur • 1 dl appelsínusafi • 1 dl rjómi • kanill & salt á hnífsoddi

Bræðið sykur þar til hann verður brúnn. Hellið volgum appelsínusafa útí, síðan rjómanum og kryddið með salti og kanil.

### Rauðkál

1 poki niðursneitt rauðkál • 500 ml rauðvín • 1 grænt epli • 1 skarlottulaukur • 1 negulnagli • 50 g flórsykur
50 g púðursykur • 1 dl balsamic edik

Epli saxað smátt og sett í pott ásamt rauðkáli. Laukur afhýddur og negulnagla stungið í, hann settur í pottinn ásamt sykri, ediki og rauðvíni. Sjóðið í 1 klst.

### Sósa

Bein af úrbeinuðum lambahrygg • 1 tómatur • 1 búnt timían (garðablóðberg) • 1 gulrót • 1 laukur • 1 hvítlaukur
1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatmauk (puré) • 1 msk smjör

Höggvið beinin og brúnið í ofni. Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og látið krauma í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin út í ásamt vökva og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. Sigtið og sjóðið niður um 2/3. Þeytið smjör út í og kryddið.
Borið fram á rauðkáls- og belgjabaunabeði og sykurbrúnuðum kartöflum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... VEISLUKJÖTIÐ

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Þörf er á þverpólitískri samstöðu.

## Róttæk fækkun sveitarfélaga

JÓN KALDAL SKRIFAR

Vonlítil staða Álftaness frammi fyrir fjallháum skuldum hefur beint athyglinni að almennt bágbornu ástandi minni sveitarfélaga í landinu.

Þegar sveitarfélag fær meira en 50 prósent sinna tekna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er augsýnilega eitthvað mikið bogið við forsendurnar sem menn gefa sér að baki því að viðhalda áfram slíkri rekstrareiningu. Alltof mörg sveitarfélög eru í þeim sporum að vera upp á sjóðinn komin á þennan hátt.

Sjálfsagt leiða tiltölulega fáir útsvarsgreiðendur í þéttbýli að því hugann að töluverður hluti af útsvarinu þeirra rennur ekki til þess bæjarfélags sem þeir búa í, heldur til minni sveitarfélaga. Útsvar þéttbýlisbúanna er þannig notað til að niðurgreiða með beinum hætti þjónustu annars staðar, í stað þess að greiðslan sé nýtt í þágu þeirra sem reiða hana af hendi.

Á þessu ári greiddu Reykvíkingar til dæmis ríflega 2,4 milljarða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til að setja þá tölu í samhengi þá var gert ráð fyrir um 2,3 milljarða króna sparnaði í endurskoðaðri fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir þetta ár.

Það þýðir aftur að ef Reykvíkingar hefðu haft útsvarið fyrir sig, þá hefðu þeir ekki þurft að skera neitt niður, en samt átt 100 milljónir króna eftir ef enginn hefði verið Jöfnunarsjóðurinn.

Auðvitað er hér dregin upp mjög einfölduð mynd, en hún segir samt margt um hvernig álögunum er skipt.

Sveitarfélög í landinu eru nú 77 talsins. Þar af eru 30 með færri en 500 íbúa og 15 með 500 til 1.000 íbúa. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að þessi minni sveitarfélög eru fæst sjálfbær, tölurnar tala sínu máli.

Í sumar samþykkti ríkisstjórnin verkáætlun sem fékk nafnið 20/20 – Sóknaráætlun fyrir Ísland og á að vera liður í efnahagslegri endurreisn þjóðarinnar, eins og þar segir.

Fulltrúar Sóknaráætlunarinnar gerðu víðreist í haust og ræddu meðal annars löngu tímabæra hugmynd um róttæka fækkun sveitarfélaga, úr 77 í 17. Ef þessi tillaga verður að veruleika, verða Vestfirðir til dæmis eitt sveitarfélag og höfuðborgarsvæðið tvö til þrjú, í stað þeirra sjö sem eru þar nú.

Þessar breytingar hanga að sjálfsögðu saman við endurskipulagningu á opinberri þjónustu og hvernig verkaskiptingunni milli ríkis og sveitarfélaganna er háttað. Hluti af því er að tryggja að sveitarfélögin verði nægilega burðug til að standa undir þeim verkefnum sem þeim er ætlað. Nokkuð hefur skort á þá hlið mála undanfarin ár.

Hugmyndin að baki Sóknaráætluninni er að hún sé þverpólitískt verkefni, unnið með þátttöku allra stjórnmálaflokka í nánu samráði við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins.

Það er mikið þjóðþrifamál að sú samstaða náist. Í raun er markmið verkefnisins þannig vaxið að óþarfi á að vera að óttast annað, en reynsla undanfarinna mánaða gefur þó því miður fullt tilefni til svartsýni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Svör um siðferðileg álitamál

Fjármálaráðherra tókst nú í vikunni að draga skýrar markalínur varðandi tvær mjög áleitnar siðferðilegar spurningar er tengjast endurreisn efnahagslífsins og vafist hafa fyrir fólki. Það sem meira er: Stjórnarandstöðuflokkarnir tveir hafa ekki gert athugasemdir við niðurstöðu ráðherrans.

Fyrri spurningin lýtur að launum bankamanna. Ofurlaun margra þeirra hafa verið talin merki um siðferðilegan brest. Skattgreiðendur hafa nú keypt Landsbankann. Samtímis hefur fjármálaráðherra heimilað stjórnendum hans að innleiða kaupaukakerfi að nýju. Það er skýrt svar við áleitinni siðferðisspurningu.

Ástæðulaust er að ætla að nýja kerfið verði jafn galið og hitt sem ríkti fyrir hrun. Í gamla kerfinu fengu menn því meiri umbun sem þeir gátu blásið út meiri eignafroðu. Rekstrarárangur skipti litlu eða



ÞORSTEINN PÁLSSON

engu máli. Ef til vill fólst siðferðisbresturinn einkum í aðferðinni við umbunina. Vandamálið er reyndar gamalt í hettunni. Á átjándu öld umbunaði hollenska Austur-Asíufélagið starfsmönnum sínum eftir því sem efnahagsreikningurinn stækkaði. Breska félagið sem rekið var með hliðstæðu nafni og í sama tilgangi notaði hins vegar hreinan hagnað til kaupaukaviðmiðunar. Því fyrra vegnaði betur í fyrstu. Það síðara hafði lengra úthald.

Seinni spurningin lýtur að því hvort og eftir atvikum hvernig þeir sem mest fór fyrir í útrásinni megi halda áfram þátttöku í íslensku atvinnulífi. Sumir hafa viljað banna þátttöku þeirra með öllu. Aðrir hafa til að mynda viljað takmarka bankaþjónustu við þá. Enn aðrir hafa ekki talið spurninguna gilda.

Nú hefur fjármálaráðherra samþykkt tillögu iðnaðarráðherra um að veita megi sérstakar skattaívilnanir til fyrirtækis sem að stórum hluta er í eigu eins þeirra sem ábyrgð ber á Icesave-málinu og þeim þungu byrðum sem leggjast á skattborgarana af þeim sökum. Hér er líka veitt afgerandi og skýrt svar við siðferðilegu álitaefni.

Ætli menn að víkja sér undan að svara spurningum af þessu tagi og koma sér hjá að draga glöggar markalínur er hætt við að þeir komist ekki úr sporunum við endurreisnina. Ugglaust verða ekki allir á einu máli um niðurstöðuna. Þau efnahagslegu rök sem ráðherrarnir færa fram sýnast hvað sem öðru líður vera álíka þung á metaskálunum og siðferðilegu mótrökin. Flest bendir því til að þessar ákvarðanir séu í ásættanlegu jafnvægi.

## Pólitísku hliðarnar

Þau svör sem fjármálaráðherra hefur nú gefið er fróðlegt að meta út frá fleiri en einni pólitískri hlið. Fordæmisgildið er ein þeirra.

Ekki er loku fyrir það skotið að kaupaukakerfi í endurreistum ríkisbanka geti valdið erfiðum samanburði annars staðar í ríkiskerfinu þar sem nauðsynlegt hefur verið að hagræða með lækkun launakostnaðar. Fyrirfram er ekki ástæða til að ætla að fjármálaráðherra gefist upp fyrir hefðbundnum samanburðarrökum á þessu sviði en þau geta gert honum varnarbaráttuna erfiðari.

Eitt fyrirtæki í eigu útrásarvíkings hefur nú fengið skattaívilnanir. Fordæmisgildið felst í því að við svo búið sýnist þeirri spurningu vera svarað hvort fyrirtæki í þeirra eigu eigi almennt að njóta hliðstæðrar bankafyrirgreiðslu og gengur og gerist í bankaviðskiptum. Þær háværu deilur sem staðið hafa um þau efni gætu þar með fjarað út að því gefnu að siðferðisviðmiðin séu almenn en ekki sértæk.

Af viðbrögðum má ætla að ráðherra úr röðum Sjálfstæðisflokksins hefði tekið svipaðar ákvarðanir. Það er hins vegar önnur pólitísk hlið að sennilega hefði hann átt í vök að verjast eða jafnvel alls ekki komist upp með þær í ljósi þess sem á undan er gengið. Öllu hefði þá verið snúið á hvolf. Aðeins hefðu verið sett lóð á siðferðilegu vogarskálarnar en ekki þær efnahagslegu.

Ekki þarf mikla hugmyndaauðgi til að ætla að núverandi heilbrigðisráðherra hefði talið það þjóna réttlátum málstað í stjórnarandstöðu að stýra mótmælum með þeim kröfum að heilbrigðisstéttir ættu tilkall til sömu umbunar og bankamenn. Þjónusta þeirra hefði við þær aðstæður verið talin jafngilda níutíu milljarða króna virðisauka í banka.

Nú eru rokkarnir þagnaðir. Sú pólitíska hlið málsins sýnir að frá ákveðnu sjónarhorni getur verið kostur að hafa VG við ríkisstjórnarborðið.

## Ósamkvæmni er veikleikamerki

Við ríkisstjórnarborðið hefur VG viðurkennt mikilvægi gamalla íhaldsúrræða eins og aðhaldsaðgerða í ríkisfjármálum. Ýmsir forystumenn ríkisstjórnarflokkanna sýnast á hinn bóginn vera reikulli í rásinni gagnvart sveitarsjóðunum en ríkissjóði.

Augljóst er að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki sama skilning á aðhaldi í opinberum rekstri sveitarfélaga þar sem þeir sjálfir eru í minnihluta. Það sést meðal annars á málflutningi þeirra í Reykjavík þar sem mestir hagsmunir eru í húfi.

Öllu alvarlegra er þó að ríkisstjórnin sjálf lætur sjónarmið hagsmunahópa ráða afstöðu sinni þar sem andstaða þeirra snýr að sparnaðaraðgerðum sveitarfélaganna. Þegar kemur að óskum sveitarfélaganna um sparnað í skólamálum bregður ríkisstjórnin þannig fyrir sig gömlu rökræðunni úr stjórnarandstöðu.

Slík ósamkvæmni getur bent til að völdin skipti meir en árangurinn. Hún getur líka átt sér skýringu í einhvers konar pólitískri samviskuveiki í baklandi ríkisstjórnarflokkanna. Sé svo er stjórnin veikari en þingstyrkurinn segir til um.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Vínartónleikar

Mið. 06.01.10 » 19:30
Fim. 07.01.10 » 19:30
Fös. 08.01.10 » 19:30
Lau. 09.01.10 » 17:00

Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir meistara óperettunnar. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. Tryggðu þér miða núna á sinfonia.is.

**Christopher Warren-Green** *hljómsveitarstjóri*
**Þóra Einarsdóttir** *einsöngvari*
**Finnur Bjarnason** *einsöngvari*

Miðaverð: 4.400 / 4.100 kr.



Gjafakort á Vínartónleikana er tilvalin jólagjöf.
Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma 545 2500.

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi



JARÐARBER
BOX
**499**
~~639~~ KR./PK.



BLÁBER
BOX
**499**
KR./PK.



STOLT OKKAR UM JÓLIN
- GÆÐI Í GEGN

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI

NÓATÚNS
HAMBORGAR-
HRYGGUR
**1598**
KR./KG



OSTAKÖRFUR
Í ÚRVALI

OSTAKÖRFUR
VERÐ FRÁ:
**1998**
KR./STK.



**15%**
**afsláttur**

EÐALFISKUR
SÓSUR, REYKTUR
OG GRAFINN LAX



LAMBA-
HRYGGUR
MEÐ VILLISVEPPUM
**1798** KR./KG

ÚR KJÖTBORÐI · BESTIR Í KJÖTI · ÚR KJÖTBORÐI



SS BIRKIREYKT
HANGIKJÖT
**2047** KR./KG
~~2408~~



OPAL SEAFOOD
REYKTUR & GRAFINN LAX

ÓMISSANDI
UM JÓLIN



DON SERRANO
GRAND RESERVA
**598**
KR./PK.



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is


NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
Höldum í jóla- hefðirnar
20% afsláttur
HÚSAVÍKUR HANGILÆRI
1918 KR./KG
2398
ÚR KJÖTBORÐI
BESTIR Í KJÖTI
FRANSKAR ANDABRINGUR
2998 KR./KG
BELGÍSKT PATÉ 3 TEGUNDIR
598 KR./STK.
GOÐA PATÉ 3 TEGUNDIR
1198 KR./STK.
OSCAR KRAFTUR VERÐ FRÁ:
399 KR./STK.
ÓDÝRT
MAIZENA LJÓS SÓSUJAFNARI
223 KR./PK.
MERRILD KAFFI
657 KR./PK.
LJÚFFENGT UM JÓLIN
OSTAHÚSIÐ MYNTU OG SÚKKULAÐI OSTATERTA
1449 KR./STK.
ÓMISSANDI MEÐLÆTI
MYLLU ENSK JÓLAKAKA
593 KR./STK.
DM ÁVEXTIR VERÐ FRÁ:
288 KR./STK.
NÓATÚN
www.noatun.is




# Ekki linnir Lottóskrifum

**UMRÆÐAN**

Eiður Guðnason skrifar um Lottó



EIÐUR GUÐNASON

Nýjasta framlag íþróttahreyfingarinnar til umræðunnar um Lottó er grein Harðar Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Golfsambands Íslands, í Fréttablaðinu 16. desember. Hörður segir réttilega að Lottóhagnaðurinn sé opinbert fé. Þessvegna beindi ég spurningum til framkvæmdastjóra Íslenskrar getspár, sem rekur Lottóið. Hann kaus að svara ekki, heldur talaði um fyrirspyrjanda sem „fólk úti í bæ“, sem ekki væri skylt að upplýsa um fjármál Lottósins. Kannski framkvæmdastjóri GSÍ skýri málið fyrir framkvæmdastjóra Íslenskrar getspár.

Hörður segir það ómerkilegt að gefa í skyn að lottógróðinn sé notaður til að greiða ofurlaun og stunda brask. Hvaðan kemur íþróttahreyfingunni þá fé til að kaupa erlenda atvinnumenn í íþróttum hingað til lands og hvaðan koma UMFÍ fjármunir til stórbyggingar í miðbænum (sem engin þörf er á) þar sem átti meðal annars að reka hótel í samstarfi við félag sem þá var undir stjórn eins af forkólfum Framsóknar?

Þeirri spurningu Harðar hvort ekki sé eðlilegt að endurskoða önnur einkaleyfi til reksturs happdrætta og spilakassa svara ég játandi. Mér finnst ekkert sjálfgefið að Rauði krossinn og Háskóli Íslands hafi tekjur af rekstri spilakassa. Mér finnst það raunar fremur óviðfelldið. Meiri vafi finnst mér leika á hinum hefðbundnu gömlu happdrættum. Þó er sjálfsagt að endurskoða þetta allt í heild. Engu fyrirkomulagi af þessu tagi er ætlað að standa til eilífðarnóns. Ég hef aðeins sagt að tímabært sé að endurskoða núverandi einkaleyfi og skiptingu hagnaðar. Jákvæð viðbrögð við þessum skrifum hafa sýnt mér, að ég er langt frá því að vera einn um þá skoðun.

Varðandi fjármögnun starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga þá ætti hún fyrst og fremst að koma frá sveitarstjórnum og að hluta frá íþróttaiðkendum. Þeir sem sækja tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiða hluta af kostnaði við reksturinn með miðakaupum.

*Engu fyrirkomulagi af þessu tagi er ætlað að standa til eilífðarnóns. Ég hef aðeins sagt að tímabært sé að endurskoða núverandi einkaleyfi og skiptingu hagnaðar.*

Og að lokum: Hörður talar um forvarnargildi íþrótta. Íþróttir geta vissulega haft forvarnargildi, ef rétt er á málum haldið. En vænt þætti mér um ef Hörður útskýrði fyrir mér og lesendum Fréttablaðsins forvarnargildið sem felst í því gagnvart unglingum að hafa áfengi á boðstólum í golfskálum, þar sem fjöldi unglinga fer um.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*





Opið til kl 22 fram til jóla!
Barnasæng
100x140
aðeins
6.900 kr.
Dúnsæng
140x200
aðeins
14.900 kr.
Tvíbreið
200x220
aðeins
17.900 kr.
DORMA
Dúnkoddi
aðeins
3.900 kr.
Ný sending af sængurverasettum - Mikið úrval, ótrúlegt verð
Einnig fáanlegt tvíbreitt
DORMA
Bómullar-sængurverasett
Stærð: 140x200 cm
2.900 kr.
Litir: Rauður, fjólublár, hvítur, brúnn, svartur.
DORMA
Satín-sængurverasett
Stærð: 140x200 cm
5.990 kr.
DORMA
Bómullar-sængurverasett
Stærð: 140x200 cm
2.900 kr.
DORMA
Bómullar-sængurverasett
Stærð: 140x200 cm
2.900 kr.
DORMA
– býður góða nótt
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

# Enginn efast lengur um ógnina

**Svandís Svavarsdóttir** umhverfisráðherra sat loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Hún segir menn kannski hafa verið óþarflega bjartsýna fyrir hana. Mikilvægt sé að missa ekki hreyfiaflið. Hún settist með *Kolbeini Óttarssyni Proppé* í ráðstefnuhöllinni.

Þegar þetta er skrifað er loftslagsráðstefnunni ekki lokið og ekki liggur fyrir niðurstaða. Svandís Svavarsdóttir segir að fyrir ráðstefnuna í Kaupmannahöfn hafi vonir manna staðið til að það næðist að samþykkja lagalega bindandi samning um samdrátt útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Vonir höfðu reyndar dvínað um hríð, en vöknuðu aftur þegar fyrir lá hve margir þjóðarleiðtogar ætluðu að sækja ráðstefnuna. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sat seinni viku ráðstefnunnar. Hún segir að menn hafi gert sér miklar vonir í aðdraganda hennar. Niðurstaða liggi ekki fyrir en hvernig sem fari sé það mikilvægur áfangi að allir helstu þjóðarleiðtogar heims komi til Kaupmannahafnar til að ræða loftslagsbreytingarnar og aðgerðir til að snúa þróuninni við. Þar með sé staðfest í pólitískri umræðu á heimsvísu að um gríðarlega aðkallandi viðfangsefni sé að ræða sem þjóðir heimsins verði að horfast í augu við.



**ÞINGHEIMUR ÁVARPAÐUR** Umhverfisráðherra ávarpaði aðalsalinn aðfaranótt föstudagsins. Fyrr í vikunni hafði Svandís tekið við viðurkenningu fyrir Íslands hönd vegna jafnréttismála. MYND/HAFDÍS GÍSLADÓTTIR

### Áherslur Íslands

Svandís segir íslensku samninganefndina hafa staðið sig gríðarlega vel í öllum viðræðum. Vel hafi gengið að halda sjónarmiði Íslands á lofti og landið hafi sett mark sitt á lokatextann. Áherslur landsins liggja einkum í fjórum atriðum.

Í fyrsta lagi náðist samkomulag við Evrópusambandið um að Ísland fengi aðild að losunarhömlum þess. Sambandið hefur boðist til að draga útblástur saman um tuttugu prósent árið 2020, miðað við árið 1990, og leggi önnur ríki meira af mörkum er sambandið til í að hækka þessa tölu í þrjátíu prósent. Allt er þetta háð því að samningar náist.

Þetta er nokkur viðsnúningur fyrir Ísland, sem hingað til hefur samkvæmt íslenska undanþáguákvæðinu mátt auka útblástur sinn um tíu prósent miðað við 1990. Svandís segir atvinnulífið hins vegar ekki þurfa á íslenska ákvæðinu lengur að halda, þar sem árið 2013 taki ákvæði um losunarheimildir gildi. Nú muni fyrirtækin sitja við sama borð og evrópsk fyrirtæki og kaupa þær heimildir á markaði.

Íslenska samninganefndin hefur í öðru lagi lagt áherslu á kynjajafnrétti. „Nú er hugtakið kynjajafnrétti, gender equality, komið inn í samningstextann á þremur stöðum og það fer ekki svo glatt þaðan. Það er mjög mikilvægt að það sé viðurkennt að við slíkum vanda sem að heiminum steðjar, líkt og nú, komi konur til jafns við karla að úrlausnum og úrbótum á öllum stigum," segir Svandís. Hún tók einmitt á móti viðurkenningu á ráðstefnunni fyrir Íslands hönd, fyrir áhersluna á kynjajafnrétti.

Í þriðja lagi hefur nefndin lagt áherslu á að viðurkennt sé að endurnýjanlegir orkugjafar séu leið til að draga úr losun. Ákvæði þar um er nú komið inn í tæknikafla samningsins. Svandís segir þetta opna á tækifæri fyrir íslenska tækni í endurnýjanlegum orkugjöfum. „Það er viðbúið að þróunarríkin, til dæmis, sæki í að koma sér upp slíkri tækni, enda er kveðið á um styrki til þess. Þannig gætu opnast atvinnutækifæri fyrir íslensk fyrirtæki."

Fjórða atriðið sem Íslendingar lögðu áherslu á er endurheimt votlendis. Þannig er nú ákvæði um það í textanum að endurheimt votlendis sé leið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og teljist því til samdráttar. Framræst votlendi losar gróðurhúsalofttegundir og endurheimt íslenskra mýra yrði því væntanlega hluti af íslensku loftslagsbókhaldi. Að auki má nefna að endurheimt votlendis mikilvæg fyrir íslenska náttúru og líffræðilegan fjölbreytileika.

### Ógnin raunveruleg

Svandís segir mikla breytingu hafa orðið í viðhorfi til loftslagsmála og þau komi vel fram á ráðstefnunni. Samfélag þjóðanna sé því komið betur áleiðis á leið sinni að lausn og geri sér grein fyrir alvarleika málsins. Fjöldi þjóðaleiðtoga á loftslagsráðstefnuna sýnir að öllum er ljós alvarleiki málsins og að grípa verið til ráðstafanna til að snúa þeirri þróun við.

„Umræðan um hvort ógnin sé til staðar er liðin tíð. Hún er til staðar, það er bara spurning hvernig við mætum henni. Eins er það með þróunarríkin; það átta sig allir á ábyrgð ríkari þjóðanna sem hafa óáreittar dælt gróðurhúsalofttegundum öldum saman út í andrúmsloftið. Ríku þjóðirnar bera mesta ábyrgð, en þróunarríkin, sérstaklega þau stærri, verða einnig að taka þátt í samdráttarferlinu af fullum krafti."

Allir þjóðarleiðtogar sem til máls tóku viðurkenndu ógnina og hvöttu til aðgerða. Barack Obama Bandaríkjaforseti sagði ógnina til dæmis vera staðreynd, ekki hugarburð. Nú þyrfti mannkynið að finna lausnina í sameiningu.

> Vissulega eru vonbrigði að hér náðist ekki lagalega bindandi samningur. En hér náðist ýmislegt fram.

### Íslensku fiskimiðin

Fjöldi áfalla hefur dunið á íslensku atvinnulífu undanfarið, sem kallar ekki allt ömmu sína í þeim efnum. Undarlega hljótt hefur þó verið um niðurstöður vísindamanna sem nýlega voru birtar. Þær sýna bein tengsl á milli hlýnandi loftslags og súrnunar hafsins. Svandís segir þetta slæmar fréttir sem gætu haft veruleg áhrif á lífsskilyrði á Íslandi.

„Gögnin sýna að mun meiri mengun sest í sjóinn en nokkurn óraði fyrir. Koldíoxíð sem losað hefur verið í andrúmsloftið sest í sjóinn og hefur áhrif á efnasamsetningu hans. Ég sat málstofu um sjávarmál hér og á henni voru vísindamenn, bæði frá norðlægum löndum og einnig frá Filippseyjum og víðar, sammála um að ef ekkert yrði að gert yrðu höfin súrari árið 2050 en þau hafa verið í tugmilljónir ára. Þá gæti verið erfitt að snúa þróuninni við."

En hvað þýðir súrari sjór? „Súrnun sjávar hefur áhrif á lífríkið. Sýnilegasta birtingarmynd þess er eyðing kóralrifjanna, en þau eru hluti af vistkerfi sem sér um hálfum milljarði fólks fyrir fæðu. Staðreyndin er sú að súrnunin í kringum Ísland er tvöfalt hraðari en víðast annars staðar.

Vísindamenn telja að þetta geti haft áhrif á kaldsjávarkóralla, skeldýr og ýmsar tegundir þörunga á komandi áratugum. Fyrir aldarlok getur hún haft veruleg áhrif á vistkerfi hafsins í heild og þar með talin íslensk fiskimið. Við höfum því engan tíma til að bíða, það þarf aðgerðir strax."


**HVERT RÝMI NÝTT** Erfitt var að finna rými til viðtals og umhverfisráðherra lét sig ekki muna um að tylla sér á ganginn með blaðamanni. MYND/HAFDÍS GÍSLADÓTTIR

Svandís nefnir annað dæmi um áhrif hlýnunar jarðar á Íslandi, jöklana. Þeir hafi bráðnað mun meira en menn héldu og verði ekkert að gert hverfi þeir að mestu á næstu 150 árum. Bráðnunin hefur áhrif á vistkerfi, vatnafar og strandlínuna, svo dæmi sé tekið.

### Bjartsýn

Þrátt fyrir að ráðstefnan í Kaupmannahöfn hafi valdið vonbrigðum er Svandís engu að síður bjartsýn. Hún segir ráðstefnuna sýna að loftslagsmál séu tekin alvarlega. Enn sé tími til að ná alþjóðlegum samningi.

„Kyoto-bókunin rennur ekki út fyrr en í árslok 2012 og við höfum svigrúm til að komast að nýrri niðurstöðu. Mögulega var markið sett of hátt fyrir þessa ráðstefnu. Pólitísk yfirlýsing og ákvörðun um áframhaldandi vinnu er ekki eins bitastæð og lagalega bindandi samningur. Hún gefur hins vegar tilefni til bjartsýni, sé ekkert slakað á og rétt haldið á málum." Rétt er að ítreka að niðurstaðan var ekki ljós fyrir þegar Fréttablaðið hitti ráðherrann.

### KYNJAJAFNRÉTTI

Svandís hélt ræðu á norrænu/afrísku málþingi um konur sem afl breytinga, sem haldið var á ráðstefnunni. Hér er brot úr ræðunni, í þýðingu Fréttablaðsins.

„Það er okkar vissa að við verðum að samþætta kynjajafnrétti í allt okkar starf, ætli okkur að takast að bregðast við loftslagsbreytingum. Ísland telur nauðsynlegt að tryggt sé að konur komi að allri stefnumótun og ákvarðanatöku á öllum stigum. Virk þátttaka kvenna á öllum stigum er lykill að árangursríkum aðgerðum gegn loftslagbreytingum.

Þó að loftslagsbreytingar snerti alla snerta þær ekki alla jafnt. Konur og karlar verða fyrir mismunandi áhrifum af breytingunum – þau búa við mismunandi félags-, efnahags- og umhverfislegan veruleika. Þau taka líka þátt á ólíkan máta. Loftslagsbreytingar koma verst niður á fátækum og illa settum konum. Breytingarnar hafa áhrif á svið, sem eru venjulega tengd konum; heimilishald, landbúnað, að tryggja vatn og eldivið og svo framvegis. Þær þýða því aukið erfiði fyrir konur. Því verður að taka tillit til þarfa kvenna og áhyggja þegar bregðast á við loftslagsbreytingum – og hver er betur til þess fallinn en þær sjálfar?"


VINSÆLASTA ÆVISAGAN
Í BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR - LAUGAVEGI 18
Vigdís Finnbogadóttir og Páll Valsson
árita bókina Vigdís - Kona verður forseti
í dag, laugardag, kl. 14:00
★★★★
„… björt saga með djúpum og dimmum sorgarköflum … með hreinskilni um ósigra og skýrri boðun um erindi og árangur mætrar konu.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2009
bókaverslana
PÁLL VALSSON
30% afsláttur
4.890 kr.
verð áður 6.990 kr.
ÆVISAGA SNORRA
ÓSKAR GUÐMUNDSSON ÁRITAR
Í DAG KLUKKAN 16:00
★★★★
„Óskar getur fagnað frábærlega könnuðu verki, vandlega unnu, skýringar, heimilda- og nafnaskrár eru til fyrirmyndar …“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
29% afsláttur
ÓSKAR GUÐMUNDSSON
SNORRI
4.990 kr.
verð áður 6.990 kr.
FRÁBÆRT SAFN!
ÞÓRARINN ELDJÁRN ÁRITAR
Í DAG KLUKKAN 16:00
★★★★
„Nýja smásagnasafnið hans Þórarins er alveg hreint sultufínt. Stíllinn, orðavalið, hugmyndirnar. Maður, maður. Allt er þetta eins og það á að vera.“
Björn Þór Sigbjörnsson / Fréttablaðið
27% afsláttur
ALLTAF SAMA SAGAN
3.290 kr.
verð áður 4.490 kr.
25% afsláttur
KONA ÞRIGGJA EYJA
4.480 kr.
verð áður 5.990 kr.
30% afsláttur
ARNALDUR INDRIÐASON
SVÖRTUloft
3.990 kr.
verð áður 5.690 kr.
22% afsláttur
Karlsvagninn
Kristín Marja Baldursdóttir
4.290 kr.
verð áður 5.490 kr.
27% afsláttur
Auður
3.990 kr.
verð áður 5.490 kr.
22% afsláttur
4.290 kr.
verð áður 5.490 kr.
BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

# 50% afsláttur
af völdum jólavörum



ÓDÝRT

## 50% afsláttur
af öllum jólakúlum

## 40% afsláttur
af öllum útiseríum

# VEISLA
## ALLA HELGINA Í BYKO

**Vöfflur kl. 13-15**
Gómsætar vöfflur með rjóma og sultu í öllum verslunum bæði laugardag og sunnudag.

**BYKO Kauptúni:**
Laugardag kl. 14 verður spilað jólabingó með glæsilegum vinningum. Frítt að spila fyrir alla.

**Kaffihlaðborð á aðeins 790 kr. á laugardag kl. 15-17**



**Jólasveinar**
Hressir jólasveinar kíkja í heimsókn í BYKO Breidd, Kauptúni, Granda og Suðurnesjum um helgina og gleðja börnin með söng og mandarínum.



**BYKO Breidd:**
Sunnudag kl. 14 verður hið sívinsæla uppboð. Flottar vörur slegnar hæstbjóðanda.

## BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ Á FRÁBÆRU VERÐI!

ÓDÝRT



**Opið til 22:00 til jóla í jólatréssölu BYKO Breidd**

Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd, Selfossi og Reyðarfirði

Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

# Jól

Nýtt í BYKO Breidd og Akureyri:
**Flott leikföng á frábæru verði!**





BABY Born - Bratz - Turtles - Traktor - Bílabraut - Bílar - Moxíe dúkkur - ofl.



Vnr. 88583280
**Vinnuvél**
CONSTRUCTION vinnuvél.
**850**

**2.490**



Vnr. 88583229
**Leikfangabíll**
MB RESCUE TECH farartæki.

**3.490**



Vnr. 88583107
**Brúður**
BABY BORN brúður, lítil.

**1.690**



Vnr. 88583271
**Regnhlífakerra**
Regnhlífakerra fyrir börn.

EXPO - www.expo.is

Opnunartímar um helgina: BREIDD – lau. 10-19 – sun. 11-19 / KAUPTÚN – lau. 10-18 / GRANDI – lau. 10-18 – sun. 11-18 / SUÐURNES – lau. 10-14


25%
afsláttur
ÓDÝRT
af öllum búsáhöldum*
Aðeins í 4 daga fimmtudag til sunnudags
*Gildir ekki með öðrum tilboðum
Nytsamlegar jólagjafir og allt fyrir veisluna
• Matar og kaffistell
• Hnífapör
• Pottar og pönnur
• Glös
• Eldföst mót
• Hitakönnur
í BYKO
25% afsláttur
Vnr. 65753110
Örbylgjuofn
Galanz digital örbylgjuofn, 800 W.
Fullt verð: 18.990
13.990
34.900
Fullt verð: 46.990
BOSCH
Vnr. 65744655
Hrærivél
BOSCH hrærivél og matvinnsluvél með 3 blöðum, hakkavél, blandara og fylgihlutum. Mjög hljóðlát, 500W.
25% afsláttur
KHG
Vnr. 65103005
Hárþurrka
KHG hárþurrka 2000W.
Fullt verð: 3.290
2.490
25% afsláttur
KHG
Vnr. 65103008
Handþeytari
KHG handþeytari, 300W silfurlitaður og svartur.
Fullt verð: 4.990
3.990
20% afsláttur
ÓDÝRT
13.900
sodastream
Vnr. 94990000
Soda Stream
SODA STREAM TÆKI eitt 60 lítra gashylki og 1 lítra plastflaska fylgir.
KHG
Vnr. 65103010
Brauðrist
KHG brauðrist, hvít, 750W.
Fullt verð: 2.990
2.290
25% afsláttur
Vnr. 50626632
Vöfflujárn
Vöfflujárn stál, 1200W.
Fullt verð: 4.990
3.990
20% afsláttur
KHG
Vnr. 65103009
Straujárn
KHG straujárn 2000 W.
Fullt verð: 2.590
2.190
15% afsláttur
BYKO
AKUREYRI – lau. 10-18 – sun. 12-18 / SELFOSS – lau. 10-16 – sun. 12-16 / AKRANES – lau. 10-14 / REYÐARFJÖRÐUR – lau. 10-14

# Dálítið stuð í bland við dauðann

Getur unglingur sem sefur á sama bjálkalofti og Þórbergur Þórðarson orðið annað en rithöfundur? **Sölvi Björn Sigurðsson** komst að því að það dregur að minnsta kosti ekki úr áhuganum. Hann hefur vakið athygli að undanförnu fyrir sína þriðju skáldsögu, Síðustu daga móður minnar. *Bergsteinn Sigurðsson* ræddi við Sölva Björn um bækur, heimshornaflakk og feimnismál.

Þetta kom mér ánægjulega á óvart,“ segir Sölvi Björn um viðtökurnar við *Síðustu dögum móður minnar*, sem hefur verið á flugi undanfarnar vikur og varð til að mynda í öðru sæti á lista bóksala yfir bestu bækur ársins. „Ég hef yfirleitt ekki verið að stressa mig mikið á þessu, bara einbeitt mér að skriftunum og vonað að fyrr eða síðar myndi fólk taka eftir því sem ég er að gera. Ég finn meira fyrir því núna en oft áður, það er að minnsta kosti ágætur meðbyr fyrir þessi jól.“

Við erum á heimili Sölva, lítilli risíbúð á Njálsgötu þar sem hann býr ásamt konu sinni, Helgu Soffíu Einarsdóttur þýðanda, og dótturinni Hrafnhildi Kristínu, sem kom í heiminn fyrir fjórum mánuðum. Þar hafa þau búið undanfarin ár, það er að segja þegar þau eru á landinu.

„Ég hef alltaf sótt mikið til útlanda inn á milli, að minnsta kosti á meðan Íslendingar höfðu efni á því,“ segir Sölvi. „Við höfum verið með annan fótinn erlendis undanfarin ár, mest á Spáni og Skotlandi. Við fluttum til Edinborgar fyrir fimm árum þegar ég fór í nám í bókaútgáfu. Síðan þá hefur borgin átt alltaf dálítið í hjarta mínu. Við erum svo heppin að vera bæði í starfi sem við getum sinnt hvaðan sem er og það hefur gert okkur kleift að vera á þessu flakki.“

**Ritstörfin og rómantíkin**

Liðlega þrítugur á Sölvi Björn að baki þýðingar á ljóðum John Keats og Arthur Rimbaud, ljóðabókina *Gleðileikinn djöfullega* og skáldsögurnar *Radíó Selfoss* og *Fljótandi heim*. Fyrrnefnda skáldsagan er uppvaxtarsaga frá Selfossi, bernskustöðvum Sölva.

„Ég bjó þar til ellefu ára aldurs þegar við fluttum í Kópavog og þaðan í miðbæ Reykjavíkur. Ég er því Selfyssingur að uppruna en meiri Reykvíkingur í dag.“ Sölvi Björn gekk í Menntaskólann í Reykjavík og komst snemma að því að hann vildi verða rithöfundur.

„Sá draumur kviknaði þegar ég var sextán eða sautján ára. Þetta braust fram í ákveðinni alvöru, ég var alvörugefinn ungur maður og sökkti mér í heimsbókmenntirnar, enda Borgarbókasafnið í næsta húsi við mig þegar ég var í menntaskóla. Það var eflaust líka til að ýta undir þetta að ég var svo heppinn að sofa í svefnherbergi Þórbergs Þórðarsonar sem hann lýsir í *Ofvitanum*, þegar hann bjó uppi á bjálka hjá ekkju Þorsteins Erlingssonar. Mamma átti það hús og ég bjó þar. Það varð að minnsta kosti ekki til þess að minnka áhugann á rithöfundarstarfinu.

Ég heillaðist líka af ævintýraljómanum sem maður sér starfið í áður en maður verður samdauna því; alls kyns rómantík sem hugmyndin um rithöfunda er sveipuð, þótt raunveruleikinn sé mun lágstemmdari þegar á hólminn er komið.“

**Þorði ekki að kalla sig rithöfund**

Að loknu stúdentsprófi lá leiðin til Frakklands, en þar kynntist Sölvi verkum Rimbauds sem hann átti síðar eftir að þýða. Áður en langt um leið sneri hann aftur heim og lærði bókmenntafræði við Háskóla Íslands. „Það hafði mikil áhrif á mig; þá koma póstmódernísku áherslurnar, sem allir voru á kafi í, ég fann ný áhrif og fór að kynna mér önnur svið.“

Fyrsta verkið sem Sölvi fékk gefið út eftir sig voru áðurnefndar þýðingar hans á Keats. Það má kalla vogað hjá rúmlega tvítugum manni að hjóla í verk eins af lykilskáldum rómantísku stefnunnar. „Stefan Schweig sagði að fáir skólar væru betri til að styrkja sig sem rithöfund en að þýða góð skáld. Ég hef líka alltaf haft gaman af því að fást við bundið mál, sem er nóg af hjá Keats og Rimbaud, auk þess sem við eigum svo mörg kanónísk verk eftir óþýdd.“

Þarna var rithöfundarferillinn sem sagt kominn af stað.

„Þýðingarnar komu út hjá Máli og menningu, þannig ég var strax kominn með alvöru útgefanda sem ég hafði væntingar um að vildi kannski gefa út eitthvað meira eftir mig. Ég var að vísu ekki enn kominn á það stig að ég þyrði að kalla mig rithöfund en beið hins vegar ólmur eftir því að geta gert það kokhraustur.“

**Tilraunakenndari verk**

Eftir Radíó Selfoss gaf Sölvi út tvö verk í tilraunakenndari kantinum; ljóðabálkinn *Gleðileikinn djöfullega*, þar sem sótt er í sarp Dante, og skáldsöguna *Fljótandi heim* sem Sölvi kallar óð til bókmenntafræðinnar og annars konar hugsunar um bókmenntir.

„Ég hafði verið að velta mér mikið upp úr spurningum um strauma og stefnur og hvernig aðrir höfundar sækja inn í manns eigin verk. Það var sterk bylgja í kringum japanska rithöfundinn Haruki Murukami fyrir fimm til sex árum. Ég gleypti hann í mig eins og aðrir og þetta tvinnaðist saman í dálítið öðruvísi bók.“

**Fólk á hengiflugi**

Og nú er komin út Síðustu dagar móður minnar, þar sem Sölvi segist hafa viljað feta hefðbundnari slóðir en í síðustu skáldsögu, leggja meira upp úr persónusköpun og atburðarás. Í bókinni segir frá mæðginunum Evu og Dáta, sem fara til Amsterdam í leit að líkn.

„Mig langaði að skrifa tvíeykissögu, svona eins og Holmes og Watson eða Batman og Robin, sem fjallaði þó um annars konar samband en slíkar sögur gera að jafnaði. Ég vildi líka reyna að sýna lífið í nálægð við dauðann, þannig að mamman veiktist og þá lá dálítið beint við að fara til Hollands, sem er eina landið sem hefur lögleitt líknardauða. Í Sviss hefur að vísu myndast hálfgerður ferðamannaiðnaður í kringum það sem kallað er „assisted suicide“, eða aðstoð við sjálfsvíg. Holland með sitt almenna frjálslyndi veitir aftur á móti færi á dálitlu stuði, sem mér fannst spennandi að koma inn í bók um háalvarlegt efni. Þetta er fólk á hengiflugi og það fer dýpra inn í hið ævintýralega líferni sem Amsterdam býður upp á en tilefni er til að jafnaði.“

**Hrunið séð að utan**

Hrun bankakerfisins á Íslandi kemur við sögu í bókinni en frá öðru sjónarhorni en almennt hefur verið sett fram, þar sem persónurnar fylgjast með atburðarásinni frá Hollandi, öðru af tveimur vígjum Icesave-reikninganna alræmdu. Sölvi var sjálfur í útlöndum í hruninu. „Mig grunar að þeir Íslendingar sem bjuggu úti í aðdraganda hrunsins hafi fundið fyrir því hvað staðan var orðin alvarleg á undan þeim heima út af endalausum gengissveiflum. Maður vissi aldrei hvað maður átti að borga mikið í leigu eða hvað maður kæmi til með að hafa mikið á milli handanna þann mánuðinn. Þessi hversdagsleiki sem maður bjó við rataði að einhverju leyti inn í bókina.“

Kreppan er ein helsta ástæðan fyrir því að fjölskyldan flutti heim og er komin til að vera í bili. „Svo kom þessi hér í heiminn,“ segir Sölvi, sem heldur á Hrafnhildi Kristínu, „og fjölskyldan vill auðvitað geta hitt hana. Eftir þetta langan tíma á flakki er ég líka sáttur við að vera kominn heim og staldra aðeins við.“

**Góðar bækur eru skrifaðar af alúð**

Sölvi framfleytir sér með lausaverkefnum, þýðingum, prófarkalestri og svo framvegis. Hann segir drauminn vera að geta lifað eingöngu af rithöfundarstarfinu. „Ég held að flestir sem eru í þessum bransa vilji geta helgað sig skriftunum alfarið, til þess er maður í þessu. Það er reyndar erfitt að gefa út langt skáldverk oftar en á tveggja til þriggja ára fresti, en það er líka gaman að vinna að styttri og öðruvísi verkum meðfram, ljóðaþýðingum og þvíumlíku.“

Spurður um önnur áhugamál en bækur segist Sölvi mikið gefinn fyrir veiði. „Það er sumaráhugamálið. Helga Soffía myndi eflaust hrista hausinn; hún deilir að minnsta kosti þeim áhuga ekki. Ég fékk bakteríuna þegar ég var lítill á bökkum Ölfusár, eins og strákarnir í Radíó Selfoss. Annars eru það vinir og fjölskylda, tónlist og bíó eins og allir segja. Að vísu er líka smá Liverpool-blóð í mér, þótt ég sé alltaf dálítið feiminn við að viðurkenna áhuga á enska boltanum.“

Sölvi Björn er þegar farinn að vinna að næstu bók eftir hugmynd sem hann hefur verið að bræða með sér um skeið. „Hugmyndirnar koma oft löngu áður en maður setur staf á blað. Ef hugmyndin er þess virði að framkvæma er fyrsta skrefið að fylgja henni eftir; byrja að skrifa og sjá hvert hún leiðir. Lykillinn að vel heppnaðri bók er góð hugmynd sem er unnin samviskusamlega. Ég held að það sjáist alltaf þegar bækur hafa verið skrifaðar af alúð. Ef hún er fyrir hendi er hægt að skrifa góða bók um líklega hvað sem er.“



**SÖLVI BJÖRN** „Mig langaði að skrifa tvíeykissögu, svona eins og Holmes og Watson eða Batman og Robin, sem fjallaði þó um annars konar samband en slíkar sögur gera að jafnaði.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ég heillaðist líka af ævintýraljómanum sem maður sér starfið í áður en maður verður samdauna því; alls kyns rómantík sem hugmyndin um rithöfunda er sveipuð, þótt raunveruleikinn sé mun lágstemmdari þegar á hólminn er komið.

# Einstök saga

**Páll Valsson bregður upp hrífandi og sannferðugri mynd af Vigdísi Finnbogadóttur. Við kynnumst náið sorgum hennar og sigrum; saga hennar verður lesandanum nákomin og hugstæð.**

**„... mikil, vegleg og áhugaverð bók.“**
Egill Helgason / Silfur Egils

Fullt verð: 6.990 kr.
**TILBOÐ***
**5.490 kr.**






Vigdís Finnbogadóttir og Páll Valsson árita bókina í **Smáralind kl. 13 á morgun, sunnudag.**

★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

* Tilboðið gildir til og með 20.12.09

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


TILBOÐ DAGSINS
Inventum brauðvél með LCD skjá
12.989 kr.
Fullt verð 17.989
FRÉTTABLAÐIÐ
?
Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á mánudag!
AÐEINS LÍTIÐ BROT AF ÚRVALINU
Philips brauðrist 5.989 kr.
Severin töfrasproti 5.489 kr.
United örbylgjuofn 11.989 kr.
Philips Senseo kaffivél 14.989 kr.
Severin kaffivél 15.989 kr.
Kenwood hrærivél 66.989 kr.
United margmiðlunarflakkari 14.989 kr.
Tvix sjónvarpsflakkari með REC 19.989 kr.
Tvix sjónvarpsflakkari með REC 29.989 kr.
Epson prentari 14.989 kr.
Lenco plötuspilari með USB 26.989 kr.
JVC míkrósamstæða með fjölkerfa DVD 42.989 kr.
22 tommur
Philips 220SW9FB
Philips LCD tölvu breiðskjár 35.989 kr.
Philips 200w fjölkerfa heimabíó 38.989 kr.
Nikon SLR með skiptilinsum 114.989 kr.
22 tommur
United 22DD91HD
United LCD með DVD 69.989 kr.
32 tommur
Philips 32PFL3904H
Philips LCD með Pixel PLus HD og DVB-T 137.989 kr.
42 tommur
Panasonic TX-P42C10Y
Panasonic Plasma með HDTV DVBT móttakara 179.989 kr.
OPIÐ TIL KL. 22 – ALLA DAGA TIL JÓLA


TILBOÐ DAGSINS
XBox 360 Arcade
leikjatölva
ásamt leik
54.989 kr.
Fullt verð 69.989
TROÐFULL BÚÐ AF GJAFAVÖRU
JBL iPod vagga
19.989 kr.
Philips útvarpsvekjari
9.989 kr.
Lenco stafrænt eldhúsútvarp
9.989 kr.
JVC heyrnartól /tappar
1.289 kr.
Philips þráðlaus heyrnartól
14.989 kr.
Lenco CD MP3 spilari
7.989 kr.
Kvikmyndir
2.389 kr.
Ævintýramyndir
2.389 kr.
Grín og alvara
2.389 kr.
Íslenskt gæðaefni
3.989 kr.
Íslensk tónlist
1.989 kr.
Tölvuleikir
10.989 kr.
Playstation 3 120GB
63.989 kr.
Playstation 3 EyePet pakki
8.989 kr.
PS2 PS3 PC XBox 360 ofl.
10.989 kr.
Verð gilda um hvert eintak.
Opið mán. - fös. kl. 11-22
Laugardaga kl. 11-22
Sunnudaga kl. 12-22
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is
MAX RAFTÆKI




ROLEX

1909 2009

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# Óhamingjan getur af sér góð skáld

Bréf til næturinnar heitir fyrsta ljóðabók **Kristínar Jónsdóttur**, bónda á Hlíð í Lóni. Ljóðin, sem eru einlæg og áreynslulaus, eru á skjön við nútímann og minna helst á kveðskap liðinna alda. Þeim er raðað upp í tímaröð og mynda tregafulla ástarsögu sem teygir sig yfir tvo áratugi. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** sló á þráðinn til skáldkonunnar og truflaði hana við bústörfin.

Kristín Jónsdóttir býr á bænum Hlíð í Lóni, í austustu sveit Austur-Skaftafellssýslu, þar sem hún er með sex hundruð kindur. Hún er því önnum kafin alla daga í fjárhúsunum. Þennan morguninn hefur hún hins vegar tekið sér frí til að taka á móti símtali blaðamanns, sem er fullur iðrunar yfir því að trufla hana svona við bústörfin. „Það er nú allt í lagi svona einu sinni. Ætli ég nái ekki í restina og sjái hvernig bónda mínum gengur að gefa,“ segir hún. Ekki er langt síðan þessi bóndi var ekki hennar, en þó hefur hún elskað hann í meira en tuttugu ár.

Við lestur Bréfa til næturinnar verður strax ljóst að bókin geymir engan skáldskap. Ljóðin eru dagsett, raðað upp í tímaröð og teygja sig yfir tuttugu ára tímabil í lífi Kristínar. „Þegar ég tók ákvörðun um að gefa ljóðin út ákvað ég að setja þau svona upp, svo að hægt sé að lesa bókina eins og sögu,“ segir Kristín um bókina sína. „Þetta er kannski óvenjulegt, þar sem maður les ljóð venjulega eins og konfekt, fær sér einn mola í einu. En ég held að það hafi verið skynsamlegt í þessu tilfelli að setja þetta svona upp.“

### Ást í skugga samviskunnar

Þráðurinn sem gengur í gegnum öll ljóðin er ástin. En þetta er engin venjuleg ástarsaga, þar sem stúlka og piltur verða ástfangin, eignast börn og buru og lifa hamingjusöm til æviloka. Þegar Kristín kynnist ástinni í lífi sínu, seint á níunda áratugnum, er hann bóndi á næsta bæ og á þar sína fjölskyldu. Ástin kviknar í leyni, lifir í skugga samviskubits, sorgar og baktals í nærri tvo áratugi, og hefur áhrif á marga fleiri en elskendurna tvo.

Lítur Kristín sjálf á útgáfu ljóðanna sem uppgjör við þetta tímabil í lífi sínu? „Það var ekki hugsunin þegar ég ákvað að láta slag standa og gefa þetta út. Maður yrkir ekki svona ljóð með það í huga að gefa þau út eftir tíu eða tuttugu ár. Maður yrkir svona fyrir sjálfan sig. En tíminn breytir hlutunum. Þetta gæti virkað eins og ákveðið uppgjör og ég er ekkert ósátt við það uppgjör. Þarna er ég að segja það sem ekki var sagt í fjöldamörg ár og setja punkt. Þetta er mín hlið – okkar hlið.“

### Skvaldrað í sveitinni

Það má ímynda sér að mikið hafi verið skvaldrað í sveitinni yfir sambandinu, sem gat meðal annars af sér tvö börn áður en elskendurnir tóku formlega saman. „Já, já, þetta var mál málanna í fjöldamörg ár, það er ekki hægt að neita því. Það var horft á mann og heyrðist hvíslað: „Já það er þessi, þetta er hún.“ En það er enginn saklaus í svona málum, eða öðrum. Það eru alltaf tvær og þrjár hliðar. Fólk setur sig oft í dómarasætið en lendir svo jafnvel sjálft í sömu aðstæðum og upplifir þá hlutina öðruvísi.“

Kristín beið mannsins sem hún elskaði í vel á annan áratug. Hversu heit sem ástin er hlýtur hún að vera sterk manneskja að halda þetta út, jafnvel þrjósk. „Já, ætli það sé ekki rétt. En ég vitna líka stundum í kvæði eftir Bubba Morthens, um konuna sem gat ekki dottið af því hún hafði engan stað til að detta á. Maður hefur stundum ekki rými til að láta sig detta. Maður verður bara að standa. Og það fer sjálfsagt eftir því hvernig fólk er skapi farið hvernig það þolir það. Ég hef aldrei verið mikið fyrir að gefast upp, jafnvel þótt hlutirnir líti ekki vel út. Og stundum verður maður að standa með því sem manni finnst vera sannast og réttast í sínu lífi.“

En hvarflaði aldrei að henni að fara og freista gæfunnar annars staðar? „Jú, jú, það hvarflaði sjálfsagt að mér. En það var of margt sem ég hefði þurft að yfirgefa. Ég hef alltaf verið mikil sveitamanneskja í mér og tel mér það frekar til gildis en hitt. Ég hef alltaf verið tengd skepnunum, jörðinni og sveitastörfunum, svo það var engin óskastaða að hverfa frá því.“

> Þarna er ég að segja það sem ekki var sagt í fjöldamörg ár og setja punkt. Þetta er mín hlið – okkar hlið.

Með lestri ljóðanna dylst þó engum að róðurinn verður þyngri eftir því sem árin líða og vonleysið eykst. „Auðvitað var þetta erfitt, fyrir alla sem að þessu stóðu,“ segir Kristín. „Þegar stríð dregst á langinn verða allir þreyttir. Og eins og í öllum stríðum voru þeir margir sem drógust inn í þetta, beint og óbeint. Bókin er alls ekki hugsuð sem nein réttlæting á minni hlið. Það var enginn ófundsverður í þessari stöðu.“

### Liggur ekki yfir ljóðum

Kveðskapur Kristínar er eins fjarri því að vera nútímalegur og hugsast getur. Þótt hún hafi skrifað ljóðin fyrst og fremst fyrir sjálfa sig er hún fegin þeim viðbrögðum sem bókin hefur fengið. Hún segist ekki hafa átt von á þeim, þótt hún hafi gert sér grein fyrir að hún hafi sérstaklega góð tök á forminu. „Það er eflaust fullt af fólki sem yrkir svona ennþá, en geymir kveðskapinn bara ofan í skúffu hjá sér. Og það eru örugglega margir þarna úti sem finnst að ég hefði átt að hafa þetta áfram ofan í skúffu. En það káfar svo sem ekkert upp á mig. Það hefur ekki verið í tísku að yrkja mikið undir þessum háttum og þessu formi. En það er mér bara miklu eðlilegra.“

Hún segist í rauninni ekki kunna neitt í bragfræði. Því er erfitt að trúa, enda renna ljóðin svo ljúflega og áreynslulaust að lesandinn tekur varla eftir því hvað ljóðin eru ort undir föstu formi. „Sumir geta spilað tónlist eftir eyranu, en geta kannski samt ekki lesið nótur. Ætli það sé ekki bara svipað með mig? Þetta er bara eitthvað sem verður til óviljandi. Ég slípa þetta ekki mikið til og ligg ekki yfir ljóðum. Þegar maður er að yrkja sig út úr tilfinningakrísum er maður ekki að velta fyrir sér praktískum hlutum það augnablikið. En ég er auðvitað búin að vera lengi að yrkja og kveðskapurinn hefur þróast í gegnum árin. Svo hef ég haft afskaplega góða leiðbeinendur og gagnrýnendur. Í fjöldamörg ár hef ég verið í sambandi við Ragnar Inga Aðalsteinsson, sem hefur einna manna besta þekkingu a bragfræði og þvíumlíku. Hann hefur gefið mér ábendingar og góð ráð. Ég held að þessi bók hefði aldrei komið út nema fyrir hans tilstuðlan og áeggjan.“

Hún óttaðist það helst að virka væmin. „Það er ekki eftirsóknarverð tilfinning fyrir mig að verða væmin. Maður þarf að koma þessu frá sér á einlægari hátt en það. Ég vona að mér hafi tekist það, því mig langar ekki að vera kennd við einhverja sykursæta vellu.“

### Of hamingjusöm til að yrkja?

Þá liggur auðvitað beinast við að krefja Kristínu um framhald, helst strax í næsta bókaflóði. Þeir lesendur sem hún á eftir að tryggja sér með þessari bók taka það varla í mál að bíða í önnur tuttugu ár. Henni ætti líka að reynast útgáfan auðveldari en í þetta sinn, en að minnsta kosti tvö forlög höfnuðu útgáfu bókarinnar, áður en Félag ljóðaunnenda á Austurlandi fékkst til verksins. „Það kom nú kannski ekki á óvart, enda sjá ef til vill fáir útgefendur möguleika í að gefa út ljóðabók eftir óþekkta sveitakonu,“ segir Kristín, sem er ánægð með sinn útgefanda, þótt hann hafi ekki sama bolmagn til auglýsinga og stóru forlögin. Eiginlega þykir henni það þægilegra. Hún er ekkert viss um að fleiri bækur muni koma út eftir hana. „Þegar ég er spurð að þessu minni ég á að sumir eignast nú bara eitt barn. Og svo stendur nú einhvers staðar skrifað að hamingjusamar konur geti aldrei verið góð skáld.“



**SKÁLDKONA** Frumraun skáldkonunnar Kristínar Jónsdóttur, Bréf til næturinnar, hefur vakið aðdáun gagnrýnenda. Sjálf segist hún lítið kunna fyrir sér í bragfræði en rétt eins og sumir geti spilað tónlist eftir eyranu eigi hún auðvelt með að yrkja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ➜ BROT ÚR BRÉFUM TIL NÆTURINNAR

**Við hliðið**

Hálffullt tungl yfir Hornið skein,
hrapaði stjarna föl.
Heiðríkt og kyrrt en hrím í grasi
- haustnæturkylja svöl.
Í stað þess að halda heim að sofa
höfðum við stundarbið
og töluðum saman en ljósin lýstu
á lokað túngarðsins hlið.

...

Nú skiljum við betur bros hvort annars,
baráttu, sigra og töp
og látum það okkur engu skipta
þó einhverjum sé í nöp
við vináttu okkar og í henni sjái
ögrun og gruni ljótt
- af því að hliðið okkar á milli
opnaðist þessa nótt.

*27. nóvember 1989*

**Týnd**

Týnd er ég sjálf og sundrað allt,
samt skal ég leita að þér.
Ástin til þín er eins og ljós
- ennþá ég logann ver.
Týnd er æran, töpuð sál
- tunglið í skýjum fer.

*(Hluti úr ljóði.)*
*18. desember 1997*

**Kvöl**

Kveðskapur í augum
vonlaust stríð
sem verður að heyja
í öskrandi þögn
býr ótti og kvöl
sem engum má segja

Verða að lifa
- langa að deyja.

*28. maí 2002*

**Haustmynd**

Á heyfeng sumars
í hvítu plasti
haustsól að morgni skín

Birkiskógurinn breytir litum
blaktir á snúru þvegið lín

Þögn segir meira en þúsund orð
- þú ert á leið til mín.

*Ágúst 2005*

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*

## HAMBORGARHRYGGUR

KJÖTSEL

30% AFSLÁTTUR

998 kr/kg

áður 1.425 kr/kg

# *Jólin, jólin allsstaðar*

### HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

38% AFSLÁTTUR

1.859 kr/kg

áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

35% AFSLÁTTUR

1.299 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### REYKTUR GRÍSABÓGUR

30% AFSLÁTTUR

599 kr/kg

áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

### LAMBALÆRI
FERSKT

30% AFSLÁTTUR

1.399 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### FÓTBOLTAMYNDIR
ÁLBOX, 60 stk.

2.990 kr

### HREINDÝRAPATÉ

27% AFSLÁTTUR

799 kr/stk.

áður 1.095 kr/stk.

GOÐI

### KALKÚNAHELGARSTEIK

41% AFSLÁTTUR

1.980 kr/kg

áður 3.356 kr/kg

### LAMBAHRYGGUR
FERSKUR

30% AFSLÁTTUR

1.499 kr/kg

áður 2.142 kr/kg

KJÖTSEL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 19. - 20. desember eða meðan birgðir endast

Birt með fyrirvara um prentvillur

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Opnunartímar yfir hátíðarnar

| | Mjódd | Salavegi | Hverafold | Akureyri | Höfn | Grindavík | Reykjanesbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 18. desember | 10 - 20 | 10 - 21 | 10 - 20 | 10 - 20 | 10 - 19 | 10 - 20 | 10 - 20 |
| 19. desember | 10 - 20 | 10 - 21 | 10 - 20 | 10 - 20 | 10 - 18 | 10 - 20 | 10 - 20 |
| 20. desember | 12 - 20 | 12 - 21 | 12 - 20 | 12 - 20 | 12 - 18 | 12 - 20 | 12 - 20 |
| 21. desember | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 |
| 22. desember | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 |
| Þorláksmessa | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 |
| Aðfangadagur | 10 - 12 | 10 - 12 | 10 - 12 | 10 - 12 | 10 - 12 | 10 - 12 | 10 - 12 |
| Jóladagur | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| Annar í jólum | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 27. desember | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 -18 | Lokað | 12 - 18 | 12 - 18 |
| 28. desember | 10 - 19 | 10 - 21 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 |
| 29. desember | 10 - 19 | 10 - 21 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 | 10 - 19 |
| 30. desember | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 | 10 - 22 |
| Gamlársdagur | 10 - 14 | 10 - 14 | 10 - 14 | 10 - 14 | 10 - 14 | 10 - 14 | 10 - 14 |
| Nýársdagur | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 2. janúar | 10 - 18 | 10 - 21 | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 18 |




ASPAS, HEILL. 425g




GULAR BAUNIR 311g




RAUÐRÓFUR 720g

RAUÐKÁL 720g

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær







Tilboðin gilda 19. - 20. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

# Skildu eftir spor sem ekki hverfa

**Undirbúningur fyrir nýtt verkefni Þróunarsamvinnustofnunar fyrir leikskólabörn í Namibíu var á síðustu metrunum þegar ákveðið var að hætta við verkefnið í kjölfar efnahagshrunsins hér á landi síðastliðið haust. *Brjánn Jónasson* fer yfir það sem áunnist hefur með starfinu í landinu með Vilhjálmi Wiium, sem er sannfærður um að tveggja áratuga vinna sitji eftir í samfélaginu.**



**BÖRN AÐ LEIK** Fyrirhuguð uppbygging leikskóla og þjálfun leikskólakennara fyrir Himba-börnin í Norður-Namibíu er eitt af því sem varð að skera niður í kjölfar íslenska fjármálahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

Allt þar til efnahagshrunið dundi yfir síðastliðið haust hafði þróunarsamvinna verið aukin ár frá ári. Eftir að gengi krónunnar hrundi og himinháar skuldbindingar ríkisins kölluðu á niðurskurð í ríkisfjármálum voru verkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands skorin við trog.

Allt frá því Afríkuríkið Namibía fékk sjálfstæði og losnaði úr umsjá Suður-Afríku árið 1990 hafa Íslendingar komið að þróunaraðstoð á ýmsum sviðum í landinu. Síðastliðið sumar var tilkynnt að samstarfssamingur ríkjanna verði ekki endurnýjaður þegar hann rennur út í árslok 2010. Tuttugu ára þróunarsamvinnu Íslands og Namibíu verður þá sjálfhætt.

Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu höfðu í nokkurn tíma fyrir hrun undirbúið stórt verkefni á sviði leikskóla. Áformað var að þjálfa allt að eitt þúsund leikskólakennara á meðal fátækra hópa í landinum.

„Við hefðum þurft tvo mánuði í viðbót til að koma verkefninu af stað, en þegar kreppan skall á í október í fyrra stöðvuðust öll verkefni sem voru í pípunum, þar á meðal þetta verkefni,“ segir Vilhjálmur Wiium, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Namibíu.

„Við skulum bara orða það þannig að ég hafi gert margt skemmtilegra en að segja við konur sem bjuggust við að fá þjálfun, námsefni og námsgögn að því miður væri þetta búið.“

Verkefni Íslendinga í Namibíu snérust fyrsta einn og hálfa áratuginn fyrst og fremst um sjávarútveg. Íslendingar fóru til Namibíu til að stunda hafrannsóknir, koma á veiðikerfi og kenna heimamönnum sjósókn. Þegar sjávarútvegurinn í landinu þótti kominn á beinu brautina var ákveðið að beina kröftunum frekar að félagslegum verkefnum meðal fátækra.

Stærsta félagslega verkefnið hefur snúist um menntun heyrnarlausra, með stuðningi við skóla og þjálfun kennara og túlka. Einnig hefur verið stutt við félagsmiðstöðvar og borað eftir vatni á svæðum Himba-fólksins í norðarlega í Namibíu. Frá hruninu síðasta haust hefur öll áherslan verið á að ljúka þeim verkefnum sem farin voru í gang í Namibíu fyrir árslok 2010 segir Vilhjálmur. Þrátt fyrir kostnaðarauka sem fylgir óhjákvæmilega útgjöldum í erlendri mynt eftir hrun krónunnar þótti ekki boðlegt að svíkja gefin loforð.

Vilhjálmur felur þó ekki að honum þyki afar leitt að leikskólaverkefnið, sem hafði verið í undirbúningi lengi, verði ekki að veruleika. „Þrátt fyrir að verkefnið hafi verið slegið af náðist að þjálfa einn hóp af leikskólakennurum, og prenta eitthvað af námsefni. En auðvitað var þetta langt frá því sem við höfðum ætlað okkur.“

Þrátt fyrir að endalok þróunarsamvinnunnar séu ekki með þeim hætti sem áformað var segist Vilhjálmur sannfærður um að starfið í landinu hafi verið þess virði. „Við höfum aukið lífsgæðin hjá mjög mörgum. Þetta var að mínu mati mjög vel þess virði, og



**VILHJÁLMUR WIIUM**

mér finnst persónulega leiðinlegt að við séum að draga okkur út úr Namibíu,“ segir hann.

„Af hverju erum við að aðstoða fátækar þjóðir? Er það af því við viljum fá eitthvað út úr því, eða er það vegna þess að okkur finnst að af því við erum betur sett þá beri okkur skylda til að veita aðstoð þar sem við getum?“ spyr Vilhjálmur.

„Það er ekkert eitt svar við þessu, en ég get í það minnsta sagt að við höfum skilið eftir okkur spor í Namibíu sem munu ekki hverfa þó við förum þaðan. Hvort peningunum sem farið hafa í þetta hefur verið vel varið verða aðrir að svara.“

Í lok næsta árs má áætla að íslensk stjórnvöld hafi varið samtals 25,6 milljónum bandaríkjadala í þróunarsamvinnu í Namibíu. Það jafngildir um það bil 2,1 milljörðum króna á gengi hvers árs. Namibía er eitt af betur settu löndum Afríku, með háar þjóðartekjur á mann miðað við álfuna, og talsverðar náttúruauðlindir á borð við demanta og úran. Því er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort réttara hefði verið að beina aðstoð Íslands annað.

Vilhjálmur segir það alltaf matsatriði, en bendir á að þó Namibía sé ríkt land á afrískan mælikvarða sé mikið af mjög fátæku fólki þar.

„Í Namibíu eru mörg héruð þar sem fátækt er mikil. Eigum við að láta fólk í þeim héruðum líða fyrir misskiptingu auðs í landinu? Eigum við ekki að hjálpa þeim af því stjórnmálamenn jafna ekki tekjudreyfinguna?“

Starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar hafa lært margt á starfinu í Namibíu, segir Vilhjálmur. Fyrstu verkefnin hafi, eftirá að hyggja, verið lítið undirbúin og því oft erfitt að koma þeim í hendur heimamanna án þess að óttast að uppbyggingarstarf undanfarinna ára glatist.

Vilhjálmur óttast að verðmæt reynsla af verkefnum sem þessu tapist komi langt tímabil þar sem Þróunarsamvinnustofnun reyni einungis að ljúka verkefnum og taki ekki að sér ný verkefni. Slík stefna muni á endanum leiða til þess að starfsmenn flytjist í önnur störf og reynslan tapist.

Framhald á síðu 44

> Við höfum aukið lífsgæðin hjá mjög mörgum. Þetta var að mínu mati mjög vel þess virði, og mér finnst persónulega leiðinlegt að við séum að draga okkur út úr Namibíu.

## → NAMIBÍA – LANDIÐ Í HNOTSKURN

- **Höfuðborg:** Windhoek
- **Flatarmál:** 825.418 ferkílómetrar
- **Strandlengja:** 1.572 kílómetrar
- **Landamæri:** Að Angóla, Sambíu, Simbabve, Botsvana og Suður-Afríku
- **Mannfjöldi:** 2.171 þúsund
- **Stjórnarfar:** Þingræði
- **Þjóðhöfðingi:** Forseti
- **Opinbert tungumál:** Enska
- **Önnur tungumál:** Afrikaans, herero, oshivambo og þýska
- **Gjaldmiðill:** Namibískur dollari (suðurafrísk rönd einnig notuð samhliða)
- **Helstu útflutningsvörur:** Demantar, kopar, gull, sink, úran, búfé
- **Helstu trúarbrögð:** Um 80 prósent eru kristin
- **Lífslíkur karla:** 50,9 ár.
- **Lífslíkur kvenna:** 52,2 ár
- **Læsi 15 ára og eldri:** 85 prósent
- **Sjálfstæði:** Frá Suður-Afríku 21.mars 1990
- **Nýlendutíminn:** Undir stjórn Þýskalands frá 1884 til 1915
- **Fyrstu samskipti við Evrópubúa:** Við portúgalska landkönnuði árið 1486

## ÚTGJÖLD TIL ÞRÓUNARSTARFS Í NAMIBÍU




Tölur eru í milljónum króna. Útgjöldin eru umreiknuð úr bandaríkjadölum miðað við meðalgengi hvers árs.
HEIMILD: ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN

## ÁHERSLA Á VINNU MEÐ HEIMAMÖNNUM



**VILMUNDUR VÍÐIR SIGURÐSSON**

„Namibíumenn eru ekki sjófarendur í eðli sínu, það er heilmikið eyðimerkurbelti meðfram ströndinni, svo þeir eru frekar bændur en fiskimenn,“ segir Vilmundur Víðir Sigurðsson, kennari við Tækniskólann og fyrrverandi skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Vilmundur bjó í rúmlega sex ár í Namibíu og kom að endurskipulagningu sjómannaskólans í Walvis Bay frá miðju ári 2000.

„Verkefnið var að koma af stað sjómannaskóla fyrir stýrimenn og vélstjóra. Það voru búnir að vera Íslendingar í skólanum þegar ég kom þangað, en þeir voru aðallega í kennslu,“ segir Vilmundur.

Mikil óvissa var um framtíð sjómannaskólans þegar Vilmundur var sendur út, en í kjölfarið tókst að breyta stefnu skólans, og snúa þróuninni til betri vegar. „Við lögðum meiri áherslu á að vinna með heimamönnum, og ráða þá sem kennara í skólanum,“ segir Vilmundur. Kennararnir hafi fengið góða þjálfun, og oft erlenda kennara með sér til aðstoðar.

Hann telur tvímælalaust mikið sitja eftir í Namibíu eftir starf hans og annarra við skólann. Sambandið haldist þótt stuðningi Íslands við skólann sé lokið. Til dæmis sé kennari frá skólanum nú að afla sér þekkingar um meðferð á afla hér á landi, með það að markmiði að bjóða upp á námskeið þegar heim er komið.

## AFRÍKA FYRIR BYRJENDUR

Namibía er trúlega ekki fyrsta landið sem íslenskum ferðamönnum dettur í hug ef sú hugmynd kviknar að heimsækja Afríku. Stefán Jón Hafstein, umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Malaví, hefur lýst Namibíu sem „Afríku fyrir byrjendur“, og segja má að þar hafi hann hitt naglann á höfuðið.

Namibía dregur nafn sitt af Namib-eyðimörkinni, sem þekur stóran hluta landsins, þar með talið strandlengjuna. Kalahari-eyðimörkin teygir einnig anga sína inn í landið. Nyrst í Namibíu, nærri landamærunum við Angóla, má svo finna regnskóga með jafnvel enn fjölbreyttara dýralífi en annars staðar í landinu.

Landið hefur það fram yfir mörg önnur lönd álfunnar að stjórnarfar þar er og hefur verið stöðugt frá því það fékk sjálfstæði. Enska er þjóðartungumálið, og þó það sé sjaldnast fyrsta tungumál landsmanna tala það margir. Þá státar Namibía af mjög góðu vegakerfi, sem þjónar jafnt heimamönnum sem ferðamönnum. Ekki veitir af, enda landið eitt það strjálbýlasta í heimi.

Náttúrufegurð, dýralíf og mannlífið er trúlega það sem dregur flesta ferðamenn til Namibíu. Þjóðverjar eru manna duglegastir að ferðast til landsins, enda var Namibía nýlenda Þjóðverja þar til Suður-Afríka réðist þar inn í fyrri heimstyrjöldinni, og tengslin enn sterk.

Namibía var fyrsta land heims til að setja ákvæði um náttúruvernd inn í stjórnarskrá, sem tók gildi þegar landið losnaði undan yfirstjórn Suður-Afríku árið 1990. Gríðarstórir þjóðgarðar með fjölbreyttum gróðri og dýralífi einkenna enda landið.



**DÝRALÍF** Etosha er stærsti þjóðgarðurinn í Namibíu. Þar má finna flest þau dýr sem ferðamenn vilja sjá þegar farið er til Afríku, til dæmis fíla, ljón, blettatígra og antílópur af öllum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

JÓLABÆKLINGUR NETTÓ ER KOMINN ÚT




# humarveisla




38% AFSLÁTTUR

HUMAR Í ÖSKJU
2kg
**3.595 kr/pk.**
Verð áður 5.798 kr/pk.

30% AFSLÁTTUR




HUMAR Í POKA
1kg
**1.399 kr/pk.**
Verð áður 1.998 kr/pk.

20% AFSLÁTTUR




SKELFLETTUR HUMAR
500gr
**1.598 kr/pk.**
Verð áður 1.998 kr/pk.



www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 19. - 20. desember eða meðan birgðir endast
Birt með fyrirvara um prentvillur

## SJÓMANNASKÓLINN STÆRSTA VERKEFNIÐ 1

Reynsla Íslendinga af sjávarútvegi varð kveikjan að því að stjórnvöld í Namibíu báðu Íslendinga um aðstoð við hafrannsóknir um leið og landið fékk sjálfstæði árið 1990. Megináhersla Þróunarsamvinnu allt til ársins 2004 var lögð á sjávarútveginn og obbinn af því fé sem rann frá Íslandi til þróunarmála í Namibíu fór í þann geira.

Íslenskir fiskifræðingar voru fyrstir til að starfa á vegum Þróunarsamvinnustofnunar í Namibíu. Þeir unnu að rannsóknum á fiskistofnum úti fyrir ströndum landsins, sem fram að þeim tíma höfðu lítið verið rannsakaðir. Þróunarsamvinnan fyrstu árin snerist einnig um að byggja upp kerfi í kringum sjávarútveginn í landinu.

Namibía stóð á fyrstu árum sjálfstæðisins í landhelgisbaráttu þótt hún hafi verið háð með talsvert öðrum hætti en sú íslenska. Landið lýsti yfir 200 sjómílna landhelgi, en átti erfitt með að verja hana, enda lítið fé til fyrir varðskip eða eftirlit. Norðmenn komu Namibíumönnum til aðstoðar, og sendu þyrlur hlaðnar vopnuðum mönnum til móts við landhelgisbrjóta. Eftir að sex eða sjö skip höfðu verið gerð upptæk fyrir landhelgisbrot yfirgáfu skip annarra þjóða snarlega landhelgina.

Namibíumenn hafa í gegnum tíðina lítið stundað sjósókn. Meðfram strandlengju landsins er eyðimörk langt inn í land. Þessi hluti Namibeyðimerkurinnar sem landið dregur nafn sitt af er kölluð Beinagrindaströndin, enda svo til útilokað að sjófarendur fyrr á tímum sem skolaði þar á land lifðu af.

Árið 1994 fór Þróunarsamvinnustofnun að senda sérfræðinga til að kenna í sjómannaskóla í strandbænum Walvis Bay til að kenna verðandi skipstjórum og vélstjórum til verka.

Vilhjálmur dregur ekki dul á að á tímabili hafi verkefnið verið talið fremur illa heppnað. Fram til ársins 2001 óttuðust menn að drægju Íslendingar sig út úr rekstri skólans yrði honum lokað og ekkert myndi standa eftir.

Um mitt ár 2000 sendi Þróunarsamvinnustofnun aðstoðarskólastjóra Stýrimannaskólans til að koma skikki á skólann. Ákveðið var að breyta áherslum verulega, sjá til þess að ráðnir yrðu heimamenn í kennarastöður, og að þeir fengju viðunandi menntun.

Uppbyggingin gekk mun betur eftir það, og síðasti íslenski kennarinn við skólann kom heim aftur árið 2006. Formlegum afskiptum Þróunarsamvinnustofnunar af skólanum lauk ári síðar, og stendur skólinn styrkum fótum enn í dag.

„Þarna skiljum við eftir okkur eitthvað sem er mun betra en það var í upphafi. Ég held að við getum verið stolt af þessum skóla,“ segir Vilhjálmur. „Það gekk vissulega á ýmsu, og það komu tímabil þar sem mönnum leist ekkert á það sem var að gerast. En eftir að við komum skikki á starfsemina fóru hlutirnir að batna, og við fórum að vita betur hvað við vorum að gera, og hvernig átti að gera það.“

## LÆRDÓMSRÍKT FÉLAGSLEGT VERKEFNI 2

Áhugi á fyrsta félagslega verkefninu sem Þróunarsamvinnustofnun kom að í Namibíu kviknaði meðal íslenskra maka starfsmanna stofnunarinnar sem unnu að sjávarútvegsverkefnum. Erfitt var að fá atvinnuleyfi, og því nægur tími til að sinna sjálfboðavinnu af ýmsu tagi.

Íslendingar ýmist stofnuðu félagsmiðstöðvar, eða komu að miðstöðvum sem þegar voru starfandi, í þremur stærstu strandbæjunum í Namibíu strax á fyrstu árum starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar í landinu. Þeir hvöttu stofnunina til að koma með formlegum hætti að verkefninu, og úr varð að stutt var við miðstöðvarnar í tæpa tvo áratugi.

Í félagsmiðstöðvunum var einkum unnið með konum og börnum, og boðið upp á kennslu í lestri, skrift og ensku, kennt að prjóna og sauma og fleira. Síðar bættust við leikskólar, þar af einn í bæ sem ekki var með félagsmiðstöð fyrir.

Vilhjálmur segir að margt gott hafi unnist með þessum miðstöðvum, en mögulega hafi verið farið fram af meira kappi en forsjá í upphafi.

Þannig hafi lítil áhersla verið lögð á að skipuleggja verkefnið fyrirfram, markmiðin hafi verið óljós, sem og sá tímarammi sem því hafi verið ætlaður. Vonir hafi staðið til þess að hægt væri að reka miðstöðvarnar á sjálfsaflafé, en ekki hugsað um að slíkt gangi ekki á Íslandi, hvað þá í fátækum hverfum í Namibíu.

Úr varð að illa gekk að koma félagsmiðstöðvunum í hendur heimamanna, og tókst í raun ekki fyrr en á yfirstandandi ári að finna sjóð sem gat styrkt starfsemina í stað Þróunarsamvinnustofnunar.

Þrátt fyrir að upphaf þessa fyrsta félagslega verkefnis stofnunarinnar í Namibíu hafi verið óformlegt, og margt hefði mátt fara betur, segir Vilhjálmur margt gott hafa orðið til vegna þessa verkefnis. „Við lærðum heilmikið af þessu. Ef við hefðum vitað þá það sem við vitum í dag hefðum við gert hlutina öðruvísi, það er ekki spurning. En þarna situr þó eftir þekking og kunnátta hjá Namibíumönnum sem þeir tapa ekki.“

## LEIKSKÓLAR OG VATN FYRIR HIMBA 3

Á árunum 2003 og 2004 var farið að ræða það innan Þróunarsamvinnustofnunar að draga úr stuðningi við sjávarútveg í Namibíu, og snúa sér frekar að félagslegum verkefnum með minnihlutahópum.

Fyrir valinu varð að hjálpa fólki af Himbaættbálkinum að koma upp færanlegum leikskólum. Himba-fólkið eru hirðingjar sem flytjast milli svæða með nautgripi eftir því sem þarf til að komast í góða beitarhaga nærri vatni.

Keyptir voru fjórir færanlegir leikskólar, auk útbúnaðar, og í framhaldinu óskuðu Himbarnir eftir aðstoð við að bora brunna, enda landsvæði þeirra afar þurrt mestan hluta ársins.

„Þegar við heimsóttum leikskólana sáum við að þar var grautur soðinn upp úr óhreinu brúnu vatni sem var hreinlega ekki boðlegt, tekið úr tjörnum sem nautgripir nýta. Við sáum að þetta var vandamál,“ segir Vilhjálmur.

Ákveðið var að leggja fé í fjögurra ára verkefni þar sem bora átti 33 brunna á svæði Himba í norðvestur hluta landsins. Byrjað var að bora árið 2007, og á verkefninu að ljúka á næsta ári. Starfsmenn vatnsmálaráðuneytis Namibíu framkvæma, en Þróunarsamvinnustofnun borgar.

Þrátt fyrir efnahagshrunið hér á landi haustið 2008 var ákveðið að halda verkefninu áfram út árið 2010 eins og áformað var í upphafi. Kostnaður við þá brunna sem eftir voru hafði þá um það bil tvöfaldast vegna gengishruns krónunnar.

Vilhjálmur segir árangurinn af þessu verkefni góðan, en erfitt sé að átta sig á því hversu margir Himbar nýti hvern brunn þar sem þeir færi sig reglulega úr stað. Augljóslega njóti þó einhver þúsund þess, eftir aðstoð Þróunarsamvinnustofnunar, að hafa aðgengi að hreinu vatni. Brunnarnir munu að auki veita fólkinu einhverja vörn gegn reglulegum kólerufaröldrum, sem blossa upp þegar flóð menga vatnsból.



**BRUNNUR** Vilhjálmur Wiium fylgist með hvernig vatni úr brunni er dælt í tanka, en dælan er knúin áfram með sólarorku. MYND/GSAL




## HEYRNARLAUS BÖRN Á ÓTROÐNUM SLÓÐUM Í NAMIBÍSKA SKÓLAKERFINU 4

Stærsta félagslega verkefnið sem Þróunarsamvinnustofnun hefur unnið að í Namibíu tengist menntun heyrnarlausra og kennara sem starfa með þeim. Verkefnið hófst eftir beiðni frá stjórnvöldum í Namibíu um aðstoð við menntun fatlaðra árið 2005. Áætluð verkefnislok eru í lok næsta árs.

Í upphafi var ákveðið að styðja og styrkja skóla fyrir heyrnarlaus börn í höfuðborginni Windhoek, en fljótlega bættist við annar svipaður skóli norðarlega í landinu.

Talið er að um 20 þúsund heyrnarlausir séu í Namibíu, þar af um sex þúsund börn á skólaaldri. Í skólum fyrir heyrnarlausa eru um 500 börn, og því ríflega níu af hverjum tíu sem ekki fá neina menntun. Sérfræðingur sem kynnti sér aðstæður í Namibíu mat það svo að stjórnvöld væru um þrjátíu árum á eftir íslenskum stjórnvöldum hvað viðkom menntun heyrnarlausra.

Þróunarsamvinnustofnun fékk sérfræðinga til að ráðleggja stjórnvöldum í Namibíu hvernig best væri að standa að uppbyggingu skólakerfis þar sem gert væri ráð fyrir heyrnarlausum börnum. Þá hefur verið unnið markvisst að þjálfun kennara fyrir heyrnarlaus börn, aðallega með táknmálskennslu, og bygging á nýjum skólastofum kostuð.

Verkefnið hefur undið talsvert upp á sig, og auk skólanna tveggja sem lagt var upp með að styrkja í upphafi hefur Þróunarsamvinnustofnun stutt við minni skóla sem hafa tekið við heyrnarlausum börnum án þess endilega að hafa þekkingu á því hvernig best er að kenna heyrnarlausum börnum. Stærsti hluti verkefnisins hefur engu að síður verið að þjálfa fólk til að kenna táknmál, og kenna táknmálstúlkun.

Í Namibíu geta nemendur lokið grunnskóla og framhaldsskóla á samtals tólf árum. Í lok tíunda ársins er próf sem nemendur þurfa að standast til að fá að halda áfram námi.

Fyrstu nemendurnir úr skóla sem Þróunarsamvinnustofnun hefur stutt við stóðust prófin í tíunda bekk fyrir tveimur árum, fyrstir heyrnarlausra nemenda í landinu. Þeir eru nú á tólfta og síðasta ári. Nái þeir lokaprófi eiga þeir samkvæmt namibískum lögum rétt á að fara í háskóla, og geta því haldið áfram að brjóta blað í sögu heyrnarlausra í landinu.

Vilhjálmur segir þennan árangur nemendanna sýna svart á hvítu hversu miklu framlag Íslands hafi þegar skipt fyrir heyrnarlausa í Namibíu. Ekki síst sé mikilvægt fyrir heyrnarlaus börn að hafa fyrirmyndir sem sýna að hægt er að mennta sig þrátt fyrir heyrnarleysið.

„Táknmálsverkefnið hefur snertifleti á mjög mörgum stöðum. Fólk sem hefur hlotið þjálfun fer aftur í sinn heimabæ og fer að kenna heyrnarlausum. Svo þó við séum ekki beint að vinna að þessu verkefni inni í hérуðunum hefur þetta áhrif mjög víða,“ segir Vilhjálmur.

Hann segir þetta gott dæmi um verkefni þar sem hægt sé að ná góðum árangri með íslenskri þróunaraðstoð. Verkefnið sé vissulega ekki í sama skala og eyðniverkefni stórvelda á borð við Bandaríkin, en það hafi breytt mjög miklu fyrir afmarkaðan hóp.



**SKÓLABÖRN** Áætlað er að í Namibíu séu um sex þúsund heyrnarlaus börn á skólaaldri, en aðeins um 500 eiga kost á skólavist. MYND/GSAL

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Lesum saman

35% AFSLÁTTUR




VIGDÍS,
KONA VERÐUR FORSETI
**4.544 kr**
Verð áður 6.990 kr

SVÖRTU LOFT
ARNALDUR INDRIÐASON
**3.414 kr**
Verð áður 5.690 kr




40% AFSLÁTTUR




35% AFSLÁTTUR

SNORRI, ÆVISAGA
SNORRA STURLUSONAR
**4.544 kr**
Verð áður 6.990 kr




37% AFSLÁTTUR

ALLTAF SAMA SAGAN
ÞÓRARINN ELDJÁRN
**3.144 kr**
Verð áður 4.990 kr




35% AFSLÁTTUR

KARLSVAGNINN
KRISTÍN M. BALDURSD.
**3.569 kr**
Verð áður 5.490 kr




40% AFSLÁTTUR

AUÐUR
VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
**3.294 kr**
Verð áður 5.490 kr




37% AFSLÁTTUR

NÝTT TUNGL
STEPHENIE MEYER
**3.333 kr**
Verð áður 5.290 kr




35% AFSLÁTTUR

HEIMSMETABÓK
GUINNESS 2010
**3.894 kr**
Verð áður 5.990 kr




35% AFSLÁTTUR

NÚLL NÚLL 9
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSS.
**2.529 kr**
Verð áður 3.890 kr




35% AFSLÁTTUR

STÓRSKEMMTILEGA
STELPUBÓKIN
**3.244 kr**
Verð áður 4.990 kr




35% AFSLÁTTUR

EF VÆRI ÉG SÖNGVARI
BÓK & GEISLADISKUR
**2.269 kr**
Verð áður 3.490 kr




40% AFSLÁTTUR

PRINSESSAN Á BESSAST.
GERÐUR KRISTNÝ
**2.214 kr**
Verð áður 3.690 kr

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 19. - 20. desember eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur.

### Ron og Guðrún



Útlifaða klámleikaranum Ron Jeremy var dröslað til landsins 2002 í tengslum við sýningu á heimildarmynd um líf hans og störf. Ron fór á milli fjölmiðla með þreytta frasa, sem fólki fannst nokkuð fyndnir – öllum nema Guðrúnu Gunnarsdóttur, sem neitaði að taka viðtal við karlinn fyrir Stöð 2, en þar vann hún á þessum tíma. Guðrún vakti mikla athygli með framgöngu sinni og var ýmist kölluð gamaldags tepra eða hetja sem spyrnti gegn klámvæðingunni. Guðrúnu var að lokum veitt viðurkenning fyrir framgönguna.

### Keiko fellur frá



Það var mikið sjónarspil þegar háhyrningurinn Keikó kom til Íslands í amerískri herþotu í september 1998. Sýnt var beint frá þessum heimssögulega atburði, enda var talið að ferðamannaiðnaðurinn í Vestmannaeyjum myndi blómstra. Bjartsýnir sáu fyrir sér margra hæða risahótel og fullt af túristum komnum til að glápa á Keikó. Eitthvað minna varð úr þessum hugmyndum en til stóð og Keikó hékk einmana í kví sinni. Reynt var að gera hvalinn „villtan“ á ný en allt kom fyrir ekki og Keikó lést úr lungnasjúkdómi 12. desember 2003.

### Ógeðslega íbúðin hans Ásgeirs



Óvenju hreinskilið samtal tískufrömuðarins Arnars Gauta og smekkmannsins Ásgeirs Kolbeins fór fyrir brjóstið á mörgum. Arnar var að heimsækja Ásgeir í nýja íbúð í þættinum Innlit/útlit á Skjá einum. Þótt útsýnið væri „helvíti fínt“ var flest annað ógeðslegt og klósettið svo mikill viðbjóður að Ásgeir gat ekki einu sinni pissað í það. Áhorfendur, sem sáu ekki annað en ágætis snyrtilega íbúð á myndunum, klóruðu sér í hausnum yfir tali félaganna og þótt það væri hágóðæri voru flestir á því að strákarnir hefðu farið fram úr sjálfum sér í snobbi og flottræfilshætti.

# Rugl áratugarins

Nú þegar áratugurinn er að líða er ekki úr vegi að beina sjónum að mesta ruglinu sem á okkur langþreyttum mörlöndum hefur dunið. *Dr. Gunni* kíkti í ruglhauginn, en sleppti því alveg að skoða bankahrunið og kreppuna og allt það yfirgengilega rugl sem við erum stödd í miðjunni á akkúrat núna.

Áður en bankarnir hrundu og Ísland varð að brandara í alþjóðlegu tilliti, gekk hér ýmiss konar vitleysa yfir. Femínistar voru hressir og hleyptu öllu í bál og brand með afdráttarlausum yfirlýsingnum og aðgerðum, dýr og menn fóru á kostum, Skjár einn dældi hverri snilldinni af annarri yfir okkur og þjóðin skiptist ítrekað í tvo hópa yfir nýjasta ruglinu. Það verður ekki skafið af okkur að við erum dálítið rugluð og ringluð og vorum það löngu fyrir hrun.

### Burt með klámhyskið!



Í ársbyrjun 2007 átti Bændahöllin við Hagatorg að verða bækistöð ráðstefnu klámframleiðenda. Alls konar fólk úr þessum vafasama bransa var búið að boða komu sína á ráðstefnuna Snowgathering og átti að fara á skíði, taka Gullna hringinn og hafa það huggulegt. Margir sáu þó fyrir sér að allsbert og siðlaust fólk myndi vera hoppandi kviknakið um fjöll og firnindi og upphófst mikil andstaða við fundinn. Borgarstjórn og hótelstýran blönduðu sér í málið og settu klámliðinu loks stólinn fyrir dyrnar – hingað kæmi það ekki. Aumingjans klámfólkinu var stórlega misboðið, sérstaklega að vera spyrnt saman við mansal og barnaklám, eins og var gert í hita leiksins.

### Karlremba Icelandair

Til að fá erlenda ferðamenn til landsins verður að beita öllum tiltækum ráðum. Mörgum þótti Icelandair fara full glannalega með herferð sinni árið 2002 þegar íslenskt kvenfólk var notað sem beita á ferðalanga. Eða hvað áttu slagorð eins og One Night Stand in Reykjavik, Fancy a Dirty Weekend in Iceland?, Free dip every trip og Pester a beauty queen, annað að fyrirstilla? Þótt flugfélagið skammaðist sín og bæðist afsökunar var búið að planta fræinu og lauslátar íslenskar flugfreyjur dúkkuðu upp í mafíuþættinum Sopranos.




### Þriðji ísbjörninn



Í byrjun sumars 2008 fylltist hér allt af ísbjörnum. Fyrst kom einn í Skagafjörð og var felldur án mikillar umhugsunar. Upphófst þá mikið fjas um ómannúðlega meðferð á ferðalanginum. Fólk hafði því tækifæri til að sýna manngæsku þegar annar ísbjörn birtist öllum að óvörum skömmu síðar. Sérstakur ísbjarnafangari var fenginn frá Danmörku með sérstakt ísbjarnarbúr, en allt kom fyrir ekki og bangsi var skotinn á leið til hafs. Eftir þetta varð ísbjarnarfár og konur á gangi voru alveg pottþéttar á að hafa séð þriðja ísbjörninn. Hann fannst þó aldrei þrátt fyrir nokkra leit. Norðlenskir gárungar plötuðu svo Moggann með uppstoppuðum ísbirni, en skömmu áður hafði Mogginn fallið fyrir kríu á hausnum á gerviönd.

### Þjóðhetjan Magni

Íslenska þjóðin sameinaðist sem aldrei fyrr yfir sjónvarpinu þegar Magni Ásgeirsson keppti í hæfileikaþættinum Rockstar Supernova. Eftir að hafa verið valinn úr hópi umsækjenda á Gauknum fór Magni fljótlega að láta til sín taka fyrir framan útbrunna rokkkarla í Hollywood. Þjóðin vakti fram undir morgun við að kjósa Magna áfram í þættinum, en mátti sín lítils við margnum, svo Magni lenti í fjórða sæti. Það breytti því ekki að honum var tekið sem þjóðhetju á heimkomutónleikum í Smáralind.



### Símapeningar Skjás eins



Skjár einn hélt uppi ruglinu lengi framan af áratugnum með frábærum þáttum eins og Tantra, Íslenski bachelorinn og Djúpa laugin. Það virtust alltaf vera til nægir peningar og stuðið virtist aldrei enda ætla að taka. Síðar kom þó í ljós að óvenjuleg lánastarfsemi frá Símanum hafði haldið stöðinni gangandi og því var ekkert skrýtið að Síminn tæki stöðina yfir þegar þeir sem stóðu að lántökunni voru komnir á bak við lás og slá.



### Rugluð markmið

Á Íslandi er oft stefnt að rugluðum markmiðum. Eitt var vímuefnalaust Ísland árið 2000 og annað var Friður 2000. Svo setti Háskóli Íslands sér það markmið að komast í hóp eitt hundrað bestu háskóla í heimi og fram á bjargbrún efnahagshrunsins rembdust dimplómatar við að koma Íslandi í Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Allt kom fyrir ekki. Þjóðin er raunsæ og fagnaði sem óð væri öðru sætinu í Eurovision og handboltasilfri á Ólympíuleikunum.

### Birgittu Haukdal-dúkkan



Á hátindi frægðar hennar árið 2006 kom Birgittu Haukdal-dúkkan á markaðinn. Söngkonunni var auðsýnilega brugðið þegar henni var sýnd dúkkan í þætti Gísla Marteins. Ekki að furða, því Birgittu Haukdal-dúkkan er ekkert lík Birgittu. Dúkkan er ekkert nema nefið og ef hún er lík einhverri söngkonu er það helst Rut Reginalds. Það er að segja ef Rut hefði látið bæta vel við nefið á sér.

### Kertavaka fyrir Lúkas



Af öllu ruglinu hlýtur ruglið um smáhundinn Lúkas að slá öll met. Málið hófst á Bíladögum á Akureyri sumarið 2007 þegar fullyrt var að ungir menn hefðu myrt hundinn á hrottafenginn hátt með því að sparka honum á milli sín í íþróttatösku. Fljótlega bárust böndin að einum aðalsökudólgi, sem var nánast tekinn af lífi á netinu og þurfti að koma í fjölmiðla til að bera af sér ódæðið. Mikil sorg ríkti í samfélaginu vegna myrta hundsins og voru haldnar kertavökur í Reykjavík, Akureyri og Hveragerði þar sem grátandi hundavinir minntust fórnarlambsins. Lúkas var hins vegar sprelllifandi allan tímann og á flandri á fjöllum ofan við Akureyri. Hundurinn komst undir mannahendur tveimur mánuðum eftir meint andlát, horaður og hræddur, og var komið til heilsu á ný.



### Og allt hitt ruglið

Þetta rugl er nú bara toppurinn á ísjakanum. Ris og fall Silvíu Nætur, Bubbi fallinn, meint klámstelling í Smáralindarbæklingi, Ólafur „þú ert ekki fokking borgarstjóri“ F. Magnússon og 19. aldar borgarmyndin, tuðið um Reykjavíkurflugvöll, rausið um Kárahnjúka, Stuðmenn í Royal Albert Hall, kappakstursplebbismi ríku strákanna í Gumball 3000, Leoncie flæmd úr landi, Árni Johnsen og dúkurinn, forsetinn og endasleppt ir útreiðartúrar hans, málverkafölsunarmálið, svo ekki sé minnst á Stóra klaufamálið! Allt þetta hefði auðveldlega getað komist á blað. Ísland – einfaldlega ruglaðast í heimi!

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Eru verkir og svefnleysi að hrjá þig?



50% afsláttur

## *Náttúrukoddinn*
## LEYSIR VANDANN!



50% afsláttur

100% náttúrleg vellíðan sem leiðir til dýpri svefns og fullkominnar hvíldar.

„Zu-Kan-Soku-Netsu" - Aldagömul japönsk speki sem tók aldir að fullkomna.

„Soba gara" - sérstök blanda af bókhveitihýðum og jurtum.

Fullkominn stuðningur við höfuð, háls og hrygg.

Koddinn aðlagar sig lögun og hreyfingum höfuðsins á meðan þú sefur.

Náttúrulegt efni koddans heldur ávallt jöfnum hita á höfðinu, hitar það í miklum kulda og kælir í miklum hita.

Hentar vel bæði börnum og fullorðnum.

Hægt að taka úr og bæta í koddann að vild.

**NÁTTÚRUKODDINN**
**STÓR, 40 x 73 cm, 3 kg**
**2.995 kr**
Verð áður 5.990 kr

**NÁTTÚRUKODDINN**
**MEÐALSTÓR, 35 x 50 cm, 1,5 kg**
**2.995 kr**
Verð áður 5.990 kr



www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 18. - 24. desember eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur.


GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI
na Í ORMSSON
FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG HEIMILIÐ
Tefal
GÆÐA POTTAR OG PÖNNUR
frá Tefal
Pottþétt gæði - enda líklega mest seldu pottar og pönnur landsins um árabil.
Tefal
MIKIÐ ÚRVAL STRAUJÁRNA
„Það er unun að strauja með Tefal!"
Verð frá kr. 11.900,-
brabantia solid company
FALLEG BRAUÐBOX & FÖTUR Í MIKLU ÚRVALI
Hönnun á heimsmælikvarða
NÝJAR ÓDÝRAR RAKVÉLAR
sinbo
SINBO SS-4027
SNÚRULAUS FERÐARAKVÉL
Fjaðrandi veltihaus · Nákvæmur og fingerður veltihausinn tryggir þægilegan og góðan rakstur · Bursti fylgir · Rakvélin er í glæsilegri gjafösku
VERÐ AÐEINS KR. 4.900,-
sinbo
SINBO SS-4018
SNÚRULAUS RAKVÉL
Þriggja hausa hleðslurakvél með fljótandi hnífum og innbyggðum bartskera.
VERÐ AÐEINS KR. 6.900,-
OBH NORDICA
Skemmtileg og flott tæki í öll alvöru eldhús.
HNÍFABRÝNI frá Nordica Verð kr. 15.900,-
ELDHÚSVOG frá Nordica Verð kr. 9.995,-
BRAUÐRISTAR frá Nordica Verð kr. 7.490,-
SAMLOKUGRILL frá Nordica Verð kr. 6.990,-
HITAKÖNNUR frá Nordica Verð kr. 9.990,-
SMÁTÆKIN FRÁ AEG HAFA UNNIÐ DYGGILEGA FYRIR ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI
Veldu vandað – það borgar sig alltaf!
AEG
AEG · HM 310
HANDÞEYTARI
„Besta eldhúshjálpin"
Verð kr. 6.590,-
300 W
AEG
AEG · FM 4400
MÖGNUÐ MATVINNSLUVÉL
Stiglaus hraðastilling · 2 lítra skál · 6 stál hnýfar · 1,5 lítra blandari m/ glerskál · 800 W
Verð kr. 27.900,-
AEG
AEG · AT 3130
AEG BRAUÐRIST
Verð kr. 5.990,-
860 W
AEG
AEG · KF 3130
SÍGILD KAFFIVÉLL
Verð kr. 5.990,-
1080 W
AEG
BLANDARAR Í ÚRVALI
Breyta öllu í eldhúsinu!
AEG
GÖLDRÓTTUR TÖFRASPROTI
Verð kr. 6.990,-
400 W
Solis OF SWITZERLAND
SOLIS 921.16
SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA
Ertu að hugsa um heilsuna?
Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.
Verð kr. 27.900,-
SINBO · SMO-3620 S
sinbo
NÝTT Í ORMSSON
SINBO ÖRBYLGJUOFN · HVÍTUR
700W · 17 L · Tíma og styrkstillir · Snúningsdiskur
Utanmál ofns: Hxbxd: 26,2 x 45,2 x 33,5
Verð: 14.900
AEG
AEG ÞVOTTAVÉL
LAVAMAT 52840
1200 snúningar · Taumagn: 6 kg · Þvottahæfni: A · Orkuflokkur: A+
Notendahandbók á íslensku · ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
LISTAVERÐ: 144.900,-
TILBOÐSVERÐ: kr. 109.900,-
ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.
DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ AEG
– Þær gerast ekki betri!
TILBOÐSVERÐ kr. 17.900,-
( LISTAVERÐ 22.900,- )
2000 WÖTT
AEG
CE 4200
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
ORMSSON
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



**„EINS OG TALAÐ ÚR MÍNU HJARTA“** Ásdís féll kylliflöt fyrir bókinni Meiri hamingja eftir Tal Ben-Shahar. Hún segir snilligáfu hans helst felast í því að hann tekur vísindin úr fílabeinsturninum og gerir þau aðgengileg almenningi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# *Heilindi ýta undir hamingjuna*

Í vikunni ýtti sjálfshjálparbókin Meiri hamingja Svörtuloftum Arnalds Indriðasonar úr fyrsta sæti á metsölulista Eymundsson. **Ásdís Olsen**, aðjúnkt við Háskóla Íslands, stendur fyrir útgáfu bókarinnar hér á landi, ásamt eiginmanni sínum, Karli Ágústi Úlfssyni leikara. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* fékk nokkur ráð frá Ásdísi um hvernig má komast yfir hamingjuna.

Allt í þessari bók er eins og talað út úr mínu hjarta,“ segir Ásdís Olsen, aðjúnkt við Háskóla Íslands, sem ásamt eiginmanni sínum, Karli Ágústi Úlfssyni, hefur veg og vanda af útgáfu bókarinnar Meiri haminga. Viðtökurnar sem bókin hefur fengið hafa farið fram úr öllum vonum og væntingum en hún velti Arnaldi Indriðasyni úr sessi á metsölulista Eymundsson í vikunni. Ásdís segir þau hjónin ekki hafa átt von á þessum viðtökum. Þær sýni hins vegar glöggt að fólk er til í breytingar og mannlegi þátturinn á upp á pallborðið. „Það er allt galopið fyrir persónulegu víddina núna. Það skiptir orðið máli hvernig okkur líður í daglega lífinu, hvaða gildi við höfum og hvernig okkur tekst upp í samskiptum.“ Þetta eru sömu stef og spiluð eru í lífsleikninni, sem Ásdís er sérfróð um. Þessi jákvæða sálfræði, sem bókin snýst um og Ásdís kallar „nýja bylgju“, byggist á vísindalegum rannsóknum og fjallar um heilbrigði og hamingju venjulegs fólks í daglegu lífi.

## Sjálfsskoðun

Ásdís hefur verið að vinna á forsendum jákvæðu sálfræðinnar um nokkurt skeið. Hún hefur sérstaka trú á ástundun gjörhygli, sem er ein þeirra aðferða sem notaðar eru í því skyni að öðlast hugarró, kynnast sjálfum sér og efla meðvitund á líðandi stundu. Einnig segir hún mikilvægt að skoða huga sinn, hugsanaskekkjur og áhrif hugsana á líðan og hegðun. Þessi atriði hefur Ásdís innleitt í kennslu í lífsleikni sem hún kennir á menntavísindasviði Háskólans. „Þar fá nemendur tækifæri til að fara í sjálfsskoðun sem byggir á þessari jákvæðu sálfræði. Í lífsleikninni erum við að vinna með félags- og tilfinningaþroska, sem er nokkuð sem ekki allir treysta sér í án sérstaks undirbúnings. En þessi sjálfsskoðun gefur ótrúlega góða raun og þeir sem takast á við hana með markvissum hætti fá nýja sýn á sjálfa sig og lífið.“

## Naflaskoðun í háskóla

Ásdís hafði fylgst með þróun jákvæðu sálfræðinnar um hríð, en féll alveg fyrir framsetningu höfundar bókarinnar Meiri hamingju, Tal Ben-Shahar. Hann kennir vinsælasta námskeið allra tíma í Harvard-háskóla og skrifar metsölubækur þess á milli. Ásdís og nokkrir aðrir fagaðilar fengu tækifæri til að sitja þetta námskeið hjá doktornum síðasta sumar. „Við tókum tólf vikur í þetta og áttum stórkostlegar stundir saman. Við hugðumst fyrst bara styrkja okkur faglega en lögðumst öll í bullandi naflaskoðun, eins og bókin býður upp á. Tal miðlar þessum fræðum einstaklega skemmtilega og það er engin leið að vera ósnortinn. Snilligáfa hans felst í því að hann tekur vísindin úr fílabeinsturninum og gerir þau aðgengileg almenningi og svo hefur hann mikla hæfileika til að miðla. Hann segir sögur, býr til slagorð, og er einstaklega snjall við að hrífa mann og drífa til að bæta sjálfan sig og heiminn.“

## Horft á þá hamingjusömu

Út á hvað gengur annars þessi jákvæða sálfræði? „Hún byggir í stuttu máli á því að rannsaka það sem gengur vel – skoða mannlega möguleika og hvernig þeir fara að sem eru sáttir og hamingjusamir og læra af þeim, en láta öðrum eftir að skoða vandamál og sjúkdóma. Fókusinn er settur á styrkleikana og það sem virkar og gengur upp. Þetta er kallað heilsumódelið sem er þá andstaðan við sjúkdómsmódelið sem við höfum verið svo upptekin af – að greina og skoða vandamál og einblína á það sem aflaga fer, “ segir Ásdís. „Það var Martin Seligman, fyrrum forseti Bandaríska sálfræðingafélagsins, sem setti þessa jákvæðu bylgju af stað fyrir um tíu árum, og þetta hefur verið að vinda upp á sig síðan. Rétt eins og hægt er að pumpa vöðvana og styrkja þá er hægt að styrkja hamingjusvæðin í heilanum. Ef maður er meðvitaður um allt það í lífinu sem er ánægjulegt og gott og nær að njóta og upplifa og gefa því gaum sem er gott og skemmtilegt, hlæja og vera í flæði, er maður að styrkja þessi hamingjusvæði heilans.“

## Siðferðið og samfélagið

Annað stefið í þessum fræðum kemur inn á siðferðiskenndina og framlag fólks til samfélagsins. Það geri því gott að hafa tilgang og láta gott af sér leiða. Þá sé mikilvægt að vera meðvitaður um siðferðiskennd sína og hegða sér í samræmi við hana. „Heilindi eru til dæmis eitt af þeim gildum sem vert er að viðhafa í lífinu til að auka hamingju sína. Þar með öðlumst við aukna sjálfsvirðingu sem er ekki svo lítils virði. Það nægir okkur víst ekki að aðrir beri virðingu fyrir okkur ef við vitum betur og gerum það ekki sjálf,“ segir Ásdís. „Þetta var viss uppgötvun fyrir mig, þar sem ég hafði ekkert lagt sérstaklega upp úr því að ganga frá innkaupakörfunni í Bónus eftir notkun og átti til að troða mér fram fyrir í lyfturöðinni í Bláfjöllum ef ég komst upp með það. En þar sem ég þarf á allri minni sjálfsvirðingu að halda hef ég tekið upp nýja og betri siði í samræmi við gildin mín.“

## Hamingjan útskýrð

Í bókinni fjallar Tal Ben-Shahar um hamingjuna sem hinn eina sanna gjaldmiðil og fjallar um hvað það sé sem veiti venjulegu fólki varanlega lífsfyllingu og gleði í daglegu lífi. Hins vegar er þetta ekki dæmigerð sjálfshjálparbók sem lofar kraftaverkum á nokkrum dögum, heldur krefst hún vinnu af þeim sem ætlar í raun og veru að auka hamingjuna í lífi sínu. „Rannsóknir sýna að hamingjan fæst ekki í hendingskasti, með stórum sigrum, lottóvinningum eða stöðuhækkun. Við getum hins vegar aukið hamingju okkar með ákveðnum aðferðum sem krefjast yfirlegu og framkvæmdar. Hver hefði trúað að meiri hamingja fengist með hugarfari, rútínu, nánum samböndum og flæði? Og mér sem var kennt að hamingjan kæmi með prinsinum og konungsríkinu!“

Þau Ásdís og Karl eiga von á Tal Ben-Shahar til landsins á nýju ári með fyrirlestra og vinnustofu á vegum Félags um hugræna atferlismeðferð og Félags um jákvæða sálfræði. „Hann er mikið bókaður en er með smugu í maí, skilst mér. Ég væri alveg til í að skokka með honum í Heiðmörkinni og rabba við hann um fullkomnunaráráttuna sem hann hefur rannsakað meira en flestir aðrir.“

## LÆRÐU AÐ MISTAKAST ANNARS MISTEKST ÞÉR AÐ LÆRA

Í bókinni Meiri hamingja er fólki öðru fremur ráðlagt að gangast við tilfinningum sínum og að þora að gera mistök. „Lífið væri svo ljúft ef við værum að einhverju leyti laus við óttann og skömmina. Það væri draumur. Sérstaklega fyrir okkur sem vorum alin upp við setningar eins og „Hvað helldurðu að fólk segi?“ En það gerir gagn að átta sig á hve mikið slíkar tilfinningar stjórna líðan okkar og gjörðum og stíga síðan smátt og smátt út fyrir þægindasvæðið og afsanna þannig gildi þeirra. Henda bakpokanum yfir girðinguna og klifra svo á eftir honum, eins og Tal Ben-Shahar orðar það í bókinni. Lífið verður mikið auðveldara og skemmtilegra þegar maður þorir að vera og gera og hættir að óttast annað fólk,“ segir.

# Mikið úrval ljósa




Opið laugardag 11:00 - 16:00 & sunnudag frá 13:00 - 16:00

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

www.rafkaup.is

# Líf og fjör í IÐU um helgina

Hljómsveitin Árstíðir spilar kl.15 laugardaginn 19. des.
Þeir Gylfi Ægisson og Sólmundur Hólm Sólmundarson koma
og kynna bókina Sjúddirarí rei milli kl.14 og 15 á laugardaginn
Jazzsveitin ADHD spilar kl.15 sunnudaginn 20. des.




fullt verð 6.990,-
tilboð 5.990,-




fullt verð 5.465,-
tilboð 4.390,-




fullt verð 5.480,-
tilboð 4.480,-




fullt verð 6.990,-
tilboð 4.990,-




fullt verð 6.990,-
tilboð 4.990,-




fullt verð 5.490,-
tilboð 3.965,-




fullt verð 6.990,-
tilboð 4.990,-




fullt verð 7.990,-
tilboð 5.990,-




fullt verð 2.990,-
tilboð 1.990,-




fullt verð 3.690,-
tilboð 2.990,-




fullt verð3.890,-
tilboð 2.890,-




fullt verð 3.490,-
tilboð 2.590,-




fullt verð 4.990,-
tilboð 3.390,-

Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið alla daga 9 - 22



# Jólatilboð

## allt að 40% afsl.

# IÐA

STRÁKURINN SEM TÝNDI JÓLUNUM
Fyndin og skemmtileg sýning fyrir
börn og fullorðin börn á öllum aldri.
Sýnt verður í Iðu-húsinu Lækjargötu 2a.
Sýningartímar eru sem hér segir:
Laugardag 19. des kl. 12, 14 og 16
Sunnudag 20. des.kl. 12, 14 og 16




fullt verð 5.480,-
tilboð 4.195,-




fullt verð 5.990,-
tilboð 3.990,-




fullt verð 5.690,-
tilboð 3.995,-




fullt verð 5.990,-
tilboð 4.490,-




fullt verð 5.980,-
tilboð 3.590,-




fullt verð 5.690,-
tilboð 3.995,-




fullt verð 5.990,-
tilboð 4.860,-




fullt verð 5.490,-
tilboð 3.965,-




fullt verð 12.990,-
tilboð 10.990,-




fullt verð 14.990,-
tilboð12.990,-




fullt verð 3.680,-
tilboð 2.520,-




fullt verð 2.990,-
tilboð 1.990,-

Lækjargata 2a 101 Reykjavík sími 511-5001 opið alla daga 9 - 22

# Ris og hrun bankanna yfirgnæfir allt

Bankahrunið er merkilegasti atburður síðustu tíu ára í sögu Íslands og ríkir um það einhugur meðal álitsgjafa Fréttablaðsins. Brotthvarf bandaríska hersins, framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, synjun forseta á undirritun fjölmiðlalaga og einkavæðing bankanna fylgja í kjölfarið. *Sigríður Björg Tómasdóttir* rýndi í svör við spurningunni: Hver var markverðasti atburðurinn á Íslandi á árunum 2000 til 2009?



**BÚSÁHALDABYLTINGIN** Kemst á blað sem einn merkilegasti atburðurinn 2000 til 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



1

## HRUNIÐ 2008

„Ris og hrun bankanna á Íslandi yfirgnæfir allt annað markvert í landinu á þessum áratug. Í framtíðinni verður ártalið 2008 jafn eftirminnilegt í Íslandssögunni og aðrar stikur sem krakkar hafa þurft að læra og margir muna: 930, 1262, 1918, 1944 og þar fram eftir götunum."

„Á eftir að hafa áhrif á daglegt líf landsmanna næstu árin. Fer í sögubækurnar sem eitt mesta klúður Íslandssögunnar. Allir bankar landsins féllu og landið var á barmi gjaldþrots. Rúmu ári síðar erum við enn að vonast til að landið fari ekki fram af brúninni en það munu mörg ár líða þar til við munum skilja hvað gerðist og læra af mistökunum."

„Stærsti atburðurinn í íslensku efnahagslífi síðastu áratugi. Hrun fjármálakerfis heillar þjóðar telst stórtíðindi á hvaða mælikvarða sem er."



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

2

## BROTTFÖR BANDARÍKJAHERS 2006

„Nánast frá stríðslokum hafði erlend herseta á Íslandi skipt þjóðinni í tvennt og klofið fjölskyldur og vinahópa. Svo hvarf hann einn daginn að eigin frumkvæði, næstum þegjandi og hljóðalaust. Og skildi eftir ráðvillta þjóð sem varð að finna sér nýtt deiluefni."

„Sámur frændi fór og eftir urðu tómar byggingar með rangri rafmagnsspennu, verra atvinnuástand á Suðurnesjum og lofthelgigæsla í uppnámi. Meira en hálfrar aldar vera hersins á Miðnesheiði hafði fært þjóðinni tekjur og ákveðna stöðu á taflborði heimsveldanna, sem margir sjá eftir."

## Fleira merkilegt á árunum 2000 til 2009

**2000-2009: Menningarsigrar**
„Að loknum þessum áratug hinna brostnu peningavona standa eftir fjölmargir sigrar Íslendinga á menningarsviðinu, innanlands sem utan."

**2000-2009: Fjölgun fólks af erlendum uppruna**
Á örfáum árum hefur ásýnd Íslands breyst til muna með mikilli fjölgun fólks af erlendum uppruna sem hefur sest hér að.

**2000: Lög um fæðingarorlof**
„Eitt stærsta skrefið sem stigið hefur verið hér á landi í átt til jafnréttis kynjanna."

**2000: Stofnun Samfylkingarinnar og VG**

**2001: Verðbólgumarkmið sett**
„Sönnuðum að það eru til of lítil hag-/myntkerfi fyrir verðbólgumarkmið með frjálsum fjármagnsflutningum."

**2001: Stofnun Vesturports** „Leikhópurinn sem myndar Vesturport er eitt það ferskasta sem gerst hefur í leikhúsi í mörg ár."

**2001: Fréttablaðið stofnað**
Þótt tvær tilraunir þyrfti til að koma blaðinu úr startholunum sýndi það sig fljótt að það var sprettharðara en keppinautarnir. Fríblað varð meira lesið en gamla veldið Mogginn og undir lok áratugarins var Morgunblaðið komið á kné.

**2003: CCP-setur Eve online á markað**
„CCP setur sýndarheiminn EVE-Online á markað, en sex árum síðar eru EVE-áskrifendur orðnir álíka margir og Íslendingar, og CCP í fararbroddi í þróun og rekstri sýndarheima í veröldinni."

**2004: FARICE-1 sæstrengurinn er tekinn í notkun.**
„Gjörbyltir nettengingu Íslands við umheiminn."

**2005: Unnur Birna verður Miss World.**
„Guði sé lof að við þurftum ekki að fara í gegnum heilan áratug án íslenskrar Miss World."

**2006: Draumalandið eftir Andra Snæ kemur út.**

**2009: DANICE-sæstrengurinn er tekinn í notkun.**
„Færir Íslendingum enn áreiðanlegri og hraðvirkari nettengingu við umheiminn."

**2009: Þingkosningarnar**
„Mörkuðu margvísleg tímamót, meðal annars að vinstri flokkarnir fengu meirihluta í fyrsta skipti."

**2009: Jóhanna Sigurðardóttir verður forsætisráðherra.**




## STUÐNINGUR VIÐ INNRÁS BANDARÍKJAHERS Í ÍRAK 2003

4

„Straumhvörf urðu þegar ríkisstjórnin studdi innrás í Írak snemma árs 2003. Forráðamenn hennar höfðu sínar ástæður til þess að taka þessa ákvörðun. Í sögulegu ljósi skaut stuðningurinn þó skökku við, til dæmis ef miðað er við þá ákvörðun stjórnvalda á sínum tíma að lýsa ekki yfir stríði á hendur öxulveldunum þótt það þýddi að Ísland yrði ekki meðal stofnríkja Sameinuðu þjóðanna. Fróðlegt verður að sjá bandarísk skjöl um þessa ákvörðun þegar þar að kemur."

## UMSÓKN UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU 2009

„Markaði tímamót að því leyti að meirihluti þings samþykkti að sækja um aðild og sennilega voru, eftir kosningarnar 2009, þeir þingmenn í meirihluta sem töldu aðild æskilega (þótt það gilti ekki um ýmsa stjórnarliða sem engu að síður greiddu málinu atkvæði)."


full búð af nýjum húsgögnum
20% afsláttur áður 14.900,- nú 10.430,-
5.990.-
8.990.-
5.990.-
20% afsláttur áður 22.900,- nú 16.030,-
11.900,-
16.900,-
20% afsláttur áður 24.900,- nú 19.920,-
7.990,-
24.900,-
24.900,-
34.900,-
16.900,-
49.900,-
20% afsláttur áður 19.900,- nú 15.920,-
1.390,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
Opið til 22 öll kvöld til jóla, þorláksmessa til 23
jólaskraut 30% afsláttur
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

## FRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA 2002-2007

„Vandfundið annað verkefni sem hægt er að gagnrýna á jafnmarga vegu: út frá náttúruverndarsjónarmiði, vegna þenslu- og ruðningsáhrifa, leyndar yfir verði á raforkuverði og þar með arðsemi verkefnisins, fárra framtíðarstarfa.“

„Virkjunin sjálf var og er vissulega stórvirki, en deilurnar og lætin í kringum hana voru ekki minni. Allt í einu hafði fólk, sem ekki vissi einu sinni hvernig heiðagæs leit út, miklar skoðanir á varplöndum og heill gæsarinnar, sem og verndun þessa hrjóstruga landsvæðis sem fæstir höfðu sennilega gert sér grein fyrir að væri ein dýrmætasta náttúruperla landsins. Eða þannig.“

„Afleiðingar framkvæmdanna við Kárahnjúka eru aðallega tvenns konar. Annars vegar varð til hópur mótmælenda sem reyndi að ganga sífellt lengra í borgaralegri óhlýðni, og Íslendingar vöndust mótmælum. Hins vegar voru það efnahagslegu mistökin og þenslan sem af framkvæmdunum varð sem ýtti undir fjármálabóluna hér á landi.“

## SYNJUN FORSETA Á AÐ RITA UNDIR FJÖLMIÐLALÖG 2004

„Þetta voru tímamót að því leyti að aldrei áður hafði forseti orðið við áskorunum um að gera slíkt. Þeirri skoðun hafði jafnvel verið hreyft að hann hefði ekki sjálfstæðan rétt til að synja um undirskrift heldur gæti einungis gert slíkt að tilmælum ráðherra.“

„Forsetinn beitti synjunarheimild 26. gr. stjórnarskrár Íslands í fyrsta sinn, nokkuð sem ýmsir lögspekingar töldu óhugsandi og bakaði sér enn meiri óvild sjálfstæðismanna, sem var þó ærin fyrir. Mörgum þótti þetta staðfesting á þýlyndi forsetans við Baug og miðla hans. Davíð kom með krók á móti bragði og felldi fjölmiðlalögin sem forsetinn hafnaði úr gildi, svo aldrei kom til þess að þjóðin greiddi um það atkvæði.“

„Þjóðin vaknaði líka upp við það að ekki voru fyrir hendi lög um þjóðaratkvæðagreiðslu, líkt og krafist er í stjórnarskránni þegar forseti synjar staðfestingu. Þjóðin bíður enn eftir slíkum lögum.“

## EINKAVÆÐING BANKANNA 2002

„Upphaf góðærisins og forspá um illan endi þess. Misheppnaðasta aðgerð ríkisstjórna Davíðs og Halldórs.“

„Einkavæðing bankanna var eitt stærsta skrefið í því að færa vald frá stjórnmálamönnum í hendur atvinnulífsins og einkaaðila og engin önnur einkavæðing hafði jafn afdrifaríkar afleiðingar fyrir skiptingu auðs hér á landi. Í gegn um fjármagn frá þessum ný-einkavæddu bönkum (og Glitni, sem var þá þegar einkavæddur) kepptust nýir eigendur bankanna við að kaupa upp íslenskt atvinnulíf og gömlu fjölskyldurnar sem höfðu ráðið hér lögum og lofum stóðu gáttaðar eftir og skildu vart hvað hafði gerst.“

„Auðmenn sem höfðu enga reynslu af bankarekstri eignuðust bankana með því að slá lán hver hjá öðrum. Við þekkjum framhaldið.“

3


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


# JÓLATILBOÐ



# JÓLAGJAFIRNAR
## fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

**Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-16:00**
**Lokað sunnudag**

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is


5


MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/HILMAR ÞÓR

## SUÐURLANDSSKJÁLFTI 2000

„Suðurlandsskjálftarnir 17. og 21. júní. Hvað er þjóðlegra en stór jarðskjálfti á sjálfan 17. júní. Jarðskjálftarnir voru svo þjóðlegir að Geysir lifnaði aftur við og tók að gjósa eftir að hafa legið í dvala í hálfa öld.“

„Hristu vandlega upp í okkur og minntu á það eru til máttarvöld æðri mannlegum mætti.“

## BÚSÁHALDABYLTINGIN 2009

„Einn merkilegasti viðburður Íslandssögunnar. Mótmælendur á götum úti höfðu þau áhrif að ríkisstjórn féll og minnihlutastjórn var mynduð með hlutleysi Framsóknarflokksins. ... Helstu kröfur búsáhaldabyltingarinnar (burt með stjórnina, burt með Davíð og nýjar kosningar) náðust fram, en meira vafamál er um rótttækari uppstokkun stjórnkerfisins sem einnig var ofarlega á baugi í kröfum mótmælenda.“

„Hún var óhjákvæmileg. Gleymi aldrei eldunum fyrir utan alþingishúsið og taktföstum slætti í potta og pönnur. „Vanhæf ríkisstjórn, vanhæf ríkisstjórn.“

## ALGJÖR NETVÆÐING 2000-2009

„Þróun Netsins og uppgangur netmiðla hefur gjörbylt fjölmiðlanotkun Íslendinga, eins og annarra, og haft gríðarleg áhrif sem enn eiga eftir að vaxa.“

„Í upphafi 21. aldar eru Íslendingar ekki eftirbátar annarra þjóða [í tæknimálum], manna fyrstir að tileinka sér flestar tækninýjungar og stundum þannig að manni þykir nóg um. Síðastliðin ár hefur állt Ísland netvæðst ef svo má segja. „Allir“ eru með háhraðatengingu á heimilum sínum og daglegt líf hefur gerbreyst. Þeir sem eru ósammála geta bara stofnað hóp um það á facebook.“

## BAUGSMÁLIÐ 2002-2009

„Baugsmálið. Málið endalausa, sem bíður sennilega enn dóms, – og þá dóms sögunnar. Flestir höfðu skoðanir á því en fæstir skildu það. Þjóðin skiptist í lið og viðurnefni eins og Baugspennar og Baugsmiðlar komust á flug.“

„Baugsmálið hefst með húsleit efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í höfuðstöðvum Baugs, vegna gruns um efnahagsbrota í kjölfar kæru Jóns Geralds Sullenberger. Þjóðin skiptist í fylkingar með eða á móti Baugsmönnum eða með á móti Davíð Oddssyni. Reyndar sátu flestir hjá og fylgdust með í forundran jafnframt því að reynt var að skilja hvað gekk á ... Svo komu dómar og áfrýjanir og þvælingur milli héraðsdóms og hæstaréttar og málið virtist aldrei endi taka. Ákæruliðum var vísað frá og aðrir teknir upp í staðin. Þegar loksins kom dómur var flestum orðið nákvæmlega sama.

## DAVÍÐ HÆTTIR Í STJÓRNMÁLUM 2005

„Maðurinn sem hafði verið aðalleikarinn á hinu pólitíska sviði svo árum skipti steig til hliðar og settist að í Seðlabankanum. Það má svo sem deila um hvort Davíð geti nokkurn tímann hætt í pólitík, en haustið 2005 átti formlegum afskiptum hans af stjórnmálum í það minnsta að ljúka.“

„Það virtist sem stór atburður væri á ferðinni, að Davíð Oddsson væri að hætta í stjórnmálum. Fjórum árum síðar kom í ljós að þessi tímasetning var bara blekking og að Davíð hætti aldrei.“



## SILFURVERÐLAUN HANDBOLTALANDSLIÐSINS Á ÓLYMPÍULEIKUNUM 2008

„Árangur karlalandsliðsins í handknattleik á Ólympíuleikunum í Beijing 2008 verður lengi í minnum hafður. ... í íþróttasögunni er eins glæsilegt afrek vandfundið. Og mikið hefði nú verið gott ef landinn hefði aðeins bundið sitt heilbrigða þjóðarstolt við strákana okkar en ekki misvitra útrásarvíkinga sem þóttust klárari en allir aðrir.“

„Þótt áður hefðu Íslendingar komist á verðlaunapall í einstaklingsgreinum á Ólympíuleikum, er almennt viðurkennt að verðlaun í hópíþrótt standi skör hærra. Landinn fór á límingunum og þjóðhátíð var slegið upp þegar liðið kom til landsins.“

## ➜ ÁLITSGJAFAR

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur, Katrín Ólafsdóttir viðskiptafræðingur, Páll Valsson rithöfundur, Svanhildur Hólm framkvæmdastjóri, Svanborg Sigmarsdóttir stjórnmálafræðingur, Vilhjálmur Þorsteinsson fjárfestir, Ósk Vilhjálmsdóttir myndlistarmaður.

# JÓLATRÉ
# Á LÆGRA VERÐI

**Samkvæmt verðkönnun Fréttablaðsins 17. desember**

**Normannsþinur**

| Verslun | 100-125 cm / 126-150 cm | 151-175 / 176-200 cm | Meðalverð 100-200 cm* |
|---|---|---|---|
| Blómaval | 5.990 kr | 6.990 kr | 6.490 kr |
| Flugbjörgunarsveitin | 5.900 kr | 7.900 kr | 6.900 kr |
| Garðheimar | 4.850 / 5.850 kr | 7.450 / 8.950 kr | 6.775 kr |
| Byko | 5.350 kr | 6.550 / 7.850 kr | 6.583 kr |
| Jólatrésalan Landakoti | 4.990 / 5.990 kr | 7.290 / 8.290 kr | 6.640 kr |

**Stafafura**

| Verslun | 100-125 cm / 126 -150 cm | 151-175 cm / 176-200 cm | Meðalverð 100-200 cm* |
|---|---|---|---|
| Blómaval | 3.990 kr | 6.990 kr | 5.490 kr |
| Byko | 4.200 / 7.080 kr | 9.480 / 11.160 kr | 7.980 kr |
| Flugbjörgunarsveitin | 4.900 kr | 8.900 kr | 6.900 kr |
| Garðheimar | 3.800 / 5.300 kr | 7.100 / 9.900 kr | 6.525 kr |

*Meðalverð reiknað út frá verðkönnun Fréttablaðsins 17.des

Blómaval er einn af aðalstyrktaraðilum
Skógræktarfélags Íslands og Garðyrkjufélags Íslands.



**JÓLATRÉ**
sölustaðir

SKÚTUVOGUR
GRAFARHOLT
SELFOSS
AKUREYRI
DALVÍK
EGILSSTAÐIR
HVOLSVÖLLUR

opið til
**22:00**
í Skútuvogi
til jóla

opið til
**21:00**
í Grafarholti
til jóla

blómaval

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Gildir meðan birgðir endast.

# GLEÐILEGAR

Coleman

**CHINKAPIN**

Léttur og þægilegur bakpoki fyrir lengri leiðir, 50+15 lítra.



**16.990 kr.**

**MÓTORKROSSHJÁLMAR**

Öruggir hjálmar sem hlífa höfðinu.



**9.990 kr.**

**BROOME**

Flott vetrarúlpa, 2 litir.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 49.990



**39.990 kr.**

Columbia Sportswear Company

**PEARL PLUSH**

Þægilegur flísjakki.
Stærðir: S–XL



**18.990 kr.**

CAMPINGAZ

**CAMPINGAZ LOFTDÝNA**

Traust og þægileg dýna.
Stærð 73x188 cm.



**4.990 kr.**

**ANGÓRUVETTLINGAR**

Uppháir og hlýir.



**2.990 kr.**

DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN

**CIRRUS**

Regngallar fyrir dömur og herra.



**8.990 kr.**

**KIWAT**

Lamhúshettur fyrir börn.
Margar tegundir og litir.



**5.290 kr.**

**BUGABOOT**

Vatnsheldir útivistarskór með öndun.
Stærðir: 37–42
Verð áður: 29.990



**23.992 kr.**

**BUGABOOT**

Vetrargönguskór
Stærðir: 37–41
Verð áður: 24.990



**19.992 kr.**

**SHILA**

Fóðraðir vetrarskór.
Stærðir: 37–42
Verð áður: 29.990



**23.992 kr.**

**THUNDERSNOW JACKET**

Síð vetrarúlpa, svört og grá.
Stærðir: S–XXL
Verð áður: 54.900



**43.920 kr.**

Munið gjafabréfin!

Gjafabréf Ellingsen

**Afgreiðslutími um jólin:**

| | |
|---|---|
| Laugardagur 19. des. | 10–22 |
| Sunnudagur 20. des. | 12–22 |
| Mánudagur 21. des. | 10–22 |
| Þriðjudagur 22. des. | 10–22 |
| Þorláksmessa 23. des. | 10–22 |
| Aðfangadagur 24. des. | lokað |
| Laugardagur 26. des. | lokað |
| Mánudagur 28. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur 29. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur 30. des. | 10–18 |
| Gamlársdagur 31. des. | 10–12 |
| Nýársdagur 1. jan. | lokað |
| Laugardagur 2. jan. | lokað |

PIPAR\TBWA • SÍA • 92486


JÓLAGJAFIR
FELUBYRGI MEÐ STÓL
Fyrir einn sitjandi mann og með rúmu plássi fyrir hund.
39.900 kr.
LOÐHÚFA
fyrir veiðimenn og fjallagarpa.
2.990 kr.
VENIARD PREMIUM FLYING KIT
Fluguhnýtingasett sem hentar byrjendum jafnt sem lengra komnum.
Efni í 1000 flugur.
13.990 kr.
VENIARD
PREMIUM Fly-Tying Kit
HÁFUR
fyrir stangveiðimanninn.
Abu Garcia for life.
1.490 kr.
DEBEN
NATURE SPOTTING SJÓNAUKI
Hágæða sjónauki
29.990 kr.
LOOP
ADVENTURE TVÍHENDA
13,2 fet fyrir línu 9.
Verð: 37.990 kr.
Tilboð: 29.900 kr.
LOOP
LOOP CLW-FLUGUHJÓL
Létt og þægilegt svart hjól með góðri bremsu fyrir línu 2 til 6.
20% afsláttur með Loop stöng
LOOP
LOOP ADVENTURE ÚTÖNDUNARVÖÐLUR
Léttar þriggja laga vöðlur með styrkingu í hnjám og afturhluta.
Verð: 29.900 kr.
LOOP
LOOP MULTI
Tveggja laga vöðlujakki. Stillanleg hetta, mittis- og ermabönd. Vind- og vatnsheldur.
Verð: 34.900 kr.
LOOP
Vönduð veiðigleraugu.
9.990 kr.
Columbia Sportswear Company
TITANIUM GÖNGUSKÓR
Gæðaskór fyrir alvöru fjallagarpa.
34.990 kr.
DEVOLD
EXPEDITION
Dömu og herra, XS–XXL.
Hlýr undirfatnaður í veiðna.
Bolur 8.490 kr.
Buxur 8.490 kr.
REYKJAVÍK Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Ellingsen
FULLT HÚS JÓLAGJAFA

# Ævintýralegt lífshlaup

Leikkonan **Elfa Gísladóttir** var áberandi í íslensku menningarlífi. Hún gekk að eiga sjónvarpsstjórann Jón Óttar Ragnarsson árið 1989 en hjónabandið entist aðeins í ár. *Fréttablaðið* fékk að skyggnast í kafla úr ævisögu Elfu sem er skráð af Önnu Ólafsdóttur Björnsson.



**BRÚÐKAUP ALDARINNAR** Elfa og Jón Óttar 14. maí 1989 ásamt Karli Axel syni Elfu og Björgu Ellingsen móður Jóns Óttars.

Við Jón Óttar vorum á ýmsum gestalistum heima á Íslandi á þessum tíma og borðuðum bæði með norsku og spönsku konungshjónunum, til dæmis. Það var reyndar saga að segja frá því þegar við vorum boðin í veislu með spönsku konungshjónunum. Þá vorum við á ferð um landið með Stöð 2, Stöðin á staðnum. Ég var þar í gervi sjónvarpspersónunnar Beggu frænku og við vorum búin að vera á Austurlandi og komin á Höfn í Hornafirði þegar við þurftum að drífa okkur í veisluna, Ómar Ragnarsson bauðst til að fljúga með okkur. Það var ótrúlega slæmt veður og gat á flugvélinni þannig að það rigndi ofan á Jón Óttar í vélinni og hann var orðinn rennblautur. Hávaðinn var ærandi og skýin sífellt lægra á lofti. Í grennd við Kirkjubæjarklaustur var skyggnið orðið nánast ekkert og við urðum að lenda á Mýrdalssandi. Ég var mjög fegin, því ég hafði verið skíthrædd í rellunni. Helga, eiginkona Ómars, kom á móti okkur og við hittumst við Skógafoss þar sem hún tók við okkur og keyrði okkur í bæinn en þá tók ekki betra við. Hún hafði greinilega verið í rallakstri, ekkert síður en Ómar, og keyrði brjálæðislega.“

ég spurði hann hreint út og sagði að þetta væri allt í huganum á mér. Það sagði mér enginn frá því að hann héldi fram hjá mér þótt margir vissu af því. Ég fékk grunsemdir mínar ekki staðfestar fyrr en ég sá bílinn hans fyrir utan heimili ungrar stúlku sem mig grunaði að hann ætti í sambandi við. Þegar hann var þar fyrir utan alla nóttina þurfti ég ekki frekari vitnanna við. Þrátt fyrir að margir hafi haldið að það væri Vala Matt sem kom upp á milli okkar var það ekki hún sem hann var að heimsækja þessa nótt. Í rauninni veit ég ekkert hvort hún kom við sögu á meðan við vorum gift eða ekki, það eina sem ég veit er það að hún var alltaf komin í minn stað um leið og við hættum saman.

### Jón Óttar var mikill sjarmör

Mér fannst mjög sorglegt barnanna okkar vegna að hjónaband okkar skyldi ekki lifa. Mér finnst mjög leiðinlegt að hafa misst samband við Solveigu dóttur Jóns Óttars, en það var óhjákvæmilegt að slíta öll tengsl við Jón Óttar til þess að halda ekki áfram í sama mynstrinu. Jón Óttar var aldrei betri við Karl Axel en einmitt þegar var að slitna upp úr okkar sambandi, hann var svo góður pabbi þegar hann tók sig til. Mér fannst mjög erfitt að svipta Karl Axel föðurnum sem hann þurfti á að halda.



**NÚVERANDI EIGINMAÐUR** Elfa ásamt Tom en saman búa þau norðan við Seattle í Bandaríkjunum.

> Innst inni vissi ég að hann var að halda framhjá mér, en hann varð alveg brjálaður þegar ég spurði hann hreint út og sagði að þetta væri allt í huganum á mér.

### Framhjáhald var kornið sem fyllti mælinn

Eftir nákvæmlega ár í hjónabandi skildi leiðir þeirra Jóns Óttars og Elfu. Eflaust hafa erfiðleikarnir við rekstur Stöðvar 2 tekið sinn toll en erfiðleikarnir í sambandinu voru þó djúpstæðari og náðu lengra aftur í tímann. „Þótt við vildum bæði að þetta samband gengi var alltaf einhver misskilningur í gangi á milli okkar og það sem verra var, við náðum aldrei að ræða málin. Ég hafði ekki viljað ganga í hjónaband fyrr en ég væri viss um að við værum tilbúin í það og ég hélt við værum það, en það reyndist ekki rétt. Að sumu leyti vorum við mjög vond hvort við annað, en að mörgu leyti vorum við líka góð hvort við annað. Okkur kom langbest saman þegar við vorum á ferðalögum saman, en samt man ég að ég var oft mjög einmana á þessum ferðalögum. Það var eins og eitthvað vantaði sem við gátum ekki sett fingurinn á. Þetta var vandi sem við gátum aldrei leyst. “Auðvelt er að afgreiða sambúðarvandamálin með því að orðrómur sem þráfaldlega var á kreiki um að Jón Óttar héldi framhjá Elfu hafi grafið undan sambandinu. Hún segir að ekki sé auðvelt að átta sig á hversu mikil áhrifin hafi verið vegna þess að framhjáhaldið hafi ekki verið staðfest og hann hafði ávallt neitað því. Þegar upp úr slitnaði fór hins vegar ekki á milli mála að framhjáhald hans var kornið sem fyllti mælinn. „Innst inni vissi ég að hann var að halda framhjá mér, en hann varð alveg brjálaður þegar

Mér er mjög minnisstæð myndin af Jóni Óttari þegar hann var kominn með Solveigu, Karl Axel og dóttur hennar Völu öll saman og var hinn fullkomni pabbi fyrir þau öll. Eins átti hann auðvelt með að heilla ömmu mína, Vigdísi, alveg upp úr skónum, enda gat hann verið mjög sjarmerandi, það fer ekkert á milli mála. Hún átti lengi erfitt með að trúa því að það væri ég sem hefði hætt við hann en ekki öfugt. Hann hringdi í hana eftir að við hættum saman og fór meðal annars til hennar til að reyna að fá hana til að sannfæra mig um að ég ætti að taka hann aftur. Hann hafði reyndar samband við flesta vini mína, Fíu, Pálu, Mary, Borghildi og fleiri en Borghildi tókst honum ekki að heilla. Margir af þeim sem féllu fyrir sjarma hans trúðu því að ég væri vonda konan sem misskildi hann. Ég þekkti það alveg hvað hann gat verið sannfærandi og eitt af því sem fékk mig til þess að falla aftur fyrir honum áður en við giftum okkur var einmitt allt þetta fallega sem hann sagði við mig. Sumu gleymi ég aldrei, eins og þegar hann sagði að hann vildi að hann gæti skorið þessa ást til mín úr hjarta sínu, því hann væri svo kvalinn. Hver getur staðist slík orð? Jón Óttar var mikill sjarmör og ætti skilið að fá verðlaun fyrir það. Ég hef verið spennt fyrir mörgum mönnum en ég held að engum hafi tekist að fanga mig eins sterkt á sjarmanum og hann. Annað sem bræddi mig alltaf var þegar hann sagði að Stöðvar 2 ævintýrið væri allt gert

fyrir mig. „Þetta er mín gjöf til þín,“ sagði hann og að hann myndi ekki hafa gert þetta fyrir nokkurn annan.

### Þungbær reynsla

Elfa lítur núna á þetta sem skjall sem hún hafi fallið fyrir, en í æviminningum Jóns Óttars er þess reyndar getið oftar en einu sinni að upphaflega hugmyndin að listamiðstöðinni í Sigtúni, sem seinna varð að Stöð 2, hafi orðið til vegna þess að hann vildi skapa Elfu verkefni þegar hún var atvinnulaus. Elfu var á margan hátt eins innanbrjósts og eftir að hún missti Kristján, skilnaðurinn og síðan atvinnumissirinn nokkru seinna varð henni þungbær reynsla. Enn á ný var hún „týnd“ og í þetta sinn gekk jafnvel enn verr að leita aftur að sjálfri sér. Sviðsljósið sem var í kringum brúðkaupið og væntingarnar sem hún hafði átt um sambúðina gerðu skellinn jafnvel enn meiri. Hún hafði haldið að þau Jón Óttar næðu saman, þótt margir hefðu spáð því hinu gagnstæða og því var ósigurinn enn meiri. „Ég hitti Jón Óttar seinast þegar við vorum að ganga frá skilnaðinum árið 1991. Ég kom heim frá Kanada til þess að selja eigur mínar og ljúka því sem eftir stóð til að skilnaðurinn gengi í gegn. Við hittumst í Perlunni og allt fór mjög vel fram á milli okkar. Síðan hef ég ekki séð hann og ekki fylgst neitt sérstaklega með honum, en auðvitað frétti ég af og til af því sem hann er að gera.“



**GLÆSILEGASTA PARIÐ Í BÆNUM** Elfa og Jón Óttar í stofunni heima í Skaftahlíð.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

desember 2009


## Framandi freistingar

Tveir öðruvísi en mjög gómsætir réttir á veisluborðið.

SÍÐUR 10 TIL 11





## Sykursæt terta

Margrét Kjartansdóttir bakar stóru söru við hátíðleg tækifæri.

SÍÐA 6



# Létt og ljúffengt um jólin

Hefðbundnir og óvenjulegir réttir sem gleðja og henta vel til hátíðabrigða.

## HÚRRA FYRIR HANGIKJÖTI

Gunnþóra Gunnarsdóttir skrifar

Sá matarsmekkur sem mótast í æsku fylgir okkur yfirleitt til fullorðinsára, þannig að það sem okkur þykir ljúffengt þegar við erum lítil verður ávallt í uppáhaldi þótt við kynnumst öðru enn betra síðar. Hátíðamatur í mínu ungdæmi var hangikjöt. Þess vegna er bragðið af því enn með því besta sem ég fæ. Með fullri virðingu fyrir rjúpum og reyktu svíni, kalkúnum og hnetusteik þá finnst mér hangikjöt ómissandi á jólunum og svo hygg ég sé um fleiri. Fullyrða má að enginn einn réttur hafi glatt jafnmarga Íslendinga gegnum tíðina og hangikjöt, enginn verið nefndur eins oft í endurminningaskrifum og enginn náð að skapa almennari jólailm á íslenskum heimilum til sjávar og sveita. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst sú – og það viðurkenni ég fúslega – að gegnum aldirnar höfðum við Íslendingar takmörkuð tækifæri til að geyma mat. Reyking var því einn af fáum kostum. En hún er líka snilldarlausn. Það hefði átt að aðla þann sem fann upp aðferðina.

Ég ólst upp í sveit og þar var eitt af haustverkunum reyking hangikjöts. Hvert heimili hafði sinn reykkofa úr torfi og grjóti, þar sem upp voru hengd heilu sauðakrofin, ásamt smærri bitum, svo sem bringukollum, bógum og lærum. Grjúpán hengu þar líka, er voru í öðrum héruðum kölluð sperðlar en þekkjast nú orðið undir heitinu bjúgu um allt land.

Í endaðan október og fram eftir nóvember lagði indælan ilm frá reykkofunum, hann barst um hlöðin og milli bæja og bar í sér loforð um ljúffengar máltíðir á hátíðum og tyllidögum. Líka þegar góða gesti bæri að garði. Enn bregður þessari angan fyrir vit mín þegar ég ek um sveitir landsins á áliðnu hausti og þá gríp ég tækifærið og teyga hana að mér.



Það er viss kúnst að verka hangikjöt, salta það mátulega mikið, kveikja hæfilega oft upp undir því og með réttu millibili. Móðir mín var lagin við þetta. Fram eftir minni ævi var enginn frystir í sveitinni og því þurfti kjötið að vera það mikið reykt að það geymdist árið, uppihangandi í þurrum og dimmum kofa. Þannig verkað var það líka gott hrátt og við krakkarnir fengum gjarnan sneið af því áður en það fór í pottinn.

Jólahangikjötið var alltaf soðið á Þorláksmessu og mikið af því. Svo var það snætt dagana sem í hönd fóru, ásamt fleiru. Kartöflur og uppstúf var ómissandi með.

Enn kemst ég í hátíðarskap þegar hangikjöt er borið á borð því eins og einn viðmælandi minn í jólablaðinu orðaði það svo skemmtilega, þó um aðra tegund gilti – það er æskubragð af því.

Gleðileg jól!

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · E Eftirréttur · F Forréttur · M Meðlæti · Hvunndags/til hátíðabrigða · Til hátíðabrigða · Hollt · Sætindi · Kökur · Grænmeti · Annað kjöt en fuglakjöt · Fuglakjöt · Fiskur








Hveitikökurnar eru gómsætar með hangikjöti, en ekki síður með öðrum áleggstegundum eins og laxi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gömul sál heldur Í GAMLAR HEFÐIR

Sérstök hátíðarstemning ríkir hjá Lilju Sæþórsdóttur og fjölskyldu í desember, því utan jólahalds hefur fjölskyldan ærna ástæðu til að gleðjast yfir ýmsum tilefnum.

Gott á jólunum!

Mikil stemning er á aðventunni hjá Lilju Guðrúnu Sæþórsdóttur og fjölskyldu hennar. „Ég er mikið jólabarn og í desembermánuði ríkir sérstök hátíðarstemning hjá fjölskyldunni. Það eru ekki aðeins jólin sem eru haldin hátíðleg heldur eigum við tvö systkinin af fjórum afmæli í mánuðinum, ég þann 5. desember og bróðir minn 24. desember,“ segir hún og brosir.

Stórfjölskyldan á margar skemmtilegar samverustundir á aðventunni. „Við mamma bökum saman smákökur eins og bóndakökur og mömmukökur og svo gerum við hveitikökurnar ásamt pabba. Það er vestfirsk hefð en uppskriftina að hveitikökunum fékk mamma hjá konu sem ég er skírð í höfuðið á. Hún bjó við hliðina á foreldrum mínum á Flateyri og reyndist þeim mjög vel. Nú steikjum við kökurnar á pönnukökupönnu en áður fyrr voru þær steiktar á eldhúshellunni sjálfri,“ segir Lilja, sem vill halda við gömlum hefðum. „Þá má ekki gleyma skötunni sem bróðir minn eldar á Þorláksmessu og mér finnst raunverulega hringja jólin inn.“

- uhj



Lilja ásamt syni sínum sem finnst gaman að jólaundirbúningi fjölskyldunnar.

### VESTFIRSKAR HVEITIKÖKUR

**1 kg hveiti**
**75-100 g sykur**
**20 g smjörlíki**
**1 egg**
**6 tsk. lyftiduft**
**1 tsk. salt**
**5-6 dl súrmjólk**
**6 soðnar kartöflur, stappaðar**



*Blandið öllu saman, hnoðið og fletjið deigið út. Skerið út kökur úr deiginu á stærð við pönnukökupönnu, sumum finnst gott að nota lítinn matardisk til þess eða pottlok. Bakið kökurnar við meðalhita á pönnukökupönnu. Smyrjið kökurnar til dæmis með smjöri og setjið á álegg eins og hangikjöt eða lax og skerið síðan kökuna í minni sneiðar.*

KVOSIN Í MIÐBORGINNI

## Ferskt í fyrirrúmi

Fyrirtækið Kvosin hefur opnað matvörumarkað og bakarí við Ingólfstorg þar sem Morgunblaðið og Tryggingamiðstöðin voru áður til húsa. Verslunin býður upp á almenna matvöru með sérstaka áherslu á ferskmeti, grænmeti, ávexti og ýmsar gerðir af fljótlegum skyndiréttum. Í bakaríinu er boðið upp á heita og kalda brauðrétti, rúnstykki, sætabrauð og margt fleira. „Við leggjum mikið upp úr því að hafa allt nýbakað,“ segir Hafsteinn Häsler, sem á og rekur fyrirtækið ásamt Þórði Bachmann. „Hér er sælgæti, kaffidrykkir og girnilegar samlokur,“ bendir hann á og bætir við að einnig séu hollar súpur í boði fyrir þá sem vilja huga að línunum.



**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Kjartan Guðmundsson, Níels Gíslason, Vera Einarsdóttir og Unnur H. Jóhannsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

# ego dekor






## DIVANY
– hvítt háglans
Skenkur 240cm (einnig fáanlegur í 180cm)
Verð: 199.000,-

Borðstofuborð
200x100cm
Verð:
118.000,-



TV skenkur
180cm
Verð: 105.000,-



TV skenkur
200cm
Verð: 89.000,-




# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM




CROCO
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð áður:
35.000,-
Verð nú:
28.000,-



SARINA
stóll
Einnig fáanlegur í hvítu
Verð:
14.800,-



ORIANA
stóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð:
15.900,-



SABINE
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu og hvítu
Verð:
16.800,-

## NÝ SENDING AF TAUSÓFUM



GRANDO 3ja sæta og skammel
Breidd: 230cm
TILBOÐSVERÐ: 139.200,-



LUCAS leðurtungusófi
Stærð: 285X223
Verð: 299.000,-



STÓR NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290X165
TILBOÐSVERÐ: 196.000,-

**Opið mán-fös: 10.00-18.00**
**Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00**

**Ego Dekor - Bæjarlind 12**
**S: 544 4420 - www.egodekor.is**

# Í ELDHÚSKRÓKNUM



**ÞAÐ GETUR VERIÐ GAMAN** að sanka að sér rauðum búsáhöldum til að gera jólaborðið hátíðlegra. Þetta eldrauða salthús fæst í Búsáhöldum í Kringlunni og kostar 3.795 krónur.



**LAUKSKERI** er frábær uppfinning sem kemur í veg fyrir tárvot augu við matseldina. Laukurinn er einfaldlega settur inn í skerann, lokinu þrýst niður og út koma ferkantaðir laukbitar. Skeranum fylgir aukastykki til að skera kartöflur, rófur, gulrætur og epli svo dæmi séu tekin. Búsáhöld Kringlunni, 2.650 krónur.



**Á ÞENNAN SKEMMTILEGA HNETUBAKKA** má ýmist raða hnetunum í þar til gerð hólf eða dreifa þeim á annan helming bakkans, en hann er einnig hægt að nota undir hýðið. Hnetur tilheyra jólum og er gott að bera fram sem mótvægi við smákökur. Duka Kringlunni, 4.950 krónur.



**NÚ ER RÉTTI TÍMINN** til að taka fram jólaviskustykkin. Duka Kringlunni, 790 krónur.

## LAMBAHRYGGUR & KARTÖFLURÉTTUR

### LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR MEÐ HNETU- OG DÖÐLUFYLLINGU

**1 léttreyktur lambahryggur**
**½ poki valhnetur, pekan eða kasjúhnetur**
**15 stk. döðlur**
**2-3 sólþurrkaðir tómatar (þurrkið ef þeir eru í olíu)**
**ca. 2 dl rifinn gouda-ostur**

*Maukið hnetur, döðlur og tómata gróft í matvinnsluvél og blandið osti við. Takið lundir innan úr hrygg og hreinsið himnur vel áður en þið setjið maukið inn í hann. Leggið lundir ofan á mauk og lokið hrygg með því að sauma fyrir með garni. (Hryggur með breiðum slögum hentar vel.)*

*Setjið hrygg í pott, hellið vatni í hann og setjið í ofn. Steikið í 45 mínútur á hvert kíló við um 180° C. Berið fram með grænmeti og ávöxtum.*

### KARTÖFLURÉTTUR MEÐ CAMEMBERT-SÓSU

**4 bökunarkartöflur, afhýddar og saxaðar í litla bita**
**1 sæt kartafla, afhýdd og söxuð í litla bita**
**¼ fryst Wok-grænmeti – eða annað ferskt grænmeti**
**1 Camembert-ostur**

*Bakið bökunarkartöflur, bætið sætum kartöflum við og loks Wok-grænmeti, því þetta þarf mislangan bökunartíma. Bræðið ost í potti og gætið að ekki sjóði upp úr. Hellið yfir grænmeti og bakið í smástund. Berið fram með hrygg.*














Lambahryggur að hætti Kolbrúnar með fallega útskornu grænmeti og ávöxtum.



Kolbrún hefur fallega útskorið grænmeti og ávexti með matnum.



Kartöfluréttur með camembert-sósu, hentar vel með lambahryggnum.

# Bergmálar góðvilja OG HAMINGJU

Kolbrún Karlsdóttir mælir með jólaréttum sem vekja gleði í munni og maga. Kolbrún hefur ríka ástæðu að bergmála hamingjunni því auk jóla hefur nú loks verið tekið í gagnið hús sem líknarfélagið Bergmál hefur verið að reisa síðustu tvö ár.

**Gott á jólunum!**

Mig langar að skila jólaóskum og kveðjum til allra sem hafa stutt okkur við byggingu hússins í Sólheimum, því það er byggt fyrir góðvilja fólksins og einskis annars. Gæska fólks hefur bara verið einstök í okkar garð. Ég held að þetta hljóti að vera einsdæmi, að koma upp 560 fermetra húsi fyrir hjartagæsku fólks og húsið er alveg skuldlaust. Fólk á erfitt með að skilja hvað þetta er stórkostlegt. Það er hvílíkur fjöldi fólks sem hefur gefið vinnu sína, allt frá trésmiðum til saumakvenna og allt þar á milli auk þess sem fjöldi fyrirtækja hefur gefið okkur efni í húsið. Þá hefur ágóði styrktartónleika runnið til okkar og svo mætti lengi telja. Það hefur hvert kraftaverkið rekið annað, þau bergmála hamingju og góðvilja.“

Tilgangur hússins, sem er sérhannað fyrir fatlað og langveikt fólk, er að hlúa að því og veita því orlof sem kostar það ekki neitt. „Þetta er örugglega eina úrræðið hér sem kostar hvorki ríki né bæ krónu. Allt starf er unnið í sjálfboðavinnu af líknarfélaginu Bergmáli eða á vegum þess.“ En hvað eru margir í félaginu? „Við erum bara 42, en ekkert af þessu hefðum við getað gert nema af því að svo gott fólk býr í landinnu sem hefur í raun byggt húsið. Við höfum raunverulega ekki gert annað en að tengja þessar góðu hendur saman,” segir Kolbrún, sem gefur hér uppskrift að réttum sem vekja gleði í munni og maga.

- uhj



**Kolbrún segir Íslendinga búa yfir ótrúlegri gæsku.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Filippo Berio Extra Virgin ólífuolía
Einfaldlega feti framar
Stökkur lax með marineruðu grænmeti og Filippo Berio Extra Virgin ólífolíu
FILIPPO BERIO
EXTRA VIRGIN OLIVE OIL
IDEAL FOR SALAD DRESSING AND FLAVOURING
FILIPPO BERIO
Hreint meistaraverk
HEILBRIGT HJARTA
Fyrir nánari upplýsingar um hollustu ólífuolíu, ráðfærið ykkur við lækni eða næringarfræðing



BORÐ FYRIR TVO

LAUGAVEGI 97 - S: 568-2221





Jólalegt er um að litast á heimili Margrétar og stóra sara setur punktinn yfir i-ið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sykursæt stór sara TIL HÁTÍÐABRIGÐA

Á æskuheimili Margrétar Kjartansdóttur var bakað á hverjum fimmtudegi. Þær kökur voru þó ólíkt hversdagslegri en saran sem hún bakar við hátíðleg tækifæri.

**Nammi namm!**

„Ég fékk uppskriftina upphaflega úr einhverjum pésa sem var sendur í hús fyrir jólin," segir Margrét Kjartansdóttir, sem varð strax hrifin af hugmyndinni um eina stóra söru í stað þeirra litlu sem mikið umstang er að gera. „Ég gerði tertuna strax og hætti alveg að búa til litlu sörurnar sem ég hafði áður gert á hverju ári," segir hún og bætir við að ólíkt þægilegra og skemmtilegra sé að búa til stóru söruna.

Tertan er langt frá því að vera hvunndagsleg og býr Margrét hana til við hátíðleg tækifæri á við fermingarveislur, brúðkaup og fjölskylduveislur. „Ég hef stundum bakað hana fyrir sjálfa mig en þá set ég aðeins á einn botn og gef hinn vinkonu minni sem á afmæli milli jóla og nýárs," segir hún.

Margrét hefur bakað mikið í gegnum tíðina en gerir ekki jafn mikið af því þessa dagana. „Það var alltaf bakað á fimmtudögum á mínu æskuheimili á Ísafirði enda þurfti að laga margar máltíðir á dag. Það var morgunmatur, tíukaffi, hádegismatur, hálffjögurkaffi, kvöldmatur og tíukaffi um kvöldið," segir hún og hlær. „Þegar maður fór að læra matreiðslu í kjallaranum í húsmæðraskólanum var maður fenginn til að hjálpa til við baksturinn," segir hún. En hvað var bakað? „Við bökuðum jólakökur, brúnkökur, vínarbrauð, snúða og ýmislegt annað. Það varð líka alltaf að vera til kaffibrauð ef gesti bar að garði." - sg

## STÓRA SARA

### BOTNAR

**6 eggjahvítur**
**400 g flórsykur**
**400 g möndlur (heilar með hýði)**

*Þeytið hvítur og sykur vel stíft. Blandið möluðum möndlum saman við með sleikju. Bakið í 2 botnum við 150° í 1 klst. Kælt.*

### KREM

**2 1/4 dl sykur**
**1 1/2 dl kaffi (flestir nota vatn en kaffi gefur meira bragð)**
**6 eggjarauður**
**390 g ósaltað smjör (við stofuhita)**
**2 1/2 msk. kakóduft**

*Sjóðið saman sykur og kaffi (vatn) þar til þykknar. Þeytið eggjarauður vel og hellið sykurleginum saman við í mjórri bunu. Þeytið vel og kælið aðeins. Hrærið linu smjörinu saman við smátt og smátt. Síðan er kakó hrært í. Smyrjið hluta af kreminu milli botnanna og afganginum ofan á og á hliðarnar. Kælið vel.*

### HJÚPUR

**250 g suðusúkkulaði saxað**
**3/4 bolli rjómi**
**3 msk síróp**

*Hitið rjóma og síróp að suðu og hellið yfir súkkulaðið. Hellið hjúpnum yfir kökuna. Kælið.*

*Einnig er hægt að gera tvær einfaldar kökur. Mjög góð kaka til að eiga í frysti.*



## FYRIRTAKS GJAFAHUGMYND

Síðustu ár hefur fólk í síauknum mæli verið duglegt við að finna upp á einhverju heimagerðu til að gefa í jólagjafir og sýna sumir ótrúlega hugmyndaauðgi í þeim efnum. Þar á meðal er vinsælt að gefa alls kyns heimagert góðgæti, svo sem konfekt, rauðkál og fleira í þeim dúr. Önnur og ekki síðri hugmynd er svo að gefa hreinlega uppskrift að einhverju lostæti, hugsanlega í einfaldari kantinum, sem hægt er að útbúa um jólin og láta svo hráefnin fylgja með í fallegum krukkum.

# Gefðu íslenska upplifun ...

Hilton Reykjavík Nordica og VOX Restaurant bjóða úrval gjafabréfa sem öll eru ávísun á íslenska upplifun í hæsta gæðaflokki.







Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

VOX RESTAURANT/BISTRO

Hilton Reykjavik Nordica

weber



Frábært úrval af gjafavörum frá Weber

Söluaðilar.: Járn og gler hf - Garðheimar - Húsasmiðjan - Búsáhöld Kringlunni - Pottar og Prik Akureyri. www.weber.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefán segir gæsina einstaklega góða á bragðið og ekki skemmi fyrir að hafa með henni bláberja-vinaigrette og karamelluð epli.

# Jólakrydduð GÆSABRINGA

Stefán Ingi Svansson matreiðslumaður mælir með reyktri gæsabringu, bláberja-vinaigrette og karamelluðum eplum í jólamatinn. Gæsina segir hann tiltölulega einfalt að elda auk þess sem hægt sé að hafa hana hvort sem er í for- eða aðalrétt.

Það sem gerir þessa steik alveg einstaklega gómsæta er meðal annars kryddlögurinn, jólakryddið, það er kanillinn, kardimommurnar og rósapiparinn, sem gæsin er látin liggja í í sólarhring áður en hún er elduð," segir Stefán Ingi Svansson, matreiðslumaður í Veisluturninum 19. hæð, um uppskrift að reyktri gæsabringu með bláberja-vinaigrette og karamelluðum eplum. Eplin og bláberja-vinaigrettið segir hann henta einstaklega vel með gæsinni þar sem alltaf fari vel á að hafa sætindi með villibráð.



Stefán segir eldamennskuna langt í frá flókna, auk þess sem gæsabringuna sé hæglega hægt að hafa hvort heldur sem er í for- eða aðalrétt eða eftir því hvað menn kjósa. „Ef gæsin er höfð í forrétt þá er hún sneidd þunn, gefin köld og er þá fín fyrir fjóra. Eigi að hafa hana í aðalrétt hentar hún tveimur, sem fá þá hvor sína bringuna, hún er höfð heit og gott að bæta við rótargrænmeti."

- rve



Stefán segir að gæsina megi hafa annað hvort í for- eða aðalrétt.

A F M

## VILLIBRÁÐARVEISLA

### REYKT GÆSABRINGA

**2 stk. gæsabringa**
**500 ml vatn**
**10 g nitritsalt**
**10 g salt**
**5 stk. negulnaglar**
**2 stk. kanilstangir**
**5 stk. kardimommur, heilar**
**10 korn rósapipar**
**30 g reyksag**

*Blandið öllu kryddinu saman, setjið í vatn og sjóðið í 5 mínútur. Kælið vel. Hreinsið gæsabringur og leggið í kryddlög. Geymið í kæli í sólarhring. Setjið sag í sagpott með loki (eða annars konar lítinn pott) og kveikið undir, helst á útigrilli. Eldið bringur í 15 mínútur á útigrilli við meðalhita. Skerið niður í þunnar sneiðar ef um forrétt er að ræða, annars ekki.*

### BLÁBERJA-VINAIGRETTE

**3 msk. bláberjasulta**
**2 msk. dion-sinnep**
**1 msk. sérríedik**
**1 msk. hunang**
**1 tsk. pipar, grófmalaður**

*Blandið öllu saman í matvinnsluvél og maukið vel saman.*



### KARAMELLUÐ EPLI

**1 stk. grænt epli**
**50 g sykur**
**10 g smjör**
**3 msk. rjómi**

*Blandið saman sykri, smjöri og rjóma á pönnu svo úr verði karamellublanda, skerið epli í litla teninga og setjið út í sykurinn. Eldið í tvær mínútur.*

*Berið fram á salatblöðum, með ferskum jarðarberjum, bláberjum og ristuðum valhnetum.*

Fagor þvottavél



PIPAR\TBWA • SÍA

A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda

Fagor þvottavél

3F-1614

1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla. Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.

Jólatilboð 89.900

Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

Jólin þín byrja á jol.is

vísir.is ...í jólaskapi

# Velkomin í Jólaþorpið

*Í hjarta Hafnarfjarðar er lítið þorp með fagurlega skreyttum jólahúsum. Þar taka kaupmenn vel á móti þér og hafa á boðstólum fallegt handverk, jólalegt góðgæti og annan girnilegan jólavarning. Allt þetta ásamt skemmtidagskrá í anda þorpsins kemur gestum okkar í sannkallað jólaskap.*

***JÓLATÓNLEIKAR REGÍNU ÓSKAR OG BARNA- OG STÚLKNAKÓRS VÍÐISTAÐAKIRKJU***
20. desember **kl. 17.00**

***SÖNGUR OG UPPLESTUR Í GRÆNA KAFFIHÚSINU***
Hellisgerði

Unnur Malín Sigurðardóttir syngur jólalög á laugar- og sunnudaginn kl. 13.30 og 15.00 og Anna Ingólfsdóttir les upp úr barnabókinni *Mjallhvítur* kl 16 á laugardeginum. Á sunnudaginn er sögustund með Huldu Runólfsdóttur kl. 16. Á Þorláksmessu verða uppákomur í kaffihúsinu kl. 15 og 17.

***JÓLAGANGA Á ÞORLÁKSMESSU***
Jólaganga Hafnarfjarðar fer frá Fríkirkjunni kl. 19:30. Kammerkór Hafnarfjarðar leiðir sönginn. Göngunni lýkur í Jólaþorpinu um kl. 20:00.

## Dagskrá Jólaþorpsins
### dagana 19.12. – 23.12. 2009

*Laugardagurinn 19. desember* *opið kl.13-18*

**14:00** **Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar**
**Sigurjón Brink** flytur lög af nýútkomnum diski sínum *Sjonni Brink* og áritar í verslunarmiðstöðinni Firði

**15:00** **Kór Öldutúnsskóla**
**Rauðhetta** ætlar að heimsækja ömmu sína um jólin, skemmtilegt leikatriði

**16:00** **Lalli töframaður** heillar áhorfendur upp úr skónum
**Ívar Helgason** flytur tvö nýútkomin jólalög
**Jenný, Stella og Sunneva** syngja jólalög

**17:00** Fjörugt atriði úr söngleik **Víðistaðaskóla** Footloose
Atriði frá **Jafnréttishúsi**

*Sunnudagurinn 20. desember* *opið kl.13-18*

**14:00** Sönghópur frá félagsmiðstöðinni **Vitanum** syngur nokkur lög

**15:00** **Úti-jólaball**. **Jólasveinabandið** heldur uppi stuðinu

**17:00** **Jaðarleikhúsið**, **Fimleikafélagið Björk** og **Leikfélag Flensborgar** bregða á leik

*Mánudagurinn 21. desember* *opið kl.18-22*

**19:00** **JÓLAGJÖFIN tónleikar í boði Rio Tinto Alcan - sjá ramma t.h.**
Skemmtileg kvöldstemming í jólaþorpinu.

*Þriðjudagurinn 22. desember* *opið kl.18-22*

Skemmtileg kvöldstemming í jólaþorpinu, notaleg jólatónlist og kaupmenn taka vel á móti gestum.

*Þorláksmessa*
*Miðvikudagurinn 23. desember* *opið kl.18-22*

**19:30** **Jólaganga Hafnarfjarðar – sjá ramma t.v.**
**20.00** **Jólatónleikar** með hljómsveitinni **Hátíðarsveinum**, en það eru þeir **Magnús Kjartansson, Björn Thoroddsen, Jón Rafnsson og Einar Valur Scheving.** Um sönginn sjá **Helga Möller og Flugfreyjukórinn.** Mæturn öll í Jólaþorpið á Þorláksmessu og fögnum komu jólanna.

## JÓLAGJÖFIN
**Styrktartónleikar mánudaginn 21. desember kl. 19:00-21:00**

Framundan er landssöfnun sem nær hápunkti með tónleikum í Jólaþorpinu í Hafnarfirði sem verða í beinni útsendingu í *Íslandi í dag* á Stöð 2 þann 21. desember. Safnað er til styrktar Mæðrastyrksnefnd (öllum 5 landsfélögunum), ABC barnahjálp, ENZA, Rauða krossinum (Vinanúmerinu 1717) og Stígamótum.

**Söfnunarsímanúmer eru:**
**904 1000 (1.000 kr.)**
**904 2000 (2.000 kr.)**
**904 3000 (3.000 kr.)**

Á tónleikunum koma fram m.a.: Ellen Kristjáns, Stefán Hilmarsson, Egill Ólafsson, Buff, Greifarnir, Sigga Beinteins og Raggi Bjarna. Kynnir: Edda Björgvins.

Sjá nánar á www.jolagjofin.is

Tónleikarnir eru styrktir af
**RioTinto Alcan**

**Sjáumst í Jólaþorpinu!**

**HAFNARFJÖRÐUR**

*Nánari upplýsingar, myndir o. fl. á www.vistihafnarfjordur.is*

**Jólaþorpið í Hafnarfirði**




Mango Chutney er notað í sósuna og og Pataks Tandoori Taste í kjúklinginn.



Gott er að hafa ristað naan brauð með Brie-osti í forrétt.



Einfalt , öðruvísi og ótrúlega gott hefur Drífa um þennan rétt að segja.

A M

## TANDOORI-KJÚKLINGUR, NAAN-BRAUÐ OG GRÁÐOSTASÓSA

*Fyrir 4*

### TANDOORI-KJÚKLINGUR MEÐ GRÁÐAOSTASÓSU

**4-5 kjúklingabringur**
**1 dós jógúrt án ávaxta (hrein jógúrt)**
**3 tsk. Pataks Tandoori Paste**
**1 laukur**
**Kóríander til skreytingar**

*Snöggsteikjið laukinn. Blandið saman jógúrti og Tandoori paste. Setjið laukinn neðst í eldfast mót. Skerið bringur í ca þrjá hluta og setjið ofan á laukinn. Efst kemur svo Tandoori-sósan. Bakið við 200 gráður í 45 mínútur.*

### NAAN-BRAUÐ MEÐ BÓNDABRIE

**6 lítil naan-brauð með hvítlauk og kóríander**
**6 msk. mango chutney**
**Klettasalat**
**Bóndabrie**

*Setjið naan í brauðrist til þess að hita. Setjið mango chutney á heitt brauðið. Setjið klettasalat á það og að lokum tvær sneiðar af Bóndabrie-osti. Best að borða þetta á meðan naan-brauðið er heitt.*



### GRÁÐAOSTASÓSA

**1 dós sýrður rjómi**
**¼ af gráðaostslaufi**
**3-4 hvítlauksrif**
**3 skeiðar mango chutney**

*Blandið öllu saman, smakkið til. Berið fram með hvítum hrísgrjónum og mango chutney.*

# Indverskt lostæti

Drífa Aðalsteinsdóttir og fjölskylda hennar halda upp á jólin með hefðbundnum hætti. Gamlársdagur er með óvenjulegra móti því þá er indversk veisla borin á borð sem er góð tilbreyting að hennar mati.

Holt og gott!

Síðustu fimmtán ár höfum við haft þann hátt á að borða indverskan hátíðarmat á gamlársdag sem pabbi minn undirbýr af kostgæfni og svo endar þetta í svakalegum veisluhöldum," segir Drífa. „Það fara alveg tveir dagar í undirbúning í þetta hjá honum og útkoman er vægast sagt góð en bragðsterk, þar sem pabbi passar sig alltaf á því að hafa minnst 30 hvítlauksgeira með matnum. Við systurnar stöndum reyndar í þeirri trú að hann geri þetta nú bara til að halda karlpeningnum í burtu frá okkur," segir hún hlæjandi og bætir við að indverski rétturinn sé afar góð tilbreyting frá hinum hefðbundna íslenska, þunga hátíðarmat.



Drífa Aðalsteindóttir er gefin fyrir framandi mat.

Fjölskylda Drífu er öll á kafi í eldamennsku og flestir meðlimir hennar gefnir fyrir framandi mat. „Pabbi og mamma eru bæði ástríðukokkar, pabbi er náttúrlega potturinn og pannan í fyrrgreindum veisluhöldum og við systurnar allar þrjár líka," segir Drífa og afhendir blaðamanni uppskrift að einföldum og ódýrum indverskum rétti, það er tandoori-kjúklingi með ávaxtasósu, sem hún segir tilvalda fyrir þá sem vilja prófa eitthvað öðruvísi um jól eða gamlárskvöld.

- rve



**AÐVENTUTÓNLEIKAR** Helgu Möller og Hátíðasveinanna fara fram í Laugarneskirkju á morgun klukkan 20. Helga mun syngja öll sín þekktustu jólalög ásamt ýmsum perlum. Sérstakir gestir eru Flugfreyjukórinn og Elísabet Ormslev.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447









Helga mun á morgun sýna gestum Árbæjarsafns hvernig jólin voru undirbúin á Íslandi í gamla daga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skyggnst aftur í fortíðina

**Helga Maureen Gylfadóttir hefur starfað sem safnvörður á Árbæjarsafni um nokkurra ára skeið. Á morgun bregður hún sér í hlutverk leiðsögumanns og upplýsir gesti um hvernig jólin voru undirbúin í gamla daga.**

„Fólki kemur nú ótrúlega margt á óvart og þá kannski einna helst á hve litlu Íslendingar þurftu að halda hér áður fyrr til að halda upp á jólin," segir Helga, spurð að því hvað veki iðulega mesta eftirtekt þegar hún leiðir gesti um Árbæjarsafnið á aðventunni, en á morgun gefst fólki færi á að fylgjast með hvernig jólin voru undirbúin í gamla daga, matargerð og fleiru.

Sjálf kveðst Helga hafa orðið hálfundrandi þegar henni varð ljóst að oft höfðu Íslendingar ekki nema í mesta lagi kerti og ef til vill jólatré hér áður fyrr til kalla fram ákveðinn hátíðleika. „Fólkið þurfti engan lúxus, heldur gerði gott úr því sem það átti til að skapa sér ánægjulega samverustund, enda var hér ekki farið að skreyta að neinu ráði fyrr en á milli 1940-1950."

Helga segist skynja að samveran skipti fólk enn mestu máli um jólin og meðal annars fyrir þær sakir geri margir sér sérstaka ferð upp í Árbæjarsafn á þessum árstíma. „Fólk vill sleppa frá öllum hamaganginum sem fylgir til dæmis gjafainnkaupum og sækir hingað í friðinn sem ríkir, þægilega og afslappaða andrúmsloftið. Ætli fólki finnist ekki bara gott að leggja af stað í ímyndað ferðalag til tíma sem margir sjá fyrir sér að hafi einkennst af einfaldari lifnaðarháttum, þótt vissulega hafi nú ekki allt verið kræsilegt hér á öldum áður. Að minnsta kosti ekki út frá femínísku sjónarhorni," segir Helga og hlær góðlátlega.

Áhugi um menningararfinn rekur líka marga upp á safnið að sögn Helgu, sem er engin undantekning frá því þar sem hún hefur alveg frá því að hún man eftir sér haft brennandi áhuga á sagnfræði. „Ég hef bara alltaf haft gaman af sögu, einkum og sér í lagi sögu Reykjavíkur og finnst hún oft geta varpað skemmtilegu ljósi á samtímann," útskýrir Helga og kveðst jafnframt vera mikið jólabarn og því hafi hún sannarlega fundið starf við sitt hæfi á Árbæjarsafni.

Helga tekur fram að safnið sé haft opið á morgun á milli klukkan 13 og 17. Guðsþjónusta verði í gömlu torfkirkjunni klukkan 14 og jólatrésskemmtun á torginu klukkan 15. Þá fá börn og fullorðnir að föndra músastiga, jólapoka og ýmislegt fleira auk þess sem alls kyns ljúffengar veitingar verða í boði. *roald@frettabladid.is*




Jólagjöfin
er Íslensk hönnun
Landsins mesta úrval af íslenskum sængurfatnaði fyrir alla fjölskylduna.
*Einstök gæði og frábært verð.*
Lín DESIGN

**LÁPUR, SKRÁPUR** og jólaskapið eftir Snæbjörn Ragnarsson verður sýnt í Norræna húsinu í dag og á morgun klukkan 14 og 16.



Amerískir jólatrésfætur, jólaseríur, og aðventuljós.

BRYNJA
1919 2009
LAUGAVEGI 29 • SÍMI 552 4320 • WWW.BRYNJA.IS


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Góðar jólagjafahugmyndir
Úrval af handtöskum, skjalatöskum, dömuveskjum, seðla- og leðurveskjum, ferðatöskum að ógleymdu miklu úrvali af dömu- og herrahönskum.
*Líttu við í verslun okkar eða skoðaðu vöruúrvalið á www.th.is.*

Tösku og hanskabúðin
Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is



Þessi bíll er af árgerð 1942 og er sjaldan tekinn út en hér er Þórður Jóhannsson, dreifingarstjóri MS, að fjarlægja mjólkurbrúsana af pallinum og Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS, fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þetta er jólapakkarall

**Gamlir mjólkurbílar frá Mjólkursamsölunni aka um miðborgina síðdegis í dag með jólasveina og harmóníkuleikara á pöllunum og safna saman jólapökkum handa þeim sem lítið hafa milli handanna.**

„Þetta er bíll sem var notaður í mjólkursöfnun austur í Flóa á sínum tíma og og fær nú aftur að viðra sig í göfugu verkefni,“ segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri Mjólkursamsölunnar, um Chevrolet af árgerð 1942 sem kominn er til borgarinnar austan frá Selfossi. Hann er annar tveggja bíla sem Samsalan leggur til og ekið verður niður Laugaveg og Skólavörðustíg þeirra erinda að safna pökkum í samstarfi við Miðborgina okkar. Þeir leggja báðir af stað klukkan þrjú, annar frá Hlemmi og hinn frá Skólavörðuholti.

„Við köllum þetta jólapakkarall,“ segir Jakob Frímann Magnússon, talsmaður samtakanna Miðborgin okkar. „Tilgangurinn er sá að safna jólagjöfum handa þeim sem minnst eiga í vændum og bindum það ekki bara við börn heldur líka við elstu kynslóðina sem gleymist stundum. Miðborgarkaupmenn, gestir og gangandi, jafnt eldri sem yngri, eru hvattir til að vera í viðbragðsstöðu með sína pakka frá klukkan þrjú þegar rallið hefst. Þetta fer þannig fram að fólk safnast saman á gangstéttum Laugavegar og Skólavörðustígs með innpakkaðar gjafir að eigin vali og kastar þeim upp á bílpallana til jólasveinanna meðan ekið er niður á Ingólfstorg. Síðan verður komið með allan hauginn upp í jólaþorpið og Fjölskylduhjálpinni og Mæðrastyrksnefnd afhentir pakkarnir. Þær útbýta þeim svo til þeirra sem með þurfa. Gjöfin má vera algerlega að eigin vali, heimatilbúin, keypt, gömul eða ný. Allt sem þarf að gera er að merkja kyn og aldur viðtakandans þannig að það sé skýrt.“

Jakob segir fjölda jólasveina og skemmtikrafta taka þátt í rallinu með sprelli á bílpöllunum og Guðný upplýsir að Mjólkursamsalan skaffi ekki bara farartækin heldur líka harmóníkuleikarana, þeir séu starfsmenn MS. „Jólasveinarnir koma svo nátttúrlega bara úr Esjunni eða öðrum fjöllum hér í nágrenninu,“ segir hún kankvís.

*gun@frettabladid.is*



Jólapökkum verður safnað saman á Laugavegi í dag handa þeim sem hafa lítið milli handanna.



Jólasveinarnir koma úr Esjunni til að taka við pökkunum.


IQ
Skólavörðustígur 8

Jólaföt og jólagjafir


Náttföt – náttkjólar – nærföt
Laugaveg 53 • sími 552 3737 • Opið frá 10-10 til jóla

Auglýsingasími 512 5473
ALLT




Tréstrætó frá Litlum í upphafi. Litlir karlar fylgja með sem er hægt að stinga í sætin.



Eldasett frá Litlu kistunni. Meðfærilegur kassi sem er hægt að opna og breyta í eldavél. Pottar, sleifar, brauð og gulrót fylgja með ásamt öðru.

# Leikföng úr alvöru efnum

**Fréttablaðið heimsótti þrjár leikfangabúðir í miðbænum og virðist vera lenska þar að hafa leikföng úr náttúrulegum og heilsusamlegum efniviði.**

Lítil í upphafi, Litla kistan og Börn náttúrunnar eru allt búðir fyrir börn. Þær eru allar nokkuð nálægt hver annari, Tvær þeirra eru á Skólavörðustíg 5 og 17 og ein á Bergstaðastræti 13. Allar eiga þær sameiginlegt að bjóða upp á þroskandi og falleg leikföng ásamt öðrum barnavörum.



Fullt af kössum frá Litlum í upphafi sem hver passar inn í annan svo þeir taka lítið pláss. Svo má stafla þeim upp.



Prjónuð hettubrynja frá Börnum náttúrunnar.



Kassi frá Litlum í upphafi eins og þeir gerast bestir á stórmörkuðum, með öllum græjum sem þarf. Strikamerkjalesara og fleiru.



Ostur frá Litlu kistunni. Í tréostinum eru göt og svo getur maður þrætt í götin með trénál og bandi.



Trésverð í slíðri sem hengja má í belti eða buxur frá Börnum náttúrunnar.



Púsluspil frá Litlu kistunni fyrir þau minnstu. Einnig er hægt að reima púslin ofan og neðan púsls.













# Þrælheppnar plötur

**Nýlega var plötuverslunin Lucky Records opnuð á Hverfisgötu 82. Eigandinn og kaupmaðurinn Ingvar Geirsson byrjaði í plötusölubransanum í Kolaportinu fyrir rúmum þremur árum.**

„Ég legg mesta áherslu á vínylinn og í tónlist er það fyrst og fremst djass, fönk og reggí sem er hvergi hægt að ná í í bænum. Samt er ég líka með helling af geisladiskum, bæði nýtt og notað og hellings úrval í rokki og poppi. Það eru örugglega 30.000 plötur í búðinni,“ segir Ingvar en hann er einn af örfáum á Íslandi sem eru með úrval af plakötum á boðstólum. Ingvar hefur síðastliðin þrjú og hálft ár verið með bás í Kolaportinu. Upphaflega seldi hann aðeins notaðar vínylplötur en þegar hann sá að ákveðna tónlist vantaði fór hann að flytja inn plöturnar. Og nú er hann kominn í sitt eigið húsnæði. En er hann ekkert hræddur um að verða út undan á Hverfisgötunni? „Fólk áttar sig á þessu með tímanum, það er líka þannig í útlöndum að sérbúðir eru ekki endilega á aðalgötunum. Ég er líka með svo mikið af plötum að ég þarf helst svolítið stórt rými,“ segir Ingvar og minnist á að leigan á Hverfisgötunni sé þrisvar til fjórum sinnum lægri en á Laugaveginum.

Ingvari finnst ekki nógu mikil flóra á íslenska plötubúðamarkaðnum. „Það er þess vegna sem maður byrjaði, ég er líka svo mikill vínylmaður sjálfur. Á sínum tíma var Þruman til og Hljómalind sem sá um þetta, en síðan þessar verslanir hættu hefur verið svolítið stórt gat.“ Ingvar er sjálfur hrifinn af vínyl af því honum finnst formið skemmtilegt, öll hönnunin í kringum plöturnar og svo endist vínylplötur betur en geisladiskar. „Geisladiskarnir enda alltaf á því að skemmast. Ef maður ber saman tvær góðar græjur, geislagræjur og plötuspilara, þá vinnur plötuspilarinn. En ekki endilega með ódýrri nál og lélegum hátölurum. Auðvitað eru margir með miklu betra hljóð hjá sér heima úr geislaspilurum en plötuspilurum, það fer eftir því hvernig græjur fólk er með,“ segir Ingvar en vill ekki gefa sig út sem einhvern sérfræðing á þessu sviði. Í Lucky Records, sem er við hliðina á Adam og Evu á Hverfisgötunni, er opið til klukkan sjö á kvöldin. Og ef fólk situr með plötur uppi á lofti sem nýtast ekki er hægt að selja þær í Lucky Records gegn sanngjörnu verði. *niels@frettabladid.is*


Loksins fá plöturnar hans Ingvars veglegt pláss til að njóta sín.


Eitt kortanna sem Sóley og félagar gefa út.

# Lítið barn fékk líka gjöf

**Jólakort, merkimiðar og gjafabréf hafa verið gerð til ágóða fyrir byggingu barnaheimilis í Afríkuríkinu Tógó.**

Það er styrktarfélagið Sóley og félagar sem standa fyrir útgáfu jólakorta, merkimiða og gjafabréfa vegna barnaheimilisins í Tógó í Afríku.

Þau fást í Yggdrasil og 12 tónum á Skólavörðustíg og Iðu í Lækjargötu. Ísafoldarprentsmiðja styrkti útgáfuna með prentun og allur söluhagnaður rennur beint í byggingarsjóðinn. Ef vel gengur er hægt að hefja framkvæmdir í byrjun næsta árs. Aftan á merkimiðunum stendur svo þessi fallega setning: „Ég fékk líka gjöf“.

Sóley & félagar eru styrktarfélag sem vinnur með systur Victo og styður við samfélagshjálp hennar í bænum Aneho í Tógó. Starf Victo er þegar umfangsmikið og Sóley og félagar gera henni með ýmsum hætti kleift að þróa það. Þeir hafa meðal annars safnað styrktarforeldrum hér á landi og samkvæmt heimasíðunni www.soleyogfelagar.is bættust tíu nýir styrktarforeldrar í hópinn í síðasta mánuði en fleiri vantar. *-gun*





Ný sending af **hring- og hettutreflum.**
Margar gerðir og litir

Mikið úrval af **ullargrifflum** og **vettlingum**

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66

Handsmíðaðir íslenskir skartgripir

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is



# Nýjar áherslur, sami stíll

**Íris Björk Jónsdóttir, fyrrum eigandi GK, hefur skipt um gír og opnað verslunina MOMO. Þar er reynt að halda verði í lágmarki þótt fötin beri keim af smekkvísi Írisar. Hún segir viðtökurnar afar góðar.**

Tískuvöruverslunin MOMO var opnuð á Laugavegi 42 í lok nóvember. Hún er við hlið nýja veitingastaðarins mmmmm og bar opnunin brátt að. „Ég og maðurinn minn, Guðmundur H. Jónsson, vorum í kaffi hjá Guðvarði Gíslasyni, eiganda mmmmm, og spurðum hann meira í gríni en alvöru hvort við mættum ekki leigja hluta húsnæðisins og opna verslun. Hann tók vel í það og tveimur dögum seinna var ég farin út að versla. Tíu dögum eftir það vorum við svo búin að opna,“ segir Íris Björk Jónsdóttir, sem rekur MOMO ásamt eiginmanni sínum.

Margir kannast við Írisi Björk úr GK en hún dró sig út úr þeim rekstri fyrir ári. „Í MOMO munum við leggja höfuðáherslu á ódýr en falleg föt fyrir konur á öllum aldri,“ segir Íris Björk sem hefur greinilega skipt um gír.

Verslunin hefur þó yfir sér fágað yfirbragð. „Ég er varla þekkt fyrir annað en að vera í svörtu og ber verslunin keim af því. En ég er þó með liti, glitter og blúndu í bland.“ Íris Björk þekkir vel til tískuiðnaðarins og skiptir við hollenska, breska og þýska heildsala. „Ég var svo heppin að detta niður á mjög flotta en ódýra heildsala. Við reynum svo að leggja eins lítið á og við getum, vinnum mikið sjálf og handskrifum merkimiðana svo dæmi séu tekin,“ segir Íris Björk sem leggur upp með að hægt sé að kaupa jóladress og skó á í kringum tuttugu þúsund krónur. „Við viljum hafa þetta lítið og heimilislegt og langar bara til að geta lifað af þessu.“

Í MOMO fást buxur, kjólar, toppar, skór, úlpur, kápur, leggings og ýmislegt fleira og eru vörurnar teknar inn í öllum stærðum. „Við stílum inn á allt frá unglingsstelpum og upp úr og hugsum þetta þannig að mæður geti komið með dætrum sínum og verslað.“

*- ve*



Íris leggur upp með að hægt sé að finna jóladress og skó á í kringum tuttugu þúsund krónur í MOMO. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










ALLT TÍSKA












Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Blásið verður til sólstöðuhátíðar á Vesturgötu á mánudag. Hér eru hjónin Ari Svavarsson og Ágústa Malmquist úr Níu heimum ásamt þeim Eddu Gylfadóttur og Helgu Björgu Jónasardóttur úr Björg í bú. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vesturgatan uppgötvuð

**Fólk sem hefur starfsemi neðarlega á Vesturgötunni hefur tekið höndum saman um að kynna götuna. Ari Svavarsson í Níu heimum segir hana á góðri leið með að verða sannkölluð menningargata.**

„Vesturgatan er býsna merkileg gata. Eftir að við opnuðum hér hafa fjölmargir rölt við og lýst yfir ánægju sinni með að eitthvað sé að gerast hérna á svæðinu," segir Ari Svavarsson sem ásamt Ágústu G. Malmquist, eiginkonu sinni, rekur vinnustofuna Níu heima á Vesturgötu 18. Þau hjónin eru bæði myndlistarmenn og hönnuðir, Nokkrir aðilar sem hafa starfsemi við Vesturgötuna hafa tekið höndum saman við að kynna Vesturgötuna og það líf sem ríkir við neðri hluta hennar.

Upphafið að þessari kynningarstarfsemi fólst í því að stofna sérstaka síðu á Facebook undir nafninu Uppgötvaðu Vesturgötuna. Þar geta áhugasamir skráð upplýsingar um starfsemi sína og atburði sem staðið er fyrir við götuna. Þeir sem þegar hafa skráð sig eru meðal annarra téðir Níu heimar, Sögur útgáfa, Björg í bú, Kirsuberjatréð og Kogga, en nokkrir fleiri aðilar eru með starfsemi við götuna.

Ari segir að hugmyndin sé í meginatriðum sú að vekja athygli á því hversu mikill uppgangur á sér stað á götunni og einnig minna á þá sem hafa verið þarna lengur. „Þetta er sannkölluð menningargata að verða, og um að gera að vekja athygli á því að miðbærinn nær hingað upp á Vesturgötuna. Þeim aðilum sem telja sig eiga heima í hópnum er velkomið að hafa samband," segir Ari.

Í tilefni af vetrarsólstöðum mánudaginn 21. desember verður slegið upp lítilli hátíð í Níu heimum. „Þegar daginn tekur að lengja á ný er tilvalið að hafa það kósí og skemmtilegt saman. Hátíðir af þessu tilefni hafa verið þekktar í gegnum tíðina, ekki síst hjá forfeðrum okkar. Í boði verða tónlistaratriði, upplestur góðra bóka og ýmislegt fleira til skemmtunar og yndisauka," segir Ari.

Hátíðin hefst klukkan 17 og tekur Ari fram að allir séu að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir. Nánari upplýsingar um dagskrá verða birtar á Facebook-síðunni Uppgötvaðu Vesturgötuna.

*kjartan@frettabladid.is*



HANNAÐ AF KONUM FYRIR KONUR

## Ritstjóri á kvikmyndavef

**Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían** (ÍKSA) óskar eftir að ráða ritstjóra til að sjá um vefi akademíunnar **www.logs.is** og **www.eddan.is**

Starfið felst í ritstjórn og öflun frétta úr kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum, frágangs efnis á vefina, uppsetningu og umsjón með vefjunum og öflun auglýsinga.

Starfið er hlutastarf sem hægt er að vinna samhliða öðrum störfum Reynsla af blaðamennsku og þekking á vefumsjón er nauðsynleg.

Áhugasamir sendi upplýsingar og ferilskrá fyrir 2. janúar 2010 á secretary@producers.is

ÍSLENSKA KVIKMYNDA- & SJÓNVARPSAKADEMÍAN

## Öryggisfulltrúi

**Laus er til umsóknar staða öryggisfulltrúa. Öryggisfulltrúi sinnir öryggisgæslu og tengdum störfum í verslun IKEA.**
**Í öryggisdeildinni starfa 6 starfsmenn í fullu starfi auk nokkurra hlutastarfsmanna.**
**Um vaktavinnu er að ræða.**

**Helstu verkefni:**
- Almenn öryggisgæsla (vöruvernd, rýrnunareftirlit)
- Eftirlit með öryggi starfsmanna
- Framfylgni á ákvæðum vinnuverndarlöggjafar
- Eftirlit með öryggiskerfum hússins
- Vinnsla á upplýsingum úr hússtjórnarkerfi
- Skýrslugerð vegna slysa, atburða og uppákomna í húsinu og á lóð þess
- Veita fyrstu hjálp sé hennar þörf

**Hæfniskröfur:**
- Tæknileg þekking/menntun
- Þekking á skyndihjálp
- Reynsla af öryggisstörfum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Heiðarleiki og áreiðanleiki
- Stundvísi
- Drífandi
- Hreint sakavottorð

Áhugasamir hafi samband við starfsmannasvið varðandi frekari upplýsingar um starfið eða sendi inn umsókn á job.ikea.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2010. Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2009

Capacent Ráðningar

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður 1954. Í sjóðnum eru um 3800 félagar og heildareignir eru rúmir 30 milljarðar króna. Sjóðurinn er opinn þeim sem lokið hafa BS-gráðu eða meiri menntun. Sjóðfélagar velja stjórn. Frekari upplýsingar um sjóðinn er á heimsíðunni www.lifsverk.is.

**Lífeyrissjóður verkfræðinga óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn sjóðsins.**
**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið**
- Yfirumsjón með rekstri sjóðsins
- Stefnumótun í samráði við stjórn
- Framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins og ábyrgð á ávöxtun eigna hans
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við aðra lífeyrissjóði og samstarfsaðila
- Upplýsingagjöf til stjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða verkfræði
- Víðtæk þekking og reynsla af fjármálastarfsemi og sjóðsstýringu
- Þekking á lífeyrismálum
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

GAGARIN

# FORRITARI ÓSKAST

Við leitum að reyndum forritara til að vinna í góðri liðsheild að spennandi verkefnum. Nýr starfsmaður leikur lykilhlutverk í þróun og umsjón hefðbundinna veflausna Gagarín en mun einnig koma að öðrum verkefnum.

**Reynsla og þekking**

- Þriggja ára reynsla af hugbúnaðarþróun og forritun
- Tölvunarfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Mikil þekking á PHP, MySQL, HTML, CSS og Javascript
- Æskileg reynsla af ActionScript 3, Flex og JQuery
- Reynsla af öðrum algengum forritunarmálum og skjölun hugbúnaðar er kostur
- Skapandi hugsun og frumkvæði

Umsóknir með upplýsingum um starfs- og námsferil sendist á vinna@gagarin.is. Nánari upplýsingar veitir Guðný Káradóttir framkvæmdastjóri í síma 510 9300.

*Gagarín sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á stafrænu efni og lausnum fyrir gagnvirka miðla. Sjá nánar um fyrirtækið og verkefni á www.gagarin.is*

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

# Dönskukennari óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða dönskukennara í hlutastarf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar nk. en unnt er að fresta því til 15. febrúar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið ohj@hrad-braut.is. Farið verður með upplýsingar sem trúnaðarmál.

BHS Borgarholtsskóli bókmennt • handmennt • siðmennt

## Laus staða við Borgarholtsskóla vorönn 2010.

Borgarholtsskóli auglýsir eftir framhaldsskólakennara til kennslu vorið 2010.

**Málmiðngreinar**

- Kennara vantar til kennslu í málmiðngreinum, helst með framhaldsmenntun ( tækninám / vélstjórn).

Um 100% starf er að ræða.

Ráðning í ofangreint starf er frá 1. jan. 2010 og eru laun skv. kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra sem og stofnanasamning BHS. Ekki þarf að sækja um á sérstökum eyðublöðum en í umsókn skal gera grein fyrir menntun og fyrri störfum. Upplýsingar um störfin veita skólameistari, aðst.skólameistari, svo og kennslustjóri í síma 535 -1700. Umsóknir berist Bryndísi Sigurjónsdóttur, skólameistara, Borgarholtsskóla við Mosaveg, 112 Reykjavík ekki síðar en 29. desember 2010. Öllum umsóknum verður svarað. Upplýsingar umskólann má finna á www.bhs.is

Skólameistari

# Kórstjóri óskast

**Mosfellskórinn óskar eftir kórstjóra, æfingartími er á miðvikudagskvöldum.**

Kórinn er blandaður kór sem syngur popp- og dægurlög. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu í útsetningu laga og þekkingu á að setja saman undirspil við söng. Miðað er við að umsækjandi geti hafið störf í kringum 9. janúar.

**Nánari upplýsingar í síma 824-4812 (Hugrún) og 849-0377 (Jón).**
**Umsóknarfrestur er til 1. janúar 2010.**

## Public Affairs Assistant

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Public Affairs Assistant lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 27. desember 2009. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Public Affairs Assistant. The closing date for this postion is December 27, 2009. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

median

## Krefjandi og skemmtilegt starf í þjónustudeild Median

Median leitar að öflugum og þjónustuliprum einstaklingi til að vera tengiliður við viðskiptavini fyrirtækisins. Starfssvið fellst í að veita þjónustu, tæknilegra ráðgjöf og leita úrlausna á þörfum viðskiptavina Median. Leitað er eftir starfsmanni með ríka þjónustulund, er námsþyrstur og skipulagður, ásamt því að eiga auðvelt með að skjala og miðla upplýsingum.

**Hæfniskröfur:**

- Tæknileg þekking/-læsi er skilyrði
- Góð íslensku og ensku kunnátta í töluðu og rituðu máli
- Háskólapróf er kostur

*Median er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar (processor) í eigu íslensku viðskiptabankanna og kortafyrirtækjanna. Fyrirtækið er með starfsstöðvar í þremur löndum í ört vaxandi umhverfi. Meðal viðskiptavina félagsins eru British Airways, Swiss International Airlines British Midland, Icelandair og Reiknistofa bankanna.*

**Umsóknir óskast sendar í tölvupósti til marta@median.is**

www.vinna.is

vinna.is sími: 511 1144

# Framúrskarandi kennarar

## óskast í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

### Tæknimenntaskólinn

- **Kennari í dönsku, hálf staða.** Kröfur: BA/MA í dönsku, kennslureynsla og kennsluréttindi.
- **Kennari í eðlis- og efnafræði, heil staða.** Kröfur: BS/MS í eðlis/efnafræði, kennslureynsla og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir, skólastjóri Tæknimenntaskólans, í síma 514 9301 og í tölvupósti, *kk@tskoli.is*.

### Byggingatækniskólinn

- **Kennari í faggreinum málara.** Kröfur um meistararéttindi og kennsluréttindi
- **Kennari í húsasmíði.** Kröfur um meistararéttindi og kennsluréttindi

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskólans, í síma 514 9101 og í tölvupósti, *ghr@tskoli.is*

### Véltækniskólinn

- **Kennari í faggreinum vélstjórnar.** Óskað er eftir Vélfræðingi/vélaverkfræðingi með starfsreynslu sem vélfræðingur og kennsluréttindi
- **Kennari í vélstjórnargreinum og smíði.** Óskað er eftir vélfræðingi/iðnfræðingi með starfsreynslu og kennsluréttindi

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, *egu@tskoli.is*.

Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
**Umsóknarfrestur til 23. desember.**
**Umsóknir sendist til bg@tskoli.is.**

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

zetor

# AU PAIR Í SVISS

**Íslensk hjón í Genf í Sviss (frönskumælandi hlutinn) óska eftir hlýrri og barngóðri stúlku, 19 ára eða eldri, til að gæta tveggja drengja (f. 1998 og 2008) og sinna léttum heimilisstörfum. Fyrirspurnir sendist á vetro71@gmail.com**

---

ÍSAM

## Vörumerkjastjóri

- tímabundin ráðning

Íslensk Ameríska leitar að öflugum vörumerkjastjóra í Procter & Gamble deild fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi tímabundið starf og er ráðningatími janúar til október 2010.

Helstu verkefni

- Markaðssetning vörumerkja deildarinnar
- Samskipti við enskumælandi birgja
- Skipulag og umsjón markaðsherferða og kynninga
- Ýmsir útreikningar s.s. verð- og framlegðarútreikningar
- Skýrslugerð og eftirfylgni áætlana
- Uppsetning og hönnun markaðsgagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar og hæfniskröfur

- Viðskiptamenntun og/eða góð þekking og reynsla af sambærilegum störfum á heildsölumarkaði
- Talnagleggni, áreiðanleg og nákvæm vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta, sérstaklega Excel, Photoshop, InDesign, PPT
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Gilt bílpróf og bíl til umráða

Nánari upplýsingar veitir Helga B.Helgadóttir starfsmannastjóri í síma 522 2700. Umsóknir skulu sendast á póstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til ÍsAm, Tunguhálsi fyrir 28.desember.

ÍsAm er eitt stærsta og öflugasta markaðs-og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendavörumarkaði. ÍsAm á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Kexsmiðjuna og Frón auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir heimsþekkt vörumerki eins og Gillette, Duracell, Pampers, Always, Ariel, BKI, Finn Crisp, Oscar, Marlboro, Ping ofl. Hjá fyrirtækinu starfa 330 manns. Stefna ÍsAm er að ráða fólk með rétta blöndu af hæfni, menntun, persónuleika og metnaði til að ná árangri.

**Íslensk Ameríska • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík • Sími 522 2700 • www.isam.is**

---

SAMFOK

## Framkvæmdastjóri

**SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, óska eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa í 80% starf.**

**Starfssvið**

- Umsjón með daglegum rekstri
- Upplýsingar og ráðgjöf um skóla- og uppeldismál til foreldra, foreldrafélaga, skólaráða og annarra
- Viðhald og uppfærsla heimasíðu
- Fjármál
- Kynning, fræðsla og útgáfumál
- Þátttaka í nefndum og starfshópum um skóla- og uppeldismál

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf
- Góð enskukunnátta og kunnátta í einu Norðurlandamáli
- Þekking á skólamálum og þátttaka í foreldrasamstarfi í grunnskóla
- Góð tölvuþekking
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og færni í að koma fram fyrir hóp fólks
- Jákvæðni, frumkvæði og metnaður
- Skipulögð vinnubrögð

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. SAMFOK eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1983. Markmið samtakanna eru að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska, að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf, að vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum, efla samstarf aðildarfélaganna og annast sameiginleg verkefni. Sjá nánar á www.samfok.is

Upplýsingar um starfið veita Hildur Björg Hafstein, formaður, gsm. 8959554/hildurbjörg66@gmail.com og Guðrún Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri, gsm. 8992150, samfok@samfok.is.
Umsóknarfrestur er til 30. desember n.k. Umsókn ásamt ferilsskrá sendist SAMFOK, Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík eða á tölvupóst samfok@samfok.is

Suðurlandsbraut 24, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími: 562 7720, Netfang: samfok@samfok.is, Veffang: samfok.is

---


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ


---

# Mannauðsstjóri ÁTVR

ÁTVR leitar að metnaðarfullum einstaklingi til að taka að sér ábyrgðarmikið og fjölbreytt starf mannauðsstjóra.

**Helstu verkþættir:**

- Ráðgjöf til stjórnenda í mannauðstengdum málum
- Mat á mannaflaþörf, skipulag og umsjón með ráðningum
- Eftirfylgni með mannauðsstefnu
- Samskipti við stéttarfélög og þátttaka í gerð kjarasamninga
- Umsjón með og þróun á frammistöðumatskerfi
- Ábyrgð á launavinnslu

**Hæfniskröfur og eiginleikar:**

- Háskólamenntun er skilyrði
- Framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er æskileg
- Starfsreynsla á sviði mannauðsmála er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Oracle er kostur
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og skipulagshæfileikar

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKKING - ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Upplýsingar veita:**
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is og Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is

HAGVANGUR

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

---



# FORSETI TÖLVUNARFRÆÐIDEILDAR

## HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FORSETA TÖLVUNARFRÆÐIDEILDAR

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík veitir yfir 440 nemendum menntun á sviði tölvunarfræða og skyldra greina, í grunn-, meistara- og doktorsnámi, og er deildin sú stærsta sinnar tegundar á Íslandi. Sjö rannsóknarhópar og rannsóknarsetur eru starfrækt við deildina en helstu rannsóknarsviðin eru gervigreind, hugbúnaðarverkfræði, gagnasöfn, máltækni, og fræðileg tölvunarfræði, auk fléttufræði.

Markmið tölvunarfræðideildar er að bjóða nemendum krefjandi nám í framsæknu og skapandi umhverfi. Lögð er áhersla á alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir, framsækna kennsluhætti og sterk tengsl við atvinnulífið. Deildin býður upp á alþjóðlegt rannsóknar- og starfsumhverfi, og nemendur deildarinnar geta nýtt sér möguleika til skiptináms við yfir 40 erlenda samstarfsháskóla.

Leitað er að leiðtoga til að stýra öflugum hópi starfsmanna við upbygginguna og framþróun öflugrar og metnaðarfullrar deildar. Deildarforseti ber ábyrgð á akadamísku starfi og rekstri deildarinnar, situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og heyrir beint undir rektor HR.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Doktorspróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum.
- Umfangsmikil reynsla af kennslu og rannsóknum.
- Forystu- og stjórnunarhæfileikar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta Bjarnadóttir hjá Háskólanum í Reykjavík (s. 599 6200, asta@ru.is). Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á netfangið appl@ru.is, í síðasta lagi 1. febrúar nk. Fylgigögn skal senda til Háskólans í Reykjavík, b.t. Ástu Bjarnadóttur, Menntavegi 1, 101 Reykjavík.

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem **trúnaðarmál**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild.

Háskólinn í Reykjavík er samfélag yfir 3000 nemenda og yfir 500 starfsmanna og stundakennara. Um helmingur kennara er virkur í íslensku atvinnulífi og einn af hverjum sex akademískum starfsmönnum kemur erlendis frá. Nám í öllum deildum Háskólans í Reykjavík er framsækið, tekur mið af því sem best gerist á alþjóðavettvangi og er í stöðugri þróun. Háskólinn býður nú upp á tæplega 800 námskeið á ári, um 600 í grunnnámi og 200 á meistara- og doktorsstigi, og mætir þannig þörfum nemenda og atvinnulífs.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Innritun fatlaðra nemenda í framhaldsskóla 2010

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram fyrr en innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að framhaldsskólar, nemendur og foreldrar fái meira svigrúm til að undirbúa framhaldsskólavistina. Innritað verður frá 18. janúar til 26. febrúar 2010. Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast seinna.

Upplýsingar um starfsbrautir er að finna á heimasíðum framhaldsskóla og hjá forsvarsfólki starfsbrauta. Einnig má finna upplýsingar í vefritinu Nám að loknum grunnskóla sem aðgengilegt er á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, www.menntamalaraduneyti.is

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á eyðublöðum viðkomandi framhaldsskóla. Á umsóknareyðublaðið skal einnig tilgreindur annar skóli til vara.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
17. desember 2009.
menntamálaráðuneyti.is

### Auglýsing um starfsleyfistillögur

Dagana 19. desember 2009 til 18. janúar 2010 mun starfsleyfistillögur fyrir neðanskráða starfsemi, ásamt tilheyrandi starfsreglum, skv. 1. málsgr. 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999, með síðari breytingum, liggja frammi á skrifstofu heilbrigðiseftirlits að Garðatogi 7, Garðabæ og á skrifstofu viðkomandi bæjarfélags. Einnig er hægt að skoða gögnin á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, http://www.heilbrigdiseftirlit.is.

**Hjá Hafnarfjarðarbæ, Þjónustuver að Strandgötu 6, Hafnarfirði**

| Nafn | Starfsemi | Staðsetning |
|---|---|---|
| Bergplast ehf. | Plastiðnaður | Breiðhella 2, Hafnarfirði |
| Partar ehf. | Bílapartasala | Kaplahraun 11, Hafnarfirði |
| Rafpolering ehf. | Meðferð og húðun málma | Stapahraun 3, Hafnarfirði |

**Hjá Kópavogsbæ, Þjónustuver að Fannborg 2, Kópavogi**

| Nafn | Starfsemi | Staðsetning |
|---|---|---|
| S. Helgason hf. | Grjótnám og landmótun | Lækjarbotnar, Kópavogi |
| Hundahreysti ehf | Fóðurblanda | Smiðjuvegur 4c, Kópavogi |

Rétt til athugasemda hafa eftirtaldir aðilar:

1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.

2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.

3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir sem málið varðar.

Skriflegar athugasemdir skal senda til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, pósthólf 329, 212 Garðabær. Frestur til að gera athugasemdir er til 18. janúar 2010

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

## Styrkir

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

### Verkefnasjóður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði, auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna.

Sjóðurinn mun fyrst og fremst styrkja rannsóknir á sjávarlífverum sem nú eru nytjaðar eða sem mögulegt væri að nytja. Áhersla verður lögð á verkefni sem efla rannsókna- og þróunarstarf á lífríki sjávar umhverfis Ísland og efla til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs, grunnslóðarannsóknir, þorskrannsóknir og verkefni sem tengjast þróun aðferða við nýtingu á lífverum sjávar, s.s. líftækni.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að framlag til deildar sjóðsins um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði verði hækkað um 25 m.kr. á árinu. Framlag til sjóðsins verður því 100 m.kr. á árinu 2009.

Við mat umsókna verður lögð áhersla á nýnæmi verkefnisins m.t.t. nýrrar þekkingar og/eða aukinna nýtingarmöguleika á lífríki sjávar. Veittir verða styrkir til stærri verkefna að upphæð 6 m.kr. að hámarki hvert og til smærri verkefna að hámarki 2 m.kr. hvert. Hver styrkur nemur að hámarki 50% af áætluðum heildarkostnaði viðkomandi verkefnis.

Allir geta sótt um styrki; einstaklingar, fyrirtæki, rannsókna- og háskólastofnanir. Í stærri verkefnum er sérstaklega hvatt til samstarfs mismunandi aðila með þátttöku vísindamanna víða af landinu.

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2010 og skulu umsóknir sendar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknirnar skulu einnig berast á rafrænu formi á netfangið: hulda@slr.stjr.is.

Umsóknir sem berast eftir 17. janúar 2010 verða ekki teknar gildar nema póststimpill sýni að umsóknin hafi verið póstlögð ekki síðar en þann dag.

Þeir sem hafa fengið styrk úr sjóðnum við síðustu úthlutun og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.

Nánari upplýsingar um sjóðinn og leiðbeiningar um frágang umsókna er að finna á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins www.sjavarutvegsraduneyti.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Styrkir til sveitarfélaga vegna aukinnar þjónustu við langveik börn og börn með ADHD

Auglýst er eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til verkefna sem ætlað er að efla stuðnings- og nærþjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest. Styrkir verða veittir á grundvelli samstarfssamnings félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélög geta sótt um styrki vegna verkefna á eigin vegum eða sem unnin eru í samstarfi við einstaklinga eða félagasamtök.

Styrkhæf verkefni eru:
I. Verkefni sem fela í sér félagslega stuðningsþjónustu, svo sem liðveislu og skammtímavistun til samræmis við það sem fötluð börn eiga kosta á samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.
II. Verkefni sem hafa það markmið að gera langveikum börnum á leik- og grunnskólaaldri kleift að fá sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og/eða talþjálfun í skólum sínum þegar fagleg rök mæla með því.
III. Verkefni sem fela í sér faglega leiðsögn sérfræðinga fyrir langveik börn á leik- og grunnskólaaldri sem ekki geta sótt skóla heilsu sinnar vegna.
IV. Verkefni sem fela í sér fræðslu og/eða stuðning fyrir kennara og annað starfsfólk skóla vegna nemenda með ADHD.
V. Verkefni sem miða að bættri þjónustu leik- og grunnskóla við börn með ADHD.
VI. Önnur verkefni sem lögð er áhersla á í skýrslum tveggja starfshópa frá febrúar og apríl 2008 um þjónustu við langveik börn og börn með ofvirkni og athyglisbrest.

Gert er ráð fyrir að þeim verkefnum sem hljóta styrk að þessu sinni ljúki fyrir 1. júlí 2011.

Frestur sveitarfélaga til að sækja um styrki rennur út 15. janúar 2010.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins eða á heimasíðu þess: http://www.felagsmalaraduneyti.is

Nánari upplýsingar veitir Björn Sigurbjörnsson, sérfræðingur í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Sími: 5458100, netfang: bjorn.sigurbjornsson@fel.stjr.is

Verkefnisstjórn

# Aðalfundur
## Íslensk-ameríska félagsins

Aðalfundur Íslensk-ameríska félagsins verðu haldinn miðvikudaginn 6. janúar kl. 12:00. Fundarstaður er Hús verslunarinnar, Kringlunni 7, 7. hæð. Á dagskrá eru venjubundin aðalfundarstörf skv. lögum félagsins, en þau eru:

a) Stjórn gerir grein fyrir störfum á síðastliðnu starfsári.
b) Skýrsla gjaldkera um fjárreiður félagsins. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
c) Lagabreytingar
d) Kjör stjórnar: Í stjórn sitja fimm manns og tveir til vara. Formaður skal kjörinn sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
e) Kjör endurskoðenda
1. Félagskjörinn endurskoðandi
2. Löggiltur endurskoðandi
f) Ákvörðun árgjalda
g) Önnur mál

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið kristinntg@expectus.is

Stjórn Íslensk-ameríska félagsins

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Bergsteinn í versluninni sem UNICEF á Íslandi rekur á Laugavegi 42, sömu húsakynnum og opin verða fjölskyldufólki á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Jólaleikur fjallar um persónur jólaguðspjallsins.

# Eitthvað fyrir smáfólkið

**Fjölskylduhátíð verður í miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugavegi 42 á morgun. Hún felst í sex brúðuleiksýningum yfir daginn sem eru ætlaðar börnum á leikskólaaldri og í fyrsta bekk grunnskóla.**

„Það er svona sameinuðuþjóðastemning í þessu fyrir utan hvað það er upplagt í jólaösinni að detta einhvers staðar inn með krakkagreyin og leyfa þeim að kíkja á brúðusýningu. Þau þreytast svo fljótt á búðaröltinu,“ segir Bergsteinn Jónsson, verkefnisstjóri skóla-og ungmennastarfs UNICEF á Íslandi, sem stendur fyrir sex brúðuleiksýningum á morgun í samstarfi við UNIMA. Hann tekur fram að 500 krónur kosti inn á sýningarnar fyrir hvert barn en foreldrarnir fljóti með. Heitt kakó verði líka selt á vægu verði og boðið upp á piparkökur. „Ágóðinn rennur til verkefna um allan heim í þágu bágstaddra barna,“ lofar hann.

Leikritin eru þrjú og hvert og eitt verður sýnt tvisvar yfir daginn. Þau eru Númi sem Brúðuleikhús Helgu Steffensen sýnir í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörgu. Það er byggt á sögunni um strákinn Núma með höfuðin sjö eftir Sjón og verður sýnt klukkan 10 og aftur klukkan 11. Jólaleikur heitir annað verk sem er flutt klukkan 13 og aftur klukkan 14. Það er Leikhópurinn Tíu fingur með sérstaka uppfærslu á jólaguðspjallinu í leikstjórn Þórhalls Sigurðssonar en mikil áhersla er lögð á þátttöku barnanna í salnum.



Súpan hennar Grýlu er sýningin sem rekur lestina. Helga Arnalds og Hallveig Thorlacius standa á bak við hana. Þar segir af því þegar minnsta tröll í heimi lendir í pottinum hennar Grýlu. Fyrri sýningin verður klukkan 16 og seinni klukkan 17.

Bergsteinn segir þessa litlu fjölskylduhátíð vera á vegum UNICEF, sem er Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, og UNIMA sem eru alþjóðleg samtök brúðuleikhúsfólks og hafa að hans sögn áður staðið fyrir viðburðum hér á landi þar sem sýningargestir eru leiddir inn í töfrandi heim brúðuleikhússins. *gun@frettabladid.is*




## Sólargeislar lýsa upp skammdegið

HULDA GUÐRÚN GEIRSDÓTTIR TÓNMENNTAKENNARI HEFUR GEFIÐ ÚT BARNADISKINN SÓLARGEISLA.

Hulda Guðrún er tónmenntakennari við Laugarnesskóla og stjórnar Barnakór Laugarness. Hún hefur gefið út barnadiskinn Sólargeisla en öll lögin á disknum eru eftir hana sjálfa, nema eitt sem er eftir ömmu hennar, Guðnýju Eyjólfsdóttur.

Lögin eru full af góðum boðskap og sjálfsagt góð viðbót við það barnaefni sem til er.

„Fyrir mér er hvert mannsbarn eins og sólargeisli, stundum bjartur, stundum daufur, brennir og vermir, sem sagt lífsnauðsynlegur,“ segir Hulda Guðrún, sem telur börnin það dýrmætasta í lífinu.

Á disknum syngja börn úr Barnakór Laugarness, dóttir Huldu Guðrúnar, Hugrún Britta, og tvö systrabörn hennar.

Hægt er að nálgast diskinn hjá Huldu Guðrúnu sjálfri, í Kirkjuhúsinu Laugavegi og 12 tónum Skólavörðustíg.



Börn elska að syngja.







Þú færð jólagjöfina hennar hjá okkur

Full búð af nýjum undirfötum, náttfötum og sloppum. UNDIRFATASETT FRÁ 4.990

15% afsláttur af öllum vörum eingöngu í dag

AÐ VERA TIL EINS OG

ÉG OG ÞÚ

Laugarvegur 30



Bollaleggingar



» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**JÓLATRÉ** eru fremur ný af nálinni. Elstu heimildir um skreytt tré í heimahúsum á jólum eru frá Suður-Þýskalandi á 16. öld.




NÝKOMINN SENDING AF PLASTMÓDELUM, GJAFASETTUM , LÍMI OG MÁLNINGU.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

NETHYL 2, SÍMI 5870600, WWW.TOMSTUNDAHUSID.IS




Hulda Sveinsdóttir hefur, ásamt eiginmanni sínum, byggt upp fyrirtækið RavenDesign. Jólaóróinn var fyrst gefinn út árið 2004 og síðan þá hefur hann komið út í nýrri útgáfu fyrir hver jól. Hulda býður einnig upp á servíettuhringi, glasamottur og hálsmen.



Kindaknús. Elena Teuffer er frá Þýskalandi en hefur búið á Íslandi í tæp ellefu ár. Hún fékk styrk frá Atvinnumálum kvenna í apríl og hrinti af stað taubleyjuframleiðslu. Bleyjurnar eru úr bómullarefni, án gerviefna og nýtast börnum frá fjögurra mánaða aldri.



Guðbjörg Jóna eða listakonan NaNa eins og hún kallar sig hefur stundað handavinnu alla sína tíð. Vinna með leður, skinn og roð á hug hennar allan nú um stundir og útbýr hún veski, armbönd og belti úr þessu hráefni svo nokkuð sé nefnt.

# Íslensk og þjóðleg hönnun

**Á jólamarkaðnum við Elliðavatn er í boði fjölbreytt hönnun. Áhersla er lögð á umhverfisvæna, þjóðlega en jafnframt nútímalega hönnun. Hér er greint frá nokkrum þeirra hönnuða sem koma að markaðnum.**

Síðasta helgi jólamarkaðar Skógræktarfélags Reykjavíkur við Elliðavatn stendur nú yfir. Markaðurinn hefur fest sig í sessi en þangað er hægt að sækja mikið úrval af íslensku handverki.

Nú um helgina kemur fjöldi hönnuða á markaðinn og sýnir það sem þeir hafa upp á að bjóða. Ekki fá allir sem vilja að selja hönnun sína á markaðnum, en þegar valið var inn á hann var haft að leiðarljósi að hönnunin væri umhverfisvæn, endurnýtanleg og hefði óneitanlega fagurfræðilegt og menningarlegt gildi.



Húslestur. Hönnuðurinn Ingimundur Þór Þorsteinsson er leiðsögumaður að mennt en hefur unnið sjálfstætt við hönnun í fjölda ára. Hugmyndin að bókamerkinu kviknaði síðastliðinn vetur en merkið er þjóðlegt og sameinar nokkra sterka menningarþætti: íslenska torfbæinn og húslestur í baðstofum, séríslensku stafina og rúnir.


MAXIWELL II NUDDARINN
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS

LOGY EHF - BERJARIMA 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI. 661 2580

Hálsmen
Verð 7.500 kr.

Servíetturhingurinn 2009
Verð 8.500 kr

FÉLAG ÍSLENSKRA GULLSMIÐA
ERNA
Sími 552 0775 - Skipholti 3

FATAEFNI NÝ SENDING!!
ULLAREFNI, JERSEY, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-16
Opið sunnudaginn 20 des. 13:00-17:00
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504
Vogue

BASLER

Ný sending af sparifötum.
Konukvöld mánudag 21.des.
Opið 10:00 – 22:00 þann dag
Tilboð eru í gangi á margs konar vöru tilvalinni í jólapakkann.

Opið er Mánudaga til Laugardaga 10:00 – 18:00
Sunnudaga fram að jólum 12:00 - 16:00

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963
Skipholti 29b • S. 551 0770

Gefðu hlýja gjöf

Yfirhafnir kvenna, frábært úrval!
Tilboðsslá 50% afsl.
Úlpur • Ullarjakkar/kápur • Peysur
Dúnkápur/úlpur • Húfur

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opið sunnudag 12-18
Laugardag 10-22
Virka daga 10-20

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta

# Lærði snemma að hekla og hafa af því gaman

**Fyrir utan ljósaperurnar hafa börn Fanneyjar Bjarkar Björnsdóttur húsfreyju eingöngu heklaða poka, bjöllur og engla eftir hana á jólatrjánum sínum. Sjálfri finnst henni það ekkert merkilegt.**

„Ég hef haft áhuga fyrir hekli síðan ég var sjö ára. Lærði þá að halda á heklunálinni og hún hefur verið mér handgengin síðan,“ segir Fanney Björk þegar forvitnast er um bakgrunninn að hinu fínlega, heklaða jólaskrauti sem eftir hana liggur. Hún kveðst hafa búið það til fyrst fyrir fimmtán árum og það hafi dreifst dálítið víða en vill samt ekki gera of mikið úr afköstunum. Viðurkennir þó að það sé heilmikið nostur á bak við þessa muni, sérstaklega við að ganga frá þeim, teygja, strekkja og stífa. Skyldi hún vera með sérstök form? „Já, ég finn mér eitthvað sem ég get strekkt þetta á eins og allar konur sem standa í svona. Ég er ekki sú eina,“ svarar hún. Helsta vandamálið nú um stundir segir Fanney að finna nógu sterkt stífelsi því duft sem hún notaði hafi verið tekið af markaðnum fyrir nokkrum árum.

Fanney segist yfirleitt ekki hafa gefið heklaða skrautið í jólagjafir, heldur bara þar fyrir utan. „En krakkarnir mínir eru eingöngu með svona skraut á jólatrjánum hjá sér, fyrir utan ljósin. Tengdadóttir mín er með allt rautt og það er fallegt,“ segir hún. Spurð hvort hún selji afurðirnar segir hún það hafa komið fyrir. „Um tíma voru vörur eftir mig í Jólagarðinum í Eyjafirði. Það var meðan ég bjó norður á Hofsósi.“

*gun@frettabladid.is*



Heklaða skrautið hennar Fanneyjar Bjarkar ber handbragði hennar fagurt vitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Borðskraut þarf að vera vel stífað en efni til þess liggur ekki á lausu að sögn Fanneyjar.



Sumir skreyta sín jólatré bara með rauðu.



Servíettuhringur sem puntar upp á jólaborðið.



Hvítt, gyllt og rautt fer vel bæði á hvítum og grænum greinum.



Jólastjarna sem glitrar.




Fyrsta DVD sinnar tegundar á Íslandi

Jólagjöfin hennar er sýnikennsla í förðun með Karli Berndsen

...myndbandið fæst í öllumhelstu verslunum landsins

Myndbandinu fylgir vandað hefti með ítarlegum leiðbeiningum um notkun förðunarvara ásamt ýmsum leyndarmálum



Morgunblaðið gefur Karli Berndsen DVD 3jár og hálfa stjörnu af 4jórum mögulegum

"Þessi diskur fær mann til að langa að farða sig betur og prófa nýja hluti í förðun og þá er tilganginum náð"

Karl Berndsen sýnir öll stig förðunar og umhirðu húðarinnar og hvernig á að:

- nota förðunarpenslana
- velja rétta tegund og lit á farða
- farða sig um augun og setja eyeliner
- setja á sig gerviaugnhár
- skyggja andlitið til að
- draga fram það besta
- nota primer og serum
- og margt fleira

a-design **burstasettin** og **stakir burstar** eru **tilvalin jólagjöf**

Pensla og burstasett

**Eitt af lykilatriðum í förðun** er að nota réttu förðunarpenslana og burstana. **Gæði penslanna** og burstanna felast í hönnun þeirra. Förðunarpenslarnir og burstarnir frá **a-design** eru í hæsta gæðaflokki **með bestu hárum sem völ er á.**

Beauty Bar ehf. / Hæðarsmára 4 / 201 Kópavogi / Sími 544 5959 / www.beautybar.is / beautybar@beautybar.is

Volvo S40 árg.2004 ek.97þús, leðurkl. sæti,silfurgrár. Tilboð óskast. Óverðtr. lán áhv. 1.millj. afb.ca.29þús pr.mán. S.895 0303.

## 2 milljónir +

Topp bíll til sölu. Skoda Octavia Amb Scout 2.0 TDI 4x4, 140 hö. 6 gíra. Dísel. Árg. 2008 keyrður 36 þús. Áhvílandi 1.450 þús. Upplýsingar í síma 864 1116.

## Bílar óskast

**Corolla eða Yaris óskast!**
Árg. 1998-2001 fyrir 150-300 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

**Lancer eða Micra óskast!**
Árg. 1996-2001 Fyrir 80-200 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772 5450.

## Jeppar



4x4 Pajero árg. '93. Ek. 170þ. með skoðun í toppst. ATH öll skipti, helst gömlum amerískum V. 350Þ. simi 822 7262.



Tilb. óskast í Land Rover Frelander árg. '98. sk. '09, m. bilaða vél. Gott eintak. S. 864 0500.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar



Sprinter316 árg 04 ek 130þ v/2,2+ vsk. skoða öll skipti uppl 8635228, geirkafari@simnet.is

## Hópferðabílar



**20 sæta Vario 818**
Árg. 2007, loftkæling, þriggja punkta öryggisbelti, hljóðkerfi. Ekinn 65 þ. Verðhugm. 9 millj. Skoða skipti á nýlegum og góðum 15-20 manna Sprinter. S. 894 5056.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Fjórhjól



Eigum til afgreiðslu strax eitt nýtt tveggjamanna CFMoto 500-A fjórhjól með spili, dráttarkróki og sætisbaki fyrir farþega. Upplýsingar á cfmoto@cfmoto.is eða 820-3630.




Frábær fjórhjól á betra verði. Eigum til fjórhjól frá 799 þús Fjórhjóladrifin, sjálfskipt, vatnskæld og áreiðanleg. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is



Götuskráð Sandstorm 500 2 manna 2008 árgerð álfelgur spil dráttarkrókur digitalmælar Verð 899.000.- ( lán 610þús 14þús per mán getur fylgt ) uppl í síma 848 4490.

## Lyftarar

TOYOTA
MATERIAL HANDLING



Eigum rafmagnslyftara á lager á góðu verði
TMH Iceland
S: 563 4500
www.tmh.is

## Vélsleðar

SLEÐASPORT
Breytingar - Stillingar - Varahlutir

Yamaha Genuine parts & accessories.

Erum með orginal Yamaha varahluti reimar,meiða og Yamalube olíur.

YAMAHA GENUINE Parts & Accessories

Erum með Simmons skíði undir allar tegundir af vélsleðum.

SIMMONS FLEXI-SKI®



Erum með Trillur undir vélsleða.

Sleðasport
Stórhöfða 35 (að neðanverðu)
Sími: 587 2470.

## Bátar

Sennilega ódýrustu skrúfurnar á markaðnum Útvega koparskrúfur á allar gerðir báta, beint frá framleiðanda upplýsingar á www.somiboats.is Óskar 0046704051340.

Óska eftir grásleppuleyfi, netaúthaldi, netaspili á 8 tonna bát. S. 421 3650 & 822 3651.

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020

## Vinnuvélar



2 pósta lyfta steinhoj árgerð 1991 ny skoðuð til 2011 þarf að skipta um legur verð 200 þús 7706400

## Aukahlutir í bíla



Þarf ekki að koma jeppanum í jólabúninginn ? Frábær 17X10' álfelga á jólatilboði á aðeins 24,990,- SÉRSTAKT JÓLATILBOÐ. 17' ION felgur og 33' dekk á aðeins 289,900,- með umfelgun. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

## Til sölu

**Lýstu upp jólapakkann!**
**Vasaljós-Höfuðljós-Jeppaljós**




Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

## Til sölu

**Eigum til mikið af skóflum á minni beltavélar á frábærum verðum**



**Þrjár stærðir til á lager:**

400 mm breidd, 4 tennur
kr 22.000 +VSK

470 mm breidd, 4 tennur
kr 25.000 +VSK

1000 mm jöfnunarskófla
kr 29.000 +VSK

**Takmarkað magn!**



**Hyster P2.0**
2 stk til á lager

kr 890.000 + VSK



**Hyster P1.6**
4 stk til á lager

kr 490.000 + VSK



**Palfinger krani PK-16502**
Lyftigeta 16 tm

5 vökvaútskot,
1 handútdregið,
fjarstýring

kr 6.500.000 + VSK



**Hydromann 1500s**
Snjóblásari

kr 450.000 + VSK

**Lyftaradekk á gömlum innkaupsverðum!**



**Eigum til allar stærðir og gerðir af lyftaradekkjum á gömlum innkaupsverðum og bjóðum nú 30% afslátt af öllum dekkjum!**

VÉLAR ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 - 110 Reykjavík
Sími 5 800 200 - www.velar.is



Risarækjur í kókos-salsa að hætti Elínar.

# Framandi forréttur FYRIR SÆLKERA

Elín Albertsdóttir hefur hefur dálæti á matargerð. Hér er ein uppskrifta hennar, risarækjur með kókó-salsa og parmesan-brauði sem hentar sem forréttur.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á matargerð og er alltaf að prófa nýja rétti," segir Elín Albertsdóttir, blaðamaður og rithöfundur. „Mín uppáhalds stöð er BBC Lifestyle þar sem boðið er upp á skemmtilega matreiðsluþætti. Það var einmitt í einum slíkum sem ég fékk uppskriftina að því sem ég nefni Rækjurétt undrabarnsins. Ég myndi nefnilega þora að bjóða Ashkenazy-hjónunum upp á þennan rétt en parmesan-brauðið baka ég oft og er vinsælt hjá fjölskyldunni. Þórunn og Vladimir eru miklir sælkærar og góðu vön þar sem þau borða á bestu veitingahúsum í heimi árið um kring."

Elín hefur einmitt haft góð kynni af Þórunni þetta árið en þær hafa verið í miklu sambandi þar sem Elín skrifaði ævisögu hennar, Íslenska undrabarnið, sem kom út núna fyrir jólin. Hún viðurkennir að þetta sé nokkuð sérstök aðventa. „Það er vissulega skrítin tilfinning að vera hinum megin við borðið, ég er vanari að taka viðtöl við rithöfunda og segja frá nýútkomnum verkum þeirra. Núna hef ég nóg að gera við að lesa upp upp úr bókinni minni og kynna hina óvenjulegu lífssögu Þórunnar, þessa undrabarns sem flutti fyrst til Sovétríkjanna, flúði þaðan og hefur ferðast um allan heim með eiginmanni sínum og upplifað geysimargt," segir Elín og brosir.

- uhj



Elínu finnst gaman að elda og er alltaf að prófa nýjar uppskriftir.

## RISARÆKJUR MEÐ KÓKOS-SALSA OG PARMESAN BRAUÐI

*Forréttur fyrir einn*

### RISARÆKJUR

**5 risarækjur, skelflettar og hreinsaðar**
**Marínering (má líka nota á fisk eða kjúkling)**
**3 msk. tamarind paste (fæst í Asian)**
**safi úr ½ límónu**
**safi úr ½ sítrónu**
**1 msk. fljótandi hunang**
**1 msk. sojasósa**
**100 g Panko-brauðrasp (fæst í Asian)**
**1 msk. ristuð sesamfræ (má sleppa)**
**handfylli af blönduðu salati**
**Olía til djúpsteikingar.**

### KÓKOS-SALSA

**¼ rauður laukur, smátt skorinn**
**¼ mangó, í smáum bitum**
**¼ papaya, í smáum bitum**
**1 rauður chili, smátt skorinn**
**5 g kókosflögur**
**10 ml kókósrjómi (fæst í Asian)**
**1 msk. ólífuolía**

*Blandið saman í skál tamarind paste, hunangi, límónusafa, sítrónusafa og sojasósu. Leggið rækjur í blöndu og látið standa í minnst klukkustund. Takið rækjur og veltið þeim upp úr Panko-brauðraspi og djúpsteikið í stutta stund. Setjið allt sem á að fara í salsaósuna í skál og blandið vel saman.*

*Setjið handfylli af salatblöndu fallega á disk. Raðið rækjum í hring ofan á. Stráið sesamfræjum yfir. Setjið kókossalsablönduna loks ofan á allt saman eða til hliðar eftir smekk.*



### PARMESAN-BRAUÐ

**500 g hveiti (blár Kornax-poki)**
**2 msk. olía**
**1 msk. Maldon-salt**
**30 g pressuger (fæst til dæmis í Fjarðarkaupum)**
**1 msk. fljótandi hunang**
**1 dós hrein jógúrt eða hálf dós grísk jógúrt**
**um það bil 2 dl volgt vatn**
**Parmesan-ostur**
**Ólífuolía**

*Leysið pressuger upp í rúmlega 1 dl af volgu vatni og hunangi. Hnoðið saman hveiti, olíu, jógúrt og salti. Bætið gerblöndu út í og hnoðið vel. Bætið vatni við ef með þarf. Látið deig hefast í minnst 40 mínútur. Ef nægur tími gefst er best að slá það niður og láta hefast tvisvar. Uppskrift getur dugað í þrjú lítil snittubrauð eða tvö stærri. Gerið lengjur úr deigi, skerið í það raufar, vætið með ólífuolíu og stráið síðan ríflega af parmesan-osti yfir. Setjið í 200° C heitan ofn í 20-25 mínútur. Gott er að smyrja brauðið með mjúkum geitaosti eða ólífumauki, eða eftir smekk.*


















Hér er borðið dekkað að hætti Tinnu hjá JT veitingum en hún útskrifaðist úr Hótel- og matvælaskólanum í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Höfðingjar og PRINSESSUR Á BORÐUM

Tinna Óðinsdóttir, veitingastjóri hjá JT veitingum á Hótel Loftleiðum, sýnir lesendum hvernig brjóta á saman servíettur sem koma vel út á veisluborðinu um jólin.

Tinna er ekki framreiðslukona af verri endanum, þar sem hún útskrifaðist frá Hótel og matvælaskólanum síðasta vor með hæstu einkunn sem þar hefur sést. Servíettubrotin sem hún sýnir kallast Höfðinginn og Prinsessan. „Nú þegar fólk fer að huga að jólaboðunum er gaman að bera fram mat á fallega uppdekkað borð. Munnþurrkur má brjóta bæði úr bréfi og taui en best að hafa þær stórar eða um 40x40 cm,“ segir hún og óskar lesendum góðrar skemmtunar. - nrg

## SERVÍETTUBROT: PRINSESSAN



1. skref: Brjótið munnþurrkuna fram og aftur í sex jafna hluta.



2. skref: Brjótið báðum megin, inn að miðju, eins og myndin sýnir.



3. skref: Lyftið hverju broti og þrýstið miðjunni niður til að móta þríhyrning.



4. skref: Haldið áfram þar til öllum brotum hefur verið þrykkt.



5. skref: Hagræðið munnþurrkunni og reisið hana upp.

## SERVÍETTUBROT: HÖFÐINGI



1. skref: Brjótið munnþurrkuna í fjóra jafna hluta.




2. og 3. skref: Látið lausu jaðrana snúa að ykkur og brjótið alla endana upp með 1-2 cm millibili.



4. skref: Snúið munnþurrkunni við og brjótið annað hornið tvisvar inn og hitt hornið einu sinni.



5. skref: Brjótið hitt hornið alveg inn og stingið jöðrunum inn á bakvið.



6. skref: Reisið munnþurrkuna upp, hagræðið og flettið niður endunum.

## EGGJAPÚNS Á AÐVENTUNNI

Eggjapúns, eða eggnog eins og það heitir á frummálinu, er ættað frá Englandi og nýtur þar mikilla vinsælda um jólin. Púnsið er aðallega gert úr heitri mjólk, eggjarauðu, sykri og svo er áfengi bætt út, til dæmis viskíi og koníaki. Hægt er hita bjór og setja út í í stað koníaks en útkoman verður þá frekar súpa heldur en drykkur. Meðfylgjandi er uppskrift að eggjapúnsi.

**6 egg (rauða og hvíta aðskilin)**
**1½ til 2 dl sykur**
**½ dl viskí**
**1 dl koníak**
**2½ dl mjólk**
**¼ tsk. salt**
**4½ til 5 dl rjómi**



*Þeytið eggjarauður í sykri þar til blandan verður þykkt, ljósleitt krem. Hellið næst mjólk, viskíi og koníaki út í og hrærið á meðalhraða. Leyfið blöndu að kólna í 2 til 3 klst. Þeytið eggjahvítur og salt á meðan – stífþeytið þó ekki – þar til úr verður þykk froða. Stífþeytið hins vegar rjóma og setjið út í eggjablöndu. Bætið eggjahvítum næst við, hrærið saman og kælið í um klst. fram að framleiðslu. Berið fram í litlum bollum eða glösum, en uppskriftin á að duga í um tuttugu slík.*



## TRÖNUBERJASÓSA MEÐ FUGLAKJÖTI

Trönuberjasósa er ein af einföldustu sósum sem hægt er að gera og passar sérstaklega vel með flestu kjöti – og ekki er verra að hafa jafnvel eina tegund af rjómasósu með. Þessi uppskrift er sérstaklega þægileg:

**1 bolli sykur**
**1 bolli vatn**
**4 bollar fersk eða frosin trönuber**

*Við þennan grunn getur svo fólk bætt út í því sem það langar til. Má þar leggja til rúsínur, pekanhnetur, bláber, kanil og múskat.*

*Byrjið á því að þvo berin. Hitið þarnæst vatnið og sykurinn að suðu og hrærið vel í á meðan. Setjið berin út í og látið þau malla í tíu mínútur. Þegar þessu er lokið má bæta við því aukahráefni sem mann lystir. Látið sósuna kólna við stofuhita og þegar hún hefur náð stofuhita skal hún færð í ísskápinn. Sósan þykknar því meira sem hún kólnar.* - jma



## HJÁLPSÖM JÓLABÖRN

Jólalagadrottningin Helga Möller söng á sínum tíma um að aðfangadagskvöld væri enn barnahátíðin mest og best og það eru orð að sönnu. Hins vegar vill bregða við að blessuð börnin gleymist í stressinu og tímaskortinum í aðdraganda jólanna, en fátt gæti mögulega verið fjær hinum sanna jólaanda. Því er ástæða til að brýna fyrir fólki mikilvægi þess að yngsta fólkið fái að taka þátt í undirbúningi fyrir jólin. Flest börn hafa gaman af því að fá að hjálpa til, hvort sem það er við smákökubakstur, skreytingar eða í raun hvað sem er. Slíkt styttir líka biðina löngu eftir sjálfri barnahátíðinni, aðfangadagskvöldi.




# Hryggur og hnetusteik

Parið Arnar og Shauna ver aðfangadagskvöldi í góðu yfirlæti heima hjá fjölskyldu Arnars. Þau snæða þó ekki sama hátíðarmatinn.

Hjá minni fjölskyldu hefur maturinn á aðfangadagskvöld alltaf verið eins íslenskur og hann gerist. Það er hinn sígildi hamborgarhryggur með brúnni sósu, sykruðum kartöflum, rauðkáli og fleira meðlæti. Eftirrétturinn fer svo eftir stemningunni hjá mömmu hverju sinni,“ segir Arnar Hafliðason efnafræðingur, spurður um jólamatarhefðir í fjölskyldunni. Arnar og kærastan hans, listfræðingurinn Shauna Laurel Jones frá Bandaríkjunum, fara í matarboð hjá fjölskyldu Arnars á aðfangadagskvöld, en Shauna er grænmetisæta og gæðir sér því eðlilega ekki á hryggnum.

Arnar og Shauna hafa verið saman í tvö ár. Shauna fluttist til Íslands árið 2007 en hafði áður eytt tveimur jólum hér á landi. Hún segir það ákveðna áskorun að fara í matarboð til fólks, sérstaklega í kringum jólin þegar kjöt er á borðum á langflestum heimilum landsins. „En allir eru hjálpsamir og liðlegir í þessum málum,“ segir Shauna. „Mamma Arnars hefur verið mjög dugleg við að finna upp á nýjum réttum til að elda og um síðustu jól fékk ég til dæmis hnetusteik á aðfangadagskvöld. Hinir við borðið fengu sér litla sneið af henni fyrir kurteisissakir og það má segja að flestir verði dálítið undrandi þegar þeir uppgötva að maturinn sem grænmetisætur borða er oftast góður.“

Arnar segir jólaskapið aukast með hverju árinu eftir að fullorðinsárin tóku við af gelgjunni. Þar spili inn í að bróðir hans eigi nú börn sem gaman sé að gleðjast með yfir hátíðirnar. Shauna tekur í sama streng og segir desember vera sinn eftirlætismánuð á Íslandi. „Ég held að stressið vegna jólagjafakaupa og slíks sé svipað mikið hér og í Bandaríkjunum. Við höfum venjulega lokið öllum undirbúningi á Þorláksmessu, en mér finnst mjög gaman að rölta um í örtröðinni á Laugaveginum og fylgjast með öllum hinum fara á taugum,“ segir Shauna og hlær.

Parið kynntist rétt fyrir jólin 2007, en þá var Shauna á leið til Bandaríkjanna til að heimsækja fjölskyldu sína yfir hátíðirnar. „Hann sótti mig svo á gamlársdag og við eyddum gamlárskvöldinu heima hjá fjölskyldunni hans, sem var dálítið stórt skref eftir að hafa aðeins þekkst í nokkra daga. Þetta var mjög rómantískt, og ekki skemmir fyrir að á hverju ári er skotið upp hundruðum þúsunda af flugeldum á sambandsafmælinu okkar,“ segir hún. - kg



**Shauna er mikið fyrir jólaskreytingar eins og sést á heimili þeirra skötuhjúa. Arnar er ekki jafn upptekinn af skrautinu, en „gerir það sem honum er sagt“ eins og hann orðar það.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Ferðalög

Kemur út 28. desember

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband

Benedikt Freyr • Benediktj@365.is • Sími 5125411



Áramót

Kemur út 29. desember

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband

Benedikt Freyr • Benediktj@365.is • Sími 5125411

Bjarni Þór • Bjarnithor@365.is • Sími 5125471

Hlynur Þór • hlynurs@365.is • Sími 5125439

Sigríður Dagný • sigridurdagny@365.is • Sími 5125462


## STÖKKAR OG GÓÐAR

Í bókinni Matarást eftir Nönnu Rögnvaldardóttur kemur fram að speculaas séu hálfgerðar piparkökur upprunalega frá Suður-Þýskalandi, þótt þær njóti vinsælda víðar og gjarnan bornar á borð 6. desember á messudegi heilags Nikulásar, sem er fyrirmynd jólasveinsins. Uppskrift að kökunum er að finna í sömu bók en hún er eins og hér segir:

**250 g smjör**
**250 g sykur**
**1 egg**
**1/2 tsk. kanill**
**1/2 tsk. engifer**
**1/2 tsk. negull**
**1/2 tsk. kardimommur**
**steyttar**
**375 g hveiti**



*Hrærið smjör og sykur vel saman, bætið því næst eggi ásamt kryddi og 2-3 msk. af hveiti í og hrærið. Hnoðið afganginum af hveiti saman við og geymið deigið í kæli í nokkrar klukkustundir. Hitið ofninn í 200 gráður, fletjið út deigið og stingið úr því stjörnur, tígla og önnur skemmtileg form. Setjið á plötu klædda bökunarpappír og bakið ofarlega í ofni í um tíu mínútur.*

## BLANDA AF ÝMSU

Fyrir þá sem þjást af valkvíða varðandi jólaeftirréttinn í ár er sniðug lausn að blanda saman á einn disk öllu því sem fjölskyldunni þykir best. Þannig má gera jólabúðing og setja þar með smá bút af góðri jólaköku, tvær kúlur af ís og hella yfir einhverri stórkostlegri sósu. Fréttablaðið mælir með vanillusósu:

**½ bolli sykur**
**1 msk. maísmjöl**
**1 bolli soðið vatn**
**2 msk. smjör**
**1 tsk. vanilludropar**
**smá salt**



*Hrærið sykurinn og maísmjölið upp í soðnu vatni. Látið malla í fimm mínútur og hrærið stöðugt í blöndunni á meðan. Hrærið þá saman við smjörinu, vanilludropunum og bætið við örlitlu salti. Berið sósuna fram heita.*

# 21.DES
## kl.19-21

904-1000 kr. 1.000
904-2000 kr. 2.000
904-3000 kr. 3.000
Frjáls framlög www.jolagjofin.is

**JÓLAGJÖFIN** rennur óskert í einn sjóð og skiptist jafnt á milli eftirtalinna félaga:
Mæðrastyrksnefnda
ABC-barnahjálpar
Rauða kross Íslands
Stígamóta
ENZA




# STYRKTARTÓNLEIKAR
## ABC - MÆÐRASTYRKSNEFND - RAUÐI KROSSINN - STÍGAMÓT - ENZA

Hjálparsími Rauða krossins 1717 er símaþjónusta fyrir fólk í vanda. Þar er veitt ráðgjöf til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda t.d. vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.

Öll getum við átt erfið skeið í lífinu og orðið fyrir áföllum, þá er gott að vita af einhverjum sem er tilbúinn að hlusta og veita sálrænan stuðning.




Með framlagi þínu gerir þú okkur kleift að halda áfram á sömu braut, að veita ókeypis sólarhringsþjónustu fyrir þá sem þurfa að létta á hjarta sínu.

Rauði kross Íslands

**BEIN ÚTSENDING 21.DES. kl.18:55-19:25**

## 2 ÍSLAND Í DAG
## JÓLAÞORPINU
### HAFNARFIRÐI

Jóla gjöfin
jolagjofin.is

KOSTAÐ AF
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK


Súpan hefur reynst vel og verið í forrétt hjá Völu frá því um aldamótin.

# Frískandi forréttur

Hjá Völu Ósk Bergsveinsdóttur hefur meinholl og frískandi gulrótarsúpa verið í forrétt á aðfangadag undanfarin ár. Hnetusteik fylgir svo á eftir.

Um aldamótin ákvað ég að hætta að borða kjöt og varð því aðeins að endurhugsa aðfangadag. Ég held jólin með foreldrum mínum og bróður og var fjölskyldan alveg tilbúin til að breyta til. Þegar ég var barn höfðum við yfirleitt sveppa- eða aspassúpu í forrétt en gulrótarsúpan hefur verið á borðum síðan 1999,“ segir enskukennarinn og blaðamaðurinn Vala Ósk Bergsveinsdóttir.

Vala borðar hnetusteik með tómatchilli-sósu í aðalrétt og hefur hún alltaf tekist vel. „Með henni



höfum við svo alltaf hefðbundið meðlæti.“ Síðustu tvö ár hafa foreldrar Völu og bróðir hins vegar líka viljað borða bayonneskinku og jafnvel hangikjöt. „Því má segja að það sé nokkuð margréttað hjá okkur.“

Súpuuppskriftina fékk Vala hjá svissneskum sælkera en hefur betrumbætt hana með engifer. „Ég ber súpuna helst fram spari en viðurkenni að ég stelst stundum til að gera hana hversdags.“

Í dag borðar Vala fisk og kjúkling en sniðgengur enn rautt kjöt. Hún hefur gaman af því að elda en er þó misdugleg við það. „Ég tek mínar syrpur í hinu og þessu.“ - ve


Vala ber súpuna aðallega fram spari en stelst þó stundum til að gera hana hversdags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## LIME OG ENGIFERGULRÓTARSÚPA

*Fyrir 4*

**1 blaðlaukur**
**350 g gulrætur**
**750 ml af soðnu vatni með grænmetiskrafti**
**1 lime**
**rifið engifer eftir smekk**
**salt og pipar**

*Gulrætur skornar smátt og blaðlaukurinn líka. Smjörsteikið á pönnu í um tíu mínútur. Færið yfir í pott og blandið grænmetiskraftsblöndu við. Sjóðið þar til grænmetið er orðið meyrt. Kryddið eftir smekk og bætið engifer út í. Leyfið súpu að kólna í um tuttugu mínútur og færið hana svo yfir í matvinnsluvél. Maukið súpuna og færið hana svo aftur í pott og hitið upp við lágan hita. Bætið lime út í, smakkið til og berið á borð.*

Hnetusteik
í jólaboðið




Hnetusteikin er til sölu í Borgartúni, Hæðarsmára og Hafnarborg Hafnarfirði. Munið að panta tímanlega.

maður lifandi

Borgartún 24, sími 585 8700 • Hæðasmári 6, sími 585 8710 • Hafnarborg, sími 585 8720 www.madurlifandi.is

LEYNIVOPNIÐ


Hjónin Stefán Halldórsson og Hjördís Andrésdóttir með syni sínum, Davíð Funa, fjögurra ára, og pottasettið og kryddin góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# POTTASETT ÚR TANNLÆKNASTÁLI

„Ætli ég verði bara ekki að segja Saladmaster-pottasettið mitt, pottar og pönnur sem fást aðeins keypt á heimakynningum,“ segir Hjördís Andrésdóttir, verslunarstjóri Aktu taktu við Skúlagötu, beðin um að ljóstra upp hvaða leynivopnum hún lumi á í eldhúsinu. Settið er gert úr tannlæknastáli og eru allir pottar og pönnur tvöfaldir sem gerir það að verkum að áhöldin hitna jafn mikið á hliðum og í botninum, sem tryggir góða eldun. „Þetta er önnur af tveimur bestu fjárfestingum sem ég gert um ævina, en hin er hlaupabrettið mitt,“ segir hún og hlær.

En hvað á að hafa í matinn um jólin? „Við verðum með hamborgarhrygg og lambahrygg á aðfangadagskvöld, hangikjöt á jóladag, líklega afganga á öðrum í jólum og svo nautakjöt á gamlársdag,“ svarar Hjördís og segir að þar komi að góðu gagni kryddblöndur sem hún og sambýlismaður hennar Stefán Halldórsson hafa framleitt um nokkurra ára skeið. „Bezt á kalkúninn gerir til dæmis allar brúnar sósur betri, og er ekki endilega bundinn við þá tilteknu kjöttegund sem nafnið gefur til kynna – frekar en hin kryddin okkar. Tilvalið er að leika sér með tegundirnar og bara prófa sig áfram.“ - rve

## TVÖFÖLD ÁNÆGJA

Jólin eru ekki síður tími sætinda en matarkræsinga. Meðfylgjandi eru uppskiftir að tveimur einföldum og góðum sykurbombum.

**Nutty Irishman (Óður Íri)**
**0,3 dl (1 skot) Bailey's Irish cream**
**0,3 dl (1 skot) Frangelico heslihnetulíkjör**
**0,3 dl rjómi**
**Klaki**

*Setjið Baileys, Frangelico heslihentulíkjör og slatta af klaka í kokkteilhristara. Hristið vel. Síið blönduna í kokkteilglas. Berið fram. Athugið að Irish viskí má nota í stað Baileys.*

### EPLAÍS Í EFTIRRÉTT

**500 g epli, niðurskorin og afhýdd**
**2 msk. sítrónusafi**
**75 g sykur**
**örlítill kanill**
**2 tsk. rifsberjahlaup**
**280 ml rjómi**
**Minta, niðurskorin (má sleppa)**

*Hitið niðurskorin epli, sítrónusafa og sykur á pönnu með loki við vægan hita í 5-6 mín., svo úr verði mjúk blanda. Bætið kanil og rifsberjahlaupi út í og látið kólna. Stífþeytið rjóma og bætið við. Setjið í plastílát með loki og frystið í hálftíma. Hrærið í „ísblöndunni" og frystið í 4 til 5 tíma. Niðurskorin mynta er gott skraut.*





## EPLA-CIDER

Heitur epla-cider er víða vinsæll drykkur um þetta leyti árs og getur vel komið í staðinn fyrir kakó eða jólaglögg. Til eru nokkrar útgáfur að drykknum og hér er ein:

**6 bollar epla-cider**
**¼ bollar maple-síróp**
**2 kanelstönglar**
**6 negulnaglar**
**¼ tsk. múskat (má sleppa)**
**¼ tsk. engifer (má sleppa)**

*Hellið öllu í stóran pott og látið suðuna koma upp. Látið sjóða í tíu mínútur. Berið fram heitt og skreytið með kanelstöng, sítrónu- eða appelsínuskífum.*



## PÖSSUM UPP Á DÝRIN

Góðmennskan á til að hellast yfir þá sem komast í verulega gott jólaskap og er það vel. Þó er vert að hafa í huga að allt er best í hófi, og á það vel við um gæludýrin okkar.

Vert er að hafa í huga að þótt mannfólkið geri óvenju vel við sig í mat og drykk er ekki ástæða til að yfirfæra þær vellystingar yfir á dýrin. Mikilvægt er að reyna eftir bestu getu að halda sama takti í fóðri dýranna og gengur árið um kring, því allar stórar sveiflur í þeim efnum geta haft óþægindi í för með sér fyrir dýrin og í versta falli reynst stórhættulegar.

Okkur mannfólkinu finnst kannski eðlilegt að dýrin fái sömu meðferð og við um jólin, en heillavænlegast er að halda slíku í lágmarki.



ATARNA

Holda
KALKÚNN

Kalkúnn - hollur hátíðarmatur

• Fitusnauður og léttur í maga
• Inniheldur engin aukaefni
• Drjúgur veislumatur
• Margvíslegir möguleikar á fyllingum

Fjöldi uppskrifta á kalkunn.is

Íslensk framleiðsla


Réttinn má einnig bera fram í tartalettum sem forrétt.

# Brotahumar Á PASTABEÐI

Halldór G. Eyjólfsson, forstjóri hjá 66° Norður, starfaði sem sjómaður í ein átta ár. Í gegnum starf sitt á sjónum kynntist hann meðal annars humarnum og lærði að elda hann í góða veislurétti.

Ég keypti humarinn oftar en ekki af einhverjum köllum suður með sjó; svo er ég búinn að sjá það núna að maður getur keypt hann á 2.000 krónur kílóið ef maður fylgist með tilboðum," segir Halldór og bætir við að honum finnist humarinn hlutfallslega ekki svo dýr matur, til dæmis í samanburði við ýsu eða smálúðu.

Það hefur sýnt sig að humar hentar vel á veisluborðið og var Halldór svo vænn að elda girnilegan humarrétt og ljóstra upp uppskriftinni. „Rétturinn sem ég valdi heitir einfaldlega humarpasta. Við notum hann í forrétt á jólunum en fáum okkur hann líka annað slagið yfir árið þegar við fáum góða gesti í heimsókn," segir Halldór, sem er nokkuð fróður um uppruna humarsins og hvað verður um hann þegar honum er skipað upp. „Þetta sem við Íslendingar fáum er í raun það sem kallast brotahumar. Það er náttúrlega mismunandi hvernig hann kemur upp úr bátnum; alltaf þarf að henda frá, tína út það sem er brotið eða marið eða situr neðst í kössunum og trollinu og fleira. Þeir stærstu og best útlítandi eru yfirleitt fluttir út," útskýrir hann. - nrg


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Halldór G. Eyjólfsson og fjölskylda hans eru oft með alls kyns humarrétti í forrétt um jólin.

## HUMARPASTA YFIR HÁTÍÐIRNAR

*Fyrir fjóra (eða tólf)*

**1 stk. rauð paprika**
**½ rauðlaukur**
**1 box af sveppum**
**24 stk. skelflettur humar**
**400 ml matreiðslurjómi**
**svartur pipar**
**sítrónupipar**
**hvítlaukssalt**

*Saxið papriku, rauðlauk og sveppi smátt. Steikið á pönnu. Bætið síðan humrinum við í lokin og hellið matreiðslurjóma yfir. Kryddið eftir smekk.*

*Tagliatelle-pasta er soðið sér, sett á disk og síðan humar og sósa yfir á hvern disk. Séu tartalettur notaðar má reikna með tveimur tartalettum á mann og einn humar í hverja.*






## margt smátt



**MATREIÐSLUBÓKIN** Réttir úr ríki Vatnajökuls eftir Halldór Halldórsson, kokk á Hótel Höfn, kom út í byrjun desember. Aðalhráefni í hverjum rétti sem þar kemur við sögu er hornfirskt og skemmtilegir textar um það lífga upp á bókina. Hana prýða líka myndir sem hornfirskir áhugaljósmyndarar hafa tekið. Í Reykjavík er bókin til sölu í bændamarkaðinum Frú Laugu á Laugalæk. Einnig er hægt að panta hana í síma 692-5624 og á halhal@simnet.is.



**SULTUÐ EPLI** eru gott meðlæti með villibráð, til dæmis gæs. Þau verða til með því að sjóða saman 4 epli niðursneidd, 4 msk. sykur, 2 msk. engiferrót og 1 dl balsamikedik í fimm mínútur. Er hér miðað við að fjórir sitji til borðs.



**ORÐIÐ TAPAS** þýðir lok og tengingin við tapasréttina er talin koma frá þeim gamla sið að setja brauðbita eða skinkusneið yfir vínglas til að halds skordýrum frá. Þetta ætilega lok var undanfari tapasréttanna en tilgangurinn með smáréttunum var að halda líkamanum gangandi fram að næsta matmálstíma.



**ÞEGAR HINN VINSÆLI RÉTTUR** ris a l'amande er búinn til er gott að byrja á að bræða matskeið af smjöri í pottinum til að mjólkin brenni síður við og myndi skófir í botninum.



**GOTT KJÖT** á aldrei að fara til spillis. Það getur verið lystugt kalt ef það er skorið þunnt niður og skreytt. Þá er kartöflugratín upplagt meðlæti. Það er gert með því að skera afhýddar kartöflur í þunnar sneiðar, setja þær í smurt eldfast form og strá múskati og nýmöluðum pipar yfir. Hella síðan rjóma út á, hafa rifinn ost með smá smjörklípum efst og baka í 30 mínútur við 180 gráður.

## Gómsætar vefsíður

Á matarvefsíðu breska ríkisútvarpsins, bbc.co.uk/food, er að finna yfir tíu þúsund girnilegar uppskriftir. Margar þeirra henta vel fyrir hátíðirnar, sérstaklega fyrir þá sem eru dálítið breskir í sér og kunna vel að meta búðinga, rommsósur og þar fram eftir götunum.



Þeir sem eru sammála Madonnu í því að „Italians do it better“ ættu að líta inn á síðuna chow.com. Þar má meðal annars finna rammítalska útgáfu af jólamatarveislu, auk fleiri uppskrifta sem líta vel út.




Smittenkitchen.com er hreint út sagt hrikalega lokkandi vefsíða og eru uppskriftirnar að eftirréttunum sérlega girnilegar.



## VIÐ MÆLUM MEÐ...



**...HEIMAGERÐU RAUÐKÁLI** Það hljómar flókið en er það alls ekki. Rauðkálið er skorið í strimla. Sykur bræddur á pönnu, smá smjöri bætt út í og jafnvel rjóma ef menn vilja. Að lokum er rauðkálið sett út í og velt upp úr sykrinum.



**...AÐ REYNA EITTHVAÐ NÝTT** Jólin eru tími hefða, það er engin spurning. Hins vegar er ekkert sem bannar að skipta hamborgarhryggnum, rjúpunni eða hangikjötinu út fyrir eitthvað alveg nýtt. Hvernig væri að prófa að elda kalkún, önd eða jafnvel grænmetisrétt á jólunum?



**...JÓLABLÖNDU** af appelsíni og jólaöli eða malti. Hún er klassísk, hún er bragðgóð og passar með öllum jólamat. Alger óþarfi að skipta slíkri íslenskri hefð út fyrir nokkuð annað.

**...SERVÍETTUHRINGJUM** eða fallegum servíettubrotum. Þótt ekkert annað skraut sé á matarborðinu geta fallegar servíettur brugðið hátíðarblæ á allt borðhaldið.





# Saeco kaffivélar

*– mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil*

ALLT FYRIR ELDHÚSIÐ



**Saeco Xsmall**
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- 1500 wött
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Framhlið vélar úr plasti

VERÐ **79.990**



**Saeco Odea Go**
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- 1500 wött
- Baunahólf: 180 gr
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 15 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Á snúningsfæti

VERÐ **89.990**



**Saeco Syntia**
- Digital skjár
- Vél úr stáli
- Stál bollahaldari
- Tveir katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello stál flóunarstútur
- 1400 wött
- Baunahólf: 250 gr
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Framhlið vélar úr plasti

VERÐ **149.990**

## *Flottir pottar og pönnur sem passa á allar tegundir helluborða – Líka á spansuðu – Frábært verð!*



ibili



**NOKKUR VERÐDÆMI**

| | | |
|---|---|---|
| 22sm | PANNA | 3.990 |
| 26sm | PANNA | 4.990 |
| 28sm | PANNA | 5.990 |
| 30sm | PANNA | 6.490 |
| 16sm | POTTUR | 1.990 |
| 18sm | POTTUR | 2.490 |
| 20sm | POTTUR | 3.490 |
| 24sm | POTTUR | 4.990 |

## KitchenAid JÓLATILBOÐ

*Glæsileg 90 ára afmælis glerskál að andvirði kr. 17.900 fylgir öllum KitchenAid hrærivélum*





*Fæst í mörgum litum*
*Verð frá kr. 79.900*



*Einnig fylgir vélinni frábær KitchenAid matreiðslubók !*

## SEVERIN *Frábær kaup í smátækjum*



**Severin WK3360**
Nettur 1 lítra 1000w KETILL sem slekkur sjálfvirkt á sér eftir notkun.

VERÐ **3.990**



**Severin SM3807**
200w TÖFRASPROTI með skál og 2 hraðastillingum. Veggfesting fylgir.

VERÐ **5.490**



**Severin BM3983**
1000g BRAUÐVÉL með LCD skjá, 12 stillingum fyrir brauð, kökur ofl. 3 skorpustillingar og tímastillir.

VERÐ **15.990**



**Severin SM3717**
1,75 lítra BLANDARI með glerkönnu. 600 wött.

VERÐ **7.890**



**Severin KA5700**
1450w Café Caprice KAFFIKANNA sem sýður vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

TILBOÐ **16.900**
FULLT VERÐ **19.990**



**Severin WA2101**
900W stál vöfflujárn með viðloðunarfríri húð, gaumljósi og stiglausum hitastilli.

VERÐ **6.790**



**WilliamBounds** Hágæða pipar- og saltkvarnir
*- handgerðar með dassi af sköpunargleði*
***Verð frá kr. 5.990***

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til Sölu nánast ný skrifstofuhúsgögn frá Á Guðmundssyni. 2 stk skenkar 1 stk fundarborð+6stólar 2 stk skjalahyrslur 1 stk skilrúm 2 stk Uskrifborð+hjólaskenkur uppl. í síma 699 3090.

## Málverk




## Dýrahald


Chinese crested hvolpur til sölu Powder puff rakki, Uppl. 6984047


Til sölu Amerískir Cokker Spanjel m. ættbók frá HRFI. V. 150 þús. S. 894 0255.


English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.


Högni fæst gefins. 1,5árs hvítur og fallegur og mjög skemmtilegur. Allt fylgir með. Nánari uppl. í s. 820 4062.

Til sölu yndisleg hvít mini poodle hvolpur. Tilbúnir 1. des, þá 8 vikna. S. 896 2114.

Gullfallegir hvolpar Japanese Chin. Örmerktir, bólusettir og með ættbók. S: 554 5470.

Mjög fallegir Miniature Pinscher hvolpar til sölu. Ættbók frá íshundum. Uppl. í s. 773 4991.

**Tibet Spanjol**
Er með einn gullfallegann og yndislegann 9 vikna prins sem er tilbúinn að fara á gott heimili. Smáhundur, loðinn með smá klesst tríni til sölu. Ættbók HRFÍ. Uppl. í s. 690 4716.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

## Ýmislegt

**Brúna Rósin**
8 manna matarstell frá Royal Copenhagen. Einnig 8 manna mokkastell í sama munstri. Mynd fæst send í tölvupósti. S. 552 0326.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Handavinna

Trérennibekkur óskast. Upplýsingar í símum 554 0022 og 899 4418.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.**

**Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is**

Til leigu 3ja herb. íbúð í Kóp. Íbúðin er laus. S. 690 0080.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 663 5791.

Dyspozycyjnych i ciezko pracujacych pracowników poszukujemy do sprzatania, od 4 stycznia 2010. Musi miec zaswiadczenie o niekaralnosci. Podania prosimy skladac w naszym biurze przy Kleppsmýrarvegi 8 w godzinach 12:00-15:00.

57fm í Seláshv. í Árbæ. Leiga 95þús, hússj., hiti og rafm. innif. S.697-7958.

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 30þ. Uppl. í s. 895 0482.

4 herb. íbúð til leigu í Rimahverfi í Grafarvogi. Stutt í grunnskóla, Borgó og spöngina. Langtímaleiga. S. 820 9408.

Til leigu 2ja, 3ja og 4ra herb. Laugavegi, Kristnibraut, Berjavöllum, Kirkjustétt og Blikaási. Fyrsti mán. frír. 3 mán. tr. www.buseti.is, s. 520-5788. Öryggi til framtíðar frelsi þegar þér hentar.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Stúdíóíbúð**
Huggluleg og nýtekinn í gegn 35fm, sérinng., sameiginl. baðh. Neðri hæð í raðhúsi á góðum stað í Kóp. Leiga 65þ. á mán. S. 844 8342.

Stúdíóíbúðir. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 568 1848 og 691 4050 alla virka daga.

Til leigu herb. í Álftamýri, einnig í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. S. 865 9637.

Small studio with private kitchen, WC and shower. Newly renovatied. Avalable now. S. 898 9574.

3 herb íbúð í raðh. í Hfj. sérinngangur og garður. Uppl. í S. 898 9636.

## Húsnæði óskast

Enskumælandi par með eitt barn óskar eftir 2 herb. íbúð á sv. 101, 105 og 108 Rvk. S. 899 3981.

Óska eftir íbúð í Reykjavík. Reyklaus og reglusamur leigjandi. Uppl. í s. 847 7171.

Óska eftir að leigja 3-4ja. herb. íbúð í Smára, Linda eða Salahverfi Kóp. Eða Akurhverfi Gbæ. Frá 1. feb. eða fyrr. karldui@simnet.is S.8921562

Óska eftir að leigja einbýlishús eða raðhús á Stór-höfuðb.sv. Uppl. í s. 772 9336.

Par óska eftir íbúð til leigu helst í Mosfellsbæ eða Grafarvogi uppl. í síma 660 9605.

Reyklaus og reglusöm fimm manna fjölskylda óskar eftir leiguhúsnæði á stór-Reykjarvíkursvæðinu. gudlaug. karlsdottir@suzlon.com S: 691-9975

Óska eftir 2ja herb. eða stúdíóíbúð frá 1.jan n.k. Nálægð við Egilshöll kostur en skoðum allt. Uppl. í fimleikabjork@gmail.com eða í síma 898 6227.

3-4 herb. íbúð í Rvk. Langtímaleiga. Reglusemi og skilvísi. Greiðslug. 110þ. S. 857 0704.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð frá 1 feb. helst í 107. Reglusemi heitið. Uppl. í s. 696 8663.

Rólegt og reglusamt par með Labrador hund óskar eftir 2ja herb. íbúð í Rvk. Verður að vera samþykkt. Greiðslugeta 80 þús. Uppl. í s. 867 4343 eða davidkarl@btnet.is

25 ára reyklaus og reglusamur nemi óskar eftir stúdíó/2 herb. íbúð á góðu verði á svæði 101/105/107. Get útvegað meðmæli. S. 691 9352 gunzo84@hive.is

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verð 14,9 nú lækkað verð 12,9 Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.hús. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Iðnaðarbil, frá 85 ferm og uppúr til leigu. Einnig til leigu rými á 2 hæð sem hentar fyrir létta starfsemi, lager og skrifstofur. Hagstæð leiga. uppl 822 4200.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 4.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Atvinna**
**Óska eftir íslenskumælandi starfsmanni vönum matreiðslu, einnig starfsmann í sal. Æskilegur aldur 28+ Upplýsingar í síma 894 0292.**

**Nonnabiti Reykjavík-Kópavogi**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20.ára Uppl. á staðnum eða í s. 898 5956.**

Eld Smiðjan
ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan**
Ertu eldri en 18 ára, hefur metnað og ert dugleg/ur? Kemur þér vel saman við 98% af fólkinu sem þú umgengst? Ertu tilbúin/n til að skuldbinda þig í aukavinnu? Kíktu á http://umsokn.foodco.is

Flexible and hard working employees are wanted for cleaning, starting 4th of January 2010. Must have a clean criminal record. Apply for work in our office at Kleppsmýrarvegi 8 between 12:00 -15:00.

SÍMVARSLA/BÓKHALD 55% framtíðarstaða auk tilfallandi aukavinnu. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu í tímaröð, bókhaldsreynslu, veikindi, persónu- og fjölskylduhagi, hvers vegna starfshlutfallið hentar og uppl um meðmælendur óskast á umsokn2009@gmail.com.

AU PAIR I DANMÖRK Dk/is fjölskylda vantar au pair frá juli/águst 2010. Felst i ad passa 1 ára stelpu og smá hjálp á heimilinu. Samband á email: h_schougaard@hotmail.com

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu, vanir trésmíði, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

Hjúkrunarfr. á H.borgarsv. óskar e. vinnu. Er ábyrg og samv.söm. Góð meðmæli. Uppl. í S. 822 7477 / 534 9635.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið


Hann Felix okkar er horfinn. Hann lenti óvart með bíl uppí Sorpu í Jaðarseli og hvarf þaðan og ekkert sést síðan. Ef einhver hefur séð hann látið þá vita í s. 690 4862.

## Einkamál

**Við erum hérna yndislegar dömur og langar til að heyra í þér .**
**Hringdu!!! okkur hlakkar til að heyra í þérr. Hver verður daman þín í kvöld?**
**Sími 908 6666 - 908 2000.**

The Purple Rabbit
PurpleRabbit.is

The Purple Rabbit (kanínan, kanínuvefurinn) er djarfur og opinskár leikvöllur fyrir fullorðna. Kynntu þér málið á PurpleRabbit.is. Góða skemmtun :)

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**

**Elskum að daðra.**

**908 1616**

Maður á besta aldri, 66 ára óskar eftir að kynnast konu. Svar sendist til Fréttablaðsins merkt „09".




## Tilkynningar

**Jól í smáauglýsingum**
**Viltu senda jóla eða áramótakveðju ?**
**Hafðu þá samband við sölumann í s. 512 5407**

## Skötuveisla

**Cafe Catalina**
**Skötuveisla á þorláksmessu**
Skata-saltfiskur-plokkfiskur-kartöflur-rófur-hamsatólg-hnoðmör-rúgbrauð-smjör
***Kíkjið á www.catalina.is***
**Boltinn í beinni!**
**Allir velkomnir**
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

## Skemmtanir

**Cafe Catalina**
**Í kvöld spilar hljómsveitin Vanir menn**
***Kíkjið á www.catalina.is***
**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**
**Hádegismatur alla virka daga**
**Boltinn í beinni!**
**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**


TILBOÐ TIL JÓLA
FRÁBÆR TILBOÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF OPNUNAR- AFMÆLIS- OG JÓLATILBOÐUM :)
VÍRUS VÖRN
INTERNET SECURITY 2010 VÍRUSVÖRN
3.990
NÝ VERSLUN
HÖFUM OPNAÐ NÝJA GLÆSILEGA VERSLUN Í UNDIRHLÍÐ 2 Á AKUREYRI
OPIÐ 10-19 ALLA HELGINA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA



# Dansað á aðventunni

Árlegar jólasýningar Listdansskóla Íslands fóru fram í upphafi aðventunnar. Í Þjóðleikhúsinu dönsuðu nemendur framhaldsdeildar skólans en yngri deildin steig á svið Íslensku óperunnar. *Valgarður Gíslason* ljósmyndari fylgdist með.







WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

**HEIMSINS ÞYNNSTA 13"**

msi FARTÖLVA 13,4"

Aðeins 6 til 20mm

### MSI Slim X340

Intel C723 1,2GHz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 320GB diskur • 13" TFT LCD WXGA skjár • Þráðlaust 802.11b/g/n WLAN Bluetooth netkort • Vefmyndavél • HDMI • 2 x USB 2.0 • Windows 7 Premium ofl.

**109.990**

FULLT VERÐ KR. 129.990

TOSHIBA 10"

### Toshiba NB200-10G

1.6GHz Intel Atom N270 • 1GB minni • 160GB SATA • 10" TFT XGA • XP Home • Þyngd 1,18kg

**67.990**

acer FARTÖLVA 15,4"

### Acer Aspire 5738G-764G64MN

2.0GHz Intel Core 2 Duo Penryn 7450 örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz • 640GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED Full HD breiðskjár • ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows 7 Home Premium 64-BIT

ddr3 HDMI

**179.990**

---

**FARTÖLVUMÚS**

### Logitech M115

Optical mús fyrir fartölvur. Tilbúinn til notkunar strax eftir tengingu við USB.

**3.490**

**ÍSLENSKT LYKLABORÐ**

### Logitech Media 600

Lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og USB tengi. fjöldi flýtihnappa. Svart.

**4.990**

**PHILIPS HÁTALARAR**

### Philips SPA1210 2.0

RMS 2W hátalarakerfi með Analog Bass Boost, Bass reflex og styrkstilli að framan.

**4.990**

**msi LEIKJA TÓL**

### MSI SyrenePhone Gaming

Neodymium Magnet heyrnatól með Clear Voice hljóðnema. Leðurtaska fylgir ofl.

**9.990**

**4GB MP3 SPLARI**

### Sandisk Clip 4GB

Örsmár MP3 SPILARI með 4GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld. Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm

SanDisk

**13.990**

---

**iPOD VAGGA**

### Logitech Pure Fi Express Plus

iPOD/iPHONE hleðslustöð og hátalarar með klukku með vekjara. Hljóð berst jafnt í allar áttir með Omnidirectional hljómtækni.

**19.990**

**WD 1 TB HARÐDISK FLAKKARI**

### WD Elements 1 TB

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0.

**19.990**

**WD HD SPILARI**

### WD TV HD Live Media 1080p

Fullkominn HD 1080P spilari sem tengist beint á net eða USB flakkara. HDMI, LAN, Composite A/V og USB. Spilar alla staðla.

**39.990**

**WACOM TEIKNIBORÐ**

### Wacom Bamboo Fun P+T A6

248x176x8,5mm tölvuteikniborð með penna. Virkar sem teikni- og snertiborð. Windows og Mac.

**24.990**

**SAPPHIRE DX11 SKJÁKORT**

### Sapphire ATI Radeon 5770

1GBB DDR5 skjákort með 400MHz RAMDAC minni, 850MHz, HDMI, 2 DVI Out, Display port ofl. Hámark 2560x1600. DirectX 11 og OpenGL 3.1.

**34.990**

---

22" PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR STÍLHREIN HÖNNUN

**TÖLVUTILBOÐ**

### Ace AMD 4

- AM3 DualCore Athlon II 250
- 2GB Dual DDR3 vinnsluminni
- 640GB WD Caviar diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- MSI ATI Radeon HD4670 skjákort
- Logitech S220 hátalarakerfi
- Ace Laser Gaming mús
- Windows 7 Premium
- 7.1 hljóðkort

**169.990**

22" PHILIPS LCD LEIKJASKJÁR STÍLHREIN HÖNNUN

### 22 Philips 220CW9FB

22" svartur LCD breiðskjár með 1680 x 1050 dpi, 12000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 2ms viðbragðstíma, USB, D-Sub, DVI-D ofl.

**39.990**

24" PHILIPS LCD BREIÐSKJÁR STÍLHREIN HÖNNUN

### 24 Philips 241E1SB

24" LCD breiðskjár með 1920x1080p upplausn, 1000:1 skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, Hafa D-Sub, DVI ofl.

**49.990**

| OPIÐ TIL JÓLA | | Reykjavík | Akureyri | Keflavík | Egilsstaðir | Selfoss | Hafnarfj. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. | 19. des. | 10-22 | 10-18 | 10-18 | 10-18 | 10-18 | 10-18 |
| Sun. | 20. des. | 12-22 | 12-22 | 12-22 | 12-18 | 12-18 | 12-18 |
| Mán. | 21. des. | 9-22 | 9-22 | 9-22 | 10-20 | 09-20 | 09-18 |
| Þri. | 22. des. | 9-22 | 9-22 | 9-22 | 10-20 | 09-20 | 09-18 |
| Mið. | 23. des. | 9-23 | 9-23 | 9-23 | 10-23 | 09-23 | 09-18 |
| Fim. | 24. des. | 9-12 | 9-12 | 9-12 | 10-12 | 09-12 | 09-12 |

# TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750




KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni:**

Krónan Höfða 19. des 10-22

Krónan Lindum 19. des 10 - 22

Krónan Granda 19. des 10 - 22

Krónan Breiðholti 19. des 10 - 21

Krónan Árbæ 19. des 10 - 21

Krónan Mosf 19. des 10 - 2

# KRÓNAN í jólaskapi

**30% afsláttur**
**1329 kr. kg**
Kea hamborgarhryggur
verð áður ~~1898~~

**30% afsláttur**
**1989 kr. kg**
Sambands hangilæri
verð áður ~~2848~~

Bragðmikið tvíreykt læri
**2498 kr. kg**
Kea hangilæri tvíreykt

# Í JÓLAMATINN

**998 kr. pk.**
Coke eða Coke light kippur 4x2L og Nóa Jólagott

**1598 kr. pk.**
Nóa konfekt 550g

**339 kr. pk.**
Allra bestu bombur

**659 kr. pk.**
Te&kaffi jólakaffi malað

**329 kr. kg**
Rauð epli USA

**99 kr. stk.**
Allra maískorn

**89 kr. stk.**
Allra grænar baunir

**109 kr. stk.**
Jólajógúrt með jarðarberjum

KRÓNUBLAÐIÐ ER KOMIÐ ÚT!

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ...ellsbæ ...2 | Krónan Reykjavíkurvegi 19. des 10 - 21 | Krónan Hvaleyrarbraut 19. des 10 - 21 | Krónan Akranesi 19. des. 10 - 22 | Krónan Reyðarfirði 19. des 11 - 17 | Krónan Vestmannaeyjum 19. des 10 - 18 | Krónan Selfossi 19. des 10 - 20 |



**JÓN GNARR YNGRI OG ELDRI** „Hann var rosalega spenntur fyrir að leika Georg því hann hélt að það yrði rakaður skalli á hann. En hann fékk móhíkana-rönd í staðinn svo hann var alveg sáttur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ég fer ekkert í sund á meðan ég er Georg Bjarnfreðarson

Næturvaktin, Dagvaktin, Fangavaktin og nú kvikmyndin Bjarnfreðarson. Langt er síðan þjóðin hefur tekið annað eins ástfóstur við grínefni. Allt snýst þetta í kringum leiðindagaurinn Georg Bjarnfreðarson. *Dr. Gunni* hitti **Jón Gnarr** og reyndi að komast nær kjarna snilldarinnar.

Aðstandendur Vaktanna hafa stundum hótað því að það kæmi ekkert meira. Dagvaktin átti til að mynda að vera allra síðasti hlutinn. Jón segir að nú komi ekkert meira. „Það er bara ekki hægt,“ segir hann dularfullur.

*Deyja allir?*

„Þú verður bara að sjá myndina, en jú kannski á ákveðinn hátt deyja einhverjir. Við sviptum hulunni af Georgi.“

*Þú hefur stundum talað um að það hafi verið líkamlega og andlega erfitt að leika Georg Bjarnfreðarson. Skánaði það ekkert þegar á leið?*

„Jú jú, það var ekkert svakalega erfitt í Fangavaktinni. Ég var orðinn vanari. Næturvaktin var ógeðslega erfitt verkefni. Þetta var allt tekið á nóttunni, tólf tímar, sex dagar í einu. Það var kuldatímabil svo það var alltaf tíu, fimmtán stiga frost þarna á nóttunni. Ég var með mikinn texta, mónólóga og ræður svo þetta var erfitt. Þegar við gerðum Dagvaktina vorum við úti á landi og á sama tíma var litli strákurinn minn veikur. Var mikið inni á barnadeild og það var virkilega erfitt fyrir mig að vera meira og minna úti á landi. Í Fangavaktinni var allt í himnalagi, við bara í bænum, á daginn og strákurinn ekkert lasinn þannig að þetta varð allt miklu auðveldara.“

*Var þá erfiðið frekar spurning um aðstæður, en að það tæki svona á að leika týpuna Georg?*

„Auðvitað er erfitt að leika Georg, en það er líka mjög gaman.“

*Þú leist náttúrlega út eins og Georg meðan á tökum stóð. Varstu ekki að fá komment úti í búð og svona?*

„Ég var alltaf með húfu eða hatt um mitt sumar. Ég heyrði mikið í kringum mig: „Nei, er þetta ekki Georg Bjarnfreðarson? Hvar er starfsmaður á plani?“ Einhverjir svona karlar að gantast. Vinnustaðagrínarar voru mjög glaðir að sjá mig. En ég fer ekkert í sund á meðan ég er Georg Bjarnfreðarson.“

### Alltaf fundist stjórnmálafólk ógeðslega leiðinlegt

*Þú hefur verið mikið með svona geðvonda karla í þínu gríni í gegnum tíðina, en Georg er aðeins öðruvísi.*

„Kannski af því hann er fyrsti vinstrigræni geðvondi karlinn,“ segir Jón. „Ég hef stundum verið með leiðindapúka í Tvíhöfða sem hafa hringt inn og gefið ráð eða nöldrað yfir einhverju. Margir þessara leiðindakarla eru byggðir á pabba mínum. Ef það er einhver týpa sem hefur inspírað mig meira en aðrar við að búa til Georg þá er það persónan Keith úr sjónvarpsmyndinni Nuts in May eftir Mike Leigh. Þetta er eldgömul sjónvarpsmynd og þessi Keith er einstaklega leiðinlegur náungi. Margt er svo byggt á mér sjálfum. Ég get verið alveg ógeðslega leiðinlegur, eða að minnsta kosti hugsað leiðinlega þótt ég geri enga alvöru úr því.“

*Mér finnst samband Georgs og Ólafs Ragnars minna mikið á samband Mr. Fawlty og Manuels í þáttunum Fawlty Towers.*

„Það er örugglega margt til í því. Þar ertu líka með „underdog“ og einræðisherra. Ekkert er einskapað og áhrifalaust, það má alls staðar sjá einhver áhrif í öllu. Fawlty Towers er eitt af mínu uppáhaldssjónvarpsefni svo það er ekkert skrítið að það séu áhrif þaðan.“

> Reiður maður hefur alltaf rétt fyrir sér og Georg er alltaf reiður.

*Hvað með vinstri-græna? Eru þeir ekkert fúlir yfir þessari neikvæðu sýn sem Georg birtir af þeim?*

„Nei og þau léku meira að segja í einum þættinum. Steingrímur Joð hafði reyndar aldrei séð þetta og vissi ekkert hvað þetta var, en Katrín Jakobsdóttir hafði séð þættina og var mjög ánægð með þá. Georg er heldur ekki týpískur vinstri-grænn. Hann væri úr öfga-arminum frekar, svona eins og Óli kommi, eða hvað þessir karlar heita. Svona karlar sem verða reiðir ef það er sagt eitthvað slæmt um Stalín.“

*Kannski er hluti af því sem gerir Georg fyndinn að hann er alltaf svo reiður. Fátt er fyndnara en reitt fólk.*

„Já, ef maður er ekki nálægt því. Ef manni stafar ekki hætta af reiðu fólki er það mjög fyndið. Reiður maður er svo ólógískur og blindur á sjálfan sig. Reiður maður hefur alltaf rétt fyrir sér og Georg er alltaf reiður.“

*Hvað með þig? Verður þú oft reiður?*

„Ég get orðið það, já. Sérstaklega ef mér finnst eitthvað ósanngjarnt. En það fer mjög í taugarnar á mér hvað reitt fólk tekur mikinn tíma og athygli með sínum leiðindum. Fólk sem hefur aldrei neitt áhugavert að segja – bara eitthvað leiðinlegt. Mér finnst, og hefur alltaf fundist, stjórnmálafólk ógeðslega leiðinlegt lið. Lið sem ég myndi ekki nenna að sitja með í tíu mínútur. Pældu í að vera fastur á eyðieyju með Steingrími Joð og Bjarna Ben. Maður myndi skjóta sig fljótlega. Svo þarftu ekki að segja annað en „mannanafnanefnd“ og þá verð ég ógeðslega reiður og ég verð líka ógeðslega reiður ef einhver er á móti mér. Það er nú dálítið eins og Georg Bjarnfreðarson. En það er nú búið að skrifa svo margt ljótt um mig að ég er kannski hættur að kippa mér upp við það.“

### Góður slatti af drama

Kannski sér íslenska þjóðin sjálfa sig í Vaktar-þáttunum. Kannski breyttist þjóðin úr Ólafi Ragnari góðærisins í Georg Bjarnfreðarson kreppunnar. Nú eru allir ógeðslega reiðir, eins og Georg. Hafa aðstandendurnir pælt í því af hverju þetta sé svona vinsælt? Er þetta kannski bara svona gott stöff?

„Ég og Pétur erum einfaldlega bestu gamanleikarar þjóðarinnar. Það er bara þannig,“ segir Jón, ekki með votti af efa. „Svo er Ragnar Bragason af flestum talinn besti leikstjóri landsins svo það hlaut eitthvað gott að koma út úr þessu. Við erum allir mjög klárir í því sem við erum að gera. Þegar við vorum að byrja var ég viss um að þetta yrði snilld, en ég var ekki viss um að allir hefðu gaman af þessu. Ég er vanur því að margir hafi ekkert gaman af því sem ég hef gert og það finnst mér líka allt í lagi.“

*Er ekki leiðinlegt fyrir gamla pönkara þegar bolnum er farið að líka við þig?*

„Það er það, en samt ekki. Mér finnst bara gott að færa fólki smá skemmtun og hvíld frá þessum leiðindum sem eru alltaf í gangi. Íslendingar eru líka að þroskast sem sjónvarpsþjóð. Það var alltaf allt brjálað þegar Fóstbræður voru á dagskrá. Fólk var öskrandi í símanum. Einn daginn á kannski einhver eftir að

FRAMHALD Á SÍÐU 46

Jólasprengja

# 50% afsláttur

af öllu jólaskrauti og seríum




Gildir til 31. desember

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár



**Á KROSSGÖTUM** Hulunni er svipt af Georgi í Bjarnfreðarsyni.

**FRAMHALD AF SÍÐU 30**

vera að horfa á Spaugstofuna og segja: Nei heyrðu, þetta er ekki gott stöff!“

*Það er mismunandi fílingur í þáttunum. Dagvaktin er til dæmis meira drama en hinar tvær seríurnar. Í hvernig „fílingi“ er bíómyndin?*

„Hún er beggja blands. Það er hægt að hlæja svolítið og gráta svolítið. Ég held að konur muni gráta yfir þessari mynd. Það kom mér svolítið á óvart þegar ég horfði á hana hvað hún er mikið drama. Til að svipta hulunni af þessum ágæta manni (Georgi) þurfti góðan slatta af drama.“

*Er Georg ekki aðalmálið í þessari mynd?*

„Jú, og hann er aðalpersónan í öllum þáttunum. Hann leiðir þetta áfram og án hans myndi ekkert gerast.“

Bjarnfreðarson er fyrsta íslenska framtíðarmyndin og gerist sjö árum eftir síðasta Fangavaktarþáttinn. Sirka 2016 sem sagt. Jón segir að það sé lítið verið að vinna með framtíðardagsetninguna.

„Það eru engir fljúgandi rafmagnsbílar eða neitt,“ segir hann og flissar. „En það eru mörg flassbökk. Það eru fimm ungir rauðhærðir strákar sem leika Georg á ýmsum aldri. Sonur minn og nafni leikur þann yngsta. Það þurfti að breyta honum aðeins fyrir þetta. Hann þurfti að safna hári og við þurftum að klippa hann með koppaklippingu. Hann var rosalega spenntur fyrir að leika Georg því hann hélt að það yrði rakaður skalli á hann. En hann fékk móhíkana-rönd í staðinn svo hann var alveg sáttur.“

**Helvítis harkið**

Ákveðnu tímabili er lokið í lífi Jóns. Georg Bjarnfreðarson ætti að vera horfinn úr lífi hans og svo missti hann nýlega vinnuna á auglýsingastofunni. Hvað tekur við?

„Nú, það eru stjórnmálin og Besti flokkurinn! Það eru sveitarstjórnarkosningar næsta vor og ég stefni á borgarstjórastólinn. Það er einhver milljón kall á mánuði sem eru langhæstu laun sem ég hef nokkurn tímann haft. Ég er að setja saman lista, þarf þrjátíu og tvo á hann. Draumastaðan er að hinir flokkarnir standi og falli með mér. Þá ætla ég að segja: Ég er til í að vera með þeim sem eru til í að leyfa mér að vera borgarstjóri. Svo verð ég bara í lausamennsku og þarf ekkert að mæta á fundi því þeir vilja hvort sem er ekkert að ég mæti á fundi. Þetta verður eins og í Réttó í gamla daga. Ef ég mætti ekki í tíma fékk ég aldrei mínus í kladdann af því að það voru allir bara ánægðir yfir því að ég væri ekki þarna. En ég hef engan áhuga á að staldra þarna við. Ég stefni á Alþingi. Alþingismenn eru með 570 þúsund kall á mánuði í grunnlaun og svo eru alls konar aukasporslur ofan á. Þetta er í kringum milljón, held ég. Það er allavega mjög góður peningur í þessu.“

Æviminningabók Jóns, Indjáninn, kom út fyrir nokkrum árum og átti að vera fyrsti hluti trílógíu um uppvaxtarárin. Það gengur eitthvað seinlega að koma með næstu bækur, en Jón er þó byrjaður á næstu bók sem heitir Sjóræninginn og síðasta bókin gengur undir vinnuheitinu Núpur í tölvunni hjá Jóni.

„Ég er búinn að vera að skrifa, en það er bara enginn peningur í þessu. Maður þarf alltaf að vera að vinna með.“

*Eða sækja um rithöfundarlaun?*

„Einmitt. Ég er örugglega búinn að sækja tíu sinnum um þau en fæ aldrei krónu. Mér finnst ég ætti að fá milljón á mánuði – mér er alveg sama frá hverjum – til að geta gert þessa hluti. Ég fór ekki að vinna í auglýsingabransanum af hugsjón. Það var bara til að hafa í mig og á.“

*Saknarðu auglýsingabransans?*

„Ég sakna hans eins og hann var. Þegar allir áttu nógan pening og maður gat farið til Portúgals og tekið upp auglýsingar. Hann er ekki svoleiðis lengur og það verður langt þangað til það kemur aftur. Þetta var í fyrsta skipti síðan ég var tvítugur sem ég hafði verið í 9-5 vinnu. Ekki í þessu helvítis harki endalaust. Maður var alltaf að spyrja sig: Hvað á ég að gera næst? Maður getur aldrei haldið upp á jólin af því maður hefur alltaf svo miklar áhyggjur af því hvað maður eigi að fara að gera eftir áramót!“

*Ertu þá með áhyggjur af því hvað þú ætlar að gera næst?*

„Ég er alltaf með þær áhyggjur enda veit ég ekkert hvað ég ætla að fara að gera næst. Það vantar ekki að ég er með fullt af hugmyndum. Ég er búinn að viðra hugmyndir hér og þar, en það er ekkert komið á fast. Svo það er bara hark.

En ef ég væri borgarstjóri og fengi mína milljón á mánuði þá væri þetta þægilegra. Þá gæti ég slakað á og klárað bókina mína og farið til útlanda. Virkilega farið að pródúsera dót.“

Ég fór ekki að vinna í auglýsingabransanum af hugsjón. Það var bara til að hafa í mig og á.



**GOTT AÐ FÆRA FÓLKI HVÍLD FRÁ LEIÐINDUNUM** „Ég og Pétur erum einfaldlega bestu gamanleikarar þjóðarinnar. Það er bara þannig.“

## JÓN GNARR UM HIN HLUTVERKIN SÍN

### Valli í Íslenska draumnum

„Hann var nú bara skammsýnn, takmarkaður og sjálfsöruggur bjáni. Ennþá meiri lúði en Tóti.“

### Júlli í Maður eins og ég

„Ég man nú varla eftir honum, mér fannst þetta svo slæm mynd.“

### Yfirkennarinn í Tvíhöfða

„Þessi er mikill snillingur. Einn af mínum elstu karakterum og mér finnst mjög vænt um hann. Hann er náttúrlega algjörlega siðblindur og snarklikkaður. Mjög spennandi náungi.“

### Umferðar-Einar

„Hann er hluti af stærra karaktera-gallerii. Þetta eru allt ofsalega góðir karlar. Umferðar-Einar er einn og svo er annar sem er alltaf faðmandi fólk í Bónus af því það er svo yndislegt. Þetta eru menn sem alltaf sjá það jákvæða í öllu og eru snyrtilegir og nákvæmir og næstum því með Asperger-heilkenni.“

### Graða konan

„Ég er með nokkrar kerlingar, til dæmis Gröðu konuna og reiðu konuna í dúettinum Plató. Graða konan er ofsalega mikil kona, sem gæti unnið í félagsmálum, en svo breytist hún allt í einu í dónakerlingu. Hún byrjar alltaf rólega en svo er hún stökkvandi inn á klósett að fróa sér eða missandi sig yfir strípisjói þar sem allsberir karlar eru að dansa.“

Ertu búinn að undirbúa þig mikið áður en þú hringir „í“ Smásálina?

„Jú stundum, en yfirleitt er þetta ekkert undirbúið. Bestu karlarnir sem hafa komið hafa orðið til algjörlega á staðnum. Oft erum við með útgangspunkt. Það myndast mjög sérstakt samband á milli okkar Sigurjóns í þessum símtölum og ég heyri alltaf á honum hvort ég sé að fara of hægt eða megi dvelja lengur í því sem ég er að gera. Ég veit aldrei sjálfur hvort eitthvað sé fyndið eða ekki á meðan ég er að gera það. En ég heyri það svo vel á Sigurjóni því hann er svo brútal.“

# JÓLATILBOÐ

**UNITED**
ÞRÍR LITIR RAUTT, SVART OG BLEIKT
**United RCD6408**
FERÐATÆKI með útvarpi, geislaspilara, segulbandi og heyrnatólstengi.
**VERÐ ▶ 7.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**2GB MP3**
**GRUNDIG**
**Grundig MPAXX920**
Ótrúlega lítill og nettur MP3 SPILARI með 2GB minni. Vandaðir eyrnatappar fylgja.
**VERÐ ▶ 6.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**GRUNDIG**
**Grundig MUSICBOY50**
Mjög vandað ÚTVARP með FM og langbylgju. Fyrir 220v og rafhlöður.
**VERÐ ▶ 8.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**2GB MP3**
**GRUNDIG**
**Grundig MPIXX1200**
Flottur MP3 SPILARI með 1,8" litaskjá og útvarpi. 2GB minni og hægt að auka minni með SD korti.
**VERÐ ▶ 10.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**
**Philips CD1501**
Þráðlaus DECT sími með 50 númer í minni, 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið. Endurval í síðustu 5 númer.
**TILBOÐ ▶ 6.990**
FULLT VERÐ kr. 8.990

**tasco**
**Tasco 2023BRZ**
SJÓNAUKI með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.
MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNAUKUM
**OG STJÖRNUSJÓNAUKUM**
**TILBOÐ ▶ 9.990**
FULLT VERÐ kr. 10.990

**INTENSO**
**Intenso 3901810**
Stafrænn 7" MYNDARAMMI með fjarstýringu. Stílhreinn og flottur.
**VERÐ ▶ 12.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**
**Philips 8FF3FPB**
8" hágæða LCD MYNDARAMMI sem sýnir stafrænar myndir af USB eða minniskorti. Birtustig: 250 cd/m² Margar stillingar. 1GB Minniskort fylgir.
**TILBOÐ ▶ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990

FÆST Í 2 LITUM
**OLYMPUS**
**Olympus FE26**
12 millj. punkta uppl., Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, DSP hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatöku með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.
**TILBOÐ ▶ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 22.990

**Panasonic** DVD
**Panasonic SCPT70**
Fjölkerfa 330w HEIMABÍÓ með DVD, Progressive scan, 5 hát. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, HDMI ofl.
**VERÐ ▶ 49.990**
FRÁBÆRT VERÐ

**Panasonic**
EISA AWARD Best Product 2009-2010 MICRO SYSTEM Panasonic SC-HC3
**Panasonic SCHC3**
Örþunn 2x20W SAMSTÆÐA með innb. iPod vöggu, D.Bass, MASH CD spilara, stafr. RDS útvarpi með minnum, klukku, vekjara og svefnrofa, USB, vönduðum Bamboo Cone hátölurum ofl. Spilar MP3.
**TILBOÐ ▶ 64.990**
FULLT VERÐ kr. 69.990

22" DVD INNBYGGÐUR DVD SPILARI
**UNITED**
**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**
**TILBOÐ ▶ 69.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990

22" INNBYGGÐUR DVD SPILARI DVD
**TOSHIBA**
**Toshiba 22DV615DG**
22" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-Ready, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereó DTS, Dolby Digital, DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component, Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.
**TILBOÐ ▶ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 109.990

32" ACTIVE VISION 2 HDMI
**TOSHIBA**
**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.
**TILBOÐ ▶ 109.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990

42" Vreal4 DVB-T 100Hz SKERPA 2.000.000:1
**Panasonic**
**Panasonic TXP42C10Y**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768p uppl., 100Hz, 24p, Vreal 4, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, Viera Link, DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 Scart, 2 HDMI, Comp., CI rauf, SVHS, CVBS ofl.
**TILBOÐ ▶ 179.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990

40" 50.000:1 FULL HD 4 HDMI 100Hz DVB-T
**TOSHIBA**
**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 100Hz, 24 FPS, uppskölun, 50.000:1 dýnamískri skerpu, Game Mode, baklýsingu, DVB-T stafr. móttakara, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.
**TILBOÐ ▶ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990

**OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÞAÐ ER EIN
ÓDÝR
AÐ VERSL

Sama vöruver
Bónus um

Afgreiðslutími í da
Sunnudag:

Lægsta vöruve

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

FALDLEGA
RARA
LA Í BÓNUS

rð í verslunum
n land allt

ag: 10:00 til 20:00
10:00 til 18:00

erð í tuttugu ár

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA



**HEIMKYNNI ÁLFA** Úr sögunni um Bóthildi drottningu, en hér sjást hinir litríku og skínandi álfheimar.

# *Samskipti manna og álfa*

Bókin **Álfar og huldufólk** úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar hefur nú verið endurútgefin í einstaklega fallegri mynd fyrir börn. Sögurnar eru endurskrifaðar af **Önnu Kristínu Ásbjörnsdóttur** en myndskreyttar af **Florence Helgu Thibault** sem er íslensk í móðurætt. Hluti af ágóða sölunnar rennur til Kraums, styrktarfélags ungs fólks með krabbamein.



**KNÚIÐ AÐ DYRUM** Bóthildur drottning, útskúfuð úr álfheimum, fær gistingu á bóndabæ mennskra manna.



**ÁLFAHÓLLINN** Álfar feykja heyi. Hjátrú var að ef slegið væri á álfhólnum myndi bresta á skaðræðisveður.



**DRENGUR ELST UPP MEÐ ÁLFUM** Fátæk fjölskylda veitir álfum af mat sínum. Að launum taka álfarnir dreng úr fjölskyldunni í fóstur og er honum kennt til prests.



**ÁLFKONA Í BARNSNAUÐ** Í hjátrú var talið að ef mennsk kona legði hendina á maga álfkonu í barnsnauð myndi fæðingin ganga vel.



**ÁLFASAGA AÐ AUSTAN** Álfur dýfir fjöðurstaf ofan í töfraglas og strýkur um hægri auga konu svo að hún megi ekki sjá álfa frekar.



**ENDURGOLDIN MJÓLK** Kona gaf álfum mjólk veturlangt. Henni var launuð mjólkurgjöfin í draumi en þar vitjar hennar álfur og gefur henni kú. Konan fann svo dýrið í fjósinu næsta morgun.



**BÓTHILDUR DROTTNING** Völva lagði á Bóthildi álfadrottningu að hún skyldi hverfa frá álfheimum og þurfa að búa meðal mennskra manna. Hún mátti aðeins hverfa aftur til fjölskyldu sinnar á jólanótt.

# NÝIR PAKKAR
# Í OFFICE 1
## GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM EIGA ALLT





















**Fleiri fjölbreyttar gjafir, til dæmis: Klifurhúsið, áskriftir að tímaritum, kajakferðir, persónuleikabók o.fl. – komdu og kíktu á úrvalið.**

## Ég ætla að spara í ár!

**Office1**

Skeifan, Smáralind, Korputorg, Hafnarfjörður, Selfoss, Egilsstaðir og Akureyri.

PIPAR\TBWA • SÍA • 92516

# Útgefandi í hálfa öld

**Örlygur Hálfdánarson** var um árabil einn umsvifamesti bókaútgefandi landsins. Hann hefur gefið út mörg stórvirki sem gagnast landsmönnum við leik og störf. Útgáfan var ekki alltaf dans á rósum eins og *Björn Þór Sigbjörnsson* komst að þegar hann spjallaði við Örlyg í tilefni áttræðisafmælis hans á mánudaginn kemur. Þó að um hafi hægst er Örlygur ekki sestur í helgan stein.

Þetta byrjaði nú þannig að ég vann hjá Sambandinu og þar var ákveðið að gefa út bók til að leiðbeina fólki við að ferðast um landið. Mér var falið að taka þetta saman, búa þetta til. Þá var ekkert til í þessa veru,“ segir Örlygur um tildrög þess að hann hóf aðkomu að bókaútgáfu. Þetta var árið 1959. Fyrir hálfri öld.

Áður hafði Örlygur verið erindreki hjá SÍS. Í því fólst að fara um landið, standa fyrir námskeiðum og efna til funda. „Ég hafði komið í hvert einasta þorp og haldið fundi. Ég vissi því nákvæmlega hvaða aðstaða var hvar, hvar hægt var að fá gistingu og mat, hvar verkstæði voru og annað það sem fólk á ferðalögum þarf að hafa upplýsingar um.“

**Eigin útgáfa**

Ferðahandbókin kom út tvö ár í röð á vegum Sambandsins. Hún rokseldist fyrra árið en gekk ekki sem skyldi það síðara. Upp frá því dró úr áhuga stórfyrirtækisins á útgáfunni og um leið höfðu mál æxlast þannig að Örlygur ákvað að láta þar af störfum án þess þó að hafa að einhverju sérstöku að hverfa. Honum datt í hug að yfirtaka útgáfuna og féllust þeir Sambandsmenn á það. „Ég hafði komið mér upp góðum samböndum og fékk áfram auglýsingarnar frá kaupfélögunum og öðrum. Útgáfan gekk í mörg ár á eftir.“

Örlygur var vakinn og sofinn yfir hugmyndum að útgáfu nýrra bóka og flaug í hug, einn góðan veðurdag, að gefa út uppflettibók um landið.

„Þannig varð Landið þitt til. Þetta var fyrst tveggja binda verk sem komu út 1966 og 68. Þorsteinn Jósepsson skrifaði fyrra bindið um byggðir og Steindór Steindórsson [langafi blaðamanns] skrifaði um hálendið í seinna bindinu. Svo vann Steindór úr þessu heildstætt verk sem að lokum varð sex bindi.“

**Vex og dafnar**

Örlygur gaf út Ferðahandbókina undir merkjum Ferðahandbóka sf. Þegar Landið þitt kom út fannst honum það ekki passa og slengdi saman nafni sínu og samstarfsmanns síns, Arnar Marinóssonar. Úr varð Örn og Örlygur og fyrirtækið var komið í jólabókaslaginn. „Þar hafði ég ekki verið áður og það varð ekki aftur snúið.“

Útgáfan stækkaði eftir því sem árin liðu og bækurnar voru af fjölbreyttu tagi. „Þá var tískan í barna- og unglingabókum að gefa út bækur um lyklabörn og slíkt. Raunveruleikinn átti að hendast framan í börn og unglinga. Ég hafði engan áhuga á þessu en náði í Dagfinn dýralækni, Múmínálfana og Köttinn með höttinn. Ég vildi gefa út ævintýrabækur því mér fannst nóg að fólk hugsaði um hversdagsleikann á daginn þó það sökkti sér ekki í hann á kvöldin líka.“

**Hugsjón réði för**

Rauði þráðurinn í útgáfu Örlygs er bækur um landið. Til merkis um það eru Ferðahandbókin, Vegahandbókin, Íslandshandbókin, Landið þitt Ísland, Reykjavíkurbækurnar, Ferðabók Sveins Pálssonar og Ferðabók Eggerts og Bjarna. Örlygur segir að eflaust sé þetta sprottið af því að sjálfur ferðaðist hann mikið um landið og það á þeim tíma þegar vegirnir voru aðrir og verri en nú er. „Þá komst maður hægar yfir og sá því meira af landinu.“

Og svo því sé til haga haldið þá viðurkennir hann fúslega að hafa heldur viljað gefa út bækur sem höfðu tilgang. Hugsjónir réðu meiru um útgáfu en viðskipti.



**ÞAKKAR BARA FYRIR AÐ VERA LIFANDI** Örlygur Hálfdánarson hefur marga fjöruna sopið um ævina. Á áttræðisafmælisárinu undirbýr hann endurútgáfu Íslandshandbókarinnar og vinnur að gönguleiðarlýsingum um Viðey fyrir borgaryfirvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég ætlaði að láta Alfræðiorðabókina leysa vandann. Hún seldist vel en ég stóð höllum fæti og lá vel við höggi. Það hefði tekið mig þó nokkurn tíma að vinna mig út úr þessu og ég þurfti skilning og velvilja. Hvorugt var fyrir hendi.

**Syrtir í álinn**

Lesendur tóku bókunum vel en aðrir forleggjarar voru ekki jafn hrifnir. „Meðan ég var ekki með alltof margar bækur var ég ekki fyrir neinum en það breyttist þegar þeim tók að fjölga,“ segir Örlygur. „Á þessum tímum voru tveir pólar í bókaútgáfu; Mál og menning vinstra megin og Almenna bókafélagið hægra megin. Þeir eignuðust sameiginlegan óvin í Erni og Örlygi. Það var mér dýrt.“

Útgáfa tveggja stórvirkja réðu þar mestu um. Ensk-íslensku orðabókarinnar og Alfræðiorðabókarinnar. Örlygur rifjar upp söguna af þeim ævintýrum. „Sören Sörenson hafði unnið að ensk-íslenskri orðabók og bauð mér að gefa hana út. Ég fékk Jóhann Hannesson, skólamann og einhvern besta ensku- og íslenskumann sem uppi var, til að leggja mat á hvort handrit Sörens væri nothæft. Hann hélt það nú og sagði ekki taka nema þrjár til fjórar vikur að koma þessu í setningu. Jóhann vann að því en heldur gekk það hægt svo ég spurði hann hvort eitthvað væri að. Nei, sagði hann, bara svolitlir byrjunarörðugleikar. Ég sagði honum sem var að ef þetta gengi svona þá tæki þetta sex ár. Að þremur mánuðum liðnum komst ég að því að þetta tæki ekki sex ár heldur níu. Þá loksins viðurkenndi Jóhann að þetta væri ekki alveg eins gott og til hefði staðið. Þá réðum við fólk og á endanum var feikilegur fjöldi manna að störfum við bókina. Ég hefði auðvitað átt að hætta við. Á endanum kostaði þetta gífurlega peninga. Jafn mikið og hús Rafveitunnar við Suðurlandsbraut sem þá var að rísa.“

**Lá vel við höggi**

Ensk-íslenska orðabókin seldist vel en fyrirtækið var skuldum vafið. Þá kom Örlygi til hugar að ráðast í aðra viðamikla útgáfu til að grynnka á skuldunum. „Ég ætlaði að láta Alfræðiorðabókina leysa vandann. Hún seldist vel en ég stóð höllum fæti og lá vel við höggi. Það hefði tekið mig þó nokkurn tíma að vinna mig út úr þessu og ég þurfti skilning og velvilja. Hvorugt var fyrir hendi því tiltekin öfl voru ákveðin í að koma Erni og Örlygi í hendurnar á Máli og menningu. Þetta var erfiður tími og þessu lauk með því að ég missti fyrirtækið.“

**Fréttir af fágætu myndasafni**

Síðasta stóra verkið sem Örlygur gaf út var Úr torfbæjum inn í tækniöld. Þriggja binda rit um þróun mannlífs á Íslandi á öndverðri 20. öld.

Í bókunum er fjöldi ljósmynda sem Þjóðverjinn Bruno Schweizer tók á ferðum sínum um landið á fjórða áratugnum. Eins og svo margt í sögu Örlygs frétti hann af tilvist mynda Brunos fyrir tilviljun. „Magnús Bjarnfreðsson kom alltaf til mín fyrir jól og keypti bækur.

Ein jólin kom hann og verslaði og þegar hann var að ganga út úr dyrunum tók ég eftir að hann hafði gleymt stafnum sínum við borðið. Ég fór því á eftir honum og um leið og hann þakkaði mér fyrir sagði hann mér að hann væri að taka niður endurminningar íslenskrar konu sem giftist til Þýskalands og varð innlyksa í stríðinu. Já er það, sagði ég, en lét ekki í ljósi mikinn áhuga. Já, sagði Magnús, og maðurinn hennar var hér á Íslandi í tvö sumur og tók einhver ósköp af myndum. Það vakti áhuga minn og strax eftir jól var ég kominn austur á Kirkjubæjarklaustur þar sem konan bjó á elliheimili. Hún hafði þó nokkuð af myndunum hjá sér og ég gerði mér strax grein fyrir að þarna væri stórmerkilegt safn á ferðinni. Það leið svo ekki langur tími þar til ég var kominn til sonar hennar í Þýskalandi sem var með allar myndirnar og ég fékk leyfi til að nota þær í bókina.“

**Nóg að gera**

Örlygur situr ekki auðum höndum þessa dagana. Í bígerð er endurútgáfa Íslandshandbókarinnar á næsta ári. Þá verður liðin hálf öld frá því að fyrsta bókin undir hans stjórn kom út. „Ég hafði ekki áttað mig á þessu en svona er þetta,“ segir Örlygur. „Annars er ég líka að vinna að gönguleiðarlýsingum um Viðey að beiðni borgaryfirvalda. Ég var beðinn um það fyrr á árinu og fékk þau fyrirmæli að þetta mætti ekki taka meira en mánuð og mætti ekki vera styttra en tveir klukkutímar. Ég sökkti mér í þetta og þegar upp var staðið voru þetta sextíu eða sjötíu klukkutímar. Nú glími ég við að stytta.“

Viðey stendur nærri hjarta Örlygs. Þar er hann jú fæddur. Hann segir eyna vannýtta, hún sé illfær, vegurinn um hana lélegur og landbrot mikið. „Svo er hún ekki lengur beitt og er því orðinn slíkur sinuflóki að stórhættulegt er að fara út í móana nema þú viljir brjóta þig. „Það þarf því að beita hana, laga stígana og stöðva landbrotið og svo má efla þar allt starf svo fleiri kjósi að njóta hennar.“

Örlygur ætlar að taka því rólega á afmælisdaginn, hann vill engin læti af því tilefni. Fær til sín fjölskyldu og nánustu vini. „Maður þakkar bara fyrir að vera lifandi,“ segir Örlygur að lokum.




# Með kveðju frá höfundi!

Þú færð þessar bækur áritaðar frá höfundi í Eymundsson í Smáralind og Suður-Kringlu. Takmarkað magn.




**Árituð eintök fáanleg meðan birgðir endast.**

Eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*

# Bestu og verstu jólalögin

Hvaða jólalög koma poppurunum í jólaskapið og hvaða jólalög hreinlega þola þeir ekki? *Dr. Gunni* sló á þráðinn til nokkurra poppara og krafði þá svara um þennan vafasama flokk, jólalögin.



„Plata með Golden Gate-kvartettinum var alltaf í uppáhaldi hjá mér og lagið Faðir andanna finnst mér mjög gott, þótt það sé nú kannski frekar sálmur en jólalag. Það er bara svo hátíðlegt. Versta jólalagið verð ég að segja að sé Jól alla daga með Eiríki Haukssyni. Það er svo mikið frekjulag og það er fáránlegt að óska sér þess að það séu jól alla daga. Ég myndi að minnsta kosti ekki vilja það!“

**Ellen Kristjánsdóttir**

„Það er eitthvað við lagið Jólin eru að koma með í svörtum fötum, sem kemur mér í jólaskapið og það er mjög erfitt að koma mér í jólaskap. Þetta var voða vinsælt á Popp TV fyrir svona fimm árum og það heyrist í kóklestinni fyrir aftan Jónsa. Jólahjól drepur hins vegar niður alla jólastemningu hjá mér. Hvers vegna að taka eina orðið sem rímar við jól og búa til samsett orð úr því? Jólahjól? Þetta er bara rugl! Svo fer enginn að pakka inn hjóli og hvað á maður að vera að hjóla um jólin? Það er allt út í fokking snjó!“

**Halldór Eldjárn í Sykri**

„Það eru mörg íslensk jólalög sem koma til greina, til dæmis Hjálpum þeim, sem mér finnst vera orðið löggilt jólalag. Uppáhalds uppháldsjólalagið mitt er þó líklega Someday at Christmas með Stevie Wonder. Í vondu deildinni finnst mér Ef ég nenni með Helga Björns standa upp úr. Ég hef aldrei skilið það lag, alveg síðan ég var lítil.“

**Rósa Birgitta Ísfeld í Feldberg og Sometime**

„Maður er alltaf að hlusta á sömu lögin aftur og aftur um hver jól og uppáhaldslagið mitt er náttúrlega Last Christmas með Wham! Af íslenskum segi ég Jólahjól af því að það er svo mega-eighties. Ég man að ég hlustaði á það alveg ótrúlega oft þegar ég var lítill og það er pikkfast í mér. Það er voða mikið til af leiðinlegum jólalögum, en mest fer í mig þegar fólk er að taka kóver af Last Christmas. Ég fæ alveg hroll þegar ég heyri svoleiðis.“

**Davíð Berndsen, Berndsen**

„Jólalagið frá Kók og Jólahjól er nú svona það fyrsta sem mér dettur í hug um lög sem koma mér í jólaskap. Þegar maður sér Kókauglýsinguna eða gamla myndbandið við Jólahjól veit maður að jólin eru á næsta leiti. Það eru til rosalega mörg slæm jólalög. Ég get nefnt öll jólalög með Mariah Carey, Ég fæ jólagjöf með Kötlu Maríu, en ætli það allra versta sé ekki Ég hlakka svo til með Svölu Björgvins. Það er bara einum of skerandi!“

**Vera Sölvadóttir í BB & Blake**

„Besta jólalagið er án efa Ó Helga nótt með Agli Ólafs. Einfaldlega sjúklegasti söngvari Íslands fyrr og síðar. Ég fæ alltaf gæsahúð frá stórutá og upp í nef þegar ég heyri það! Versta jólalag allra tíma er svo Wonderful Christmas Time með Paul McCartney. Það er eitthvað svo hræðilegt með öllu, ég get bara ekki þolað það!“

**Valur Freyr Halldórsson í Hvanndalsbræðrum**

„Besta jólalagið er Ég fæ jólagjöf með Kötlu Maríu. Það var spilað í tætlur heima hjá mér þegar ég var krakki og kemur mér alltaf í stuð, þar sem ég elska pakka! Versta jólalagið er án efa Nei nei ekki um jólin með Siggu Beinteins og HLH. Þar er endalaust endurtekið nei nei ekki um jólin – ég hef aldrei almennilegha skilið þetta lag! Svo verð ég líka að segja Jólahjól með Sniglabandinu. Ojjj!“

**Elíza Geirsdóttir Newman**

„Wonderful Christmas Time með Paul McCartney var alltaf í uppáhaldi þar til fyrir svona tveimur árum þegar mér fannst það óþolandi. Hjálpum þeim er náttúrlega klassískt. Brunaliðs-jólaplatan er líka góð. Mér finnst jólalög yfirleitt frekar skemmtileg, kannski helst að íslensk jólalög frá níunda áratugnum séu ekkert voða spennandi. Ég nefni engin nöfn.“

**Högni Egilsson í Hjaltalín**

„Ó helga nótt finnst mér nú alltaf langbesta jólalagið af því að það er svo hátíðlegt. Annars eru auðvitað mörg góð jólalög og mörg vond líka. Ef ég nenni með Helga Björns hefur mér alltaf þótt frekar skrýtið og maður óverdósaði alveg á Jólahjólinu fyrir löngu síðan. Ég hef ekki heyrt það einu sinni fyrir þessi jól og mér finnst það nú eiginlega bara mjög gott!“

**Sigríður Beinteinsdóttir**

„Besta jólalagið sem ég er að hlusta á núna heitir Death Take Your Fiddle með hljómsveitinni Spiritualized. Það er mjög skemmtilegt jólalag. Ég myndi svo segja að flest önnur jólalög væru vond. Mér finnst þau hálf tilgangslaus. Sérstaklega síðari tíma jólalög. Það er verið að segja „jól“ eins oft og hægt er og þetta fjallar mikið um gjafir. Mér finnst svo afskaplega skrýtið að heyra Helga Björns þruma yfir manni að hann nenni ekki einhverju.“

**Barði Jóhannsson**



Sofðu vel um jólin
JÓLATILBOÐ
Leggett & Platt
Innovation Redefined
Stærsti framleiðandi heims á
fjölstillanlegum heilsurúmum
PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið hjá S&H
Einföld og þægileg stýring.
Gæða rúm á góðu verði
Nýtt
HEADBOARD
WALLHUGGER
Einfalt og þægilegt
Dregst að veggnum
eins og nafnið bendir til
S-CAPE
WALLHUGGER
Eitt með öllu
Þráðlaus fjarstýring með nuddi
og sérstillingu fyrir höfuðlag
Besta verðið á
IRobot
Hreinasta snilld
hreint og betra loft
IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið gæða- og verðsamanburð
Íslenskar
sængur, koddar og dúnskór frá
DÚN & FIÐUR
20%
afsláttur
af sængurverasettum
Jólagjöfin í ár
Íslenskir botnar
og höfuðgaflar
Íslensk framleiðsla
JÓLATILBOÐ:
Queen 153x203 cm
Verð nú: 199.900
Verð áður: 229.900
Vinsælasta jólagjöfin
IQ-CARE
Heilsukoddar
20%
afsláttur
Baldursnesi 6
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán.
vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið alla daga til jóla
www.svefn.is


GEFÐU
SKEMMTILEGA
jólagjöf!
SANDRA BULLOCK RYAN REYNOLDS
THE PROPOSAL
BLU-RAY + DIGITAL COPY
"The Year's Best Comedy."
DESPERATE HOUSEWIVES
THE COMPLETE FIFTH SEASON
GREY'S ANATOMY
EINNIG TIL Á BLU-RAY
The HANGOVER
"Killer funny."
EINNIG TIL Á BLU-RAY
G-FORCE
ALGJÖR SVEPPI
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# KAUPIR EINA FÆRÐ TVÆR!

**GJAFAPLATA FYLGIR SLAUFUMERKTUM PLÖTUM***

*Gildir aðeins í áritun á meðan birgðir endast:

**OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD til jóla**

Sól í eldi FYLGIR




**ÁRITAR**
Skeifunni kl. 14 á SUNNUDAG

Til eru fræ FYLGIR




**ÁRITAR OG SPILAR***
Smáralind kl. 15 í DAG*
Kringlunni kl. 14 á SUNNUDAG

Einhvers staðar... FYLGIR




**ÁRITAR OG SPILAR***
Skeifunni kl. 14 í DAG
Kringlunni kl. 17 í DAG
Smáralind kl. 15 á SUNNUDAG*

Gleðileg jól FYLGIR




**ÁRITAR OG SPILAR***
Kringlunni kl. 15 í DAG
Smáralind kl. 17 í DAG*
Smáralind kl. 17 á SUNNUDAG*




**ÁRITAR**
Akureyri kl. 14 í DAG




**ÁRITA**
Skeifunni kl. 15 á SUNNUDAG
Kringlunni kl. 17 á SUNNUDAG




**ÁRITA**
Skeifunni kl. 13 í DAG
Garðabæ kl. 16 í DAG




**ÁRITA OG SPILA***
Kringlunni kl. 14 í DAG
Smáralind kl. 16 í DAG*
Smáralind kl. 16 á SUNNUDAG*
Kringlunni kl. 18 á SUNNUDAG












**ÁRITAR**
Skeifunni kl. 16 á SUNNUDAG




**ÁRITAR**
Holtagörðum kl. 15 í DAG
Skeifunni kl. 18 í DAG




**ÁRITAR**
Skeifunni kl. 17 í DAG
Kringlunni kl. 18 í DAG

BÓK




**BUBBI ÁRITAR**
Smáralind kl. 14 í DAG
Kringlunni kl. 16 í DAG




**AUDDI & GILLZ**
Smáralind kl. 15:30 í DAG

**SVEPPI & AUDDI**
Kringlunni kl. 16 á SUNNUDAG
Smáralind kl. 18 á SUNNUDAG



**ÁRITAR OG KYNNIR**
Smáralind kl. 18 í DAG
Skeifunni kl. 17 á SUNNUDAG

**Skilamiði**
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

*Einfalt að skila og skipta!*

**50 ára HAGKAUP** *fyrir Íslendinga í 50 ár*

# Ofnotar orðið „fokk“

Tónlistarmaðurinn **Bjarni Hall** tók sér frí frá félögum sínum í hljómsveitinni Jeff Who? til að skella í sólóplötuna The Long Way Home. Hann lét sig hafa það að svara krefjandi spurningum Þriðju gráðunnar í öllu jólastreðinu.

**ÞRIÐJA GRÁÐAN**

**FULLT NAFN OG HVAÐ ERTU KALLAÐUR:** Bjarni Hall, kallaður Baddi.

**FÆÐINGARÁR OG HVAÐ MARKVERT GERÐIST ÞÁ:** 1979, mamma varð 34 ára, pabbi 35, Kata systir 15 og Addi bróðir 7 ára.

**LÍF ÞITT Í HNOTSKURN:** Misskilningur á misskilning ofan.

**Ertu orðinn það sem þú ætlaðir að verða þegar þú yrðir stór?** „Neibb, ég hafði aldrei hugmynd um hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór, og veit það enn ekki í dag.“

**Ef nýja platan þín væri máltíð hvað væri boðið upp á?** „Svínakótilettur í raspi með rækjukokkteil í forrétt.“

**Hver er þinn versti löstur?** „Á ákveðnum sviðum er ég of metnaðarlítill, svo væri ég til í að vera ákveðnari stundum.“

**Hver er mest framandi staðurinn sem þú hefur komið til?** „Þvottahúsið heima hjá mér.“

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari kvenna?** „Brosinu.“

**Hvert er uppáhaldsillmennið þitt?** „Brick Top í Snatch.“

**Besta kvikmyndin?** „Elephant Man og Lost Highway.“

**Besta bókin?** „Ævisaga Richard Pryor, Pryor Convictions.“

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** „Kjúklingur.“

**En uppáhaldsdrykkurinn?** „Vatn, pilsner, bjór, kaffi og kók, fer eftir hvað ég er að gera hverju sinni.“

**Eftirminnilegasta tímabil lífs þíns og af hverju?** „Ætli það sé ekki bara árið 2009 út af allri óvissunni!“

**Hefurðu óttast um líf þitt?** „Já, eiginlega á hverjum degi… mér þykir mjög vænt um líf mitt.“

**Hvaða Íslendingur er gáfaðastur?** „Pabbi.“

**Voru guðirnir geimfarar eða eru álfar kannski menn?** „Nema hvort tveggja sé?“

**Hvaða orð ofnotar þú?** „Fokk.“

**Hefurðu slegist eftir að þú komst á fullorðinsaldur?** „Nei, ég hef lent í slagsmálum, en ég gæti aldrei slegið neinn til baka.“

**Hvert er versta starf sem þú hefur gegnt?** „Að endurstafla í Áburðarverksmiðjunni.“

**Hvar er fallegast á Íslandi?** „Í Eyjum, á Stykkishólmi og á Seyðisfirði.“

**Hvort er meira stuð í góðæri eða kreppu?** „Það á eftir að koma betur í ljós. Ef við lifum kreppuna af, þá er hún betri.“

**Hvað er næst á dagskrá?** „Halda áfram að selja plötuna og fara út að borða með Viktoríu, kærustunni minni.“



**TEKUR FYRST EFTIR BROSINU** Bjarni Hall segir þvottahúsið heima hjá sér mest framandi staðinn sem hann hefur komið til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## MÆLISTIKAN



■ **Á uppleið**

**Sólin.** Daginn tekur að lengja á ný aðeins tveimur dögum eftir útgáfu þessa blaðs. Húrra!



**Geimverur.** Ný pláneta lík jörðunni finnst í vikunni og bláar geimverur í myndinni Avatar.



**Ættingjar.** Verst að maður þarf líka að hitta alla þessa leiðinlegu í jólaboðunum.

**Tónlist.** Ótrúlegt magn af tónleikum í desember af alls konar tagi.

■ **Á niðurleið**

**Jólagjafakaup á Þorláksmessu.** Farðu frekar strax í dag og vandaðu valið, þínir nánustu eiga það skilið.



**Jólaþrif á Facebook.** Hverjum er ekki sama hver er búinn að baka fimm sortir eða skúra eldhúsgólfið? Oj.



**Jólakötturinn.** Hann fær örugglega nóg að borða þessi jólin enda margir of blankir til að kaupa sér glæný föt.

**Snjórinn.** Af hverju snjóar alls staðar í Evrópu nema hér?



**Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur óskar landsmönnum gleðilegra jóla.**

Á hverju ári veitir sjóðurinn fjölmörgum aðilum styrk til góðra verka.

# *Jólakveðja*

2009

## *Sjóðurinn styrkir árlega fjölda aðila og meðal styrkþega í ár voru:*

- Blúshátíð í Reykjavík
- Breiðablik
- Heimili og skóli
- Hjálpræðisherinn
- Íþróttabandalag Akraness
- MS-félag Íslands
- Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
- Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
- Rauði krossinn í Fjarðabyggð
- Safnasafnið
- Samhjálp
- Staðarkirkja í Hrútafirði
- Stúlknakór Reykjavíkur
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
- Styrktartónleikar - Alexandra Líf
- Sumardvöl – Foreldra- og styrktarfélag Öskjuhlíðarskóla
- Tónlistarspil - Gaman saman með Pétri og úlfinum
- UMF Selfoss
- UMSK – Siðareglur aðildarfélaga
- Útivist fyrir unglinga – Hvassaleitisskóli
- Víkingaminjar
- Vímulaus æska - Fjölskyldan í fyrirrúmi
- Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

EXPO • www.expo.is

INTERSPORT ELKO KRÓNAN BYKO
HÚSGAGNAHÖLLIN NÓATÚN KJARVAL

Styrktar- og menningarsjóður Norvíkur www.norvik.is

NORVIK

**ÞÓRARINN BJÖRNSSON SKÓLAMEISTARI (1905-1968) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Sumir eru þannig að allt vex, verður stærra og fegurra í návist þeirra.“*



***Þórarinn var kennari við Menntaskólann á Akureyri og síðar skólameistari við sama skóla. Eftir hann liggja nokkur ritverk og þýðingar. Meðal annars þýddi hann Litla prinsinn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 19. DESEMBER 2006

## *Wilson Muuga strandaði*

Rússneska flutningaskipið Wilson Muuga strandaði klukkan 4.43 aðfaranótt þessa dags árið 2006, þrjár mílur út af Sandgerði, skammt frá Hvalsnesi.

Leki komst að skipinu og töluverður sjór inn í vélarrúmið. Danska varðskipið Tríton og björgunarskip frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu komu fyrst skipa á vettvang. Átta skipverjar af Tríton fóru í gúmmíbát til að freista þess að komast út í hið strandaða skip en gúmmíbátnum hvolfdi. Sjö komust lífs af úr þeim háska en einn danskur sjóliði lést.

Giftusamlega tókst hins vegar að flytja áhöfn Wilson Muuga í land, þá höfðu íslensku varðskipin Týr og Ægir bæst í björgunarskipahópinn. Þau komu siglandi frá Vestmannaeyjum og Reykjavík. Einnig kom þyrla Landhelgisgæslunnar til hjálpar og sigu lögreglumaður og stýrimaður Landhelgisgæslunnar úr henni niður í Wilson Muuga.



**WILSON MUUGA Á STRANDSTAÐ.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### MERKISATBURÐIR

**1821** Eldgos hefst í Eyjafjallajökli sem aldrei hafði gosið fyrr á sögulegum tíma.

**1901** Stórbruni verður á Akureyri og verða 50 manns heimilislausir er tólf hús brenna.

**1967** Lögræðisaldur er lækkaður úr 21 ári í 20 ár. Síðar er hann svo lækkaður aftur í 18 ár.

**1969** Alþingi samþykkir að Ísland gangi í EFTA frá og með 1. mars 1970.

**1989** Húsnæðisstofnun ríkisins gefur út fyrstu húsbréfin.

**1992** Kvikmyndin Karlakórinn Hekla í leikstjórn Guðnýjar Halldórsdóttur er frumsýnd.



## 50 ára afmæli

### Árni Brynjar Bragason

bóndi á Þorgautsstöðum II í Hvítársíðu og ráðunautur hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands er fimmtugur á morgun, 19. desember. Árni hefur m.a. kennt við bændadeild Landbúnaðarskólans á Hvanneyri síðastliðin 20 ár. Eiginkona hans er Þuríður Ketilsdóttir. Árni fagnar afmæli sínu ásamt fjölskyldu og vinum að Þorgautsstöðum II á afmælisdaginn.




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar** ehf.
**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699
**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511


*Rúnar Geirmundsson*

*Sigurður Rúnarsson*

*Elís Rúnarsson*

*Þorbergur Þórðarson*
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
**www.utfarir.is • runar@utfarir.is**
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990





RUT INGÓLFSDÓTTIR: HELDUR KVEÐJUTÓNLEIKA MEÐ KAMMERSVEITINNI

# UNGA FÓLKIÐ MUN TAKA VIÐ



**STJÓRNANDI Í 35 ÁR** „Ég veit að sveitin fer í góðar hendur,“ segir Rut um Kammersveit Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tímamót verða hjá Rut Ingólfsdóttur fiðluleikara á morgun er hún heldur sína síðustu tónleika með Kammersveit Reykjavíkur sem framkvæmdastjóri og konsertmeistari, eftir 35 ára farsælt starf. Tónleikarnir verða í Áskirkju og verkin eru ekki af verri endanum, Brandenborgarkonsertar nr. 2, 4 og 5 eftir Bach. „Það er hefð fyrir því að leika tónlist frá barokktímanum á jólatónleikum okkar og Brandenborgarkonsertarnir eru perlur sem gaman er að bjóða upp á af og til,“ segir Rut. Um kveðjutónleika er að ræða og því er hún spurð hvernig henni sé innanbrjósts við þessi þáttaskil? „Ég er bara glöð og þegar ég tók þá ákvörðun að hætta þá var ég tilbúin. Ég veit líka að Kammersveitin fer í svo góðar hendur. Guðrún Hrund Harðardóttir víóluleikari tekur við framkvæmdastjórn og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari við sæti konsertmeistara. Margt ungt tónlistarfólk hefur verið að koma heim frá námi, sumt af því fyrrverandi nemendur mínir, og ég veit að það mun halda kyndlinum hátt á lofti.“

Rut stofnaði kammersveitina þjóðhátíðarárin 1974, ásamt ellefu öðrum en kveðst vera ein eftir af þeim sem hófu leikinn. Margir hafi komið við sögu gegnum tíðina því fjöldi hljómsveitarmanna hafi farið eftir verkunum sem flutt hafi verið hverju sinni. „Það er ákveðinn kjarni sem mest hefur verið leitað til. Flest höfum við verið 35 en talan hefur líka farið alveg niður í þrjá,“ útskýrir Rut, sem segir kynningu á tímamótaverkum hafa verið drjúgan þátt í starfi sveitarinnar. „Þegar litið er til baka yfir söguna voru mörg merkileg verk óflutt hér á landi þegar Kammersveitin var stofnuð. Við höfum því verið í brautryðjendastarfi alveg frá byrjun,“ segir hún.

En hvað er nú fram undan? „Ég mun hafa nóg að gera, það verða bara aðrar áherslur og kannski frjálsari tími. Vissulega mun ég halda áfram að spila með kammersveitinni þegar vantar fleiri fiðlur og svo ætla ég að einbeita mér að verkum fyrir fiðlu og píanó auk þess sem ég er líka í Skálholtskvartettinum. Svo ætla ég að sjá um geisladiskaútgáfu Kammersveitarinnar áfram. Einnig þarf ég að huga að skjalasafninu, helst koma því inn á safn því sveitin er mikilvæg stofnun í tónlistarlífi Íslendinga.“ **gun@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Friðriksson**

Smáratúni 7, Keflavík,

lést miðvikudaginn 16. desember. Hann verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Sigríður Vilhelmsdóttir**
**Óla Björk Halldórsdóttir**
**Sigríður Björg Halldórsdóttir** **Kristján Sigurpálsson**
**Sævar Halldórsson** **Susie Ström**
**Þórunn María Halldórsdóttir** **Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, sonar og afa,*

**Andresar Kristinssonar**

Þórólfsgötu 21, Borgarnesi.

**Ásta Kristjana Ragnarsdóttir**
**Ragnar Ingimar Andresson** **Magnea Kristín Jakobsdóttir**
**Sigríður Andresdóttir** **Ingólfur Friðjón Magnússon**
**Kristinn Grétar Andresson**
**Gréta Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir og systir,*

**Ása Linda Guðbjörnsdóttir**

Möbelvägen 12, Bollebygd, Svíþjóð,

lést að heimili sínu laugardaginn 5. desember. Bálför hefur farið fram í Svíþjóð. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Ragnar H. Ragnarsson**
**Arnar Geir Stefánsson**
**Guðbjörn H. Ragnarsson**
**Guðný B. Ragnarsóttir**
**Guðrún Ragna Pálsdóttir**
**Björgvin Jens Guðbjörnsson**
**Gunnar Páll Guðbjörnsson**
**Rafnar Þór Guðbjörnsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Alúðar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hýhug og vináttu og heiðruðu minningu okkar ástkæru*

**Sigurbjargar Ingvarsdóttur**

Hrafnttóftum 2, áður Langholtsvegi 44.

**Ragnheiður Jónsdóttir** **Hafsteinn Ingvarsson**
**Þórunn Jónsdóttir** **Steinn Þór Karlsson**
**Elísabet Vilborg Jónsdóttir** **Steinar Þór Jónasson**
**Pálína Jónsdóttir** **Björgúlfur Þorvarðsson**
**Margrét Fjeldsted**
**Jóna Borg Jónsdóttir** **Ludvig Guðmundsson**
**og afkomendur þeirra.**



†

*Elskuleg dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Birna Bjarnadóttir**

lést á Hrafnistu Reykjavík þriðjudaginn 15. desember. Jarðarförin mun fara fram mánudaginn 28. desember kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

**Aðalheiður Sigurðardóttir**
**Jófríður Sveinbjörnsdóttir**
**Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir**
**Stefán Þór Sveinbjörnsson** **Hjörtfríður Guðlaugsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



*Innilegar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tendamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðrúnar Ó. Karlsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigríður Hrefna Magnúsdóttir**
**Ólöf Sylvía Magnúsdóttir Guðmundur Kr. Guðmundsson**



*Bróðir minn, mágur okkar og frændi,*

**Björgvin Ottó Gestsson**
frá Reykjahlíð, Reykjavík,
Miklubraut 56,

lést á Hrafnistu að morgni 7. desember. Jarðsungið var í kyrrþey að ósk hins látna. Starfsfólki á Hrafnistu gangi G 3. hæð eru færðar þakkir fyrir umönnun síðastliðin ár.

**Jakobína Björg Gestsdóttir Ingimar Jörgensson**
**Svanhildur J. Ingimundardóttir og systkinabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Hans Albert Knudsen**
flugumsjónarmaður, Lúxemborg,

verður jarðsettur frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, sími 588 7555.

**Laufey Ármannsdóttir**
**Henrik Knudsen**
**Helen Sif Knudsen**
**Guðmunda Elíasdóttir**
**Guðbjörg Eyvindsdóttir**
**Sif Knudsen Stefán Ásgrímsson**



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Margrétar Sighvatsdóttur**
frá Ási, Vestmannaeyjum,
Strikinu 10, Garðabæ,

sem lést sunnudaginn 15. nóvember. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 14 E á Landspítalanum.

**Friðrik E. Ólafsson**
**Erna Friðriksdóttir Stefán Halldórsson**
**Ólafur Friðriksson Þuríður Guðjónsdóttir**
**Sighvatur Friðriksson Hjördís Hjálmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát elskulegs sonar okkar, bróður, frænda og mágs,*

**Guðmundar Sæmundssonar (Gúmba)**
Barmahlíð 39, Reykjavík.

Stuðningur ykkar er okkur mikill styrkur. Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsælt komandi ár.

**Málfríður Anna Guðmundsdóttir**
**Sæmundur Kjartansson**
**Ingunn, Sigurbjörg, Guðrún og fjölskyldur.**



*Bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Magnús Pétur Guðmundsson**
pípulagningameistari,

lést föstudaginn 11. desember. Útför hans verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Sverrir Kr. Bjarnason Sóley Björk Ásgrímsdóttir**
**Gunnar E. Guðmundsson Lisbeth Glittum**
**Kristinn K. Guðmundsson Þuríður Guðmundsdóttir**
**Kristín J. Guðmundsdóttir**
**Sigríður J. Guðmundsdóttir Ragnar Sigurðsson**
**og systkinabörn.**



*Faðir okkar,*

**Guðmundur Guðmundarson**
Skúlagötu 40, Reykjavík,

er látinn.

**Helga Sesselja Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Steinn Guðmundsson**
**Sigurður Ingi Guðmundsson**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Georgs Hermannssonar**
frá Ysta-Mói, Fljótum.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Tryggvu Margrétar Eggertsdóttur**
Garðavegi 14, Hvammstanga,

sem lést miðvikudaginn 25. nóvember síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga fyrir sérlega hlýja og góða umönnun.

**Erna Snorradóttir Marteinn Reimarsson**
**Jóhannes Snorrason Valdís Valbergsdóttir**
**Elín Snorradóttir Högni Jónsson**
**Eggert Snorrason Guðfinna Jónsdóttir**
**Hulda Snorradóttir Ragnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Sveinsdóttir**
frá Kambi,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 17. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Sveinn E. Magnússon Guðrún Guðmundsdóttir**
**Sigurbjörg I. Magnúsdóttir Viðar Jónsson**
**Oddný S. Magnúsdóttir Ingimundur Guðmundsson**
**Einar Magnússon Margrét Steingrímsdóttir**
**Helga Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hermann Helgason**
Hólmgarði 53, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Oddný Jónasdóttir**
**Sigríður Helga Hermannsdóttir Ian David McAdam**
**Guðbjörg Edda Hermannsdóttir**
**Helga Solveig, Davíð Þór og Oddný Sjöfn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Grétu Stefánsdóttur**
Þórunnarstræti 136, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Krabbameinsfélags Akureyrar, Heimahlynningar á Akureyri og starfsfólks Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun.

**Páll Gíslason**
**Bergþóra Pálsdóttir**
**Sigurður Pálsson Hólmfríður Sveinmarsdóttir**
**og barnabörn.**



*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingeborg Grimm Jónsson**
Þorsteinsgötu 11, Borgarnesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 16. desember.

**Guðmundur Jónsson**
**Úlfar Guðmundsson Joan Andersen**
**Sverrir, Guðmundur og Kristófer Þór Úlfarssynir,**
**Michael Van Eric, Timothy Manfred, Melinda og Christie.**



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför fyrrverandi eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ásgeirs Sæmundssonar**
frá Selparti.

**Magnea Sigurbergsdóttir**
**Guðbrandur Gíslason**
**Anna Lísa Andersen**
**Sæmundur Ásgeirsson**
**Ólína Ásgeirsdóttir Alexander Hafþórsson**
**Bragi Ásgeirsson Petra Nicola Beatrich**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Kær vinur okkar og samferðamaður í lífinu,*

**Hrafn Sæmundsson**

lést þann 10. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Ester Hulda Tyrfingsdóttir**
**Agnes Huld Hrafnsdóttir Páll Breiðfjörð Pálsson**
**Hulda María Hrafnsdóttir Björn Hersteinn Herbertsson**
**Berglind Hrönn Hrafnsdóttir Ólafur Vignir Björnsson**
**Eva María, Viktor Hrafn, Páll Elvar, Sindri Freyr, Hrafnhildur, Zophanías, Ester Hulda, Fjölnir Þór og Alma Júlía.**




# Költ

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Nú í vikunni var trúarhópur með sérstakan áhuga á kynlífi til umfjöllunar í fjölmiðlum. Einn fulltrúi Siðmenntar sagði hópinn „hvert annað költ“. Ummælin endurspegla ákveðna vanþekkingu á hugtakinu „költ“. Í umræðunni virðist það aðeins hafa neikvæða merkingu og vera notað um hvaða sértrúarhóp sem er, fyrirbæri sem réttara væri að nefna „sect“.

**ÞEIR** sem einkum henda költ-hugtakið á lofti í þessari populísku æsiblaðamerkingu eru fyrst og fremst ýmsir „antí-költískir“ hópar, jafnan drifnir áfram af trúar- eða vantrúarofstæki. Það fyndna er að þessir hópar hafa einmitt sjálfir öll helstu einkenni „secta“. Þar má nefna ósveigjanlega hugmyndafræði og neikvæða afstöðu til umheimsins. Þeir sem aðhyllast aðrar skoðanir hafa einfaldlega rangt fyrir sér og eiga ekkert erindi inn í hópinn. Ekkert svigrúm er fyrir ólíkar eða frjálslegar túlkanir á sannleikanum sem hópurinn aðhyllist.

**Í** seinni tíð hefur þótt vænlegast að skilgreina trú út frá viðfangsefni sínu, hinstu rökum tilverunnar. Þannig er trú hvert það hugmyndakerfi sem býður svör við spurningum, sem eðli sínu samkvæmt verður ekki svarað á óyggjandi hátt með aðferðum vísindanna. Það að spurningunni er svarað skilgreinir trúna, ekki það hvort svarið er já eða nei. Trú þarf því ekki að beinast að verufræðilegu fyrirbæri eins og hinum gyðing-kristna og íslamska guði. Slík skilgreining næði ekki yfir búddisma eða önnur guðlaus trúarbrögð.

**Í** akademískri félagsfræði hefur hugtakið „költ“ mun opnari merkingu og varla trúarlega. Költi má líkja við hlaðborð hugmynda um andleg efni, sem gjarnan kunna þó að eiga sér trúarlegar rætur, þ.e. veita svör við hinum hinstu spurningum. Af þessu hlaðborði velur síðan hver einstaklingur fyrir sig á sínum eigin (költísku) forsendum það sem hentar honum, án þess að því fylgi afdráttarlaus hollusta við eða óbilandi trú á eina lífsskoðun umfram aðra.

**ÞANNIG** mætti t.d. tala um jóga-költ. Þá er átt við að fjöldi fólks af öllum trúarbrögðum og engum iðkar jóga sér til andlegrar og líkamlegrar heilsubótar og það nær ekkert lengra, þótt hugmyndafræði jóga byggi á hindúískum mannskilningi og heimsmynd. Sömuleiðis mætti tala um nýaldarköltið sem naut vinsælda á síðasta áratug, hippaköltið sem átti sitt blómaskeið nokkru fyrr og, já, líka siðmenntarköltið sem um þessar mundir virðist vera í blóma.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




adidas
Kraftar í kögglum
Stuttbuxur
Verð frá 3.490 kr.
Bolir
Verð frá 3.990 kr.
Sippubönd
Verð frá 2.490 kr.
Hlaupaskór
Verð frá 19.990 kr.
Gönguskór
á jólatilboði
20% afsláttur
SPALDING
TRUE TO THE GAME
Boltar
Verð frá 1.990 kr.
THE NORTH FACE
Nú erum
við komin
í jólaskapið
Allar vörur frá stærsta útivistarmerki heims
The North Face
á 30% afslætti til jóla
The North Face er me□ allt í útivistina:
Hlífðarfatnaður ı Flíspeysur ı Dúnúlpur
Skíðafatnaður ı Bakpokar ı Svefnpokar
Gönguskór og margt fleira
ROSSIGNOL SNOWBOARDS
Bretta-
og skíðapakkar
20% afsláttur
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 48018 12.2009
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • www.utilif.is
ÚTILÍF

# afirnar fást í Skífunni

S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is



Hjálmar með sína bestu plötu




Tónleikaupptökur frá stórkostlegri söngkonu




Danstónlist af bestu gerð

## Áritanir og tónleikar í Skífunni

| Laugardagur | | | | Sunnudagur | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **KRINGLAN** | | **LAUGAVEGUR** | | **KRINGLAN** | | **LAUGAVEGUR** | |
| KL. 13 | Gunnar Þórðar | KL. 12 | Þóra Björk | KL. 13 | Ragnheiður Gröndal | KL. 14 | Snorri Helgason |
| KL. 14 | Björgvin Halldórs | KL. 13 | Ragnheiður Gröndal | KL. 14 | Friðrik og Jógvan | KL. 15 | Hjaltalín |
| KL. 15 | Stefán Hilmars | KL. 14 | Fjallabræður | KL. 15 | Raggi Bjarna | KL. 16 | Ourlives |
| KL. 16 | Ómar Ragnarsson | KL. 15 | Ellen Kristjáns | KL. 16 | Ellen Kristjáns | KL. 17 | Hafdís Huld |
| KL. 17 | Helgi Björns | KL. 16 | Gunnar Þórðar | KL. 17 | Dikta | | |
| | | KL. 17 | Friðrik og Jógvan | | | | |

## Áritunartilboð




Ef þú kaupir nýju plötuna með Ellen Kristjáns, Stefáni Hilmars, Helga Björns eða Ragnheiði Gröndal færðu eldri plötu þeirra frítt með. Aðeins meðan á áritun stendur og meðan birgðir endast!

## Nýtt á DVD




## DVD tilboð




**Póstkröfusími 591-5320 - www.skifan.is**

**! ath. kl. 14.30**

*Það verður hátíðleg stemning í miðbæ Akureyrar í dag þegar félagar úr eftirfarandi kórum: Kirkjukór Akureyrarkirkju, Kirkjukór Glerárkirkju, Karlakór Akureyrar, Karlakórnum Geysi, Kvennakór Akureyrar og Kvennakórnum Emblu, mynda kóraslóð frá klukkan 14.30 til 17 víðs vegar um miðbæinn þar sem hver kór syngur í hálftíma. Upplagt er að byrja á að fylgjast með félögum úr Kirkjukór Akureyrar þar sem þeir hefja upp raust sína við Bláu könnuna.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Austurbæjarbíó til sölu

Í gær var Austurbæjarbíó auglýst til sölu í dagblöðum. Þar með hefst nýr kafli í sorgarsögu þessa húss sem um sextíu ára skeið var stærsta samkomuhús landsins, ekki aðeins nýtt til kvikmyndasýninga, heldur líka til tónleika af öllu tagi, skemmtana og leiksýninga, bæði á vegum sjálfstæðra leikhópa og um langt skeið Leikfélags Reykjavíkur.

Húsið var reist af Tónlistarfélagi Reykjavíkur og tók fyrst í stað 800 gesti í sæti. Það var selt Sambíóunum 1986 og var lengi í rekstri á þeirra vegum, undir það síðasta breytt á þann veg að þar gætu verið leiksýningar með bættum ljósabúnaði. Þá var búið að breyta efri hæðum hússins og gera veitingastaðinn Silfurtunglið að kvikmyndasölum. Rekstur kvikmyndahúss á þessum slóðum strandaði á endanum á ónógum bílastæðum.

Það voru verktakar sem keyptu húsið og um hríð stóð slagur um framtíð þess. Loks var ljóst að það yrði ekki rifið átakalaust og þá var reynt að halda því í blönduðum rekstri en gekk illa. Viðhald hefur verið í lágmarki á byggingunni lengi og húsið nánast talið óþéttanlegt sökum leka. Í fyrra var það komið á hendur borgarinnar og þá var það afhent undir starfsemi ungs fólks. Henni var hætt í haust og nú virðist fátt geta orðið því til bjargar. Þó er vísast að einhverjir sjái sér hag í að kaupa fyrir stórt hús í slöku ástandi fyrir lítið verð: vantar einhvern stað undir stórt ballhús?



**MENNING** Sögufrægt hús á lausu – þarfnast viðgerða.

### > Ekki missa af

Jólagrautnum 2009: Hjálmar og Hjaltalín á stórtónleikum NASA í kvöld. Þar verður jólahátíðinni fagnað með sannkölluðum stórtónleikum undir merkjum Jólagrautarins, árlegri tónlistarveislu sem haldin hefur verið hátíðleg kringum jólin frá árinu 2005. Hjálmar fagna nýrri breiðskífu sinni IV með alvöru gleðskap. Hjaltalín slær á létta strengi í tilefni af frábærum viðtökum við skífunni Terminal. Svo hefur múm verið bætt á prógrammið og kunna fleiri að bætast við í grautargerðina á staðnum – fyrir utan borgandi gesti auðvitað.

## Mikilvægir menn

Í tilefni af 750. ártíð Snorra Sturlusonar, 23. september 1991, ákvað ríkisstjórn Íslands að efna til styrkja sem kenndir yrðu við nafn hans. Samkvæmt reglum um styrkina, sem gefnar voru út 1992, skulu þeir árlega boðnir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum til að dveljast á Íslandi í því skyni að kynnast sem best íslenskri tungu, menningu og mannlífi.

Fimmtíu og fimm umsóknir bárust frá tuttugu og fjórum löndum. Styrkir Snorra Sturlusonar eru veittir í ár í átjánda sinn en þeir eru mikilvæg lyftistöng fyrir þá sem vinna að útbreiðslu íslenskra bókmennta. Þau sem hljóta styrki árið 2010, til þriggja mánaða hvert, eru:

Claudia Di Sciacca, dósent í þýskri textafræði við háskólann í Udine á Ítalíu, til að vinna að rannsóknum á íslensku þýðingunni á Elucidarius eftir Honarius Augustodunensis.

Imreh András, rithöfundur og þýðandi í Búdapest, til að kynna sér íslenska ljóðlist og þýða á ungversku.

Marcel Otten þýðandi, Mountcharles Co. Donegal á Írlandi, til að þýða Gerplu á hollensku.

Öll þrjú munu því hafa betri ráð til að vinna íslenskum bókmenntum landnám í fjarlægum löndum – og líka hér heima. - pbb

# Ferilssaga Ásgerðar Esterar

**Út er komin á forlagi Uppheima stór myndskreytt bók um starfsferil og verk Ásgerðar Esterar Búadóttur. Bókin er kölluð Veftir en í henni rekur Aðalsteinn Ingólfsson feril og sögu listakonunnar og um leið tilkomu vefsins með fullgildum hætti í íslenska myndlist. Guðbergur Bergsson skrifar formála að bókinni sem er í stóru broti, 25x29 cm, og er 128 blaðsíður. Í bókarlok eru ítarlegar skrár um sýningar Ásgerðar og helstu heimildir.**

Vefurinn var lengi vel á íslenskum heimilum hlutskipti bæði karla og kvenna enda voð ein helsta útflutningsafurð í ullarvinnslu og innlent efni notað í föt. Vefnaður til skrautlistar er tiltölulega ungt fyrirbæri. Voð til kirkjuskrauts var öll innflutt. Þó eru til kenningar um að vefur hafi verið unninn til skrauts á þiljum.

Ekki verður kippur í íslensk um vefnaði fyrr en handíðamennt tekur að þróast mest fyrir innlendar menntastofnanir, kvenna- og húsmæðraskóla sem vildu auka kunnáttu á þessu sviði, en stóra skrefið er tekið þegar Lúðvík Guðmundsson stofnar Handíðaskólann. Víst höfðu einstaka listamenn fyrir þann tíma lagt sig eftir vef, þeirra fremst Júlíana Sveinsdóttir og síðar Vigdís Kristjánsdóttir.



**MYNDLIST** Ásgerður Ester Búadóttir myndlistarmaður. Myndin er tekin 1980 þegar hún stóð á hátindi ferils síns.



**MYNDLIST** Eitt verka listakonunnar frá hennar samfellda og örugga ferli sem hófst seint og lauk 1995. MYND/UPPHEIMAR

Með hingaðkomu Kurt Zier jókst vilji í handíðahluta skólans að auka kunnáttu á þessu sviði og þar var Ásgerður við nám.

Aðalsteinn rekur þessa þróun alla í sínum texta og er sú saga nú komin á einn stað þótt mörg kurl séu ekki komin til grafar um feril íslenskra vefíða frá þessum skólaárum rétt eftir stríðið. Handíðir kvenna voru já að stórum hluta faldar inni á heimilum og urðu ekki viðurkennd ar í listageiranum sem viðfangsefni fyrr en Ásgerður tók að einbeita sér að þeim verkum. Í hennar spor fylgdu margar konur og verður að nefna þar fremsta Hildi Hákonardóttur þótt fleiri hafi lagt sig eftir vef, til dæmis Barbara Árnason.

Ásgerði tókst aftur að sprengja fleiri múra því hún þróaði vefinn í þá átt að taka inn í hann efni af öðrum toga, svo sem hrosshár. Það er til marks um hversu fákunnandi íslenskur myndlistarheimur var að efni í frumlistum sem lágu fyrir nefinu á mönnum; marglit ull af tvennum toga, hrosshár, skinn og leður voru hér en enginn vildi nota.

Bækur sem þessi og raunar bókin um Svavar Guðnason sem fjallað er um hér aftar í blaðinu eru gefnar út fyrir atbeina erfingja þeirra sem um er fjallað. Það er því mikilsvert að vandað sé til verksins. Veftir er með íslenskum og enskum texta, bæði meginmál Aðalsteins og eins formáli Guðbergs sem er fróðleg viðbót við hans þroskasögu og ítrekar raunar það sem fram kemur í bókinni um Svavar; myndlistarbyltingin á Íslandi var af félagslegum rótum, hún var pólitísk skoðun og braut í bága við ríkjandi kerfi í hugmyndum.

Bókin er prýdd tugum mynda og gerir lesanda því ljóst hvaða verkaskrá Ásgerður hefur lagt til íslenskrar myndlistarsögu á tuttugustu öld. pbb@frettabladid.is






## Fjör á Suðurgötu

Í dag kl. 15 mun Háskólakórinn syngja jólalög og þjóðlegar vísur fyrir gesti Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnandi Háskólakórsins er Gunnsteinn Ólafsson. Kórinn syngur tónlist af ýmsu tagi en yfirleitt er lögð aðaláhersla á íslenska tónlist. Sama dag kl. 13 mun Terry Gunnell, flytja erindi í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Erindið er á ensku og ber heitið The Icelandic Yule – an illustrated presentation in English.

Jólasveinarnir heimsækja safnið daglega 12.-24. desember kl. 11 og er laugardagurinn 19. desember engin undantekning. Von er á Skyrgámi, sem mun ræða við börn og fullorðna og jafnvel taka lagið.


KITCHEN ELDHÚS

**Nepalese & Indian Restaurant**

*Óska öllum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsælt komandi ár.*

**Núna um hátíðina bjóðum við upp á okkar sérstaka þriggjarétta jólamatseðil. Hátíðartilboðið gildir frá og með 16. – 31. Desember.**

**Forréttur**
Blandað grænmeti og kjúklinga Pakora, Papadum

**Aðalréttur – Val um:**
a) Grænmetis Tukda með hnetum og stöppuðum kartöflum borið fram með sérstakri Kitchen jólasósu.
b) Kjúklinga Sekuwa borið fram með stöppuðum kartöflum og sérstakri Kitchen jólasósu.
c) Lamba Sekuwa borið fram með stöppuðum kartöflum og sérstakri Kitchen jólasósu.

**Eftirréttur**
Hrísgrjónabúðingur matreiddur á hefðbundnum Nepölskum sið, borinn fram með ís (banana/vanillu/súkkulaði).

**Verð fyrir tilboð á mann: a) 3.650 b) 3.950 c) 4.250**

www.kitchen-eldhus.is • Sími: 5177795 • Laugavegur 60a, Reykjavík 101

# Veglegustu stórvirkin

**KYNNINGARVERÐ TIL ÁRAMÓTA**

## ÍSLAND Í ALDANNA RÁS
Ómetanleg heimild um sögu þjóðar

**„Þvílík dramatík! 18. öldin er stórmerkilegt tímabil í Íslandssögunni– hér er komin enn ein perlan í þennan vandaða bókaflokk.“**
Pálmi Gestsson leikari

Aðalhöfundur: Bjarki Bjarnason




**584**
**blaðsíður**
Ríkulega myndskreytt




**612**
**blaðsíður**
í stóru broti

**KYNNINGARVERÐ TIL ÁRAMÓTA**

## SAGAN
Vegferð mannsins frá fyrstu tíð til nútímans

**„Sá sem ekki þekkir söguna er dæmdur til að endurtaka hana.“**
George Santayana

Aðalhöfundur: Adam Hart-Davis

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Bókmenntir ★★★★★

**Skrímsli í heimsókn**

Kalle Guettler, Rakel Helmsdal og Áslaug Jónsdóttir



## Fjórða sagan um skrímsli

Fyrsta sagan eftir þetta þríeyki varð til í norrænu samstarfsátaki og small: höfundar komust niður á sáraeinfalda hugmynd, mörkuðu sér afmarkaðan bás í lesendahópi; foreldra með ung börn. Leturhugsun laut að vísu tísku þar sem leikið var með fontastærð og inn í lesmálið skotið sérsmíðuðu letri, útklipptu(?), sem rímaði við grunnlínur í persónusköpun teiknarans. Persónur og bakgrunnar voru útklippt unnin á svartan pappír og litur lagður ofan á með vaxlitum(?) Alla vega þá er myndáferðin afar nærri því sem börnin sem njóta sagnanna gera sjálf. Þau þekkja vinnuna af eigin raun sem býr að baki tjáningaraðferð teiknarans.

Þá voru söguefnin ekki síður vel heppnuð. Einfaldar sögur með skýrum kjarna, tilfinningahlaðið söguefni sem stóð nærri njótandanum. Lesara – því sögur í mynd og máli varð að lesa fyrir börnin – er jafnvel gefinn kostur á að taka þátt í leiknum í lestrinum: tvær gerólíkar raddir litla og stóra skrímslis kalla beinlínis á flutning með leik. Þannig sameina sögurnar margt: samveruna, ánægju af stöðu í fléttunni, fögnuðinn yfir myndunum, jafnvel ábendingu um stafagerð og stafastærð kjósi lesandi að nota söguna til að leiða barnið í stafrófið. Línur eru líka stuttar og lifandi í umbroti á síðunni. Þetta er allt fagmannlega unnið. Bækurnar fara vel í hendi eru í samstilltu broti allar fjórar, ekki svo síðumargar að þær gefi sig í límingu en gott hefði verið að sauma þær svo þær entust nokkrar kynslóðir. Sem þær hafa efni til.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Súpergott stöff.

Bókmenntir ★★★

**Finnur finnur Rúsínu**

Sigrún Eldjárn



## Strákur í sveit

Upp um miðja öldina var tilhneigingin hjá íslenskum höfundum barnabóka að vísa skipulega til dýranna í sveitinni, svona rétt í þann mund sem hugsandi fólk tók að gera sér grein fyrir að upp var að vaxa kynslóð í landinu sem hafði ekkert samband við skepnur. Ætli þetta megi ekki fyrst greina í myndskreytingum Halldórs Péturssonar við Vísnabókina, eitt áhrifamesta rit síðustu aldar. Í öðrum ritum rann þetta saman við sveitasæluskáldskap, eftirsjá þeirra fullorðnu við heimi á hverfanda hveli. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar: húsdýragarðar eru það lengsta sem börn komast í viðkynningu við húsdýr nema hunda og ketti, heimilishúsdýr, sem eru einhvers konar uppbót fyrir þann hlut náttúrunnar sem er annars horfinn og sést ekki nema út um bílrúðu.

Sigrún Eldjárn hefur verið að sem sögukona í áratugi. Hún hefur lagt fyrir sig margar greinar sagnaskáldskapar fyrir börn og nýtt gáfur sínar bæði á teikniborðinu og við textasmíðina. Hún er kyndugur höfundur, alltaf persónuleg í húmor og sér veröldina sínum augum. Finnur finnur Rúsínu ber þess merki. Einhvers konar kennslusaga um dýralíf, fuglar hafa hljóð, húsdýr, sauðfé, nautgripir, hænsnfé og grísir koma við sögu þar sem Finnur, sem er dökkur á hörund, dvelur hjá ömmu í sveit, en hún málar og er fjarri staðalmyndinni líka, býr í burstabæ. Hann fer á rand í einstæðingsskap sínum og lærir í sögunni bæði heiti dýra og hljóð og tölustafi í leiðinni. Svo finnur hann sér Rúsínu, litla stelpu sem hann bregður í leik við. Þau fara um hættulegustu staði í íslensku landslagi: fossa, gjár og hamra – hvergi bangin.

Þessa sögu myndskreytir Sigrún í glæstum björtum litum. Tölustafir hverfa stundum í litina sem er galli en að öðru leyti er grafísk úrvinnsla skemmtilega fjölbreytt og lifandi. Anatómísk teikning var aldrei sterkasta hlið Sigrúnar en hún vinnur þá ágalla upp með glettnislegu yfirbragði texta og myndefnis. Þetta er skemmtileg og falleg saga til lesturs með ungum börnum og ætti að skila erindinu: við erum ekki ein í heiminum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Litrík bók og gagnleg í öllum skilningi.

Bókmenntir ★★★

**Tröllagleði**

Steinar Berg og Brian Pilkington

## Vandamál tröllanna



Goðmögn eins og tröll eiga erfitt uppdráttar í okkar heimi. Þau gátu lengi treyst á að þau væru lesin inn í landið, klettar og hraunstrýtur gáfu okkur tækifæri til að lesa í grjótið mannamyndir og þar voru þau lifandi komin. Íslenski sagnaheimurinn er reyndar býsna mótsagnakenndur með sínum álfum, sem lítið eru nýttir þessi dægrin, dvergum sem eru heldur ekki mjög vinsælt sagnaefni; það eru raunar tröllin sem hafa átt best framhaldslíf á blöðum bóka og á Brian Pilkington nokkra sök í því. Hann hefur lýst sögur höfunda eins og Guðrúnar Helgadóttur og Steinars Berg.

Þeir Steinar og Brian senda nú frá sér nýja bók – fyrir börn á öllum aldri. Hún er prýðis lesefni, hugkvæm og hugmyndarík saga og afar fallega unnin í myndum. Steinar nýtir sér landkosti í Borgarfirði til að finna söguninni stað og sögukjarninn er ágætis hugmynd. Textinn er settur í býsna langar línur og hentar því helst fullorðnum lesendum, jafnvel snemmlæs börn munu eiga í vandkvæðum með svo langar línur, smátt letur og langar setningar. Það er galli á verkinu að höfundum og útgefanda er ekki fullljóst hverjum sagan er ætluð í lesskilningi; helst fullorðnum sem vilja lesa fyrir ung börn.

Steinar er að vaxa sem höfundur texta þótt hann þurfi leiðsögn og lagfæringu frá vönum ritstjóra, setningar eru stundum full stirðbusalegar, skortir mýkt, en merkingin er skýr og tilgangurinn góður. Bókin fellur því svolítið milli vita, hefur svolítinn fullorðinsblæ sem kann að vera fjarlægt börnunum, tilhugalíf trölla og gjaforð eru börnum fjarlæg þótt staðalímynd karlkyns og kvenkyns séu enn bundin í pör.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Fallega lýst saga og ratar vonandi til sinna.



Bókmenntir ★

**Bakkabræður**

Kristín Arngrímsdóttir myndskreytir

## Bræður frá Bakka

Aulasögurnar af þeim Bakkabræðrum eru nú komnar á bók á vegum Skruddu, ekki er getið um hver hefur umritað þær, enda ekki vel ljóst hverjum þær eru ætlaðar: leturstærð bendir til að þær séu ætlaðar börnum sem hafa nýlega lært að lesa en þá eru línur of langar þótt leturstærðin sé bærileg ungum augum. Það koma víða fyrir í textanum setningar sem eru svo snúnar að börnum mun veitast erfitt að lesa þær og skilja. Svo má reyndar efast um að margt efnisatriðið verði jafnvel fullorðnum lesanda augljóst, svo langt er liðið frá þeim efnisheimi sem sögurnar lýsa: hvað er blöndukútur? Þeir finna Brúnku berbakaða. Hvernig skilja menn þetta nú?

Það er efast um erindi þessara texta á markað, jafnvel fyrir fullorðna. Myndir Kristínar eru vatnslitaðar blýantsteikningar, líflitlar og skila líkamsbyggingu á mönnum en eru afleitar í dýrum. Og eftir lestur spyr maður: til hvers er verið að gefa þetta út?

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Mislukkuð tilraun til að flytja fornan menningararf.



Bókmenntir ★★

**Tíu vísur**

Helga Egilsson myndskreytir

## Vísast

Tíu vísur eftir nafnkunna höfunda og óþekkta verða Helgu Egilsson teiknara tækifæri til að myndskeyta vísnaheiminn í harðspjalda bók í stóru broti. Valið á vísunum er margbreytilegt, margt er vel kunnugt, annað óþekkt. Þjóðvísur og barnagælur í meirihluta, en sumt torkennilegt: Þér frjálst er að sjá eftir Þorstein Erlingsson er varla við hæfi ungra barna. En það er ekki aðalatriðið, hér skipta teikningarnar eða myndirnar mestu. Þær eru að vísu flestar settar í íslenskt landslag, kunnuglegan heim en sverja sig í alþjóðlega skreytistíl á barnaefni. Ekki falla þær að mínum smekk, heldur ófrumlegar í hugsun og vinnslu en kunna þó að vera dægilegar þeim sem vanastir eru umgengni við þróaða erlenda framleiðslu á þessu sviði sem nóg er af.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Fáar vísur við stórar myndir með alþjóðlegum blæ.

★★★★★

*„Þessi bók á mikið erindi til allra Íslendinga,
ekki síst hinna ferðaglöðu. Hún opnar augu allra
sem hafa unun af að lesa í landið fyrir undrum náttúruaflanna.
Þeir munu líta landið öðrum augum eftir lesturinn."*

*Guðni Einarsson, Mbl.*






**Jöklar á Íslandi** er mikið rit byggt á áratugarannsóknum Helga Björnssonar og samstarfsmanna hans við Háskóla Íslands og víðar. Bókin lýsir jöklum þessa lands og sambúð þjóðarinnar við þá frá upphafi byggðar til okkar daga, hvernig jöklar hafa mótað landið og eytt. Bókin rekur sögu þekkingaröflunar og skilnings á jöklum frá því fyrst var farið að rannsaka þá fram til nútímarannsókna. Rakin eru spor löngu horfinna jökulbreiða, hulunni svipt af landinu undir jöklum Íslands og greint frá líklegri framtíð þeirra.

Bókin er búin fjölbreytilegu myndefni, ljósmyndum, skýringar-myndum, landakortum, gervihnattamyndum og þrívíðum kortum af landslagi undir jöklum.

**Sjón er sögu ríkari.**

O
opna

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is





# Hin sjálfsprottna tjáning

Bókmenntir ★★★★

**Svavar Guðnason**

Kristín G. Guðnadóttir

Hún er stór í sniðum bókin um Svavar Guðnason listmálara. Hún fer best á borði, brotið 30x30 cm og blaðsíðufjöldinn 356. Umbrotið er hreinlegt, línur í lesmáli nokkuð langar, aftanmálsgreinar og skrár og allur frágangur fyrsta flokks. Kristín skrifar stillilegan texta og öfgalausan. Það er þannig umhverfi sem verkin hans Svavars eru sett í því bókin er ríkulega myndskreytt. Þetta er fyrsti stóri litprentaði mónógrafinn um hann og hefði í raun átt að koma út á þremur tungumálum: íslensku, dönsku og ensku. Það er samhengið sem verk eins og þetta verður að vera í – hið stóra samhengi vestrænnar myndlistar, hann er jú okkar eini maður sem nær alþjóðlegu máli þótt þekking og áhugi á verkum hans sé enn bundinn við Danmörku og Niðurlönd vegna hinnar veiku tengingar við CoBrA, eins og rakið er í bókinni. Aðrir sem komast nálægt honum eru Erró með sín Frakklandstengsl, Sigurður Guðmundsson og loks Ólafur Elíasson.

Bókin er í raun fjórða verkið sem samið er um Svavar og verk hans, það fyrsta í röð Helhesten rétt eftir stríð, þá bók Halldórs Laxness um hann og síðast bók Thors um Svavar frá 1991. Verk Kristínar er því heildstæðasta yfirlitið sem nú má fá um verk hans. Ekki er enn tekið að vinna að verkaskrá hans með skipulögðum hætti en vísast að það sé best að gera á neti og ætti þá að falla á hendur Listasafn Íslands.

Það er ekkert minna en ævintýri, kraftaverk að piltur frá Hornafirði skyldi ákveða það snemma upp úr tvítugu að gerast myndlistarmaður. Í landi þar sem markaður fyrir myndlist var varla til og menntun á því sviði takmörkuð. Og hann leitar sér uppi einhverja kennslu, nóg til að vilja sækja lengra, læra meira, sest í Konunglegu dönsku akademíuna og hættir. Byrjar upp á eigin spýtur, auralaus og við hungurmörk. Hann finnur hilluna sína, skapar sinn persónulega stíl og trommar inn í hið alþjóðlega samhengi, alveg sér á parti. Gat sem best eftir stríðið setið sæll í útlöndum en kom hingað heim og stríddi svo við það um áratugi að vera alþjóðlegur listamaður – var settur inn í eina merkilegustu hreyfingu myndlistarmanna heimsins en passaði heldur ekki þar inn. Gaf raunar ekki mikið fyrir það.



**MYNDLIST** Meistarinn Svavar Guðnason árið 1980. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




„Hér kemst allt upp, sem menn vilja koma upp, jafnvel þó menn hafi einga peninga, af því íslendíngar eru einhvern veginn í stuðinu, og komast ekki útúr því hvernig sem reynt er til," segir Halldór Laxness 1948. Svavar var alltaf í stuðinu. Halldór kenndi litunum milli hafs og jökuls um, og það er engu logið að Svavar var litarins maður. Verk Kristínar leiðir aftur vel í ljós hvernig bygging hans í verkum þróast á ferlinum og hvernig hann sprengir upp festuna þegar hún er komin til að vera í verkaröðinni. Skapið heimtar nýtt.

Athyglisverður er sá lestur að í raun megi lesa litsprengjur hans sem málverk sprottin af náttúru, átök lita og forma séu í raun túlkun á náttúru gnæfandi fjalla. Guðbergur Bergsson segir nýlega í riti um Ásgerði Ester um hina óhlutbundnu myndlist: „Ég tók snemma eftir að einkum hvössu formin í henni leituðu gjarna inn í önnur mýkri, en með þessu háttalagi, fleyguninni, fengu þau ekki lit formanna sem þau ruddust inn í, kannski óvelkomin, heldur annan og leituðu síðan galvösk út úr forminu, sem þoldi innrásina, og voru þá aftur í sínum upprunalega lit. Líklega mun ég hafa skynjað þessar árásir formanna í líkingu við óskhyggju um breytingu, svipaða þeirri sem var á þessum tíma áberandi í samfélaginu: nýjar stéttir brutust fram neðst úr samfélaginu, hinn langkúgaði hluti þjóðarinnar, og klufu næstum óhagganlegar valdastéttirnar sem fyrir voru. ... Afstraktið og geómetrían voru þannig félagslegs eðlis..." Svavar leit á sig sem félagslegan málara, eins og raunar allur sá hópur sem lifði fasismann, stríðið, kalda stríð og loks velferðar- og velmegunarsamfélag Vesturlanda. Myndlistin var pólitík.

Hér skal helst fundið að því að í verkið vantar gögn um viðtökur erlendis víðar en í stöku blöðum: vakti sýning Svavars á Biennialinum engin viðbrögð? Eins hefði verið fróðlegt að sjá hann stilltan saman við helstu samferðarmenn sína á erlendri grund, átti hann enga samherja hvorki í litanotkun né formtilraunum og þá hverja? En það er frekja að biðja um meira en hér er gert. Ekki hef ég átt kost á að bera prent á lit í verkum hans saman við verkin á veggjum Listasafns Íslands til að meta hvernig hefur tekist til um myndatökur og litvinnslu. Nú er tími ljósmynda með tölvum og þar er auðvelt að véla um lit. En treysta verður því að myndir af verkum litglaðasta myndlistarmanns séu í prentun réttar. Bókin er merkilegt verk, loksins loksins fáum við aðgang að nákvæmu og stilltu yfirliti um þennan mann þar sem á tókust mikið skap og mildi, gleði og harka eins og myndir hans bera svo glöggt vitni um í formum sínum og litaátökum.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Glæsilegt verk um okkar helsta mann.





















## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 19. desember 2009

**➜ Tónleikar**

**15.45** **Þórhildur Örvarsdóttir** syngur jólalög á Hljómalindarreitnum í Jólaþorpinu á Hjartatorgi.

**21.00** Camerarctica heldur tónleika í Kópavogskirkju. Á efnisskránni verður tónlist eftir W.A. Mozart, þar á meðal **Eine kleine Nachtmusk.**

**23.00** Cliff Clavin, Foreign Monkeys og Jeff Who verða á Batteríinu við Hafnarstræti. **Húsið verður opnað kl. 23.**

**23.30** Hjálmar og Hjaltalín verða með tónleika á NASA við Austurvöll.






**➜ Kvikmyndir**

**16.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd leikstjórans Marks Rydel **On Golden Pond** (1982). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Íslenskur texti. Nánari upplýsingar á **www.kvikmyndasafn.is.**

**➜ Dansleikir**

Hljómsveitin **Buff** verður á Breiðinni á Akranesi.

**➜ Dagskrá**

Þjóðfræðistofa stendur fyrir þjóðfræðiþingi, útgáfuhófi og menningardagskrá í Bragganum á Hólmavík. Nánari upplýsingar á **www.icef.is.**

**➜ Fyrirlestrar**

**13.00** **Terry Gunnell** þjóðfræðingur flytur erindi um íslenska jólasiði í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.

### Sunnudagur 20. desember 2009

**➜ Tónleikar**

**20.00** Tónleikar til styrktar Einstökum börnum verða haldnir í **Mózaik kirkju** við Skógarhlíð 20. Meðal þeirra sem fram koma eru Páll Óskar Hjálmtýsson, Berglind Magnúsdóttir, Heiða Ólafsdóttir og Ína Valgerður Pétursdóttir.

**20.00** Gospelkór Háskólans í Reykjavíkur verður með jólatónleika í **Iðnó** við **Vonarstræti.**

**21.00** Camerarctica heldur tónleika í Garðakirkju á Álftanesi. Á efnisskránni verður tónlist eftir W.A. Mozart, þar á meðal **Eine kleine Nachtmusk.**

**21.00** **Andrea Gylfa** og **Eddi Lár** koma fram á tónleikum í Gallery - Bar 46 að Hverfisgötu 46.

**➜ Brúðuleikhús**

**14.00** Bernd Ogrodnik brúðugerðarmaður sýnir verkið **Pönnukakan hennar Grýlu** á Söguloftí Landnámssetursins við Brákarbraut í Borgarnesi.

**➜ Kvikmyndir**

**15.00** Ballettmyndin **Hnotubrjóturinn** verður sýnd hjá MÍR við Hverfisgötu 105. Tónlist eftir P. Tsjaíkovskíj og dansarar úr ballettflokki Slóvakíu. **Enginn aðgangseyrir.**

**➜ Leikrit**

**15.00 og 18.00** Leikfélagið Peðið verður með tvær sýningar á kabarettnum **Grandlendingasögu** eftir Jón Benjamín Einarsson. Sýningar fara fram á **Grand Rokk** við Smiðjustíg. Nánari upplýsingar á **www.pedid.is.**

**➜ Upplestur**

**16.00** Huldar Breiðfjörð, Bergsveinn Birgisson, Páll Valsson og Óskar Guðmundsson lesa úr verkum sínum í **Gljúfrasteini**, húsi skáldsins í Mosfellsdal.

**➜ Leiðsögn**

**14.00** Ólafur Ingi Jónsson verður með leiðsögn um sýningu á verkum Svavars Guðnasonar sem nú stendur yfir í **Listasafni Íslands** við **Fríkirkjuveg.**

**➜ Messa**

**16.00** Hin árlega jólamessa „Festival of Nine Lessons and Carols" fer fram í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Messan verður flutt á ensku. Allir velkomnir. Nánari upplýsingar á **www.hallgrimskirkja.is.**

## ÆVISAGA SNORRA STURLUSONAR

★★★★½

„Höfundurinn [hefur] einsett sér að skrifa sögu sem er læsileg, forvitnileg, og ennfremur spennandi, og það tekst honum vel ...

**sannarlega hrífandi frásögn.“**

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið




★★★★

„Óskar getur fagnað

**frábærlega könnuðu verki.“**

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„... **stórvirki** ...

verð að fá að taka ofan ...

Ég efa ekki að ævisögu Snorra

verður tekið fagnandi.“

Einar Kárason / Morgunblaðið

2. prentun uppseld
**3. PRENTUN VÆNTANLEG**



ÓSKAR GUÐMUNDSSON rithöfundur hefur dregið saman fróðleik og bundið í frásögn örlagasögu sem margir kannast við en fáir þekkja til hlítar – sögu Snorra Sturlusonar.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

## > FATAMARKAÐUR ELMU OG SILJU

Leikkonan **Elma Lísa Gunnarsdóttir** og leikstjórinn **Silja Hauksdóttir** verða með skemmtilegan fatamarkað í dag frá 16-18. Ýmislegur hátíðarvarningur úr fórum þessarra smekkkvenna verður í boði: yfirhafnir, skart, glingur, pallíettur, kjólar og skór. Markaðurinn verður á Lindargötu 6 hjá Félagi íslenskra leikara fyrir aftan Þjóðleikhúsið.

# stíll

utlit@frettabladid.is



Fjólubláan kokteilkjól frá Nostalgíu.

OKKUR LANGAR Í …



Dásamlega svanatösku eftir Hildi Björk Yeoman frá Kronkron.



Gullfallegan glimmeraugnskugga frá Bobbi Brown í jólaboðin.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

# *Ég á ekkert til að vera í …*

Dagatalið undanfarna viku og næstu vikur fyllist ört af fjölskylduboðum, vinaboðum, vinnuboðum og viðburðum og það er ekki lítil vinna við að stunda samkvæmislífið á næstunni. Það er líka partur af hátíðleika jóla og áramóta að fara í eitthvað aðeins sparilegra en venjulega, skreyta sig með skarti eða fara í hæstu hælaskóna sína. Hvort sem maður hefur getað keypt sér einhver föt síðustu vikur eða ekki þá getur verið hálfgerður höfuðverkur að finna eitthvað til að klæðast í öll þessi skipti. Hvaða karlmaður kannast ekki við setninguna „En ég á ekkert til að fara í“ og horfir óskiljandi augum á konuna í lífi sínu þegar eftir hans bestu vitneskju er fataskápurinn yfirfullur af fötum af henni.



Þegar maður á ekki neitt til að fara í þá er óbrigðult ráð að fara bara aftur í sama dressið og þér leið einstaklega vel í síðast. Það er ekkert verra en að mæta í einhverjum flippuðum eða framúrstefnulegum kjól í partí ef maður var aldrei viss um hvort hann ætti sérstaklega vel við mann. Þá finnst mér skárra að draga fram gömlu svörtu gallabuxurnar eða kjólinn og vita að minnsta kosti að mér líði ekki eins og fávita það sem eftir lifir kvölds. Óbrigðult ráð stílista víðsvegar um heim er setningin „Accessorize..accessorize..accessorize…“ sem minnir okkur á að fylgihlutir skapa dressið. Þegar knappt er í búi er líka þjóðráð að henda á sig gamla flotta leðurjakkanum yfir svarta kjólinn og poppa þetta upp með fallegu hálsmeni eða stóru armbandi. Meira að segja mestu naumhyggjusinnar hafa gaman af smá punti yfir jólin. Svo er ýmislegt sem ber að forðast í öllum þessum veisluhöldum. Það er til dæmis ekki góð hugmynd að verða ofurölvi við nein tækifæri. Jólin eru tilfinningaríkur tími og engan langar til þess að ranka við sér á þriðja í jólum eftir einhvers konar fjölskylduuppgjör. Þetta á enn frekar við á áramótunum þegar það er best að spara kampavínið þangað til á miðnætti svo að maður sjái nú yfirleitt flugeldana og eigi skemmtilega nótt umvafinn þeim sem maður elskar.



**FÖLBLÁTT** Fallegt sítt pils og skyrta við klossa.



**BLÚNDUR** Hvít skyrta og stuttar buxur með blómum.



**BLÓM** Dásamlega fallegur hvítur kjóll alsettur blómum.


Dúkkuhúsið

Vatnsstígur 3 ★ Sími 517 0044





SVEITARÓMANTÍK HJÁ CHANEL

# Stelpulegt og sætt

Karl Lagerfeld virtist innblásinn úr mörgum áttum þegar hann hannaði vor- og sumarlínuna 2010 fyrir Chanel. Risavaxinni hlöðu var komið fyrir í miðju sýningarsvæðisins Grand Palais og fyrirsætur gengu um með strá í hárinu líkt og þær hefðu verið að gamna sér í heyinu. Allt þetta vakti upp hugmyndir um Marie Antoinette á átjándu öld eða germanskar yngismeyjar í klossum. Fötin voru sérstaklega stelpuleg: stutt pils, blúnduskyrtur og siffon. **- amb**



**RAUTT** Klassískur tweed-dressjakki og stutt pils í rauðu.





**KLOSSAR** Háhælaðir tréklossar við háa sokka veittu klæðnaðinum kynþokkafullan blæ.

**RÓMANTÍSKT** Blómakjóll með siffonsjali og uppsettu hári.

# Mesta úrvalið

## af snyrtivöru*

**OPIÐ TIL 22:00**
**ÖLL KVÖLD til jóla**






**Markwins** förðunarkassar
margar tegundir




**Diesel Only the Brave** gjafakassi
Eau de Toilette 50 ml, balm 50 ml og sturtusápa 50 ml




**Clarins Maskari Wonder Volume**
Wonder Volume maskari, augnfarðahreinsir og Beauty Flash Eye Balm




**Lancôme Hypnôse maskari svartur**
Khol svartur blýantur og Bi-Facil augnhreinsir 30 ml




**Versace Bright Crystal** gjafakassi
Eau de Parfum 30 ml og body lotion




**Boss Orange** gjafakassi
Eau de Toilette 30 ml og body lotion 50 ml




**Qlinique** gjafataska
augnskuggi, maskari, gloss, augnfarðahreinsir, augnkrem og taska.

Gildir til 20. desember á meðan birgðir endast
Mesta úrvalið í Smáralind, Kringlunni og Holtagörðum.
Minna úrval í öðrum verslunum.

* Samkv. könnun Capacents júní 2009

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár

> HANNAR OG GEFUR SKÓ

**Charlize Theron** hefur hannað skó og mun ágóði sölunnar renna til góðgerðarmála. Leikkonan hefur í samstarfi til TOMS-skókeðjuna hannað strigaskó sem henta báðum kynjum. Ágóði skósölunnar mun renna til African Outreach verkefnis leikkonunnar auk þess sem 10.000 pör verða gefin til barna sem lifa í afskekktum hverfum í Suður-Afríku, heimalandi Theron.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Sátt við viðtalið í Marie Claire

Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri hjá 66° Norður, var tekin í stutt viðtal við bandaríska tískutímaritið Marie Claire. Viðtalið birtist í sérstökum heilsuhluta í nýju desemberhefti tímaritsins þar sem Helga er meðal annars spurð út í mataræði sitt og líkamsrækt.

„Ég veit ekki af hverju þau höfðu samband við mig. Þau voru að leita að konu á Íslandi með heilbrigðan lífsstíl og mér skildist á blaðamanninum að einhver hefði bent á mig en ég veit ekki hver það var. Þau sendu mér svo spurningalista í lok ágúst sem ég svaraði samviskusamlega,“ útskýrir Helga. Hún var jafnframt beðin um að senda blaðamanni mynd af sjálfri sér og fékk Helga með sér ljósmyndara í Bláa lónið þar sem tekin var af henni mynd í flík frá 66° Norður.

Helga segist sátt við útkomuna í Marie Claire en vissi ekki af birtingu viðtalsins fyrr en vinur hennar hringdi í hana og sagði henni frá því. „Mér var sagt að viðtalið yrði væntanlega birt í desember. Það var vinur minn sem rakst fyrstur á það, hann var að blaða í gegnum tímaritið í flugi fyrir stuttu. Þeir eru fáir hér heima sem hafa séð greinina en ég er mikið á vinnufundum í Bandaríkjunum og þar hafa margir minnst á þetta við mig. Líkurnar á að menn komist í blöðin þarna úti eru svo litlar að ég held að þeim þyki þetta merkilegra en okkur hérna heima,“ segir Helga og hlær. - sm




**HEILBRIGÐ Í MARIE CLAIRE** Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri hjá 66° Norður, var tekin í stutt viðtal í bandaríska tískutímaritinu Marie Claire. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EIGENDURNIR** Sunneva, Sigga Boston og Jóel reka saman Sirkus í Færeyjum. MYNDIR/HÖGNI EGHOLM

# SIRKUSANDINN LÉT Á SÉR KRÆLA Í FÆREYJUM

**Skemmtistaðurinn Sirkus opnaði með pompi og prakt í Færeyjum um síðustu helgi. Fjöldi heimamanna og Íslendinga sóttu opnunarkvöldið og að sögn Jóels Briem, eins eiganda staðarins, var fullt út að dyrum.**

Skemmtistaðurinn Sirkus hefur verið endurvakinn í Þórshöfn undir nafninu Sirkus Föroyar. Staðurinn opnaði formlega 11. desember síðastliðinn. Á neðri hæð hússins er að auki starfrækt tískuverslunin Zoo sem selur íslenska og færeyska hönnun.

„Húsið var troðfullt á opnunarkvöldinu og ég frétti að þetta væri í fyrsta sinn í skemmtanasögu Færeyja sem fólk þurfti að bíða í röð til að komast inn. Vikan er búin að vera góð og það er stöðugur straumur af fólki hingað inn. Það er líka búið að vera mikið að gera í tískuversluninni á neðri hæðinni enda hún þykir svolítið öðruvísi en aðrar búðir hérna,“ segir Jóel Briem, sem á skemmtistaðinn ásamt Sigríði Guðlaugsdóttur og Sunnevu Eysturstein. „Þetta gekk bara vonum framar og ég held að allir hafi fundið greinilega Sirkusstemninguna.“ - sm



**VERSLUNARSTJÓRAR** Þessi tvö sjá um daglegan rekstur verslunarinnar Zoo sem er á jarðhæð hússins.



**ZOOW** Verslunin Zoo selur bæði íslenska og færeyska hönnun.



**Á KANTINUM** Færeyingar eru hrifnir af viðbótinni við skemmtanalífið í Þórshöfn.



**EFRI HÆÐIN** Staðurinn er á tveimur hæðum, alveg eins og gamli Sirkus.






**INSOL** Tónlistarmaðurinn Insol hefur sent frá sér plötuna Hátinda.

# Hátindar frá Insol

Tónlistarmaðurinn Insol hefur sent frá sér plötuna Hátinda. Um hálfgerða safnplötu er að ræða með bestu lögum Insol af plötum sem hann gaf út á árunum 1999 til 2003. Dr. Gunni sá um að raða lögunum saman og Brak-hljómplötur gefa plötuna út. Henni er lýst sem sundurleitri en þó heildrænni, einlægri, fyndinni og fallegri frá manni sem þorir að vera hann sjálfur.

Íslenskir tónlistarmenn ættu að kannast vel við Insol, enda hefur hann vakið athygli fyrir einlæg lög og texta. Hátindar hefur að geyma átján lög, þar á meðal Hvenær mun hér á Íslandi rísa stjörnusambandsstöð?, Blóm, friður og ást, Stelpur vil ég stórar og Jafnréttið er eina svarið. Platan mun fást á örfáum stöðum í miðbæ Reykjavíkur sem og á Akureyri. Hún verður einnig fáanleg á netinu.

# Áritanir og upplestrar um helgina

## Eva Joly í Austurstræti

**EYMUNDSSON, AUSTURSTRÆTI 19. DES KL. 14-15**

Friðrik Rafnsson les upp úr bók Evu Joly sem verður á svæðinu, spjallar við gesti og áritar bók sína.













## Teiknað grín

**EYMUNDSSON, NORÐUR-KRINGLU 19. DES KL. 14**

Halldór Baldursson kynnir nýja bók sína, Skuldadaga - hrunið í grófum dráttum. Hjálparkokkurinn, Þorsteinn Guðmundsson, segir frá bókinni í tali og tónum.




## Kristín kynnir Karlsvagninn

**EYMUNDSSON, SUÐUR-KRINGLU 19. DES KL. 13-14**

Kristín Marja Baldursdóttir áritar bók sína, Karlsvagninn, í Suður-Kringlu, laugardaginn 19. des á milli kl. 13 og 14.




## Talað grín

**EYMUNDSSON SUÐUR-KRINGLU 19. DES KL. 16**

Ari Eldjárn grínari kynnir nýjan disk sinn, Grín Skrín sem inniheldur m.a. hinn stórgóða skets, Jarðarför aldarinnar, sem fer nú eins og eldur í sinu um alnetið.

## Dýrin syngja á Akureyri

**EYMUNDSSON AKUREYRI, 19. DES.**

Freyvangsleikhúsið kynnir Dýrin í Hálsaskógi með söng og leik kl. 15. Dikta spilar og áritar kl. 16.

## Gillz og Þorgrímur

**EYMUNDSSON NORÐUR-KRINGLU 20. DES KL. 14**

Gilllz og Þorgrímur Þráinsson árita bækur sínar, Mannasiðir og Núll núll 9.



Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**MASSAÐUR** Taylor Lautner er lærður einkaþjálfari.

# Úr Twilight í einkaþjálfun

**Twilight-stjarnan Taylor Lautner er strax kominn með plan B ef leikferillinn fer í vaskinn; hann er búinn að taka einkaþjálfarapróf.**

**Taylor er ein heitasta stjarna heims um þessar mundir og hreint gríðarlega vinsæll, sérstaklega á meðal unglingsstúlkna.**

**Hann ku vera að búa í haginn þar sem leikferillinn endist ekki að eilífu og ætlar því að kenna fólki að rífa í lóðin eins og hann.**

# Gott bland í Eurovision-pokanum

**Fimmtán lög reyna með sér í janúar í íslenska Eurovision-forvalinu. Haldin verða þrjú undanúrslitakvöld og áhorfendur kjósa tvö lög áfram í hvert skipti. Sex lög keppa því til úrslita 6. febrúar og eitt fer til Noregs í maí. Lagahöfundar og flytjendur eru blandaður hópur lengra kominna og byrjenda í bransanum. Sumir eru að taka þátt í Eurovision í fyrsta skipti, aðrir hafa komið við sögu áður.**



**FIMMTÁN LÖG** **Menn ársins, Sjonni Brink, Hera Björk, Jógvan** og **Arnar Jónsson,** eru meðal þeirra sem takast á í Eurovision-keppninni eftir áramót.

Fyrsta undankeppnin fer fram 9. janúar. Þar verður boðið upp á þrjár söngkonur og tvö söngvara. Hin sextán ára Karen Pálsdóttir stígur á stokk með lag Bryndísar Sunnu Valdimarsdóttir og Daða Georgssonar, In the Future. Íris Hólm, sem var í X-factor í söngflokknum Gís og hefur sungið með Bermuda, syngur lag hljómborðsleikarans Birgis Jóhanns Birgissonar og bolvíska söngkonan Kolbrún Eva Viktorsdóttir syngur lag eftir eiginmann sinn, Harald Gunnar Ásmundsson, You Are the One. Matthías „Papi“ Matthíasson er á heimavelli og syngur lag Akureyringsins Matthíasar Stefánssonar, Out of Sight, og Sigurjón Brink syngur You Knocked Upon My Door eftir Jóhannes Kára Kristinsson. Allt á ensku, sem sagt, fyrsta kvöldið.

Hinn 16. janúar verður boðið upp á tvær hljómsveitir, tvo söngvara og eina söngkonu, Sigrúnu Völu Baldursdóttur, sem syngur I Believe in Angels eftir Halldór Guðjónsson. Edgar Smári Atlason syngur Now and Forever eftir Albert G. Jónsson og Jógvan Hansen syngur lag Óskars Páls og Bubba. Það er á ensku og heitir One More Day. Hljómsveitirnar tvær syngja báðar á íslensku. Menn ársins flytur Gefst ekki upp eftir Harald V. Sveinbjörnsson og Hvanndalsbræður taka Gleði og glens eftir Rögnvald „gáfaða“ Rögnvaldsson.

Áfram heldur Eurovision-stuðið síðasta undankvöldið 23. janúar. Þá verður boðið upp á tvær söngkonur og þrjá söngvara. Arnar Jónsson, áður í Lúxor, syngur annað lag Jóhannesar Kára Kristinssonar í keppninni í ár, Þúsund stjörnur. Sigurjón Brink syngur eigið lag, Waterslide. Sjonni Brink er sem sé tvöfaldur í Eurovision í ár.

Þá ætlar Steinarr Logi Nesheim úr Kung Fú og Dead Sea Apple að syngja eigið lag, Every Word. Anna Hlín syngur Komdu á morgun til mín eftir Grétar Sigurbergsson og Hera Björk virðist ætla að syngja á frönsku, allavega viðlagið, því lag hennar og Örlygs Smára heitir Je Ne Sais Quoi.

drgunni@frettabladid.is




# Miley gæti fengið Óskar

**Óskarsakademían birti í vikunni lista yfir lög sem eiga möguleika á Óskarstilnefningu. 63 lög eru á listanum og þar á meðal er Disney-barnastjarnan Miley Cyrus.**

**Miley samdi lagið Don't Walk Away ásamt John Starks og Hillary Lindsay fyrir kvikmyndina Hannah Montana. Hún er þar með komin í samkeppni við marga af helstu smellahöfundum heims og vinkonu sína, Taylor Swift.**

**Ljóst er að ef hún Miley yrði tilnefnd myndi það vekja gríðarlega athygli. Þrátt fyrir ungan aldur er hún mjög umdeild og erlendir fjölmiðlar myndu hafa nóg að gera að fjalla um valið.**



**LAGAHÖFUNDUR** Miley Cyrus á möguleika á Óskarstilnefningu í ár.




RAYMOND WEIL
GENEVE
www.raymondweil.com
shine
INDEPENDENCE
IS A STATE OF MIND
Upplýsingar um útsölustaði á
www.raymondweil.com

# JÓLADAGATAL NORRÆNA HÚSSINS

**Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er jóladagatal Norræna hússins opnað daglega, nánar tiltekið í hádeginu klukkan 12.34, og kemur þá í ljós hvað er í boði þann daginn. Fjöldi listamanna hefur þegar komið fram, en þeir sem eiga eftir að troða þar upp fram að jólum eru Eivör Pálsdóttir, Erna Ómarsdóttir, Agent Fresco, Hjaltalín, Wonder Brass, Jógvan og Friðrik Ómar. Aðgangur er ókeypis og er gestum boðið upp á piparkökur og norrænt jólaglögg.**

- ag



**GLUGGINN OPNAÐUR** Á hverjum degi er einn gluggi í jóladagatalinu í Norræna húsinu opnaður og kemur þá í ljós hvaða listamaður treður upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**DANSATRIÐI** Darí Darí dansflokkurinn tróð upp í Norræna húsinu í hádeginu á fimmtudag,



**JÓLASTEMNING** Gestir gæddu sér á piparkökum og norrænu jólaglöggi á meðan þeir horfðu á dansatriðið.



**FJÖLBREYTT DAGSKRÁ** Fjöldi listamanna hefur komið fram í tengslum við jóladagatalið og er spennandi dagskrá fram undan til jóla.




# Angelina óttafull



Tímaritið The Enquirer flutti nýverið fréttir af því að leikkonan Angelina Jolie sé svo þunglynd að hún hafi íhugað að svipta sig lífi.

Brad Pitt og Angelina Jolie munu búa hvort á sínum staðnum næstu mánuðina vegna kvikmyndaleiks og hefur það valdið Jolie miklum áhyggjum. „Brad var á heimili þeirra í Frakklandi og Angelina í Los Angeles ásamt börnunum. Hún hringdi miður sín í hann eitt kvöldið og bað hann um að koma heim til sín. Hún sagði við hann: „Þegar þú ert ekki hjá mér þá sækja að mér slæmar hugsanir. Ég fékk þessar sömu hugsanir þegar ég var yngri og þá reyndi ég að fremja sjálfsmorð,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni. Pitt á þó að hafa róað konu sína og fullvissaði hana um að hann muni aldrei yfirgefa hana né börnin.

**ÁHYGGJUFULL** Angelina Jolie líður illa þegar hún er fjarri Brad Pitt.





ora
Ástríða í matargerð
Njóttu þess besta í íslenskri matarhefð
www.ora.is
ora
Ástríða í matargerð
Lúxus Graflaxsósa
190 g



# Svefnþurfi

Fyrirsætan Gisele Bündchen og eiginmaður hennar, Tom Brady, eignuðust son á þriðjudaginn síðasta. Á miðvikudag hélt Brady blaðamannafund þar sem fjölmiðlar spurðu hann spjörunum úr um nýfædda soninn. „Það gengur vel, mjög vel. Ég er ánægður með að þetta skuli vera yfirstaðið,“ sagði ruðningshetjan og bætti við að hann væri þó nokkuð þreyttur vegna vökunótta. „Ég er að reyna að koma reglu á svefninn, sem getur verið erfitt fyrir nýbakað foreldri að gera. En þetta gengur vel.“ Hann sagði jafnframt að hann og kona hans væru enn ekki búin að velja nafn á drenginn.

**EKKERT NAFN** Tom Brady segir son sinn og Gisele Bündchen ekki vera kominn með nafn.



# Nágrannar reiðir út í Guy Ritchie

Yfirvöld í Mayfair-hverfinu í London eru að endurskoða veitingaleyfi leikstjórans Guy Ritchie sem á ölduhús í hverfinu. Barinn, The Punch Bowl, er vinsæll staður á meðal elítunnar í London og samkvæmt íbúum í hverfinu fylgir þessu fólki mikill hávaði. Staðnum fylgir svo aukinn hávaði, umferð og ónæði frá þeim stóra hópi ljósmyndara sem bíða fyrir utan staðinn hvert kvöld.

„Staðurinn fór frá því að vera gamall, notalegur enskur pöbb yfir í gríðarlega vinsælan skemmtistað sem fólk hvaðanæva að úr heiminum heimsækir,“ var haft eftir lögfræðingi íbúa Mayfair.

**ÓLÆTI** Mikil læti koma frá skemmtistað Guy Ritchie í Mayfair-hverfinu í London.

# Kennir sér um einveru

Leikarinn Hugh Grant kennir sjálfum sér um að hann sé ennþá einhleypur. Grant, sem er 49 ára, hefur átt vingott við margar af eftirsóttustu konum heims, þar á meðal Elizabeth Hurley og Jemimu Khan. „Ég ætti að festa ráð mitt. Þetta er allt mér að kenna, ég hef átt margar yndislegar kærustur,“ sagði Grant. Fimmtugsafmæli hans á næsta ári nálgast óðfluga, en hann óttast það mjög. „Ég veit ekkert hvernig ég ætla að glíma við það.“ Nýjasta mynd Grants nefnist Did You Hear About the Morgans? og í henni leikur hann á móti Söruh Jessicu Parker.



**HUGH GRANT** Leikarinn kennir sjálfum sér um að hann sé ennþá einhleypur.

# Yesmine Olsson í útrás

**Yesmine Olsson hefur haft í mörgu að snúast frá því að bók hennar Framandi og freistandi, indversk og arabísk matreiðsla, kom út í fyrra. Eftir áramót ætlar hún að halda matreiðslunámskeið í Turninum auk þess sem Bollywood-sýning hennar mun hefja þar göngu sína á ný.**

Matreiðslunámskeiðin verða byggð á bók Yesmine, en hún var nýverið tilnefnd til alþjóðlegra matreiðslubókaverðlauna og verður gefin út erlendis á næsta ári. „Ég er oft beðin um að elda heima hjá fólki og eftirspurnin hefur verið svo mikil að ég ætla að halda námskeið eftir áramót,“ segir einkaþjálfarinn og matreiðslubókarhöfundurinn Yesmine Olsson. Bollywood-sýning hennar í Turninum var sýnd við góðar undirtektir í haust, en þar var matur úr bók hennar, Framandi og freistandi, indversk og arabísk matreiðsla, borinn fram undir dans- og söngatriðum.

Fyrir skemmstu var bókin svo tilnefnd til Gourmand World Cookbook-verðlaunanna í flokknum besta asíska matreiðslubókin og hafa erlendir útgefendur sýnt henni mikinn áhuga en eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu var Nanna Rögnvaldardóttir einnig tilnefnd til þessara sömu verðlauna. „Bókin var á bókamessunni í Frankfurt í haust. Hún vakti athygli þar og fólki fannst áhugavert að búið væri að gera sýningu byggða á henni. Í kjölfarið var mér boðið að koma út á bókamessuna í París í febrúar, bæði að elda og sýna part af Bollywood-sýningunni,“ útskýrir Yesmine sem hefur einnig fengið tilboð frá bókaútgáfum í Þýskalandi og Frakklandi. „Ég hélt að ég fengi að taka því rólega um jólin, en nú er ég að fara á fullt að undirbúa, ganga frá samningi við umboðsaðila og svo er planið að gefa bókina út erlendis eftir áramót,“ segir hún. „Þetta er náttúrlega mjög spennandi, enda er bókamessan í París stærsta vín- og matreiðslubókasamkoma í heimi,“ bætir hún við, en þar verða Gourmand World Cookbook-verðlaunin afhent.



**KENNIR MATREIÐSLU** Yesmine heldur matreiðslunámskeið í Turninum eftir áramót sem verða byggð á bók hennar Framandi og freistandi, indversk og arabísk matreiðsla. MYND/KRISTJÁN ELDJÁRN ÞÓRODDSSON

Matreiðslunámskeið Yesmine hefjast 14. janúar og munu þau fara fram í Turninum. „Stefnan er að kenna fólki að elda heilsusamlegan mat með indverskum kryddum og hvernig nota á kryddin til að gera matinn skemmtilegri. Hópar og saumaklúbbar hafa fengið mig til að koma heim og kenna, en þetta verður aðeins stærra og meira,“ segir Yesmine sem verður bæði með fyrirlestur og sýnikennslu á námskeiðinu. „Ég vil auðvitað að allir taki þátt og svo fær fólk að sjálfsögðu að smakka afraksturinn,“ segir hún, en hvert námskeið tekur um þrjár klukkustundir og er skráning þegar hafin í Turninum.

Vegna mikillar eftirspurnar munu Bollywood-sýningarnar einnig hefja göngu sína þar aftur eftir áramót og verður fyrsta sýning 23. janúar. „Það verða allavega fjórar sýningar til að byrja með. Við finnum að þetta er að virka. Bollywood á Íslandi er að koma mjög sterkt inn og fólk hefur greinilega mikinn áhuga á því.“

alma@frettabladid.is






JOE BOXER®

KRINGLAN - SMÁRALIND

# Rokkuð og pungsveitt próflok


**HLJÓMSVEITIN JEFF WHO?** Spilar í kvöld.

Í kvöld halda þrjár rokksveitir pungsveitta próflokatónleika í Batteríinu. Þetta eru sveitirnar Cliff Clavin, Foreign Monkeys og Jeff Who? Strákarnir í Cliff Clavin eru frá Garðabæ og leggja nú lokahönd á sína fyrstu breiðskífu. Lagið Midnight Getaways hefur fengið góða spilun á öldum ljósvakans að undanförnu. Eyjapeyjarnir í Foreign Monkeys gáfu út frumraun sína á árinu, plötuna Pi, sem fékk ágætis dóma. Sveitin var dugleg við tónleikahald í sumar en er nú að rísa úr stuttum dvala.

Jeff Who? þarf vart að kynna, en bandið hefur átt miklum vinsældum að fagna með mörgum hressandi rokkslögurum. Um þessar mundir er Baddi söngvari að gefa út sólóplötu, en bandið snertir varla á því efni. Húsið verður opnað kl. 23 og leikar hefjast um miðnætti. Þúsund kall kostar inn.





**ALFABAKKI** laugardagur kl. 22.20 sunnudagur kl. 20.00 og 22.20
**KRINGLAN** laugardagur kl. 12 á miðnætti Sunnudagur kl. 20.00 og 22.20
**AKUREYRI** laugardagur kl. 22.20 Sunnudagur kl. 20.00 og 22.20
**KEFLAVIK** Sunnudagur kl. 20.00
**SELFOSSI** Sunnudagur kl. 20.00
MIÐASALA Á FORSÝNINGARNAR EINGÖNGU Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA
SAMBÍÓIN




**ÁLFABAKKI** laugardagur kl. 15.30 - 17.50 sunnudagur kl. 15.30 - 17.50
**KRINGLAN** Sunnudagur kl. 15.30
**AKUREYRI** laugardagur kl. 16 - 18 Sunnudagur kl. 16 - 18
**KEFLAVÍK** laugardagur kl. 16 - 18 Sunnudagur kl. 16 - 18
**SELFOSSI** laugardagur kl. 15.40 - 17:50 Sunnudagur kl. 15.40 - 17:50
SAMBÍÓIN



**Á ADAMSKLÆÐUNUM** Fótboltamennirnir fyrir vestan eru ekki feimnir og varð að vísa leikmönnum frá nektarmyndatökunni frekar en hitt.

# Naktir kappar slá í gegn á Ísafirði

**Fótboltakapparnir í Boltafélagi Ísafjarðar fækkuðu fötum á dögunum í fjáröflunarskyni. Ljósmyndarinn Spessi tók af þeim myndir sem verða gefnar út á dagatali á næstunni. Formaðurinn er ánægður með útkomuna og hefur ekki ennþá heyrt gagnrýnisraddir.**

„Þetta fór hraðar af stað en við bjuggumst við. Það eru strax farnar að berast pantanir að utan – það var að skríða í hús pöntun af höfuðborgarsvæðinu,“ segir Svavar Þór Guðmundsson, formaður Boltafélags Ísafjarðar.

Strákarnir í meistaraflokki og 2. flokki Boltafélags Ísafjarðar hafa slegist í hóp þeirra sem fækka fötum í fjáröflunarskyni. Afraksturinn verður dagatal, sem er stórglæsilegt að mati formannsins. „Þeir eru ekki bara góðir í fótbolta, heldur fjallmyndarlegir líka,“ segir Svavar. „Það varð að gera eitthvað úr þessu. Það var borið undir þá hvernig þeim litist á að striplast fyrir framan myndavélar og lögð áhersla á að þeir sem vildu ekki vera með þyrftu ekki að gera það. Svo varð úr að hver einasti kjaftur vildi vera með – og rétt rúmlega það. Það þurfti frekar að vísa frá heldur en hitt. Svo var gengið í að finna rétta staðinn og rétta ljósmyndarann – sem var Spessi þegar upp var staðið.“

Voru menn feimnir þegar á hólminn var komið?

„Nei, alls ekki. Það var fámennur hópur sem var við þetta, eins og gefur að skilja, og þetta gekk mjög vel. Miklu betur en menn áttu von á.“ Dagatalið er væntanlegt á næstunni og verður selt á hóflegu verði fyrir vestan.

atlifannar@frettabladid.is

## Meira múm á Havarí


**TVÖ GIGG Í DAG** Múm spilar og spilar.

Stórhljómsveitin múm lætur ekki staðar numið eftir funheita tónleika í Iðnó í gærkvöldi. Í dag gerir sveitin sig heimakomna í listamannabúllunni Havarí í Austurstræti og heldur þar tónleika kl. 16. Um kvöldið fer múm svo á svið á Nasa þar sem standa yfir fimmtu árlegu Jólagrautstónleikarnir. Hjálmar og Hjaltalín spila líka. Múm verður fyrsta sveitin til að stíga á stokk. Húsið verður opnað klukkan 23 og voru enn til miðar síðast þegar til spurðist. Þeir kosta 2.500 krónur við dyrnar.


**TÝR**
vettlingar
Verð: 3.200 kr.
Einnig fáanlegir í svörtu



Hlýir og góðir með gott grip.

66°NORÐUR

**BRAGI**
barna dúnvesti
Verð: 19.800 kr.
Einnig fáanleg í rauðu & svörtu



Vindhelt og vatnsfráhrindandi.

66°NORÐUR

**ÞÓRSMÖRK**
úlpa
Verð: 64.800 kr.



Mjög hlý og vatnsfráhrindandi.

66°NORÐUR



**HVER ER FAÐIRINN?** Ungur piltur hefur komið fram og vill meina að hann gæti verið faðir barns Kourtney Kardashian.

# Gæti verið faðirinn

**Raunveruleikastjarnan Kourtney Kardashian og kærasti hennar, Scott Disick, eignuðust sitt fyrsta barn fyrr í vikunni. Syninum var gefið nafnið Mason Dash Disick en nú hefur ung karlfyrirsæta, Michael Girgenti, komið fram og viðurkennt að hafa átt í sambandi við Kourtney stuttu áður en hún varð ófrísk og útilokar hann ekki þann möguleika að hann gæti verið faðir drengsins.**

**Vinir Kourtney segja að það gæti vel verið að Michael Girgenti sé faðir barnsins. „Kourtney hitti Michael nokkrum sinnum á meðan hún og Scott voru hætt saman. Það er ekki ólíklegt að hann eigi barnið,“ var haft eftir heimildarmanni.**

# Tvöfaldur Henrik

Henrik Baldvin Björnsson, oftast kenndur við Singapore Sling, verður með síðustu skipunum á jólaplötumarkaðinn í ár. Hann er á tveimur plötum sem væntanlegar eru um eða eftir helgina. Henrik og hinn ofurdjúpraddaði Toggi Guðmundsson eru Hank & Tank og ljúfsárt og snargrípandi rokkpopp þeirra verður hægt að heyra á plötunni Songs for the birds. Henrik er svo með unnustu sinni Elsu Maríu Blöndal í dúettinum The Go-go darkness, sem reiðir fram ýkt svalt töffararokk á samnefndri plötu.



**HENRIK BJÖRNSSON** Með tvær plötur.


# ÓSKABÓK SKOTVEIÐIMANNSINS




**Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum**





Þúsundir landsmanna stunda skotveiði sér til ánægju og yndisauka. Í þessari bók er komið víða við og stemming skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjallari skotveiðimönnum landsins segja sögur og rifja upp skemmtileg atvik. Einnig frásagnir, allt aftur til ársins 1912, veiðidagbækur og eldri greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.




## ÁRBÓK VEIÐIMANNSINS komin í verslanir

Ómissandi heimilda- og skemmtirit fyrir veiðimanninn.

Frábærar sögur frá veiðisumrinu 2009, ýmsar fréttir og fjöldi mynda skreyta bókina.

LITRÓF-HAGPRENT
Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík · Sími 563 6000
www.litrof.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 92242




# SENDU JÓLAPAKKA
HVERT Á LAND SEM ER

# 800 KR. PAKKINN
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,8 m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefnum www.flytjandi.is.

Sími 525 7700 www.flytjandi.is

EIMSKIP Flytjandi

# Daníel vann jólalagakeppni Rásar 2 í annað sinn

**Laga- og textahöfundurinn Daníel Geir Moritz vann jólalagakeppni Rásar 2 ásamt Jólabandinu með laginu Jólastress. Þetta er í annað sinn sem hann ber sigur úr býtum í keppninni.**



JÓLASTRESS Daníel Geir Moritz laga- og textahöfundur sigraði í Jólalagakeppni Rásar 2 í annað sinn með laginu Jólastress, en hann sigraði einnig árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Jólalög eru oft um ástina og gleðina í kringum jólin, en í þessu lagi koma fyrir setningar og atriði sem flestallir geta tengt við í tengslum við jólastressið,“ segir Daníel Geir Moritz, sigurvegari Jólalagakeppni Rásar 2. Daníel samdi bæði lag og texta við sigurlagið Jólastress sem er í flutningi Jólabandsins, en í öðru sæti varð lagið Heilög jól eftir Valgeir Skagfjörð, sungið af Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur, og í því þriðja sæti var lag Hafsteins Þráinssonar, Jólin í okkar nafni. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Daníel Geir og Jólabandið sigra í umræddri keppni því hann bar einnig sigur úr býtum árið 2007 með laginu Gjöfin mín ert þú.

„Ég gaf út lag í fyrsta sinn fyrir Neistaflug í Neskaupstað 2007. Í kjölfarið tókum við Jólabandið þátt í þessari keppni og þegar það gekk svona ljómandi vel ákváðum við að semja jólalag á hverju ári,“ segir Daníel, sem sendi þó ekki inn lag í keppnina í fyrra. „Við gerðum jólalag í fyrra sem fór um netheimana og til vina og vandamanna, en núna fannst okkur þetta efnilegt lag og fannst besti farvegurinn að setja það í þessa keppni,“ útskýrir hann.

Daníel Geir, sem er 24 ára, starfar í Bóksölu Kennaraháskólans og nemur skapandi skrif í Háskóla Íslands. Auk þess fæst hann við umboðsmennsku og uppistand. Aðspurður segist hann hafa byrjað í tónlistinni fjórtán ára gamall. „Ég byrjaði að læra á gítar í Tónskólanum í Neskaupstað, en hætti þegar ég átti að fara að læra nótur. Annars hef ég yfirleitt verið þessi partíglamrari þangað til sumarið 2006 þegar Sturla Már Helgason hljómborðsleikari fór að hvetja mig til að taka upp eigin tónlist,“ útskýrir Daníel, en segist hvorki syngja né spila sjálfur í endanlegum útgáfum af lögum sínum. „Ég sem bara lag og texta, smala í stúdíó og svo er bara partí. Ég útset lögin með Jólabandinu og þá verður alveg stórbrotin breyting á demóunum mínum. Það er breytilegt hverjir eru með í Jólabandinu hverju sinni, en Eiríkur Hafdal er söngvari bandsins,“ útskýrir hann. „Það getur hver sem er fengið góða hugmynd, en það eru ekki allir jafn heppnir og ég að eiga félaga sem eru tilbúnir að hjálpa mér að búa til tónlist,“ bætir hann við og brosir.

Spurður um lagasmíðarnar segist hann eiga nóg efni. „Ég á alveg stílabækurnar af lögum, en hef ekki verið mjög duglegur að koma þeim frá mér. Það er mjög hentugt þegar tilefni eru eins og Neistaflug og svo koma alltaf jól,“ segir hann og útilokar ekki þátttöku í forkeppni Eurovision. „Ég er búinn að lofa sjálfum mér því að taka einhvern tíma þátt í Söngkeppni sjónvarpsins, svo er stefnan að fara að semja fyrir listamenn á þeirra forsendum,“ segir Daníel. Í verðlaun hlaut hann rúm frá Rekkjunni og 100.000 króna gjafabréf frá Krónunni. „Ég er frá Neskaupstað, en er búinn að búa í bænum í fjögur ár. Ég hef bara verið með rúm í láni síðan, svo það er fínt að geta farið og keypt almennilegt rúm,“ segir hann brosandi og bendir á heimasíðu sína umboðsstofan.is/jolabandid, þar sem fólk getur nálgast jólatónlist hans endurgjaldslaust.

alma@frettabladid.is











SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON Forsýning | kl. 10:20 | L |
| BJARNFREÐARSON Forsýning | kl. 10:20 | VIP |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:30 - 5:50 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| SORORITY ROW | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:20 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:30 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| LAW ABIDING CITIZEN Sýnd á morgun | kl.5:50 | 16 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON Forsýning | kl. 12 á Miðnætti | L |
| LES CONTES D'HOFFMANN Ópera í Beini útsendingu | kl. 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| SORORITY ROW | kl. 10:20 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:50(3D) | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali Sýnd á morgun | kl. 5:50(3D) Ótextuð | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BJARNFREÐARSON | kl. 10 | L |
| PRINSESSAN OG FROSKURINN | kl. 4 - 6 | L |
| OLD DOGS | kl. 2 - 8 | L |
| MY LIFE IN RUINS | kl 8 | L |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 | 7 |
| TWILIGHT 2 | kl. 5:40 | 12 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 10 | 16 |

JÓLAMYNDIN 2009!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 1 | kl. 1 - 4.40 - 5.40 - 8 - 9 - 11.15 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| AVATAR LÚXUS | kl. 1 - 4.40 - 8 - 11.15 | 10 |
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 1 - 3 | L |
| 2012 | kl. 1 - 8 - 11.15 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D 950 kr. kl. 2.40 | kl. 2.40 - 6 - 9.20 | 10 |
| AVATAR 2D | kl. 2.40 - 6 - 9.20 | 10 |
| ANVIL | kl. 4 - 6 | 7 |
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 3.30 - 10.10 | 12 |
| DESEMBER | kl. 8 - 10 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 4 - 6 - 8 - 10* | 10 |
| 9 | kl. 4 | 7 |
| *KRAFTSÝNING | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu 600 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 2D | kl. 1.45 - 3.20 - 5 - 6.45 - 8.30 - 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 3 - 5.30 - 10.30 | 16 |
| JULIE AND JULIA | kl. 2.40 - 5.20 - 8 | L |
| SAW 6 | kl. 8 - 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2
ÍSLENSKT TAL

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3D - POWER | kl. 12.50(850 kr.), 3.50, 5.50, 7, 9 og 10.10 | 10 |
| BAD LIEUTENANT | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 16 |
| ARTÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 2(550 kr.) og 4 | L |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 2(550 kr.) og 3.50 - Íslenskt tal | L |

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ












# Gjafakort Borgarleikhússins

## Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann

Gjafakortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

### Jólatilboð Borgarleikhússins




**Fjölskyldugjöf**
**Söngvaseiður**
Miðar fyrir tvo á söngleikinn sígilda og nýr geisladiskur með öllum lögunum.
**Aðeins 7.900kr.**




**Fyrir unga fólkið**
**Gauragangur**
Hin sívinsæla skáldsaga Ólafs Hauks og tveir miðar á verkið (frumsýnt í mars).
**Aðeins 6.500kr.**

**Gefðu gjöf sem aldrei gleymist**
568 8000 | borgarleikhus.is | Listabraut 3

Borgarleikhúsið

## > KRTV í beinni frá Kína

Íslandsmeistarar KR í körfubolta eru þessa dagana staddir í Peking í Kína. Þar mun liðið leika tvo sýningarleiki við Beijing Ashoen. KR-ingar eru stórhuga sem fyrr og munu sýna leikinn í beinni sjónvarpsútsendingu á KRTV sem má nálgast á heimasíðu KR, kr.is. Leikurinn hefst klukkan 7.00 en þá er klukkan 15.00 að staðartíma. Hægt er að nálgast myndir og ferðasögur á heimasíðu KR.



**sport**

sport@frettabla-

**DAGUR SIGURÐSSON, ÞJÁLFARI FÜCHSE BERLIN:** MÆTIR ÆSKUFÉLAGA SÍNUM Á MORGUN

## *Óli er enn jafn lélegur í vörninni og alltaf*



Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í þýska úrvalsdeildarfélaginu Füchse Berlin standa í ströngu á morgun. Þá tekur liðið á móti Íslendingaliðinu Rhein-Neckar Löwen. Með liðinu leikur Ólafur Stefánsson, fyrrum samherji Dags hjá Val og íslenska landsliðinu, en þeir eru æskufélagar. Með Rhein-Neckar Löwen leika einnig þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson sem Dagur þekkir vel til enda léku þeir allir saman í landsliðinu á sínum tíma.

„Þetta verður ágætisupphitun fyrir EM," segir Dagur. Hann er einnig þjálfari austurríska landsliðsins sem er með því íslenska í riðli á EM. „Við þurfum fyrst og fremst að standa í lappirnar og reyna að stríða þeim en það er stigsmunur á þessum liðum. Maður veit þó aldrei hvenær óvæntir hlutir gerast," bætir hann við um leikinn á morgun.

Hann stóðst einnig ekki freistinguna og sendi Ólafi tóninn. „Þeir eru vissulega góðir nema hvað Óli er enn jafn lélegur í vörninni og hann hefur alltaf verið. Okkar undirbúningur hefur meira eða minna snúist um einmitt það," sagði Dagur og hló.

Hann segist annars vera bærilega sáttur við gengi liðsins. „Það er leiðinlegt er þó að við höfum ekki náð að sýna okkar réttu andlit á heimavelli. Áhorfendur hafa þó sem betur fer ekki yfirgefið okkur en það var uppselt á síðasta leik."

Það er einnig toppslagur í deildinni á morgun þegar Alfreð Gíslason og hans menn í Kiel taka á móti Hamburg. „Þetta er eins og þegar Manchester United mætir Chelsea í enska boltanum. Það hefur verið beðið eftir leiknum með mikilli eftirvæntingu," segir Dagur.

„Ég vona auðvitað að Alfreð og hans menn klári þennan leik. Það er reyndar slæmt að Daniel Narcisse er meiddur en á móti kemur að þá fær Aron [Pálmarsson] einhverjar mínútur í viðbót. Það er gaman að því."

Dagur segir það morgunljóst að Alfreð njóti gríðarlegrar virðingar í handboltaheiminum. „Það sýndi sig þegar Kiel gerði við hann langtímasamning. Ég held að það sé ekki á neinn hallað þegar ég segi að hann beri höfuð og herðar yfir alla aðra í þessum bransa."



**RYAN GIGGS** Verður bara betri með aldrinum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ryan Giggs:

## Samdi um eitt ár til viðbótar

**FÓTBOLTI** Ryan Giggs mun ekki leggja skóna á hilluna í sumar því hann er búinn að skrifa undir nýjan eins árs samning við Englandsmeistara Manchester United.

Núverandi samningur Giggs rennur út í sumar en Giggs hefur verið að spila það vel í vetur að hann sér ekki ástæðu til þess að hætta strax.

„Ég er afar ánægður með að hafa skrifað undir nýjan samning. Ég hef sjaldan eða aldrei notið þess eins mikið að spila fótbolta og ég hlakka til að vinna fleiri titla með United."

Sir Alex Ferguson segir að Giggs eigi skilið nýjan samning og hann er sannfærður um að Walesverjinn spili í tvö ár í viðbót.

„Hann er í frábæru formi og er hugsanlega að spila sinn besta bolta á ferlinum," sagði Ferguson.

Leikmenn völdu Giggs besta leikmann ensku úrvalsdeildarinnar á síðustu leiktíð. Þessi 36 ára gamli leikmaður er leikjahæsti leikmaður Manchester United frá upphafi.

Hann er einnig sá leikmaður félagsins sem hefur unnið til flestra verðlauna. - hbg

# Verðum að stoppa Gerrard og Torres

**Hermann Hreiðarsson náði merkum áfanga í vikunni þegar hann lék sinn 319. leik í ensku úrvalsdeildinni og varð þar með leikjahæsti Norðurlandabúinn frá upphafi. Hann verður í eldlínunni gegn Liverpool í dag.**

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson og félagar í Portsmouth fá það erfiða verkefni að mæta Liverpool í hádegisleik ensku úrvalsdeildarinnar í dag. Hermann er nú kominn á fullt eftir að hafa misst af upphafi tímabilsins vegna meiðsla. Hann náði þeim merka áfanga í vikunni að verða leikjahæsti leikmaðurinn frá Norðurlöndunum í sögu ensku úrvalsdeildarinnar er hann lék sinn 319. leik í deildinni. Þá mætti Portsmouth toppliði Chelsea á Stamford Bridge og tapaði, 2-1.

„Þetta er auðvitað voða fínt enda hafa margir góðir leikmenn komið frá Norðurlöndunum. En ég hefði frekar kosið að fá þrjú stig úr þessum leik," sagði Hermann við Fréttablaðið.

### Portsmouth betra með Hermanni

Skammt er stórra högga á milli hjá Hermanni þessa dagana. Síðan hann byrjaði að spila aftur eftir meiðslin seint í nóvember hefur Portsmouth att kappi við Manchester United, Chelsea og nú Liverpool. Síðan Hermann kom aftur í liðið hefur því gengið betur, en Portsmouth tapaði sjö fyrstu leikjum sínum í deildinni og situr reyndar enn á botninum.

„Við erum samt á uppleið, það er ekki nokkur spurning," sagði Hermann. „Við erum orðnir fastari fyrir og liðin þurfa að hafa aðeins meira fyrir því að vinna okkur. Það er ekki nokkur spurning að þetta verður langt og erfitt tímabil hjá okkur og við þurfum að gera helvíti vel til að bjarga okkur eftir þessa vitleysu í haust. En það er alveg hægt. Leikmennirnir eru nægilega góðir og ef við spilum eins og við gerðum gegn Chelsea munum við taka einhver stig."

Portsmouth er nú með ellefu stig og er nú ekki nema fimm stigum frá öruggu sæti. Tímabilið er tæplega hálfnað og því er ekki öll nótt úti enn.



**HERMANN HREIÐARSSON** Hér í metleiknum gegn Chelsea á Stamford Bridge. NORDIC PHOTOS/GETTY

Hins vegar hefur annan skugga borið á tímabilið hjá Portsmouth; tvisvar hefur verið skipt um eigendur, leikmenn hafa tvívegis þurft að bíða eftir launum sínum og þrálátur orðrómur hefur verið á kreiki um að félagið sé á barmi þess að lenda í greiðslustöðvun.

### Hefur neikvæð áhrif á klúbbinn

„Þetta truflar okkur ekki þegar inn á völlinn er komið en vissulega hefur þetta slæm áhrif á klúbbinn allan. Það veit enginn hvað er að gerast, hvorki leikmenn né stuðningsmenn. Við getum ekki annað gert en vonað og reynt að taka sem flest stig," segir Hermann.

Paul Hart var rekinn frá félaginu fyrir skömmu og Avram Grant ráðinn í hans stað. Hermann segist vera ánægður með störf Grants hingað til.

„Mér líst mjög vel á kappann. Hann hefur hellingsvit á fótbolta og heilmikla reynslu. Hann gefur leikmönnum góð og skýr skilaboð og er að koma liðinu vel saman."

Hermann er vitanlega ánægðastur með að Grant velur hann alltaf í byrjunarliðið. „Það er auðvitað lykilatriði fyrir hann ef hann ætlar þessu liði að geta eitthvað," segir Hermann og hlær.

Ófarir Liverpool ætti flestum áhugamönnum um enska boltann að vera vel kunnar. Liðið má helst ekki við því að misstíga sig og því er verkefni Hermanns og félaga enn erfiðara fyrir vikið.

„Það sem er fyrst og fremst aðalmálið fyrir okkur er að þessi leikur er á heimavelli okkar og þar þurfum við að taka fullt af stigum. En Liverpool er auðvitað með frábæra leikmenn, ekki síst síðan Steven Gerrard og Fernando Torres byrjuðu að spila aftur eftir sín meiðsli. Þetta eru bestu menn Liverpool og þá þurfum við að stöðva," segir hann. „Þetta verður erfiður leikur, eins og reyndar allir leikir í ensku úrvalsdeildinni."

eirikur@frettabladid.is




Skák og mát

Friðriksmótið í skák verður haldið í Landsbankanum Austurstræti 11 sunnudaginn **20. desember kl. 13.00-16.30.** Mótið er sterkasta hraðskákmót ársins og verða flestir af bestu skákmönnum landsins meðal þátttakenda.

Skákunnendur eru hjartanlega velkomnir að fylgjast með mótinu. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

**FRIÐRIKSMÓTIÐ** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA / NM40345


KRÓNAN
fyrst og fremst ódýr
SPRENGIVERÐ
Á JÓLATRJÁM
Normannsþinur 150-250 cm
ALLAR STÆRÐIR EITT VERÐ
3.990 kr.
SÖLUSTAÐIR:
LINDIR - GRANDI - BÍLDSHÖFÐI
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl
Jólaleikur Krónunnar
20 Alvöru vinningar!
Hver að verðmæti
100.000 kr.
Dregið næst út:
21. des. 5 vinningar
23. des. 10 vinningar
Vinningar verða birtir á heimasíðu Krónunnar www.kronan.is
KEA Hangilæri
FLUGBJÖRGUNARSVEITIN REYKJAVÍK
SKJÁREINN Áskrift í 6 mánuði
KRÓNAN 30.000 kr gjafabréf
Mackintosh sælgæti 2,4 kg
ATLANTSOLÍA bensín úttekt 8.000 kr
Coca-Cola hálfs árs birgðir af gosi
Einn af fimm vinningshöfum síðustu helgar. Svala Björt Brjánsdóttir verslaði í Krónunni Hvaleyrarbraut Hafnarfirði.
Krónan Árbæ
Krónan Mosó
Krónan Höfða
Krónan Granda
Krónan Akranesi
Krónan Breiðholti
Krónan Lindir
Krónan Vestmannaeyjum
Krónan Reyðarfirði
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Selfossi



RÚMENÍA BÍÐUR STEVEN Gerrard er líklega spenntur fyrir Rúmeníuferðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Evrópudeild UEFA:

## Liverpool og Unirea mætast

**FÓTBOLTI** Dregið var í 32 liða úrslit Evrópudeildarinnar í gær og verður það hlutskipti Liverpool að spila við rúmenska liðið Unirea Urziceni.

Báðum liðum mistókst að komast upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar en þau lið sem urðu í þriðja sæti sinna riðla taka þátt í Evrópudeildinni eftir áramót ásamt þeim 24 liðum sem komust upp úr riðlum sínum í keppninni í haust. Ef Liverpool kemst áfram í sextán liða úrslitin mætir liðið annaðhvort Fenerbahce eða Lille.

Leikirnir fara fram 11. og 18. mars næstkomandi. - esá

**EVRÓPUDEILD UEFA**

**32 liða úrslit:**

| |
|---|
| Rubin Kazan - Hapoel Tel Aviv |
| Athletic Bilbao - Anderlecht |
| FC København - Marseille |
| Panathinaikos - AS Roma |
| Atletico Madrid - Galatasaray |
| Ajax - Juventus |
| Club Brugge - Valencia |
| Fulham - Shakhtar Donetsk |
| Liverpool - Unirea Urziceni |
| HSV - PSV Eindhoven |
| Villarreal - Wolfsburg |
| Standard Liege - Salzburg |
| Twente - Werder Bremen |
| Lille - Fenerbahce |
| Everton - Sporting Lissabon |
| Hertha Berlin - Benfica |

# Beckham fékk ósk sína uppfyllta

**Draumur Davids Beckham um endurkomu á Old Trafford með AC Milan varð að veruleika í gær þegar félögin drógust saman í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Mílanóliðin tvö fá það verðuga verkefni að kljást við bestu lið Englands því Inter mætir Chelsea. Mourinho snýr því aftur á Stamford Bridge.**

**FÓTBOLTI** Það eru heldur betur áhugaverðir slagir í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Slagir ensku liðanna Manchester United og Chelsea við Mílanóliðin eru þó klárlega áhugaverðustu viðureignirnar.

David Beckham hafði óskað sér þess að AC Milan myndi dragast gegn Man. Utd og honum varð að ósk sinni. Beckham snýr því aftur á Old Trafford í byrjun mars með AC Milan, svo lengi sem hann verður ekki meiddur. Það verður fyrsti leikur Beckhams á Old Trafford síðan 2003 en það ár gekk hann í raðir Real Madrid.

Fyrrverandi félagi Beckhams hjá United, Teddy Sheringham, býst ekki við öðru en að Beckham fái höfðinglegar móttökur hjá stuðningsmönnum félagsins.

„Ég efast ekkert um það. Hann var frábær hjá félaginu, fyrirmynd og stuðningsmennirnir bíða eflaust spenntir eftir því að sjá hann á nýjan leik og geta um leið kvatt hann," sagði Sheringham. „Hann verður örugglega klár í slaginn. Ég er viss um að biðin verður löng fyrir Becks. Hann mun njóta leiksins en að sama skapi ætlar hann sér að leggja United að velli."

Leonardo, þjálfari AC Milan, er einnig spenntur fyrir viðureigninni. „Manchester United er frábært félag með mikla hefð. Liðið hefur frábæra leikmenn eins og við þannig að ég býst við jöfnum leik. Það eina sem ég get sagt er að þetta verða frábærir leikir.

Það er samt enn langur tími í leikina en stund sannleikans mun nálgast innan tíðar," sagði Brassinn. Ekki verður síður áhugavert að fylgjast með rimmu Inter og Chelsea. Þar mætir skrautlegasti þjálfarinn í deildinni, Portúgalinn Jose Mourinho, sínum gömlu lærisveinum í Chelsea sem hann gerði að enskum meisturum tvö ár í röð.

„Þetta er frábær dráttur. Við vorum að ræða þennan möguleika í morgun og svo varð þetta að veruleika," sagði Ron Gourlay, framkvæmdastjóri Chelsea. Hann býst ekki við öðru en að stuðningsmenn Chelsea muni taka vel á móti sinum gamla stjóra en Mourinho vann hug og hjörtu stuðningsmannanna á sínum tíma.

„Ég er pottþéttur á því að Jose fær frábærar móttökur hjá okkar fólki.

Þrátt fyrir allt er hann samt mótherji liðsins og við ætlum okkur að senda hann úr keppninni," sagði Gourlay.

henry@frettabladid.is

**MEISTARADEILDIN**

**Sextán liða úrslit:**

| |
|---|
| AC Milan - Manchester United |
| Inter - Chelsea |
| Stuttgart - Barcelona |
| Olympiakos - Bordeaux |
| FC Bayern - Fiorentina |
| CSKA Moskva - Sevilla |
| Lyon - Real Madrid |
| Porto - Arsenal |



GAMMURINN Á SVÆÐINU Real Madrid-goðsögnin Emilio Butragueno sá um að draga í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar í gær. NORDIC PHOTOS/AFP


VERKTAKALESTIN

Verktakar sem starfa í jarðvinnu og byggingariðnaði.

Mæting er kl.13:00 mánudaginn 21. des,
Gullhellu 1 í Hafnarfirði. (Hlaðbær Colas)
Lestin fer af stað kl. 13:45.

Við viljum vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Aðrar þjóðir heims auka við framkvæmdir til að komast út úr kreppu. Af hverju ekki við?

90% samdráttur á útboðum á vegum hins opinbera mun eyðileggja afkomu 10.000 fjölskyldna.

Árið 2007 störfuðu 17.500 manns við mannvirkjagerð. Vegna samdráttar hefur þeim fækkað um 10.000 á þessu ári.

Verktakar og starfsmenn þeirra eru líka fólk og eiga fjölskyldur.

Við skorum á ráðamenn að skila Vegagerðinni óráðstöfuðum fjárheimildum og ráðast þegar í stað í arðbærar framkvæmdir á vegum hins opinbera.
Með því má stýra þjóðfélaginu upp úr öldudalnum áður en það verður of seint.

Við viljum eiga framtíð. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Íslenskir Verktakar

SÝNUM SAMSTÖÐU



Tengil.: Hilmar (Magni) s: 660 6111
Halldór (Glaumur) s: 821 1230




VONDAR MINNINGAR Rooney fékk rauða spjaldið síðast á Craven Cottage og hann hyggur á hefndir í dag þar sem United tapaði leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Man. Utd getur jafnað Chelsea að stigum í dag:

## Útileikir hjá Man. Utd og Chelsea um helgina

**FÓTBOLTI** Sex leikir fara fram í ensku úrvalsdeildinni í dag og þrír á sunnudag. Manchester United sækir Fulham heim í dag og Chelsea sækir nágranna sína í West Ham heim á morgun.

Man. Utd hefur gengið afar vel á Craven Cottage en breyting varð á því í mars síðastliðnum. Þá lagði Fulham lið United að velli í fyrsta skipti í 45 ár. Mótlætið í leiknum fór í taugarnar á leikmönnum United en bæði Wayne Rooney og Paul Scholes voru sendir í bað með rautt spjald á bakinu. Það var fjórða en jafnframt síðasta tap United á síðustu leiktíð. United hefur þegar tapað fjórum leikjum á þessari leiktíð.

Leikurinn að þessu sinni verður ekki auðveldur fyrir United enda hefur Fulham ekki byrjað eins vel í deildinni síðan 2003. Fimm varnarmenn United eru enn á meiðslalistanum og óvíst er með þátttöku Ryan Giggs.

Árið 1996 ákvað þáverandi þjálfari Parma, Carlo Ancelotti, að einstakir hæfileikar Gianfranco Zola hentuðu ekki liðinu. Hann seldi Zola til Chelsea þar sem leikmaðurinn fór á kostum. Nú, þrettán árum síðar, mætast þeir Ancelotti og Zola sem knattspyrnustjórar og núna er Ancelotti hjá Chelsea.

Chelsea hefur aðeins gefið eftir upp á síðkastið en þó ekkert í líkingu við West Ham, sem hefur tapað síðustu þrem leikjum sínum. Liðið er í næstneðsta sæti deildarinnar en Chelsea mætti síðast botnliðinu og slapp með skrekkinn.

Engin ný meiðslavandræði eru hjá Chelsea, aðeins Essien og Bosingwa sem eru frá í lengri tíma. West Ham verður án Kierons Dyer sem haltraði aldrei þessu vant af velli í leiknum í vikunni. - hbg

**LEIKIR HELGARINNAR**

| |
|---|
| **Laugardagur:** |
| Portsmouth - Liverpool |
| Aston Villa - Stoke |
| Blackburn - Tottenham |
| Fulham - Man. Utd |
| Man. City - Sunderland |
| Arsenal - Hull |
| **Sunnudagur:** |
| Wolves - Burnley |
| Everton - Birmingham |
| West Ham - Chelsea |


BT
Þú færð jólagjöfina í BT
Skeifan - Smáralind - Akureyri
OPIÐ ALLA DAGA TIL 22:00
ÞORLÁKSMESSA TIL 23:00
GOTT SILFUR GULLI BETRA
STRÁKARNIR OKKAR SEGJA SÖGU SÍNA AF SILFRINU
Sigfús Sigurðsson áritar í Smáralind kl. 16:30 á sunnudag
2.399
DMTECH 19” LCD SJÓNVARP MEÐ DVD SPILARA
69.999
19” LCD sjónvarp með DVD spilara
Upplausn 1440 x 900 dpi
Skerpa 1000 : 1
Viðbragstími 5 ms
Tuner DVB-t
Tengi Scart, HDMI, VGA tengi
12V og 240V 12V kapall seldur sér
19”
INNBYGGT DVD
DMTECH 23” LCD FULL HD
SJÓNVARP MEÐ DVD SPILARA
23” LCD Full HD sjónvarp með DVD spilara
Upplausn 1920 x 1080 dpi
Skerpa 1000 : 1
Viðbragstími 5 ms
Tuner DVB-t
Tengi Scart, HDMI, VGA tengi
12V og 240V 12V kapall seldur sér
23”
89.999
INNBYGGT DVD
Skemmtilegu græjurnar fást í BT
ION FILMUSKANNI
FILM2SD
Færðu filmurnar yfir á tölvuna eða beint á SD kort
Skannar filmur og slides yfir á tölvu eða beint á minniskort
Skjár sýnir myndirnar strax
5MP- 2592 x 1680 punkta upplausn
Skannar allt að 30 myndir á mínútu
Hugbúnaður fylgir
21.999
ION XPROFILE LP
Plötuspilari
Nú er ekkert mál að afrita vinyl plöturnar yfir á MP3
Flottur plötuspilari frá Ion – Piano svört áferð
Spilar á 33 1/3 og 45 snúningum
USB tengi – tengist við tölvu
Mögulegt að tengja græjurnar við hljómtæk
Þarf ekki form agnara
Einfaldur hugbúnaður til að færa tónlistina yfir á tölvuna fylgir.
Þessi plötuspilari tengist beint við tölvuna þína
24.999
HEILASPUNI
Heilaspuni er fyrsta íslenska spilið sem þú þarft ekki að vita neitt til að vinna! Hér fær lygalaupur inn upreisn æru því takmark spilsins er að fá aðra leikmenn til að trúa uppspuna þínum.
5.999
Jólaspilið í ár
VERBATIM MARGMIÐLUNARSPILARI
Með nettengi
Nettengi 10/100
1080i stuðningur við FullHD
Digital audio 5.1
Hægt er að læsa möppum með lykilorði
Spilar eftirtaldar skráargerðir:
MPEG 1,2,3 (MPG, MPEG, AVI, M2V, DAT, VOB) / XviD,MP3, WMA, OGG Vorbis,JPG
29.999
500GB
37.999
1TB
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444



**MISSTU AF ÚRSLITALEIKNUM** Þórir Hergeirsson á bekknum. MYND/AFP

Norsku stelpurnar hans Þóris:

## Spila um bronsið á HM í Kína

**HANDBOLTI Rússland og Frakkland munu spila til úrslita á HM í handbolta kvenna sem lýkur í Kína um helgina.**

**Stelpurnar hans Þóris Hergeirssonar í norska landsliðinu töpuðu 20-28 í undanúrslitaleiknum sínum á móti Rússlandi og mæta Spáni í leiknum um þriðja sætið á sunnudaginn. Þetta verður fyrsta stórmótið síðan HM 2005 þar sem norska kvennalandsliðið spilar ekki til úrslita.**

**Norska liðið byrjaði vel í leiknum og var meðal annars 11-8 yfir um miðjan hálfleikinn. Rússar sneru þá leiknum sér í hag; skoruðu átta mörk í röð og náðu fimm marka forystu fyrir hálfleik, 17-12. Sigur Rússa var síðan aldrei í hættu í seinni hálfleik. Frakkar unnu 27-23 sigur á Spáni í hinum undanúrslitaleiknum.** - óój



**AÐ SEMJA VIÐ READING** Gunnar Heiðar Þorvaldsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Bíður enn eftir að klára skiptin

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur ekki enn skrifað undir samning við Reading en hann hefur verið fullvissaður um að það verði gert strax á mánudaginn. Gunnar fór utan á mánudaginn og fór þá í læknisskoðun. Síðan þá hefur félagið hins vegar rekið knattspyrnustjórann og því hefur málið tafist.

„Þetta eru í raun þrír samningar sem þarf að útbúa og þetta tekur því allt sinn tíma,“ sagði Gunnar Heiðar en hann er á mála hjá Esbjerg í Danmörku sem hefur samþykkt að lána hann til Reading til loka leiktíðar.

„Ég er bara rólegur og hef verið duglegur að æfa. Það verður gengið frá þessu á mánudaginn og þá byrja ég að æfa með liðinu. Síðan er æfingaleikur við Tottenham á þriðjudaginn.“ - esá

# Miklu þroskaðri og reyndari núna

**Jón Arnór Stefánsson vann einn af stórum sigrunum á glæsilegum ferli sínum í desembermánuði og það þrátt fyrir að vinna ekki titil eða vinna leik. Jón Arnór kom nefnilega öllum á óvörum í Granada með því að snúa aftur eftir mjög slæm bakmeiðsli tveimur mánuðum á undan áætlun.**

**KÖRFUBOLTI** Tíu stig á sautján mínútum er ekki slæm frammistaða hjá leikmanni í spænsku úrvalsdeildinni, einni bestu deild í heimi. Hún fær samt nýtt vægi þegar um er að ræða leikmann að stíga sín fyrstu skref á vellinum eftir að hafa unnið sigur á hrikalegum bakmeiðslum sem sendu hann beint á sjúkrahús og áttu að halda honum frá keppni í fjóra mánuði.

Jón Arnór Stefánsson lék sinn fyrsta leik með CB Granada um síðustu helgi og samdi þar með nýjan kafla í ævintýralegri endurkomu sinni.

„Það var ofboðslega gaman að koma til baka svona snemma. Ekki bara að koma til baka heldur að líða eins og mér líður núna. Mér finnst ég vera sterkur. Ég er með litla verki og miklu minni verki en þeir héldu,“ segir Jón Arnór og ekkert bendir til þess að hann hafi farið af stað of snemma.

„Ég er í standi til að spila því ég er búinn að vera það fljótur að koma mér í leikform. Ég spilaði sautján mínútur í fyrsta leik og var hvorki þreyttur né fann neitt daginn eftir. Ég hef greinilega komið mörgum á óvart með því að koma svona fljótt til baka,“ segir Jón Arnór.

### Kærastan hans stoð og stytta

Jón þakkar góðum læknum og sjúkraþjálfurum, sem og því góða fólki sem stóð við bakið á honum.

„Ég hef aldrei lent í svona svakalegum meiðslum áður en ég hef verið alltaf frekar jákvæður að eðlisfari og það hjálpaði örugglega heilan helling. Höfuðið var alltaf uppi og ég var alltaf stemmdur á það að koma til baka í desember. Það gekk síðan einhvern veginn eftir,“ segir Jón Arnór en það er þó ein manneskja sem fær mesta hrósið.

„Ég er með Lilju kærustu mína með mér úti og hún var mín stoð og stytta í þessu. Við erum það góðir vinir og félagar að það var alltaf voðalega gaman hjá okkur. Það var líka nóg að gera hjá mér þó svo að ég hafi verið meiddur. Ég var alltaf í sjúkraþjálfun og í sundlauginni í endurhæfingu. Það var því enginn tími í að detta í eitthvert þunglyndi,“ segir Jón Arnór.

Jón Arnór var að hefja sitt annað tímabil á Spáni þegar hann meiddist en hann lenti einnig í slæmum meiðslum þegar hann hóf að leika með Valencia haustið 2006.

„Ég lá þarna á gólfinu og fór að velta því fyrir mér hvort það væru einhver álög á mér á Spáni. Það var bara vitleysa og maður á ekkert að hugsa þannig,“ segir Jón. „Ég er búinn að vera jákvæður alveg síðan þetta gerðist og hef alltaf verið mjög glaður á æfingum. Það hefur líka gengið vel á æfingunum og mér líður allt öðruvísi en í Valencia. Ég er miklu þroskaðri og reyndari,“ segir Jón Arnór, sem yfirgaf Pamesa Valencia í ársbyrjun 2007 og fór þá aftur til Ítalíu.

„Ég hef verið það lengi í þessum bolta að ég get staðið mig vel í þessari deild. Þetta er allt spurning um hugarfar og ég er miklu tilbúnari að takast á við svona meiðsli en áður,“ segir Jón og fjölskylduvænt umhverfi í Granada hefur hjálpað til.

### Hafa sýnt honum þolinmæði

„Klúbburinn hefur sýnt mér þolinmæði og ég fékk allt önnur skilaboð en ég fékk frá Valencia. Þá var bara pressa á mér að koma til baka. Ég kom þá til baka og meiddist síðan strax aftur, sem var alveg hrikalegt,“ segir Jón Arnór.

Það gengur samt ekki vel hjá Granada-liðinu, sem hefur aðeins unnið fjóra af tólf leikjum sínum og situr í þriðja neðsta sæti deildarinnar.

„Það er ekkert rosalega gaman að vera að tapa leikjum en það er hlutur sem ég þarf að læra. Ég er vanur því að vera alltaf í sigurliði og það er svolítið skrítið að lenda í þessari aðstöðu núna að vera í tapliðinu. Við erum samt með ágætis hóp og það vantar bara aðeins upp á hjá okkur. Ég held að menn séu að vakna til lífsins. Liðið vantar smá breidd og smá reynslu. Ég held að ég geti veitt því þessa tvo hluti,“ segir Jón.

### Góð samvinna við Finnann

Jón Arnór er ánægður með samvinnuna Finnans Teemu Rannikko en þeir komu báðir inn af bekknum í leiknum á móti Estudiantes um síðustu helgi.

„Við lendum fjórtán til sextán stigum undir í byrjun. Ég fæ loksins að koma inn á í öðrum leikhluta og við náum þeim strax og það munar aðeins tveimur stigum í hálfeik. Þá byrjar hann aftur með byrjunarliðið inn á og við lendum aftur fjórtán stigum undir. Við Rannikko komum inn á aftur og við náum þeim aftur en það var ekki nóg,“ segir Jón en samvinna þeirra kom ekki bara í ljós í leiknum heldur einnig á æfingum.

„Við Teemu Rannikko erum alltaf saman á æfingum og þá erum við að rúlla hinum upp. Það þarf því kannski að fara að breyta hlutunum. Við þessir reynslumeiri leikmenn þurfum kannski að funda með þjálfaranum og láta aðeins heyra í okkur,“ segir Jón Arnór og bætir við:

### Ekki lengur einhver stráklingur

„Ég er ekki lengur einhver stráklingur. Ég er orðinn reyndur og sérstaklega í þessu liði. Ég þarf að taka meira að mér leiðtogahlutverk,“ segir Jón en fram undan er mikilvægur leikur við Lagun.

„Þetta er heimaleikur og lið sem við eigum að vinna. Þetta er leikur sem við bara verðum að vinna. Við erum vel stemmdir og vonandi fær maður að spila eitthvað meira,“ segir Jón Arnór að lokum. ooj@frettabladid.is



**ÁRIÐ BYRJAÐI HJÁ KR** Jón Arnór Stefánsson lék með þremur félögum í þremur löndum á árinu 2009. Fyrst KR, þá ítalska liðinu Benetton Treviso og svo að lokum með spænska liðinu CB Granada. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TVEIMUR MÁNUÐUM Á UNDAN ÁÆTLUN**

**1. október**

Jón Arnór lendur mjög illa og brákar fjóra hryggjarliði í æfingaleik gegn Khimki frá Rússlandi. Hann er fluttur á sjúkrahús en sleppur við að fara í aðgerð. Liðið býst við að Jón verði frá fram í janúar.

**29. nóvember**

Jón Arnór fer í stórt próf í tengslum við keppnisferð CB Granada til Real Madrid. Stenst prófið og fær að æfa með liðinu í vikunni á eftir.

**12. desember**

Spilar sinn fyrsta leik með CB Granada þegar liðið tapar 77-65 fyrir Estudiantes. Spilar í 16 mínútur og 42 sekúndur, skorar 10 stig, setur niður þrjá þrista og tekur þrjú fráköst.




ÖFLUG JÓLATILBOÐ
Í HÁTÆKNI
MYND OG HLJÓÐ
Á FRÁBÆRU VERÐI
LG
Verð: 399.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
299.995 kr.
AFSLÁTTUR
100.000
LG 47" Full HD 47LH4000
Glæsilegt 47" LCD sjónvarp með Full HD-upplausn, TruMotion 100Hz, Intelligent Sensor 2 og USB 2.0.
LG
Verð: 269.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
219.995 kr.
AFSLÁTTUR
50.000
LG 37" Full HD 37LH4000
Glæsilegt 37" LCD sjónvarp með Full HD-upplausn, TruMotion 100Hz, Intelligent Sensor 2 og USB 2.0
PALLADINE
Verð: 149.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
129.995 kr.
AFSLÁTTUR
20.000
32" Palladine Full HD LCD EPT3251MT
Palladine EPT3251MT er glæsilegt Full HD LCD-sjónvarp með íslensku valmyndarkerfi, 1920x1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, DLAN og USB.
PALLADINE
Verð: 209.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
199.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
42" Palladine Full HD LCD EPT4251MT
Palladine EPT4251MT er glæsilegt Full HD LCD-sjónvarp með íslensku valmyndarkerfi, 1920x1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, DLAN og USB.
Panasonic
Verð: 219.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
179.995 kr.
AFSLÁTTUR
40.000
42" Panasonic HD Ready TX-P42C10E
Panasonic TX-P42C10 er HD-Ready plasma-sjónvarp með 1024x768 punkta upplausn, 2 x HDMI, 100Hz og V-Real 4 myndúrvinnslu.
Verð: 109.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
89.995 kr.
AFSLÁTTUR
20.000
Yamaha YHT-292
5.1 heimabíómagnari með hátalarakerfi, 1080p HDMI útgangi. Sjálfvirk uppsetning á magnara, fjórir SCENE-takkar.
Verð: 69.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
59.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
Yamaha MCR-040
Frábær smástæða frá Yamaha með iPod-dokku, geislaspilara, USB-tengi og mörgu fleiru.
Verð: 299.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
289.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
Yamaha YSP-4100
Yamaha YSP-4100 7.1 heimabíókerfi með innbyggðu FM-útvarpi, 5 x HDMI-tengi. Uppskölun í Full HD 1080p.
Verð: 39.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
29.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
Yamaha PDX-30
Skemmtileg og nett smástæða fyrir iPod. Fjarstýring fylgir. Margir litir í boði. Fáanleg í svörtu, hvítu og bleiku, hvítu og bláu og hvítu og gráu.
Verð: 59.995 kr. stgr.
JÓLATILBOÐ
49.995 kr.
AFSLÁTTUR
10.000
LG BD-350 Blu-Ray spilari
Afar þunnur og nettur Blu-Ray spilari frá LG með 1080p afspilun úr HDMI, Dolby Digital Plus, DTS-HD og Dolby True HD.
Hátækni
Opið: Virka daga 09.30–22 | Laugardaginn 19. des 9.30–18 | Sunnudaginn 20. des 9.30–18
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 92527



> Nicole Kidman

„Mín stærstu afrek í lífinu eru kvikmyndirnar sem ég hef gert og börnin mín.“

***Kidman fer með annað aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Invasion sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 22.05.***

# dagskrá

## sunnudagur

### SUNNUDAGSKVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.10**

**Jólaréttir Rikku**

Í þessum sérstaka jólaþætti býður Rikka vel völdum og þjóðþekktum gestum til jólahlaðborðs þar sem boðið verður upp á einkar áhugaverða blöndu af sígildum réttum sem prýða öll alvörujólahlaðborð og aðra nýstárlegri sem eiga fullt erindi á jólahlaðborð landans.

**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**
**Alexander Rybak**

**Sjónvarpið kl. 19.40**

Sjónvarpið sýnir í kvöld upptöku frá tónleikum söngvarans og fiðluleikarans Alexanders Rybak sem fram fóru í óperuhúsinu í Ósló. Ásamt honum koma fram á tónleikunum Vivaldihljómsveitin, Gunnar Flakstad, Elisabeth Andreassen og Arve Tellefsen.



### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Nýi skólinn keisarans, Hanna Montana og Tobbi tvisvar.
**10.50 HM í handbolta kvenna** Bein útsending frá úrslitaleiknum sem fram fer í Kína.
**12.40 Stórviðburðir í náttúrunni** (e)
**13.35 Aftur á brettið** (e)
**15.05 Reimleikar á Buxley Hall** (e)
**16.35 Þögnin kallar** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Alexander Rybak - Ævintýri í óperunni** (Alexander Rybak - I operaen) Upptaka frá tónleikum söngvarans og fiðluleikarans Alexanders Rybak.
**20.30 Himinblámi** (Himmelblå) (8:16) Norskur myndaflokkur. Aðalhlutverk: Line Verndal, Edward Schultheiss, Sebastian Warholm og Elvira Haaland.
**21.20 Sunnudagsbíó - Köfunarkúlan og fiðrildið** (Le scaphandre et le papillon) Frönsk/bandarísk bíómynd frá 2007 um Jean-Dominique Bauby, ritstjóra franska tímaritsins Elle, sem lamaðist árið 1995.
**23.15 Vínarfílharmónían í Sjanghaí** (e)
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BBC entertainment

**11.00** Doctor Who **11.45** Doctor Who **12.30** Doctor Who **13.15** Doctor Who **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who **15.30** Torchwood **16.20** Torchwood **17.10** Torchwood **18.00** My Family **18.30** My Hero **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Coupling **20.00** Little Britain **20.30** Little Britain **21.00** Marc Wootton Exposed **21.30** Marc Wootton Exposed **22.00** This Is Dom Joly **22.30** This Is Dom Joly **23.00** The Mighty Boosh **23.30** The Mighty Boosh

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Algjör Sveppi** Algjör Sveppi, Harry and Toto, Kalli og Lóa, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra
**09.30 Scooby-Doo og félagar**
**09.55 Apaskólinn**
**10.20 Flicka**
**11.55 Nágrannar**
**13.15 Nágrannar**
**13.40 Grey's Anatomy** (8:23)
**14.30 So You Think You Can Dance** (16:25)
**15.55 So You Think You Can Dance** (17:25)
**16.50 Oprah**
**17.35 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.02 Veður**
**19.10 Jólaréttir Rikku** Í þessum sérstaka jólaþætti býður Rikka vel völdum og þjóðþekktum gestum til jólahlaðborðs.
**19.45 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum.
**20.25 The Mentalist** (4:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**21.15 Numbers** (23:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála.
**22.05 Mad Men** (10:13) Önnur þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Draper og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York.
**22.55 60 mínútur**
**23.40 NCIS** (19:19)
**00.25 Time Bomb**
**01.50 The American Pie Presents**
**03.30 Numbers** (23:23)
**04.15 The Mentalist** (4:22)
**05.00 Mad Men** (10:13)
**05.50 Fréttir**

### SPORT *besta sætið*

**08.50 Gillette World Sport**
**09.20 Spænsku mörkin**
**10.20 Real Madrid - Zaragoza** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**12.00 Genoa - Valencia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**13.45 Augusta Masters Official Film** Þáttur um Masters golfmótið.
**14.40 Ólafur Stefánsson** Að þessu sinni verður einn dáðasti sonur íslensku þjóðarinnar heimsóttur til Ciudad Real á Spáni.
**16.40 Kiel - Hamburg** Bein útsending frá leik í þýska handboltanum en með liði Kiel leikur Aron Pálmarsson undir stjórn Alfreðs Gíslasonar.
**19.50 Mónakó - Lyon** Útsending frá leik Mónakó og Lyon í franska boltanum.
**22.00 Miami - Portland** Bein útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**08.10 Mörk dagsins**
**08.50 Man. City - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**10.30 Blackburn - Tottenham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**12.10 Premier League World**
**12.40 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**13.20 Wolves - Burnley** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 West Ham - Chelsea** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Everton - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Portsmouth - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.20 Arsenal - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Fulham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### EXTRA

**14.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**14.45 The Doctors**
**15.30 The Doctors**
**16.15 The Doctors**
**17.00 The Doctors**
**17.45 Oprah**
**18.30 Seinfeld** (4:22)
**18.55 Seinfeld** (5:22)
**19.20 Seinfeld** (24:24)
**19.45 Seinfeld** (1:22)
**20.10 So You Think You Can Dance** (16:25) Sjötta þáttaröðin þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**21.35 So You Think You Can Dance**
**22.30 Blade** (12:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra og berst við nýja tegund vampíra sem ætlar sér alger yfirráð yfir mannkyninu.
**23.15 Seinfeld** (4:22)
**23.40 Seinfeld** (5:22)
**00.05 Seinfeld** (24:24)
**00.30 Seinfeld** (1:22)
**00.55 Logi í beinni**
**01.40 Auddi og Sveppi**
**02.15 ET Weekend**
**03.05 Modern Toss** (5:6)
**03.30 Sjáðu**
**03.55 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### ÍNN

**17.00 Græðlingur**
**17.30 Mannamál**
**18.00 Maturinn og lífið**
**18.30 Neytendavaktin**
**19.00 60 plús**
**19.30 Óli á Hrauni**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Í kallfæri**
**21.30 Birkir Jón**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Segðu mér frá bókinni**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.30 World Cup of Pool 2008** (e)
**11.20 Dr. Phil** (e)
**12.05 Dr. Phil** (e)
**12.50 Dr. Phil** (e)
**13.35 Still Standing** (4:20) (e)
**14.00 The Truth About Beauty** (e)
**14.50 America's Next Top Model** (e)
**15.40 Top Design** (1:10) (e)
**16.30 Innlit/ Útlit** (8:10) (e)
**17.00 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)
**17.50 The Office** (9:28) (e)
**18.15 30 Rock** (11:22) (e)
**18.40 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**19.10 Survivor** (7:15) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**20.00 Top Gear** (4:12) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May fá nú það verkefni að keyra frá Sviss til norðvesturstrandar Englands á einum bensíntanki. Á akstursbrautinni prufukeyrir James ótrúlegan Pagani Zonda F Roadster og The Stig fær loksins að taka hringinn á Bugatti Veyron.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (15:19) Ungri konu er nauðgað og Benson og Stabler komast að því að málið gæti tengst fangaverði í kvennafangelsi. Benson leggur líf sitt í hættu þegar hún lætur loka sig inni sem fanga til að komast til botns í málinu.
**21.50 House** (9:24) (e)
**22.40 Dexter** (5:12) (e)
**23.30 Dexter** (6:12) (e)
**00.20 Dexter** (7:12) (e)
**01.10 Dexter** (8:12) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### BÍÓ

**08.05 Stick it**
**10.00 Candles on Bay Street**
**12.00 Cats & Dogs**
**14.00 Stick it**
**16.00 Candles on Bay Street**
**18.00 Cats & Dogs**
**20.00 Moonraker**
**22.05 The Invasion** Endurgerð á Invasion of the Body Snatchers með Nicole Kidman og Daniel Craig í aðalhlutverkum.
**00.05 Thank You for Smoking**
**02.00 From Dusk Till Dawn 2.**
**04.00 The Invasion**
**06.00 For Your Eyes Only**

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** Sugar Rush **12.00** Kretz tager verdens temperatur **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.40** Pagten **14.00** Krybskytterne på Næsbygård **15.30** aHA Forbrydelsen **16.30** Julefandango **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Vores jul **18.30** Pagten **19.00** DRs store Juleshow **20.00** TV Avisen **20.15** DRs store Juleshow **21.15** Surviving Christmas **22.40** Seinfeld **23.05** Seinfeld **23.30** Seinfeld

### NRK 1

**11.40** V-cup langrenn **12.45** V-cup hopp **13.15** V-cup skiskyting **14.00** V-cup hopp **14.40** V-cup kombinert **15.15** V-cup alpint **16.00** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Jul i Svingen **17.20** Oisteins julebly-ant **17.30** Newton **18.00** Sondagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Guddommelig galskap - Knut Hamsun **20.15** God natt, elskede **21.15** Livet er jævlig deilig **22.15** Kveldsnytt **22.30** Kriminalsjef Foyle

### SVT 1

**11.30** Skidor. Världscupen Rogla **12.50** Alpint. Världscupen Alta Badia **13.10** Skidskytte. Världscupen Pokljuka **13.50** Vinterstudion **14.55** Tre Kronor live. Channel One Cup **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Från Lark Rise till Candleford **18.15** Julkalendern. Superhjältejul **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Playa del Sol **19.30** Sportspegeln **20.00** Hemliga svenska rum **20.15** John Adams **21.20** Hemlös **21.50** Världens minsta gruvarbetare **22.20** Byss **22.35** Andra Avenyn **23.20** Brottskod. Försvunnen





Bjóðum vaxtalausa greiðsludreifingu í allt að 6 mánuði
Opið til kl. 22 fram að jólum

TEKK COMPANY

Tekk Company – Holtagörðum og Kringlunni – Sími 564 4400 – www.tekk.is

FABRIKAN


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
599,-
SÆLGÆTIS SOKKUR
ÚRVAL AF SKÓGJÖFUM
1.999,-
BC SKYRTUR
ÚRVAL AF BINDIUM 999
LEÐUR BELTUM 999
499,-
SKEMMTILEGIR KÓSÝSOKKAR
Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
MARGAR GERÐIR
99,- PK.
FATARÚLLUR, FÍLTTAPPAR
OG PAKKALÍMBÖND
ÖLL JAKKAFÖT
9.990,-
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MARGIR LITIR - ALLAR STÆRÐIR
ÚTSALA
Í FULLUM
GANGI
JÓLA TILBOÐ
JÓLA TILBOÐ
OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

**> Kelly Preston**

„Ég er of upptekin við að sinna móðurhlutverkinu til að hafa mikinn tíma fyrir líkamsrækt. Ég er samt fullviss um að ég njóti góðs af því í dag að hafa verið mikið í íþróttum þegar ég var yngri.“

***Preston fer með eitt aðalhlutverkið í myndinni Jack Frost sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 19.35.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON GLEÐST MEÐ GÓÐUM VINUM TIL TVEGGJA ÁRATUGA

# *Bestu þættir allra tíma! Ever! Nogensinde!*

Síðastliðinn fimmtudag voru tuttugu ár liðin frá því að fyrsti heili þátturinn um Simpsons-fjölskylduna frá Springfield var sýndur á Fox-sjónvarpsstöðinni bandarísku. Ég verð hreinlega að játa á mig að hafa orðið hálf klökkur þegar ég gerði mér grein fyrir því að þetta yndislega teiknimyndafólk hefur fylgt mér stærstan hluta ævinnar. Ég man nákvæmlega hvar ég var þegar ég sá fyrsta þáttinn (fyrir framan sjónvarpið heima hjá ömmu) og er enn þá jafn mikill aðdáandi og þá, ef ekki meiri. Þriggja ára dóttir mín er líka ákafur stuðningsmaður þáttanna. Raunar held ég að þeir fáu sem ekki hafa gaman af Simpsons hljóti að vera annaðhvort líkamleg eða andleg afkvæmi Kölska.

Tiltölulega snemma virðast framleiðendurnir hafa áttað sig á því að Hómer er hin eina og sanna stjarna þáttanna, en ekki Bart eins og lagt var upp með í byrjun. Þetta verður að teljast eitt mesta gæfusporið í sögu þáttaraðarinnar, því heimilisfaðirinn býr yfir þeim dýrmæta eiginleika að geta hagað sér eins og bölvaður bjáni og gert á hlut sinna nánustu trekk í trekk án þess að fölva slái á samúðina sem hann hefur unnið sér inn hjá áhorfendum. Samt er það hin langa runa frábærra aukapersóna sem öðru framar gerir þættina að því meistaraverki sem þeir eru. Allir Simpsons-aðdáendur eiga sína eftirlætis slíka, og mín hefur löngum verið brjóstumkennanlegi barþjónninn Moe.



Þegar ég fer í huganum yfir þessa tæplega fimm hundruð Simpsons-þætti sem sýndir hafa verið eru það ekki endilega fyndnustu þættirnir sem standa upp úr heldur einstaka atriði, sem af einhverjum ástæðum höfða til mín. Hómer syngur lagið Luka með Suzanne Vega af hjartans lyst, Mr. Burns prófar Pac-Man tölvuleikinn í fyrsta sinn með tilheyrandi geðsýkishlátri, Ned Flanders opinberar háan aldur sinn, Maggie segir fyrsta orðið sitt… listinn er endalaus. Skál fyrir næstu tveimur Simpsons-áratugum.

## LAUGARDAGUR



▶ **12.35 Portsmouth - Liverpool beint** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **17.55 Sjáðu** STÖÐ 2



▶ **20.50 Jólasveinninn 3** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Intolerable Cruelty** SKJÁREINN



▶ **21.50 Identity** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Paddi og Steinn, Tóti og Patti, Ólivía, Úganda, Elías Knár, Paddi og Steinn, Kobbi gegn Kisa og Skúli skelfir.

**10.15 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (e)

**10.45 Leiðarljós** (e)

**11.25 Leiðarljós** (e)

**12.10 Kastljós** (e)

**12.50 Kiljan** (e)

**13.40 Egill Sæbjörnsson og list hans**

**14.10 Veiðilendur Zamoyski fursta** (e)

**14.40 Stigakóngurinn** (e)

**16.00 Með söng í hjarta**

**16.35 Lincolnshæðir**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** (e)

**18.00 Marteinn** (7:8)(e)

**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Útsvar** (Árborg - Reykjanesbær)

▶**20.50 Jólasveinninn 3** (The Santa Clause 3: The Escape Clause) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2006. Aðalhlutverk: Tim Allen, Elizabeth Mitchell og Alan Arkin.

**22.30 Ögurstund** (The Bourne Ultimatum) Bresk bíómynd frá 2007. (e)

**00.25 Wallander - Bræðurnir** (Wallander: Bröderna) (e)

**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 The Prince and Me**

**10.00 Nancy Drew**

**12.00 Happy Gilmore**

**14.00 The prince and me**

**16.00 Nancy Drew**

**18.00 Happy Gilmore**

**20.00 The Spy who Loved Me** Roger Moore fer með hlutverk James Bonds.

**22.05 Next**

**00.00 Saints and Soldiers**

**02.00 16 Blocks**

**04.00 Next**

**06.00 Moonraker**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Algjör Sveppi**

**09.30 Latibær** (3:18)

**09.55 Maularinn**

**10.20 Ofuröndin**

**11.10 Glee** (7:22)

**11.55 Bold and the Beautiful**

**12.15 Bold and the Beautiful**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.20 Wipeout - Ísland**

**14.30 Sjálfstætt fólk** Andrea Róbertsdóttir er gestur þáttarins.

**15.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (12:12)

**15.45 Logi í beinni** Lauflettur skemmtiþáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.

**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.

▶**17.55 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Lottó**

**19.04 Veður**

**19.10 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.35 Jack Frost** Hugljúf mynd fyrir alla fjölskylduna. Jack Frost er söngvari að atvinnu og vegna vinnu sinnar er hann mikið á ferðinni og hefur því lítinn tíma til að sinna syni sínum, Charlie. Þegar Jack Frost deyr í bílslysi er Charlie eðlilega niðurbrotinn en þá grípa örlögin í taumana með eftirminnilegum hætti.

**21.15 Fred Claus** Bráðsmellin jólagrínmynd fyrir alla fjölskylduna. Með Vince Vaughn í aðalhlutverki.

**23.10 Deck the Halls** Nágrannaerjur út af ýktum utanhússjólaskreytingum eru ekki bara íslenskt fyrirbæri. Deck the Halls er sprenghlægileg gamanmynd um stríð á milli tveggja fjölskyldna þar sem önnur fjölskyldan hleður jólaskrauti á húsið sitt.

**00.45 Borat**

**02.10 Mayday**

**03.35 Bachelor Party**

**05.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (12:12)

**05.55 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**09.55 Basel - Fulham** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

**11.35 Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 25.11. 1998

**13.20 Bestu leikirnir** FH - ÍA - 22.08.04

**13.45 US Open 2009** Sýnt frá US Open mótinu í golfi en þangað mættu til leiks flestir af bestu kylfingum heims.

**17.45 Mónakó - Stade Rennais** Útsending frá leik í franska boltanum.

**19.25 Bardaginn mikli: Muhammad Ali - Joe Frazier** Einn frægasti bardagi boxsögunnar fór fram í Maníla á Filippseyjum árið 1975 en þá mættust Muhammad Ali og Joe Frazier.

**20.20 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20.50 Real Madrid - Zaragoza** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**00.10 Ultimate Fighter - Season 1** Allir bestu bardagamenn heims mæta til leiks.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.05 Liverpool - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**09.45 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**10.40 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**11.10 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**12.05 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

▶**12.35 Portsmouth - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.50 Fulham - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3: Blackburn - Tottenham Sport 4: Man. City - Sunderland Sport 5: Aston Villa - Stoke

**17.15 Arsenal - Hull** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.30 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll bestu tilþrifin og mörkin á einum stað.

**20.10 Leikur dagsins**

**21.55 Mörk dagsins**

**22.35 Mörk dagsins**

**23.15 Mörk dagsins**

**23.55 Mörk dagsins**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**11.20 Dynasty** (28:29) (e)

**12.10 Dynasty** (29:29) (e)

**13.00 What I Like About You** (e)

**13.25 Ungfrú Heimur 2009** (e)

**15.25 Lipstick Jungle** (9:13) (e)

**16.15 Kitchen Nightmares** (7:13) (e)

**17.05 Top Gear** (3:12) (e)

**18.05 According to Jim** (16:18) (e)

**18.30 Yes Dear** (15:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine. Þeir halda að þeir ráði á sínum heimilum en að sjálfsögðu eru það eiginkonurnar sem eiga alltaf lokaorðið.

**19.00 Game Tíví** (14:14) (e)

**19.30 Where The Heart Is** Mynd byggð á metsölubók eftir Billie Letts. Novalee Nation er 17 ára og kasólétt. Aðalhlutverk: Natalie Portman, Ashley Judd og Stockard Channing. (e)

▶**21.30 Intolerable Cruelty** Gamanmynd með George Clooney og Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverkum. Þegar skilnaðarlögfræðingurinn Miles hittir hina gullfallegu Marylin verður neistaflug. Hann er ósigrandi í réttarsalnum og Marylin fær að finna fyrir því en hún gefst ekki upp og snýr aftur með ráðagerð sem kemur Miles í opna skjöldu.

**23.10 Nurse Jackie** (9:12) (e)

**23.40 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)

**00.30 World Cup of Pool 2008** (e)

**01.20 The Jay Leno Show** (e)

**02.05 The Jay Leno Show** (e)

## ÍNN

**17.00 Segðu mér frá bókinni**

**17.30 Anna og útlitið**

**18.00 Hrafnaþing**

**19.00 Segðu mér frá bókinni**

**19.30 Anna og útlitið**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur**

**21.30 Mannamál**

**22.00 Maturinn og lífið**

**22.30 Neytendavaktin**

**23.00 60 plús**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Skötuveisla í veitingasal

22. desember og Þorláksmessu

Aðeins 1890 kr

Opið frá kl. 11 – 18

Einn kaldur og snafs

990 kr.

Borðapantanir í síma 588 8686

HAFBERG

fiskbúð sælkerans

KÆST SKATA

Vestfirsk Skata, Hnoðmör, saltfiskur, ýsuflök, lúðusneiðar, lúðuflök og laxaflök.

Opið Laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17

XL Humar

Skelflettur Humar

30% afsláttur af súpuhumri

Risahörpuskel

Rækjur

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.15

### Fred Claus



Jólagrínmynd fyrir alla fjölskylduna. Hvað ef bandaríski jólasveinninn ætti bróður sem héti Freddi og væri bitur og öfundsjúkur út í stóra bróður fyrir að vera svona frægur og vinsæll? Vince Vaughn leikur þennan Fredda sem er eins ólíkur bróður sínum og hugsast getur, óheiðarlegur smákrimmi sem er alltaf að koma sér í vandræði. Aðalhlutverk: Vince Vaughn, John Michael Higgins og Paul Giamatti.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Útsvar

### Sjónvarpið kl. 19.40

Lið Árborgar og Reykjanesbæjar hittast í Útsvarsþætti kvöldsins. Reykjanesbær er eitt af fjórum stigahæstu tapliðunum sem komust áfram og verður því gaman að sjá hvernig það tekur á Árborgurum sem komust í undanúrslit í fyrra. Þar sem Spaugstofan er komin í sumarfrí byrjar þátturinn fyrr en venjulega, kl. 19.40.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Vítt og breitt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Orð skulu standa
**17.05** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Breiðstræti
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Raddir barna
**21.10** Á tónsviðinu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.25** Í leit að betra lífi
**23.15** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**15.05 Oprah**
**15.50 Gilmore Girls**
**16.35 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Nágrannar**
**17.50 Nágrannar**
**18.15 Nágrannar**
**18.40 Ally McBeal** (10:23) Kærastan hans Larrys hefur ákveðið að flytja til Kanada og Melanie er rekin úr vinnunni. Þá biður tilvonandi brúður Ling að reyna við unnusta sinn til að athuga hversu trúr henni hann er.
**19.30 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**20.15 Logi í beinni** Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmanns.
**21.00 Wipeout - Ísland** Þátttakendur fara í gegnum sérstaklega útfærða þraut á sem stystum tíma. Það reynir ekki aðeins á líkamlegan styrk heldur einnig kænsku, jafnvægi, snerpu og ekki síst heppni.
▶**21.50 Identity** (12:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum og sjónhverfingamanninum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman 12 ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.
**22.35 Auddi og Sveppi**
**23.15 E.R.** (20:22)
**00.00 Gilmore Girls**
**00.45 Ally McBeal** (10:23)
**01.35 Logi í beinni**
**02.20 Auddi og Sveppi**
**03.00 Sjáðu**
**03.25 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.45** Doctor Who **11.45** Doctor Who **12.30** Doctor Who **13.15** Doctor Who **14.00** Doctor Who **14.45** Doctor Who **15.30** Torchwood **16.20** Torchwood **17.10** Torchwood **18.00** My Family **18.30** After You've Gone **19.00** After You've Gone **19.30** After You've Gone **20.00** Little Britain **20.30** Little Britain **21.00** Marc Wootton Exposed **21.30** Marc Wootton Exposed **22.00** This Is Dom Joly **22.30** This Is Dom Joly **23.00** The Mighty Boosh **23.30** The Mighty Boosh

## DR 1

**10.00** Borneblæksprutten **10.15** Tidens tegn **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Troldspejlet **11.30** Family Guy **11.50** Pagten **12.15** S P el. K **12.20** Boogie Update **12.55** Billy Eliott **14.40** Sonnen fra Vingården **16.10** For sondagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Julefandango **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.00** Soren Ryge **18.30** Pagten **19.00** Drommen om det hvide slot **20.40** Kriminalkommissær Barnaby **22.20** Den forkerte helt

## NRK 1

**10.45** Sport i dag **11.05** V-cup alpint **12.15** V-cup langrenn **12.45** V-cup hopp **13.10** V-cup skiskyting **14.45** V-cup kombinert **15.15** V-cup hopp **16.00** Sport i dag **17.00** Jul i Svingen **17.30** ORPS **18.00** Lordagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Jul, jul, strålende jul **20.05** Det beste fra Lovebakken **20.30** Med hjartet på rette staden **21.15** Fakta på lordag **22.15** Kveldsnytt **22.30** Kriminalsjef Foyle

## SVT 1

**10.10** Alpint. Världscupen Val-d'Isère **11.10** Skidor. Världscupen Rogla **12.45** Alpint. Världscupen Val Gardena **13.10** Skidskytte. Världscupen Pokljuka **14.35** Vinterstudion **14.55** Tre Kronor live. Channel One Cup **16.35** Byss **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Disneydags **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Guds tre flickor **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Dansbandskampen **20.30** Robins **21.00** Brottskod. Försvunnen **21.45** Nurse Jackie **22.15** Hawaii, Oslo


FISKIKÓNGURINN




SKATAN
ER BYRJUÐ HJÁ OKKUR

Eldeyjarrækja - Stór og Djúsí
Humar 2.000 kr.kg
Stór Humar stærð 7-12 3.990

Við eigum nóg af rúgbrauði, hamsatólg, vestfirskum hnoðmör, hangiflot og tólg ásamt stórum og góðum rófum.

1. skref. Skata
Kæst - ósöltuð. Mjög mild og góð. Fyrir algera byrjendur í skötunni.

2. skref. Skata
Kæst og söltuð. Gott skötubragð, passlega söltuð. Þessi hefðbundna. Fyrir þá sem borða skötu á hverju ári.

3. skref. Skata
Kæst og ósöltuð. Frekar sterk. Kraftmikil og hrikalega góð. Fyrir þá sem vilja taka næsta skref.

4. skref. Skata
Kæst ósöltuð. Vestfirsk skata. Mjög sterk. Algert eitur. Fyrir þá sem vilja fara alla leið!!!

Opið í dag laugardag 10-18
Opið sunnudag 11-18.




Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## PERSÓNAN



*Karl Ágúst Úlfsson*

**Aldur:** 52 ára.
**Starf:** Leikari, höfundur, þýðandi og útgefandi.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.
**Fjölskylda:** Giftur Ásdísi Olsen og á börnin Eyvind, Bergþóru, Valgerði, Brynhildi og Álfheiði.
**Búseta:** Við búum í Garðabæ.
**Karl Ágúst** gefur út bókina Meiri hamingja sem situr á toppi metsölulista Eymundssonar.

# Stefán Karl kom Slash í jólaskapið

„Hann kom á fimmtudagskvöldið, allur gataður í klessu með hatt á hausnum, klæddur í leðurjakka og þröngar gallabuxur með kurteisa krakka með sér og ljóshærða frú. Þau voru mjög falleg fjölskylda og ég held hreinlega að ég hafi komið Slash í jólaskapið,“ segir Stefán Karl Stefánsson.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá leikur Stefán Karl sjálfan Trölla í söngleik sem nú er sýndur fyrir fullu húsi í Panteges-leikhúsinu í Hollywood.

Í vikunni var síðan sagt frá því að stórstjörnur borgarinnar legðu nú leið sína í leikhúsið í aðdraganda jólanna til að berja Stefán og félaga augum. Meðal þeirra sem hafa sest niður og átt notalega stund með börnunum sínum eru þau Gwen Stefani og Gavin Rossdale og svo Ben Stiller, gamanleikarinn góðkunni. Nafnið Slash kveikir kannski líka á einhverjum jólaljósum enda var hann gítarleikari í einhverri alræmdustu rokksveit heims, Guns n' Roses.

Stefán viðurkennir að hann hlusti nú um stundir ekki mikið á þessa graðhestatónlist sem rokksveit Slash stóð fyrir en hann hafi alveg dillað hausnum við Paradise City og Welcome to the Jungle á sínum tíma. Svo hrifinn var reyndar Slash af frammistöðu Stefáns að hann tróð sér baksviðs eins og alvöru rokkgrúppía og heimtaði að ná tali af Trölla. „Ég vildi nú ekki láta taka neina mynd af mér því ég var bara á náttsloppnum. En hann var mjög hrifinn og sagði að þetta hlyti að vera eins og að halda rokk-konsert.“ **- fgg**





**TVEIR GÓÐIR** Fyrrverandi gítarleikari rokksveitarinnar Guns n' Roses, **Slash**, mætti á söngleikinn um Trölla sem **Stefán Karl** leikur og hrósaði íslenska leikaranum í hástert baksviðs fyrir frammistöðuna.



**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** í röð, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** gelt, **12.** orðtak, **14.** hrópa, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** fát, **20.** tveir eins, **21.** gegna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðlag, **3.** umhverfis, **4.** gróðrahyggja, **5.** gapa, **7.** endurröðun, **10.** skraf, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** iðka, **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** tu, **8.** mél, **9.** emm, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** öskra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** fum, **20.** dd, **21.** ansa.
**LÓÐRÉTT: 1.** stef, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** umröðun, **10.** mas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** æfa, **19.** ms.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Samkynhneigt fólk fær að ganga í hjónaband.
2. 2.700.
3. Asif Ali Zardari.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

RAGNAR BRAGASON: FÓLK VILL EIGA ÍSLENSKT EFNI

# Vaktirnar á DVD hala inn hátt í 200 milljónir króna

„Er það? Já, af seríunum? Æðislegt. Það er rosalegt magn.“

Svona voru viðbrögð leikstjórans Ragnars Bragasonar þegar blaðamaður tjáði honum að vaktaseríurnar þrjár hefðu selst í 48.000 eintökum frá upphafi. Fangavaktin, sem kom út fyrir jólin, hefur farið gríðarlega hratt af stað og selst í tæplega 14.000 eintökum. Samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins hafa diskarnir þrír rakað saman um það bil 155 milljónum króna síðustu ár.

„Ég hef verið að heyra háar tölur um hina og þessa titla. Það segir manni að fólk vill eiga íslenskt efni,“ segir Ragnar. „Ég bjóst ekki við að Fangavaktin myndi seljast svona vel núna, vegna þess að það er svo ofboðslega mikið af góðum íslenskum titlum í boði fyrir jól. Fólk verður að njóta þess á meðan það getur, miðað við fyrirhugaðan niðurskurð á kvikmyndagerð í landinu. Það verður ekki mikið af íslensku efni næstu árin.“

En það er allt að gerast hjá Georg Bjarnfreðarsyni og félögum þessa dagana. Lokahnykkur söguunnar, kvikmyndin Bjarnfreðarson, verður frumsýnd annan í jólum og í vikunni tryggði finnska ríkissjónvarpið YLE sér sýningarrétt á öllum vaktaseríunum. Óljóst er hvenær sýningar á þáttunum hefjast þar í landi, en Ragnar telur þættina eiga fullt erindi við Finna. „Ég hélt að vísu að Svíarnir yrðu fyrstir,“ segir hann og vísar í stórbrotinn áhuga Georgs á Svíþjóð. „En Finnarnir tengja við myrkrið, kuldann og þunglyndið.“

Ragnar vonast til að hinar Norðurlandaþjóðirnar taki við sér. Unnið er að því koma þáttunum þangað, en fleiri samningar eru ekki í höfn. „Það er verið að púsla einhverju saman,“ segir hann.





**GRÍÐARLEG SALA**

**Vaktirnar** þrjár hafa selst í 48 þúsund eintökum frá því að Næturvaktin kom út á sínum tíma. „Rosalegt magn,“ segir leikstjórinn **Ragnar Bragason**. Hann bjóst ekki við að Fangavaktin færi hratt af stað enda „ofboðslega mikið á góðum íslenskum titlum í boði fyrir jól“.

Finnarnir voru ekki búnir að sjá Fangavaktina þegar þeir keyptu seríurnar þrjár og samkvæmt tilkynningu frá Saga Film vildu þeir verða fyrstir að kökunni. Spurður um heiðurinn er Ragnar hógværðin uppmáluð. „Þetta er skemmtilegt vegna þess að það er svo nýtt að við séum að gera sjónvarpsefni sem er sambærilegt og samkeppnishæft. Þá er mjög mikill heiður að ríkissjónvarpsstöð í einhverju öðru landi sjái gæðin í því.“

**atlifannar@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Snorri Helgason hélt útgáfutónleika sína á fimmtudaginn og spilaði þrumuefni með bandi. Ríó tríóið spilaði líka með hljómsveit en **Högni Egilsson** í Hjaltalín kom fram einn í fyrsta skipti. Hann var eðlilega nokkuð stressaður að vera án félaga sinna í bandinu, en komst klakklaust í gegnum prógrammið með því að syngja Hjaltalínlög og lög með Siggu Thorlacius í bossanóvatakti á portúgölsku. Þótti þetta nokkuð vel af sér vikið því Högni kann ekki stakt orð í portúgölsku.



Ævisaga Gylfa Ægissonar hefur farið fram úr björtustu vonum útgefenda. Bókin hefur verið prentuð þrisvar sinnum og hefur selst í rúmum fimm þúsund eintökum. Þessar góðu viðtökur hafa hvatt ævisöguritarann **Sólmundur Hólm Sólmundarson** til dáða því hann er þegar farinn að huga að nýrri ævisögu sem á að koma út fyrir þarnæstu jól. Nokkur viðfangsefni koma til greina en ólíklegt er að tónlistarmaður verði aftur fyrir valinu.

**Óskar Páll Sveinsson** lagahöfundur er með veiðidellu eins og meðhöfundur hans í Eurovision á næsta ári, Bubbi Morthens. Óskar slysaðist framan á Árbók veiðimannsins, glaðbeittur með risafisk. Hann gaf leyfi fyrir myndinni þegar haft var samband við hann, en myndina tók hann sjálfur með tímastilli. Óskar er svo forfallinn í veiðinni að hann selur sérhönnuð veiðihjól.



**- drg, fb**

Jólatilboð
50 ljósasería 648 kr.
35 ljósasería 498 kr.
IÐA





50% afsl.
Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 – 22.00

# Upplestur í kvennafangelsinu

„Þetta gekk gríðarlega vel. Þetta var mjög áhrifamikil og eftirminnileg stund,“ segir rithöfundurinn Sindri Freysson.

Hann las fyrir skömmu upp úr nýjustu bók sinni, Dóttir mæðra minna, í kvennafangelsinu í Kópavogi. Bókin gerist að miklu leyti í Holloway-kvennafangelsinu á Englandi þar sem íslensk sautján ára stúlka situr inni árið 1941. „Þegar bókin var nýkomin út sagði ég strax að mig langaði að lesa upp í kvennafangelsinu í Kópavogi,“ segir Sindri. „Þegar ég var í London að vinna heimildarvinnu krækti ég mér í rit sem innihalda ljóð og sögur kvenna sem sitja í breskum fangelsum nútímans. Það opnaði mér glufu inn í hugarheim kvenfanga,“ segir hann. „Sú mynd varð enn skýrari þegar ég hitti íslenska stelpu sem var nýbúin að afplána dóm í frönsku fangelsi fyrir dópsmygl.“ Í framhaldinu ákvað Sindri að endurgjalda greiðann ef svo má segja með því að lesa upp í kvennafangelsinu, þar sem karlar eru reyndar líka á meðal fanga. „Þau spurðu margra spurninga og þetta var greinilega vel þegið. Mér fannst það reyndar pínu einkennilegt að vera að lesa fyrir fanga upp úr bók sem segir frá líðan fanga en það voru engar athugasemdir gerðar,“ segir hann og bætir við: „Ég gæti vel hugsað mér með seinni tíma útgáfu að gera eithvað sambærilegt. Fólk var þakklátt fyrir þetta og þetta var tilbreyting frá þeirri ömurlegu rútínu sem fylgir því að vera í fangelsi.“



**Í FANGELSI** Sindri Freysson í kvennafangelsinu í Kópavogi þar sem hann las upp úr sinni nýjustu bók. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bókasafn fangelsisins fékk einnig að gjöf allar þær bækur sem bókaforlagið Veröld gefur út fyrir jólin og féll það vel í kramið á meðal fanganna. **- fb**


Þú finnur gjöfina hjá okkur
Mikið úrval af húsgögnum og gjafavöru
Bjóðum 30% afslátt af öllum vörum til jóla!
Nýkomin sending af sófum og sófasettum í leður- og tauáklæði
HEIMA HÚSIÐ
heima mood lifum
Opið í dag, lau. 11-18
á morgun, sun. 13-16
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
Opið virka daga 10-18, laugard. 11-18, sunnud. (til jóla) 13-16

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Jogastudio.org
JÓGA Stúdíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrirmenni á frumsýningu

Ráðherrarnir Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og **Steingrímur J. Sigfússon** hafa öll boðað komu sína á frumsýningu kvikmyndarinnar Bjarnfreðarson sem verður í kvöld í Háskólabíói. Þeim síðastnefnda rennur náttúrlega blóðið til skyldunnar enda brá honum eftirminnilega fyrir í Fangavaktinni og svo er auðvitað Georg Bjarnfreðarson einn helsti aðdáandi fjármálaráðherrans.



### Eva kaupir Draumalandið

Að loknum stífum fundahöldum með sérstökum saksóknara og starfsmönnum hans í fyrradag brá ráðgjafinn Eva Joly sér í bæinn. Um kvöldið sást meðal annars til hennar í Máli og menningu á Laugavegi þar sem hún keypti eintak af Draumalandi Andra Snæs Magnasonar í enskri þýðingu. Boðskapur bókarinnar ætti að fara vel í Evu, enda situr hún á Evrópuþinginu sem fulltrúi grænningja í Frakklandi.



### Ólafur fjarri góðu gamni

Og meira af umhverfissinnum: Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn er mikill fjöldi fólks. Ísland á nokkra fulltrúa, meðal annars forsætis- og umhverfisráðherra og formann Náttúruverndarsamtaka Íslands. Athygli vekur hins vegar að landsins mesti áhugamaður um loftslagsmál er fjarri góðu gamni. Sá heitir Ólafur Ragnar Grímsson og hefur ferðast vítt og breitt um heiminn árum saman til að vinna sjónarmiðum um umhverfisvernd fylgi. Vikunni hefur Ólafur þess í stað eytt í að ræða við ekki ómerkari menn en Kristján Jóhannsson óperusöngvara og fulltrúa Brahma Kumaris-hreyfingarinnar á Íslandi. **- fgg, sh**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Banaslys á Hafnarfjarðarvegi
2. Alvarlegt umferðarslys á Hafnarfjarðarvegi
3. Vilja selja nýja varðskipið
4. Lögreglan á Akureyri rýmdi skemmtistað
5. Forseti síðar þingmenn til vegna reykinga




